

Ár 2003, miðvikudaginn 2. júlí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Pétri Guðgeirssyni, héraðsdómara og dómsformanni, Friðgeiri Björnssyni, héraðsdómara og sérfróðum meðdómsmanni, Ásdísi Ólafsdóttur listfræðingi, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 0001/2003: Ákærvaldið (Jón B. Snorrason) gegn Pétri Þór Gunnarssyni (Sigríður Rut Júlíusdóttir hdl.) og Jónasi Freydal Þorsteinssyni (Karl Georg Sigurbjörnsson hrl.) sem tekið var til dóms hinn 30. júní sl. Mál þetta hafði áður verið flutt í lok aðalmeðferðar sem lauk 3. maí sl. en var tekið upp og flutt að nýju.

Málið er höfðað með ákæru ríkislögreglustjóra, dagsettri 3. janúar sl. á hendur ákærðu Pétri Þór Gunnarssyni, Klausturhvammi 3, Hafnarfirði, kennitala 120958-3139, og Jónasi Freydal Þorsteinssyni, búsettum í Kanada, kennitala 260465-2959. Ákæran, eins og henni hefur verið breytt í meðferð málsins, er fyrir skjalafals og fjársvik, sem hér segir:

A.

Á hendur Pétri Þór Gunnarssyni fyrir skjalafals og fjársvik eins og hér greinir:

I.

Ákærði er sakaður um að hafa sem framkvæmdastjóri og eigandi Gallerí Borgar f. með skipulögðum hætti blekkt viðskiptavinum á listmunauppboðum og í verslun fyrirtækisins til að kaupa myndverk sem hann bauð eða lét bjóða þar til sölu eftir að hafa falsað upplýsingar sem lutu að tilurð verkanna. Hafði ákærði ýmist falsað eða látið falsa myndverkin og höfundarmerkingu þeirra, í sumum tilvikum með því að mála yfir myndverk annars höfundar, eða merkt eða látið merkja myndverk óþekktra höfunda með nöfnum þekktra listamanna, í sumum tilvikum eftir að hafa afmáð eða látið afmá höfundarmerkingu á myndverkum hinna óþekkta. Nánar tiltekið er ákærði sakaður um að hafa með framangreindum hætti:

1. Látið selja olíumálverk þekkts dansks höfundar sem listaverk Kristínar Jónsdóttur, á uppboði fyrirtækisins í Reykjavík sunnudaginn 3. maí 1992. Málverkið var selt kaupandanum A fyrir kr. 286.000.
2. Látið selja pappírsvrk óþekkts höfundar sem listaverk Þórarins B. Þorlákssonar, á uppboði fyrirtækisins í Reykjavík laugardaginn 4. júní 1992. Málverkið var selt kaupandanum Á fyrir kr. 57.000.
3. Látið selja olíumálverk óþekkts höfundar sem listaverk Þórarins B. Þorlákssonar, á uppboði fyrirtækisins í Reykjavík fimmtudaginn 3. desember 1992. Málverkið var selt kaupandanum B fyrir kr. 150.000.

4. Látíð selja olíumálverk óþekkts höfundar sem listaverk Þórarins B. Þorlákssonar, í verslun fyrirtækisins í Reykjavík fimmtudaginn 4. desember 1992. Málverkið var selt kaupandanum C fyrir kr. 220.000.
5. Látíð selja olíumálverk óþekkts höfundar sem listaverk Þórarins B. Þorlákssonar, á uppboði fyrirtækisins í Reykjavík sunnudaginn 7. mars 1993. Málverkið var selt kaupandanum D fyrir kr. 555.500.
6. Látíð selja falsað myndverk sem listaverk Jóhannesar S. Kjarvals á uppboði fyrirtækisins í Reykjavík sunnudaginn 7. mars 1993. Myndina hafði ákærði gert eða látið gera eftir þekktu verki. Myndverkið var selt kaupandanum E fyrir kr. 230.000.
7. Látíð selja olíumálverk óþekkts höfundar sem listaverk Nínu Tryggvadóttur á uppboði fyrirtækisins í Reykjavík sunnudaginn 2. maí 1993. Málverkið var selt kaupandanum É fyrir kr. 83.600.
8. Látíð selja olíumálverk óþekkts höfundar sem listaverk Þórarins B. Þorlákssonar á uppboði fyrirtækisins í Reykjavík sunnudaginn 2. maí 1993. Málverkið var selt kaupandanum F fyrir kr. 90.000.
9. Látíð selja olíumálverk óþekkts höfundar sem listaverk Jóns Stefánssonar á uppboði fyrirtækisins í Reykjavík, sunnudaginn 2. maí 1993. Málverkið var selt kaupandanum G fyrir kr. 214.500.
10. Látíð selja olíumálverk óþekkts höfundar sem listaverk Guðmundar Thorsteinssonar (Muggs) á uppboði fyrirtækisins í Reykjavík sunnudaginn 31. október 1993. Málverkið var selt kaupandanum H fyrir kr. 115.500.
11. Látíð selja yfirmálað olíumálverk óþekkts höfundar sem listaverk Júlíönnu Sveinsdóttur á uppboði fyrirtækisins í Reykjavík sunnudaginn 27. mars 1994. Málverkið var selt kaupandanum I fyrir kr. 407.000.
12. Látíð selja olíumálverk óþekkts höfundar sem listaverk Þórarins B. Þorlákssonar á uppboði fyrirtækisins í Reykjavík sunnudaginn 27. mars 1994. Málverkið var selt kaupandanum Í fyrir kr. 253.000.
13. Látíð selja olíumálverk óþekkts höfundar sem listaverk Þorvalds Skúlasonar á uppboði fyrirtækisins í Reykjavík sunnudaginn 27. mars 1994. Málverkið var selt kaupandanum J fyrir kr. 117.700.
14. Látíð selja olíumálverk óþekkts höfundar sem listaverk Ásgríms Jónssonar á uppboði fyrirtækisins á Akureyri sunnudaginn 15. maí 1994. Málverkið var selt kaupandanum K fyrir kr. 70.000.
15. Látíð selja yfirmálað olíumálverk óþekkts höfundar sem listaverk Jóhannesar S. Kjarvals á uppboði fyrirtækisins í Reykjavík fimmtudaginn 9. júní 1994. Málverkið var selt kaupandanum L fyrir kr. 535.000.

16. Látið selja falsað myndverk sem listaverk Asger Jorn á uppboði fyrirtækisins í Reykjavík fimmtudaginn 9. júní 1994. Myndina hafði ákærði gert eða látið gera eftir þekktu viðfangsefni listamannsins. Myndverkið var selt kaupandanum M fyrir kr. 160.000.
17. Látið selja falsað myndverk sem listaverk Asger Jorn á uppboði fyrirtækisins í Reykjavík fimmtudaginn 9. júní 1994. Myndina hafði ákærði gert eða látið gera eftir þekktu viðfangsefni listamannsins. Myndverkið var selt kaupandanum N fyrir kr. 90.000.
18. Látið selja yfirmálað olíumálverk óþekkts höfundar sem listaverk Jóns Stefánssonar á uppboði fyrirtækisins í Reykjavík þriðjudaginn 6. nóvember 1994. Málverkið var selt kaupandanum O fyrir kr. 225.000.
19. Látið selja yfirmálað olíumálverk óþekkts höfundar sem listaverk Júlíönu Sveinsdóttur í verslun fyrirtækisins í Reykjavík 16. febrúar 1995. Málverkið var selt kaupandanum Ó fyrir kr. 280.000.
20. Látið selja olíumálverk óþekkts höfundar sem listaverk Nínu Tryggvadóttur á uppboði fyrirtækisins í Reykjavík sunnudaginn 2. febrúar 1995. Málverkið var selt kaupandanum P fyrir kr. 305.000.
21. Látið selja falsað myndverk sem listaverk Svavars Guðnasonar á uppboði fyrirtækisins í Reykjavík fimmtudaginn 2. febrúar 1995. Myndina hafði ákærði gert eða látið gera eftir þekktu viðfangsefni listamannsins. Myndverkið var selt kaupandanum R fyrir kr. 57.200.
22. Látið selja olíumálverk óþekkts höfundar sem listaverk Ásgríms Jónssonar á uppboði fyrirtækisins í Reykjavík sunnudaginn 2. apríl 1995. Málverkið var selt kaupandanum S fyrir kr. 205.700.
23. Látið selja falsað olíumálverk sem listaverk Svavars Guðnasonar á uppboði fyrirtækisins í Reykjavík fimmtudaginn 2. febrúar 1995. Málverkið hafði ákærði gert eða látið gera eftir þekktu verki. Myndverkið var selt kaupandanum T fyrir kr. 155.000.
24. Látið selja yfirmálað olíumálverk óþekkts höfundar sem listaverk Jóns Stefánssonar á uppboði fyrirtækisins í Reykjavík sunnudaginn 5. mars 1995. Málverkið var selt kaupandanum U fyrir kr. 400.000.
25. Látið selja olíumálverk óþekkts höfundar sem listaverk Jóhannesar S. Kjarvals, á uppboði fyrirtækisins í Reykjavík sunnudaginn 2. apríl 1995. Málverkið var selt kaupandanum Ú fyrir kr. 649.000.
26. Látið selja olíumálverk óþekkts höfundar sem listaverk Jóns Stefánssonar á uppboði fyrirtækisins í Reykjavík sunnudaginn 4. maí 1995. Myndverkið var selt kaupandanum V fyrir kr. 250.000.

27. Látið selja yfirmálað olíumálverk óþekkts höfundar sem listaverk Nínu Tryggvadóttur á uppboði fyrirtækisins í Reykjavík sunnudaginn 10. mars 1996. Málverkið var selt kaupandanum W fyrir kr. 984.000.
28. Látið selja yfirmálað olíumálverk óþekkts höfundar sem listaverk Júlíönnu Sveinsdóttur á uppboði fyrirtækisins í Reykjavík sunnudaginn 21. apríl 1996. Málverkið var selt kaupandanum X fyrir kr. 230.000.
29. Látið selja yfirmálað olíumálverk óþekkts höfundar sem listaverk Jóhannesar S. Kjarvals á uppboði fyrirtækisins í Reykjavík sunnudaginn 21. apríl 1996. Málverkið var selt kaupandanum Y fyrir kr. 580.000.
30. Látið selja olíumálverk óþekkts höfundar sem listaverk Svavars Guðnasonar á uppboði fyrirtækisins í Reykjavík sunnudaginn 6. júní 1996. Málverkið var selt kaupandanum Ý fyrir kr. 285.000.
31. Látið selja yfirmálað olíumálverk óþekkts höfundar sem listaverk Nínu Tryggvadóttur á uppboði fyrirtækisins í Reykjavík sunnudaginn 6. nóvember 1994. Málverkið var selt kaupandanum Z fyrir kr. 264.000.
32. Látið selja olíumálverk óþekkts höfundar sem listaverk Jóns Stefánssonar í verslun fyrirtækisins í Reykjavík, þriðjudaginn 5. janúar 1999. Málverkið var selt kaupandanum Þ fyrir kr. 590.000.

II.

Ákærði er sakaður um að hafa látið bjóða til sölu á tveimur listmunauppboðum á vegum Kunsthallen í Danmörku tvö fölsuð olíumálverk sem listaverk Svavars Guðnasonar og þannig blekt viðskiptavini uppboðsfyrirtækjanna til að kaupa verkin. Höfðu málverkin verið máluð yfir eldri verk óþekktra höfunda, gamlar höfundarmerkingar eldri verkanna afmáðar, höfundarmerkingarsvæði myndflatanna yfirmáluð og málverkin síðan höfundarmerkt Svavari Guðnasyni. Nánar tiltekið er ákærði sakaður um að hafa með framangreindum hætti:

33. Látið selja yfirmálað olíumálverk sem listaverk Svavars Guðnasonar á uppboði Kunsthallen í Kaupmannahöfn þriðjudaginn 5. desember 1995. Málverkið var selt kaupandanum Æ fyrir dkr 12.000.
34. Látið selja yfirmálað olíumálverk sem listaverk Svavars Guðnasonar á uppboði Kunsthallen í Kaupmannahöfn miðvikudaginn 18. september 1996. Málverkið var selt kaupandanum Ö fyrir dkr 22.000.

III.

Ákærði er sakaður um að hafa á árunum 1990 til og með ársins 1996 blekt eiganda Galleri RRR í Kaupmannahöfn, Danmörku, til að kaupa myndverk sem hann

bauð til sölu með röngum upplýsingum um að höfundur þeirra væri Svavar Guðnason og með falsaðri höfundarmerkingu þar um á myndverkin eins og hér segir:

35. Samtals 42 pappírsverk sem eru eftirgerðir þekktra verka eða viðfangsefna Svavars Guðnasonar með falsaðri höfundarmerkingu hans á verkin sem verk eftir Svavar Guðnason.

36. Samtals 5 olíumálverk sem eru eftirgerðir þekktra verka eða viðfangsefna Svavars Guðnasonar með falsaðri höfundarmerkingu hans á verkin sem verk eftir Svavar Guðnason.

37. Samtals 9 olíumálverk sem máluð hafa verið yfir eldri verk og gömul höfundarmerking afmáð, höfundarmerkingarsvæði myndflatarins yfirmálað og ný höfundarmerking sett yfir sem verk eftir Svavar Guðnason.

IV.

38. Ákærði er sakaður um að falsa eða láta falsa olíumálverk óþekkts listamanns með því að gera breytingar á málverkinu og afmá höfundarmerkingu listamannsins, yfirmála höfundarmerkingarsvæði myndflatarins og setja nýja höfundarmerkingu Jóhannesar S. Kjarvals ranglega á málverkið áður en hann seldi málverkið í verslun Gallerí Borgar á árinu 1994 eða 1995 í Reykjavík fyrir kr. 500.000.

B.

Á hendur Jónasi Freydal Þorsteinssyni fyrir skjalafals og fjársvik eins og hér greinir:

I.

Ákærði, Jónas Freydal, er sakaður um að hafa blekkt viðskiptavinum til að kaupa myndverk sem hann bauð eða lét bjóða til sölu á lismunauppböðum hjá Bruun Rasmussen og Kunsthallen í Kaupmannahöfn í Danmörku og Gallerí Borgar í Reykjavík og í verslun Gallerí Borgar. Hafði ákærði ýmist falsað eða látið falsa myndverkin og höfundarmerkingu þeirra, í sumum tilvikum með því að mála yfir myndverk annars höfundar, eða merkt eða látið merkja myndverk óþekktra höfunda með nöfnum þekktra listamanna, í sumum tilvikum eftir að hafa afmáð eða látið afmá höfundarmerkningu á myndverkum hinna óþekktu. Nánar tiltekið er ákærði sakaður um að hafa með framangreindum hætti:

39. Látið selja olíumálverk óþekkts höfundar sem listaverk Ásgríms Jónssonar á uppboði Gallerí Borgar í Reykjavík sunnudaginn 7. mars 1993 í Reykjavík. Myndverkið var selt kaupandanum AA fyrir kr. 561.000.

40. Látið selja myndverk sem listaverk Jóhannesar S. Kjarvals á uppboði Gallerí Borgar í Reykjavík, þriðjudaginn 6. nóvember 1994. Myndverkið var selt kaupanda BB fyrir kr. 120.000.

41. Látið selja myndverk sem listaverk Nínu Tryggvadóttur á uppboði Gallerí Borgar í Reykjavík, fimmtudaginn 2. febrúar 1995. Myndverkið var selt kaupanda CC fyrir kr. 80.000.
42. látið selja myndverk sem listaverk Jóhannesar S. Kjarvals á uppboði Gallerí Borgar í Reykjavík, sunnudaginn 10. mars 1996. Myndverkið var selt kaupanda DD fyrir kr.120.000.
43. Látið selja myndverk sem listaverk Jóhannesar S. Kjarvals á uppboði Gallerí Borgar í Reykjavík, sunnudaginn 10. mars 1996. Myndverkið var selt kaupanda EE fyrir kr. 205.000.
44. Látið selja myndverk sem listaverk Jóhannesar S. Kjarvals á uppboði Gallerí Borgar í Reykjavík, sunnudaginn 10. mars 1996. Myndverkið var selt kaupanda ÉÉ fyrir kr. 240.000.
45. Látið selja myndverk sem listaverk Svavars Guðnasonar á uppboði Kunsthallen í Kaupmannahöfn í Danmörku, miðvikudaginn 26. apríl 1995. Myndverkið var selt kaupanda FF fyrir 40.000 dkr.
46. Látið selja myndverk sem listaverk Jóhannesar S. Kjarvals á uppboði Bruun Rasmussen, Kaupmannahöfn Danmörku, fimmtudaginn 28. mars 1996. Myndverkið var selt kaupanda GG fyrir 24.000 dkr.
47. Látið selja myndverk sem listaverk Jóhannesar S. Kjarvals á uppboði Bruun Rasmussen, Kaupmannahöfn Danmörku, fimmtudaginn 28. mars 1996. Myndverkið var selt kaupanda HH fyrir 40.000 dkr.

C.

48. Á hendur Péttri Þór Gunnarssyni og Jónasi Freyðdal Þorsteinssyni fyrir að hafa látið bjóða til sölu á listmunauppboði þann 25. september 1996 á vegum Bruun Rasmussen í Kaupmannahöfn í Danmörku falsað olíumálverk sem listaverk Svavars Guðnasonar og þannig blekkt viðskiptavin uppboðsfyrirtækisins til að kaupa verkið fyrir 47.880 dkr. Hafði málverkið verið máluð yfir eldra verk óþekkts höfundar, gömul höfundarmerking eldra verks afmáð, höfundarmerkingarsvæði myndflatarins yfirmálað og málverkið síðan höfundarmerkt Svavari Guðnasyni.

D.

Háttsemi ákærða Péturs Þórs samkvæmt A. hluta ákæru í I.-III. kafla og C. hluta ákæru telst varða við 3. mgr. 159. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Háttsemi ákærða Péturs Þórs samkvæmt A. hluta ákærulið IV. kafla ákæru telst varða við 3. mgr. 159. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Háttsemi ákærða Jónasar Freydals samkvæmt B. og C. hluta ákæru telst varða við 3. mgr. 159. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdur til refsingar fyrir framangreind brot.

Eftirtaldir aðilar gera þær kröfur í málinu, að ákærði Pétur Þór Gunnarsson verði dæmdur til að greiða þeim skaðabætur, sem hér greinir.

1. Vegna ákærutílvika 1, 4, 7, 10, 13, 15 og 25 gerir Jóhannes Albert Sævarsson, hdl., f., II, [...] skaðabótakröfu kr. 1.893.000, auk vaxta frá því hin bótaskyldu kaup áttu sér stað í samræmi við 7. gr. vaxtalaga nr. 25, 1987, frá þeim degi til 30.08.2001, en með dráttarvöxtum í samræmi við 15. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.
2. Vegna ákærutílvika 2, 3, 6 og 8 gerir Jóhannes Albert Sævarsson, hdl., f., JJ, [...], skaðabótakröfu kr. 527.000, auk vaxta í samræmi við 7. gr. vaxtalaga nr. 25, 1987, frá 10.12. 1998 til 01.07. 2001, en samkvæmt lögum 38, 2001 frá þeim tíma til 16.01.03, en með dráttarvöxtum í samræmi við 15. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.
3. Vegna ákærutílviks 5 gerir Jóhannes Albert Sævarsson, hdl., f., KK, [...] skaðabótakröfu kr. 505.000, miskabótakröfu kr. 252.500, kröfu vegna lögfræðikostnaðar kr. 145.665, auk vaxta í samræmi við 7. gr. vaxtalaga nr. 25, 1987 af kr. 757.500, frá 10.12. 1998 til 01.07. 2001, en samkvæmt lögum 38, 2001 frá þeim tíma til 16.01.03 en með dráttarvöxtum í samræmi við 15. gr. sömu laga af kr. 903.165 frá þeim degi til greiðsludags.
4. Vegna ákærutílviks 11 gerir Jóhannes Albert Sævarsson, hdl., f., LL, [...] skaðabótakröfu kr. 407.000, miskabótakröfu kr. 203.500, kröfu vegna lögfræðikostnaðar kr. 97.110, auk vaxta í samræmi við 7. gr. vaxtalaga nr. 25, 1987 af kr. 610.500, frá 10.12. 1998 til 01.07. 2001, en samkvæmt lögum 38, 2001 frá þeim tíma til 16.01.03 en með dráttarvöxtum í samræmi við 15. gr. sömu laga af kr. 707.610 frá þeim degi til greiðsludags.
5. Vegna ákærutílviks 12 gerir Jóhannes Albert Sævarsson, hdl., f., MM [...], skaðabótakröfu kr. 253.000, miskabótakröfu kr. 126.500, kröfu vegna lögfræðikostnaðar kr. 145.665, auk vaxta í samræmi við 7. gr. vaxtalaga nr. 25, 1987 af kr. 379.500, frá 10.12. 1998 til 01.07. 2001, en samkvæmt lögum 38, 2001 frá þeim tíma til 16.01.03 en með dráttarvöxtum í samræmi við 15. gr. sömu laga af kr. 525.165 frá þeim degi til greiðsludags.
6. Vegna ákærutílvika 16 og 17 gerir NN [...] skaðabótakröfu kr. 250.000, með vöxtum samkv. 8. gr. laga nr. 38, 2001 frá 09.06.1994 af kr. 90.000 til 30.03.1998, en af kr. 250.000 frá þeim degi til greiðsludags auk miskabóta kr. 200.000.
7. Vegna ákærutílviks 18 gerir Jóhannes Albert Sævarsson, hdl., f., OO, [...] skaðabótakröfu kr. 225.000, miskabótakröfu kr. 112.500, kröfu vegna

lögfræðikostnaðar kr. 145.665, auk vaxta í samræmi við 7. gr. vaxtalaga nr. 25, 1987 af kr. 337.500, frá 10.12. 1998 til 01.07. 2001, en samkvæmt lögum 38, 2001 frá þeim tíma til 16.01.03 en með dráttarvöxtum í samræmi við 15. gr. sömu laga af kr. 483.165 frá þeim degi til greiðsludags.

8. Vegna ákærutílvika 20, og 31 gerir Jóhannes Albert Sævarsson, hdl., f., PP, framkvæmdastjóra dánarbús QQ, skaðabótakröfu kr. 545.000, auk vaxta í samræmi við 7. gr. vaxtalaga nr. 25, 1987, frá 10.12. 1998 til 01.07. 2001, en samkvæmt lögum 38, 2001 frá þeim tíma til 16.01.03, en með dráttarvöxtum í samræmi við 15. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

9. Vegna ákærutílviks 21 gerir Jóhannes Albert Sævarsson, hdl., f., RR, [...], skaðabótakröfu kr. 50.000, auk vaxta í samræmi við 7. gr. vaxtalaga nr. 25, 1987, frá 10.12. 1998 til 01.07. 2001, en samkvæmt lögum 38, 2001 frá þeim tíma til 16.01.03, en með dráttarvöxtum í samræmi við 15. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

10. Vegna ákærutílviks 22 gerir Jóhannes Albert Sævarsson, hdl., f., SS, [...], skaðabótakröfu kr. 205.700, miskabótakröfu kr. 102.850, kröfu vegna lögfræðikostnaðar kr. 97.110, auk vaxta í samræmi við 7. gr. vaxtalaga nr. 25, 1987 af kr. 308.550, frá 10.12. 1998 til 01.07. 2001, en samkvæmt lögum 38, 2001 frá þeim tíma til 16.01.03 en með dráttarvöxtum í samræmi við 15. gr. sömu laga af kr. 405.660 frá þeim degi til greiðsludags.

11. Vegna ákærutílviks 26 gerir TT, [...], skaðabótakröfu kr. 250.000, ásamt dráttarvöxtum samkv. 3. kafla vaxtalaga frá 1987 með síðari tíma breytingum, frá kaupdegi 09.05.95 til greiðsludags.

12. Vegna ákærutílviks 27 gerir Jóhannes Albert Sævarsson, hdl., f., UU, [...], skaðabótakröfu kr. 820.000, miskabótakröfu kr. 410.000, kröfu vegna lögfræðikostnaðar kr. 145.665, auk vaxta í samræmi við 7. gr. vaxtalaga nr. 25, 1987 af kr. 1.230.000, frá 10.12. 1998 til 01.07. 2001, en samkvæmt lögum 38, 2001 frá þeim tíma til 16.01.03 en með dráttarvöxtum í samræmi við 15. gr. sömu laga af kr. 1.375.665 frá þeim degi til greiðsludags.

13. Vegna ákærutílviks 29 gerir Jóhannes Albert Sævarsson, hdl., f., ÚÚ, [...], skaðabótakröfu kr. 580.000, miskabótakröfu kr. 290.000, kröfu vegna lögfræðikostnaðar kr. 145.665, auk vaxta í samræmi við 7. gr. vaxtalaga nr. 25, 1987 af kr 870.000, frá 10.12. 1998 til 01.07. 2001, en samkvæmt lögum 38, 2001 frá þeim tíma til 16.01.03 en með dráttarvöxtum í samræmi við 15. gr. sömu laga af kr. 1.015.665 frá þeim degi til greiðsludags.

14. Vegna ákærutílviks 32 gerir Helgi Jó, hrl., f., VV, [...] skaðabótakröfu kr. 590.000, kröfu vegna lögfræðiráðgjafar kr. 50.000, auk dráttarvaxta frá 5. janúar 1999 til greiðsludags samkv. III. kafla vaxtalaga nr. 38, 2001.

Eftirtaldir aðilar gera þær kröfur í málinu, að ákærði Jónas Freydal Þorsteinsson verði dæmdur til að greiða þeim skaðabætur, sem hér greinir.

1. Vegna ákærutíðs 39 gerir Jóhannes Albert Sævarsson, hdl., f., XX, [...], og YY, [...], skaðabótakröfu kr. 510.000, auk vaxta í samræmi við 7. gr. vaxtalaga nr. 25, 1987, frá 10.12. 1998 til 01.07. 2001, en samkvæmt lögum 38, 2001 frá þeim tíma til 16.01.03, en með dráttarvöxtum í samræmi við 15. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

2. Vegna ákærutíðs 40 gerir Jóhannes Albert Sævarsson, hdl., f., ZZ, [...], skaðabótakröfu kr. 120.000, miskabótakröfu kr. 60.000, kröfu vegna lögfræðikostnaðar kr. 145.665, auk vaxta í samræmi við 7. gr. vaxtalaga nr. 25, 1987 af kr 180.000, frá 10.12. 1998 til 01.07. 2001, en samkvæmt lögum 38, 2001 frá þeim tíma til 16.01.03 en með dráttarvöxtum í samræmi við 15. gr. sömu laga af kr. 325.665 frá þeim degi til greiðsludags.

3. Vegna ákærutíðs 41 gerir Jóhannes Albert Sævarsson, hdl., f., PP, framkvæmdastjóra dánarbús QQ, skaðabótakröfu kr. 80.000, auk vaxta í samræmi við 7. gr. vaxtalaga nr. 25, 1987, frá 10.12. 1998 til 01.07. 2001, en samkvæmt lögum 38, 2001 frá þeim tíma til 16.01.03, en með dráttarvöxtum í samræmi við 15. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

4. Vegna ákærutíðs 42, 43 og 44 gerir Jóhannes Albert Sævarsson, hdl., f., JJ, [...], skaðabótakröfu kr. 565.000, auk vaxta í samræmi við 7. gr. vaxtalaga nr. 25, 1987, frá 10.12. 1998 til 01.07. 2001, en samkvæmt lögum 38, 2001 frá þeim tíma til 16.01.03, en með dráttarvöxtum í samræmi við 15. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

5. Vegna ákærutíðs 45 gerir Ragnhildur Benediktsdóttir, hdl., f., ÞÞ, [...], skaðabótakröfu dkk. 40.000, (nú ísl kr. 458.400), ásamt vöxtum samkv. vaxtalögum 25,1987 frá 1. janúar 1999 til 1. júlí 2002 en samkv. 8. gr. laga nr. 38, 2001 frá þeim degi til 1. febrúar 2003 en með dráttarvöxtum samkv. 9. gr. sbr. 1. mgr. 6. gr. s.l. frá þeim degi til greiðsludags, auk miskabóta að fjárhæð dkr. 20.000 samkv. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50,1993.

Eftirtaldir aðilar gera þær kröfur í málinu, að ákærðu Pétur Þór Gunnarsson og Jónas Freydal Þorsteinsson verði dæmdir til að greiða þeim skaðabætur, sem hér greinir.

1. Vegna ákærutíðs 48 gerir Ólafur Kvaran, f. ÖÖ, [...], Reykjavík skaðabótakröfu dkr. 47.880 / ikr. 542.531 auk kostnaðar og vegna flutnings og pökkunar kr. 152.940 eða samtals kr. 695.471, auk vaxta samkv. 8. gr. laga nr. 38, 2001, frá tjónsdegi 25.06. 1996, að dómsuppsögu en dráttarvaxta samkv. 9. gr. sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna frá þeim degi til greiðsludags.

Almennur inngangur.

A - saksóknin.

Auk þeirra myndverka sem tilgreind eru einstaklega í A-I. og A-II. kafla ákærunnar er ákærði, Pétur Þór, í kafla A-III í ákærunni saksóttur fyrir misferli gagnvart L með listaverk sem ekki eru einstaklega tilgreind. Eins og segir í úrskurði dómsins um frávísunarkröfu verjandans 28. mars sl. hefði farið betur á því að tilgreina einstök verk í kafla A-III í ákærunni. Þessi vöntun var þó ekki talin svo mikilsverð að varða ætti frávísun og til þess vísað í upphafi aðalmeðferðarinnar að ákæruvaldinu bæri að grein fyrir þeim gögnum sem ákæran væri byggð á. Var þetta gert og m.a. lögð fram skrifleg greinargerð ákæruvaldsins um það hvaða myndverk falla undir A-III. kafla ákærunnar við upphaf aðalmeðferðar, 1. apríl sl. Á síðari stigum aðalmeðferðar lýsti ákæruvaldið því yfir að bæta ætti við einu verki (DK-84). Dómurinn lítur svo á að ákæruvaldið sé bundið af þessari greinargerð á þann hátt að ekki geti fleiri eða aðrar myndir en þar eru taldar upp komið til álita í málinu. Hefur aðalmeðferðin og þar með málsvörn ákærða miðast við það. Samkvæmt greinargerð þessari tekur 35. ákæruliðurinn til 43 myndverka, eftir að fallið hefur verið frá ákæru fyrir eina mynd (DK-49). Verkin eru auðkennd með númerum sem þau hafa fengið í lögreglurannsókninni: DK-2, DK-3, DK-4, DK-5, DK-6, DK-7, DK-8, DK-9, DK-10, DK-11, DK-12, DK-13, DK-14, DK-16, DK-20, DK-21, DK-22, DK-23, DK-24, DK-25, DK-26, DK-27, DK-28, DK-28A, DK-29, DK-30, DK-31, DK-32, DK-33, DK-34, DK-35, DK-78, DK-79, DK-80, DK-81, DK-82, DK-83, DK-85, DK-86, DK-87, DK-88, DK-89, DK-90. Þá tekur 36. ákæruliðurinn til 5 olíumálverka sem talin eru upp í greinargerðinni: DK-1, DK-69, DK-73, DK-92, DK-93; og loks tekur 37. ákæruliðurinn til 9 olíumálverka sem talin eru upp í greinargerðinni, eftir að felld var úr henni eitt verk (DK-93) sem oftalið var: DK-70, DK-71, DK-72, DK-74, DK-75, DK-76, DK-77, DK-91, DK-94.

Samkvæmt ákærunni og því sem að framan er rakið nær hún nú til 102 verka og er hér um að ræða 50 olíuverk og 52 pappírsverk (vatnslitamyndir 22 og önnur tækni 30).

Þeir listamenn sem í ákæru eru eignuð meint fölsuð verk eru eftirtaldir:

Guðmundur Thorsteinsson (Muggur) (1891-1924)	1 verk
Þórarinn B. Þorláksson (1867-1924)	6 verk
Ásgrímur Jónsson (1876-1958)	3 verk
Kristín Jónsdóttir (1888-1959)	1 verk
Jón Stefánsson (1881-1962)	5 verk

Júlíana Sveinsdóttir (1889-1966)	3 verk
Nína Tryggvadóttir (1913-1968)	5 verk
Jóhannes S. Kjarval (1885-1972)	11 verk
Asger Jorn (1914-1973)	2 verk
Þorvaldur Skúlason (1906-1984)	1 verk
Svavar Guðnason (1909-1988)	64 verk

B - ákærðu.

Ákærði, Pétur Þór Gunnarsson, neitar sök að öllu leyti. Hann kvaðst hafa stundað klassískt myndlistarnám á Fjónsku listakademíunni í Danmörku árin 1982-1987. Mjög strangt teikninám hefði staðið í tvö ár en að því loknu málaranám í þrjú ár. Skólinn hefði verið gamaldags og klassískur og þar hefðu verið kenndar ýmsar aðferðir sem hinir gömlu meistarar notuðu.

Ákærði tók sérstaklega fram, þegar hann var spurður um myndlistarkunnáttu sína, að hann hefði alltaf talið að ætlaði hann sér að falsa eða mála málverk, sem ætti að vera eftir einhverja af þeim listamönnum er ákæran næði til, myndi hann treysta sér til þess, „alla vega tæknilega,“ að gera það þannig að „það væri ekki hægt að finna út úr því.“

Ákærði kvaðst hafa byrjað störf í fyrirtækinu Gallerí Borg árið 1987. Á námsárum sínum hefði hann öðlast töluverða þekkingu á sölu listaverka á uppboðum í Danmörku og reynt að haga uppboðum hérlandis til samræmis við það. Ákærði kvaðst vita að hjá öllum stærstu uppboðshúsum veraldar væri mjög sjaldgæft að eigendasaga fylgdi listmunum sem til sölu væru, ef til vill væri það í 10-15% tilvika.

Á árinu 1988 kvaðst ákærði hafa byrjað að fara út til Danmerkur á vegum Gallerí Borgar í því skyni að kaupa þar verk eftir íslenska listamenn. Hann hefði sent auglýsingu þar um á undan sér til stærstu dagblaðanna og ennfremur auglýst að hann yrði staddur á ákveðnu hóteli á ákveðnum tíma. Þessar ferðir hefðu tekið 4-5 daga.

Á árinu 1990 eða 1991 kvaðst ákærði hafa keypt fimmtung Gallerí Borgar af þáverandi framkvæmdastjóra þess og í janúar 1993 hefði hann og eiginkona hans keypt fyrirtækið allt. Á þessum tíma hefðu starfsmenn fyrirtækisins aðeins verið tveir, hann sjálfur auk aðstoðarmanns. Kaupverðið gæti hafa verið 13-14 milljónir, sem ákærði kvaðst þó ekki vera viss um, og verið greitt að mestu leyti með yfirtöku skulda fyrirtækisins. Reksturinn hafi verið erfiður, nánast í járnum allan tímann, ekki síst eftir að „eftir að þetta málverkafölsunarmál fór af stað,“ eins og ákærði komst að orði. Ákærði kvað um eitt þúsund verk hafa verið seld á vegum fyrirtækisins á ári hverju stundum upp í tólf til fjórtán hundruð. Rekstrinum hefði verið sjálfhætt eftir að kveikt

hafi verið í starfsstöð fyrirtækisins í Síðumúla. Í brunanum, sem mun hafa orðið 20. febrúar 1999, kvað ákærði hafa farið forgörðum alls kyns gögn tilheyrandi fyrirtækinu. Gallerí Borg, sem samkvæmt hlutafélagaskrá hét Gallerí Borg-Uppboðshús Reykjavíkur ehf., var úrskurðað gjaldþrota 15. nóvember 2000 og lauk skiptum í búinu 13. október 2001.

Ákærði gat þess að á árinu 1994 hefðu hann og eiginkona hans stofnað antikverslun og rekið samhliða Gallerí Borg en þeim rekstri hefði verið hætt þegar hann hefði byrjað af afplána dóm Hæstaréttar frá 4. nóvember 1999.

Ákæra í því máli var gefin út 1. júlí 1998 og var Pétur Þór ákærður fyrir að hafa falsað höfundarmerkingu á þremur málverkum sem hann hafði keypt á tveimur listmunauppböðum hjá Bruun Rasmussen í Danmörku eftir danska malarann Wilhelm Wils. Sömu málverk hefði hann selt sem málverk höfundarmerkt íslenska málaranum Jóni Stefánssyni, tvö á uppböði í Reykjavík 1. september 1994 og eitt á Akureyri 21. maí 1995, og þannig blekkt kaupendur þeirra.

Dómur í héraði gekk 5. mars 1999 og var þar dæmt að ósannað þætti að ákærði, Pétur Þór, hefði afmáð höfundarmerkingu Wilhelms Wils af málverkunum þremur og sett höfundarmerkingu Jóns Stefánssonar í staðinn. Hins vegar var hann sakfelldur fyrir það að hafa selt málverkin í blekkingar- og auðgunarskyni þar sem hann hefði vitað að höfundarmerkingu verkanna hefði verið breytt. Þá var ákærði einnig sakfelldur fyrir brot á bókhaldslögum og hlaut fyrir hvorutveggja 6 mánaða fangelsisdóm auk þess að vera dæmdur til að greiða umkrafðar skaðabætur, sakarkostnað og laun verjanda.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu til Hæstaréttar 22. mars 1999 að ósk ákærða. Ákæruvaldið féllst á þá niðurstöðu héraðsdóms að ósannað væri að ákærði hefði sjálfur merkt myndirnar Jóni Stefánssyni og var sú niðurstaða því ekki til endurskoðunar fyrir Hæstarétti. Dómur Hæstaréttar í málinu féll 4. nóvember 1999 og var þar staðfest niðurstaða héraðsdóms um fangelsisrefsingu ákærða, greiðslu skaðabóta og sakarkostnaðar en að auki var ákærði dæmdur til þess að greiða 500.000 króna sekt til ríkissjóðs.

Ákærði, Jónas Freydal Þorsteinsson, neitar sök að öllu leyti. Hann kvaðst hafa lokið sveinsprófi í húsamálun frá iðnskóla hér á landi og meistaraþrófi í þeirri iðngrein í Danmörku. Sveinsprófið hefði verið svo gott að hann hefði fengið styrk til þess að fara til Danmerkur til þess að læra „hálfgerða forvörslu“ á húsum sem á dönsku sé kölluð „bevaring.“ Þetta nám hefði hann stundað hjá dönskum manni, Kai Fessel að nafni, en hér væri ekki um að ræða námsgrein sem kennd væri í skóla.

Ákærði kvaðst hafa rekið ferðaskrifstofu í Kaupmannahöfn í nokkur ár og verið forstjóri hennar. Vegna þessa reksturs og forstöðu hans hefði hann sótt fjölmörg námskeið og fyrirlestra um stjórnun, skipulag og bókhald.

Ákærði kvaðst einnig hafa stundað viðskipti með fasteignir með þeim hætti að kaupa þær á nauðungaruppboðum eða af lánastofnunum, gera þær upp og leigja út eða selja. Ákærði kvaðst hafa sótt fjölmörg námskeið vegna þessarar starfsemi.

Þá kvaðst ákærði hafa sótt fjölmarga fyrirlestra hjá listfræðingum og farið í ferðir á slóðir þekktra málara. Sjálfur hefði hann keypt og selt myndir. Hann hefði selt um kringum 70 myndir hjá Gallerí Borg. Ákærði kvaðst sjálfur hafa þrifið allar myndirnar og gert við smávægilegar skemmdir þegar þörf hefði verið á. Hann hefði fengið aðra til þess að gera við stærri skemmdir. Ákærði kvaðst einnig hafa gert við myndir fyrir aðra. Hann hefði hins vegar aldrei málað sjálfur enda hefði hann enga menntun á því sviði.

Ákærði kvaðst hafa flutt til Kanada árið 1999 og þá selt eða lokað fyrirtækjum sínum í Kaupmannahöfn. Í Kanada starfaði hann við að selja listaverk og hefði starfsmann í París og annan í Kaupmannahöfn. Ákærði kvaðst gera ráð fyrir að selja um 2000 myndir á yfirstandandi ári.

C - rannsókn málsins.

Samkvæmt gögnum málsins bárust Rannsóknarlögreglu ríkisins fyrstu kærurnar vegna meintrar fölsunar á málverkum 24. apríl 1997, og voru þau þrjú að tölu. Síðasta kæran barst ríkislögreglustjóra 28. nóvember 2002, og þá vegna eins verks, en með lögum nr. 90/1996, sem gildi tóku 1. júlí 1997, tók ríkislögreglustjóri við rannsókn mála af þessu tagi. Rannsóknarlögregla ríkisins var lögð niður með sömu lögum. Ákæruvaldið upplýsti við munnlegan flutning málsins að lögreglunni hefðu borist kærur vegna meintrar fölsunar á 181 verki á framangreindu tímabili. Samkvæmt gögnum málsins hefur meginhluti kæranna borist á árunum 1997-1999. Í byrjun árs 2001 bárust lögreglunni 56 verk höfundarmerkt Svavari Guðnasyni sem Galleri RRR í Kaupmannahöfn hafði afhent auðgunarbrotadeild lögreglunnar í Kaupmannahöfn til rannsóknar vegna gruns um fölsun þeirra, en samstarf var á milli íslensku og dönsku lögreglunnar um rannsókn á meintum fölsunum verkanna. Ákæruvaldið upplýsti ennfremur við munnlegan flutning málsins að þannig hefði hagað til með þau verk sem ekki var ákært vegna að þau hefðu ýmist reynst ófölsuð við rannsókn eða ekki borið þau merki fölsunar að ákæruvaldið hefði treyst sér til að færa sönnur á að verkin væru fölsuð. Komið hefði fyrir að kæra væri dregin til baka.

Langflestar kæranna sem bárust lögreglu vegna verka hérlandra eigenda voru frá lögmanni Ólafs Inga Jónssonar forvarðar sem fengið hafði umboð þeirra til þess að

kæra meinta fölsun verkanna. Í mörgum þeirra tilvika sem Ólafur kærði og ákæran í máli þessu nær til hefur verið lögð fram svokölluð forrannsóknarskýrsla hans.

Sá grunur um fölsun sem fram kom í kærnum beindist fyrst og fremst að ákærða, Pétri Þór Gunnarssyni. Var hann fyrst yfirheyrður 6. maí 1997 hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins og þá vegna þriggja málverka sem hann hafði selt í fyrirtæki sínu en meint fölsun þeirra hafði verið kærð til lögreglunnar.

Upphaf rannsóknar telur lögreglan þó vera þegar ríkislögreglustjóri ritar ákærða, Pétri Þór, bréf hinn 16. júlí 1997, en áður höfðu þó verið teknar skýrslur af kærandanum AA og JJ til þess að leggja mat á hvort hefja ætti opinbera rannsókn vegna kæranna. Í bréfinu er óskað eftir því að Gallerí Borg veiti upplýsingar um eftirtalin atriði í þágu rannsóknar málsins um hvert þessara verka, eftir því sem unnt væri: Hvar og hvenær umrætt málverk hafi verið selt á vegum gallerísins? Hver hafi verið kaupandi verksins? Hver hafi komið með það til sölu hjá galleríinu? Hver hafi þá verið eigandi þess? Hvert hafi söluandvirði þess runnið? Hverjir hafi verið fyrri eigendur þess? Aðrar upplýsingar sem að gagni mættu koma, þ.m.t. gögn til stuðnings eigendaferli verkanna. Hefur verið ákært fyrir 13 af þessum verkum, sbr. ákæruliði nr. 2, 6, 8, 12, 15, 20, 28, 29 og 40 - 44. Lögmaður Gallerí Borgar biður um frest til að svara þessari beiðni í bréfi, dags. 10. október 1997. Ríkislögreglustjóri ítrekar beiðni sína í bréfi, dags. 22. október 1997 og berst svarbréf, dags. 29. október 1997. Í svarbréfinu er í sumum tilvikum upplýst fyrir hverja viðkomandi mynd hafi verið seld, af hverjum mynd hafi verið keypt eða sagt að um viðkomandi mynd hafi engin gögn fundist. Þetta munu vera einu skriflegu svör ákærða Péturs þegar leitað var upplýsinga um eigendasögu sem oftast var gert.

Lögreglan hóf síðan rannsókn á þeim upplýsingum sem komu fram í framangreindu svarbréfi Gallerí Borgar.

Hinn 11. nóvember 1997 er ákærði, Pétur Þór, yfirheyrður sem sakborningur og 15. s.m. er gerð húsleit á heimili hans og lagt hald á ýmis gögn, pappír, liti o. fl. Pétur er yfirheyrður fimm sinnum á árinu 1997 og fimm sinnum árið 1998. Þá er hann yfirheyrður í desember 2002 og síðast 2. janúar sl.

Hinn 2. desember 1997 ritar ríkislögreglustjóri Listasafni Íslands bréf og óskar eftir því að forvörður safnsins yfirfari ásamt starfsmönnum tæknirannsóknarstofu ríkislögreglustjóra þær myndir sem kærðar hafi verið og setji fram í framhaldi af því hugmyndir sínar eða tillögur um rannsóknir sem unnt sé að gera til að ganga úr skugga um hvort myndirnar séu falsaðar eða ekki, svo og um áætlaðan kostnað við slíkar rannsóknir. Þá er einnig óskað eftir því að Listasafn Íslands taki saman greinargerð þar sem fram komi helstu upplýsingar um feril átta nafngreindra íslenskra listamanna sem að gagni mættu koma við rannsókn málsins.

Hinn 13. desember 1997 ritar ríkislögreglustjóri Listasafni Íslands bréf og óskar eftir því að sérfræðingur safnsins kanni tæknilega þætti sem gefi vísbendingar um það hvort þau listaverk sem afhent hafi verið forverði safnsins 9. og 11. desember séu fölsuð eða ekki.

Í desember 1997 fer rannsóknari á vegum ríkislögreglustjóra til Danmerkur til að afla upplýsinga og yfirheyra vitni. Hinn 10. þess mánaðar er ákærði Jónas Freyðal Þorsteinsson yfirheyrður sem vitni en með réttarstöðu sakbornings að dönskum lögum.

Hinn 5. febrúar 1998 ritar ríkislögreglustjóri VV enn bréf með beiðni um aðstoð við opinbera rannsókn á ætluðum fölsunum málverka. Beiðni þessi varðar 2 olímálverk sem eru höfundarmerkt Jóni Stefánssyni. Óskað er eftir bæði tæknilegri og listfræðilegri rannsókn.

Með bréfi ríkislögreglustjóra, dags. 14. maí 1998, til Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands er þess óskað að stofnunin framkvæmi litrófsgreiningu á 37 sýnum úr verkum sem nánar eru tilgreind í bréfinu.

Í ágúst 1998 eru listfræðilegar rannsóknir undirbúnar og á þá lögreglan fundi með forstöðumönnum VV og JJ og fleirum.

Í tveimur bréfum, dags. 14. og 22. september 1998, fer ríkislögreglustjóri þess á leit við SS forvörð að hann rannsaki þar til greind pappírsvark og eina vatnslitamynd.

Meðfylgjandi bréfi, dags. 27. september 1998, voru 13 pappírsvark send til rannsóknar í Þýskalandi og á Ítalíu.

Hinn 18. október 1999 setja þau AAA listfræðingur, og forverðirnir, CCC og BBB, fram tillögur um það hvað þurfi að gera varðandi hvert verk um sig.

Í janúar 2000 tekur saksóknari ákvörðun um að rannsaka öll kærð tilvik og leggja áherslu á eftirtalda rannsóknarþætti: Tæknilega rannsókn, listfræðilegt álit, rannsókn á bókhaldi og bókhaldsgögnum og yfirheyrslur vitna og sakborninga. Á sama tíma er tekin ákvörðun um að sameina rannsóknir á Íslandi og í Danmörku undir stjórn saksóknara ríkislögreglustjóra.

Í mars til júlí 2000 eru tekin 162 sýni úr 46 olíuverkum.

Skýrslur sérfræðinga sem ráðnir höfðu verið til þess að rannsaka hin kærðu listaverk taka að berast lögreglunni á tímabilinu frá því í júlí fram í desember 2002.

Ákærðu voru síðan yfirheyrðir um miðjan desember 2002 og lokayfirheyrsla yfir ákærða Pétri Þór fór fram 2. janúar 2003, eins og fyrr er greint frá. Ákæra á hendur þeim var síðan gefin út 3. janúar 2003, eins og fyrr greinir.

Sem fyrr segir var ákærði Pétur Þór sakfelldur fyrir stórfellda bókhaldsóriðu í fyrra málinu. Verður ekki fjallað um þann þátt hér heldur vikið að bókhaldi Gallerí Borgar eftir því sem einstök tilvik gefa tilefni til hér á eftir.

D - úrskurðir í málinu.

Eftirgreindir úrskurðir hafa gengið undir rekstri málsins:

Þegar mál þetta var þingfest 16. janúar sl. var þess krafist af hálfu ákærða, Péturs Þórs, að því yrði vísað frá dómi í heild eða hluta og var málið flutt um þá kröfu 28. s.m. Þessum kröfum var synjað í úrskurði dómsins sem gekk 14. febrúar sl.

Þá var í þinghaldi í málinu 28. mars sl. gerð sú krafa af hálfu ákærða, Péturs Þórs, að ákærvaldinu yrði synjað um að leiða ákveðin vitni til að gefa skýrslu um atriði sem teldust ekki til sakaratriða í málinu í skilningi 2. mgr. 59. gr. laga nr. 19/1991. Í þessum hópi voru þeir sérfræðingar sem lögreglan hafði leitað liðsinnis hjá við rannsókn málsins. Þessari kröfu var hafnað með úrskurði dómsins sem gekk sama dag og var kröfunni synjað. Úrskurðurinn var kærður til Hæstaréttar sem staðfesti niðurstöðu héraðsdóms í dómi sem upp var kveðinn 3. apríl sl.

Þá var þess krafist af hálfu ákærða, Péturs Þórs, í þinghaldi 2. apríl sl. að ákærvaldinu yrði synjað um að dóttir Jóns Stefánssonar listmálara, gæfi skýrslu fyrir dómi. Þeirri kröfu var hafnað með úrskurði dómsins sem kveðinn var upp 7. apríl sl. Úrskurðurinn var kærður til Hæstaréttar sem staðfesti niðurstöðu héraðsdóms í dómi sem upp var kveðinn 8. apríl sl.

E - sérfræðivitni.

Verður nú getið þeirra sérfræðinga sem unnu að rannsókn málsins og gerð grein fyrir hvernig þeir lýstu sérþekkingu sinni.

DDD, rithandarrannsóknari og fv. lögreglufulltrúi, var fenginn til þess að rannsaka höfundarmerkingu tveggja olíumálverka sem kennd hafa verið Þórarni B. Þorlákssyni og Mugg og bera saman við óvefengd verk eftir þessa málara. Er gerð grein fyrir rannsóknnum hans við þau tilvik hér á eftir. DDD hefur langa reynslu af skjalarannsóknnum hjá rannsóknarlögreglu ríkisins og embætti ríkislögreglustjóra, eða frá 1977, og lokið um það bil 600 skjalarannsóknnum með formlegri niðurstöðu frá árinu 1989 til starfsloka, 1. júlí 2002. Hann hefur nánar gert grein fyrir námi sínu í sérstakri greinargerð sem lögð hefur verið fram í málinu. Þar kemur fram að skjalarannsóknir hafi verið hluti af tækninámi við alþjóðlega viðurkenndan bandarískan bréfaskóla, Institute of Applied Science, en þaðan útskrifaðist hann 1973. Þá hafi hann stundað nám hjá New York Police Academy í rannsóknnum brotamála, þar á meðal í skjalarannsóknnum, og útskrifast maí 1977. Hann hafi stundað nám hjá

Kriminalpolitisenralen í Osló í apríl og maí 1985 og sérstakt nám í skjalarannsóknnum hafi hann stundað hjá Forensic Science Laboratory í Birmingham, Englandi, 1990, en sú stofnun tilheyrir breska innanríkisráðuneytinu. Þá hafi hann sótt námsstefnu í skjalarannsóknnum hjá skjalarannsóknardeild Statens kriminaltekniska laboratorí í Linköping, Svíþjóð, í október 1990, norræna námsstefnu í skriftarrannsóknnum á vegum Rigspolitichefen í Lyngby, Danmörku í júlí 1991, tvær ráðstefnur Interpol um peningafals og fölsun ferðaskilríkja í Ottawa, Kanada, í apríl 1992, norræna námsstefnu í skriftarrannsóknnum hjá finnsku ríkislögreglunni í Helsinki, í júní 1993, evrópska ráðstefnu í Lissabon, í september 1994, norræna námsstefnu í skriftarrannsóknnum hjá RLR, í Reykjavík, í júní 1995, norræna námsstefnu í skriftarrannsóknnum hjá Statens kriminaltekniska laboratorí í Linköping, í ágúst 1997, ráðstefnu í skriftar- og skjalarannsóknnum í Strathclyde Police Forensic Police Laboratory í Skotlandi í júlí 1998, norræna námsstefnu í skriftarrannsóknnum hjá Kriminalpolitisenralen í Osló, september 1999, námskeið í mati og fölsunargreiningu ferðaskilríkja á vegum bandarísku landamæravörslunnar, í Keflavík í september 2000, evrópska ráðstefnu í Kraká, Póllandi í september 2000, námsferð í fölsunargreiningu ferðaskilríkja á vegum bandarískra yfirvalda í Virginíu, Bandaríkjunum, í febrúar 2001 og loks norræna námsstefnu í skriftarrannsóknnum Rigspolitichefen í Kaupmannahöfn, í júlí 1991. Hann hefur komið fyrir dóm og staðfest skýrslur sínar og gert nánari grein fyrir þeim, eins og vikið verður að.

EEE listfræðingur, kvaðst hafa numið listasögu við Háskólann í Lundi á 7. áratugnum og lokið filósófi-kandidatsprófi frá þeim skóla. Lokaritgerðin hefði verið um Nínu Tryggvadóttur. Síðan hefði hún tekið filósófi-licentiatspróf frá sama skóla og licentiatsritgerðin verið um tvær fyrstu kynslóðir íslenskra kvenmálara, fyrri kynslóðin væru konur sem stundað hefðu nám í Kaupmannahöfn á 19. öld án þess að leggja stund á list sína eftir að hafa snúið heim til Íslands. Fyrsta kynslóð kvenmálara eða íslenskra kvenna sem hafi gert myndlist að ævistarfi hafi verið Kristín Jónsdóttir, Júlíana Sveinsdóttur og Nína Sæmundson. Um þessa sjö konur kvaðst EEE hafa skrifað lokaritgerð. EEE kvaðst hafa verið forstöðumaður Ásgrímssafns árin 1984-1988, síðan deildarstjóri í Listasafni Íslands árin 1988-1991 og frá 1991 til 2000 hafi hún verið forstöðumaður Listasafns Einars Jónssonar. EEE kvaðst hafa skrifað myndlistargagnrýni, þrjár bækur um íslenska myndlistarmenn, þ.á.m. Nínu Tryggvadóttur og Ásgrím Jónsson. Þá hafi hún gert 6 heimildarmyndir fyrir íslenska sjónvarpið um íslenska myndlistarmenn. EEE hefur komið fyrir dóm og staðfest skýrslur sínar og gert nánari grein fyrir rannsóknnum sínum, eins og vikið verður að.

FFF listfræðingur, framkvæmdi listfræðilegt mat á nokkrum þeirra verka sem ákæran nær til. FFF kvaðst vera með phil. cand. próf frá Háskólanum í Lundi í listasögu og bókmenntum, svo og leikhús- og kvikmyndafræðum. Auk þess hafi hún

stundað doktorsnám í sama skóla í listasögu. Þá kvaðst FFF hafa lokið prófi frá arkitektaskóla Listaháskólans í Kaupmannahöfn með byggingalistasögu og húsvernd sem sérsvið. Hún hafi byrjað störf á íslenskum söfnum árið 1975 og verið á fjórða ár safnvörður í Árbæjarsafni. Árið 1987 hafi hún hafið störf við Listasafn Íslands og í byrjun sumars 1988 verið fastráðin þar sem deildarstjóri. Undir sitt svið hafi heyrt safn Ásgríms Jónssonar. Hún hafi verið starfsmaður safnsins fram á mitt ár 2000 og síðustu tvö og hálft ár verið forstöðumaður safnsviðs safnsins. Meðal verkefna sem hún hafi unnið hafi verið skráning alls safns Ásgríms Jónssonar, einnig hafi hún séð um sérsýningar á verkum hans svo og skrifað greinar um list hans. FFF kvaðst hafa greint nokkur megin verk Jóns Stefánssonar í tilefni af útgáfu bókar sem hafi verið gefin út þegar haldin var yfirlitssýning á verkum hans 1989., Árið 1990 hafi hún unnið ásamt forstöðumanni að undirbúningi ævilistsýningar á verkum Svavars Guðnasonar og verið sýningarstjóri í samvinnu við þáverandi forstöðumann safnsins. Þá hafi hún ritaði grein um list Svavars í bók sem var gefin út í tilefni sýningarinnar haustið 1990. Auk þess hafi hún unnið að gerð sjónvarpsmyndar um Svavar í samvinnu við Hrafnhildi Schram listfræðing, og Þór Elís Pálsson kvikmyndagerðarmann. FFF kvaðst hafa unnið að yfirlitssýningu á verkum Þórarins B. Þorlákssonar árið 2000 og verið sýningarstjóri sýningarinnar í samvinnu við núverandi forstöðumann Listasafns Íslands. Einnig hafi hún ritað grein um list Þórarins og brautryðjandastarf hans í íslenskri myndlist. FFF hefur komið fyrir dóm og staðfest skýrslur sínar og gert nánari grein fyrir rannsóknum sínum, eins og vikið verður að.

GGG listfræðingur, framkvæmdi listfræðilegt mat á nokkrum þeirra verka sem ákæran nær til. GGG kvaðst vera listfræðingur að mennt og hafa lokið cand. phil. prófi í listasögu við háskólann í Árósum 1998, en það próf samsvari meistaraþrófi við Háskóla Íslands. Meistararitgerðin sé um íslenska listasögu frá 1900-1945. GGG kvaðst um skeið hafa unnið hjá Gallerí Borg og hafi starfið að meginhluta falist í afgreiðslu og aðstoð við viðskiptavinum. Í ágúst 1989 hafi hún verið ráðin safnvörður við Listasafn Reykjavíkur og haft umsjón með listaverkæign safnsins og fjölda sýninga á vegum þess. GGG kvaðst hafa verið í samráði við forstöðumann safnsins þegar þrjú verka þeirra sem ákært er út af voru keypt, sbr. ákæruliði 42-44. Þá hefðu verk, sbr. ákæruliði 2, 3, 6 og 8 verið keypt til safnsins á starfstíma hennar og hún væntanlega skráð þau inn. GGG sagði að ákvörðun um að kæra fölsun verkanna hefði verið tekin eftir að hún var hætt stöfum hjá Listasafni Reykjavíkur. GGG hefur komið fyrir dóm og staðfest skýrslur sína og gert nánari grein fyrir rannsóknum sínum, eins og vikið verður að.

HHH framkvæmdi rannsókn á pappír kvaðst hafa gengið í Saint Albarn listaskólann og Starbridge listaháskólann og vera með gráðu í listum frá háskólanum í

Sussex. Það sé gráða í enskum og bandarískum fræðum en í henni séu listir í vissum mæli. Hann kvaðst hafa aflað sér sérfræðipækkingar á pappír í 25 ára starfi á því sérfræðisviði en hennar sé ekki hægt að afla sér í skóla. Þá kvaðst hann vera á skrá í Bretlandi yfir þá sem bera vitni fyrir dómi sem sérfræðingar í pappírsgreiningu og pappírssagnfræði. Undanfarin 20 ár hefði hann starfað fyrir lögreglu, listaverkasala og listasöfn í fjölda landa. Hann hefur komið fyrir dóm og staðfest skýrslu sína og gert nánari grein fyrir rannsókninni, eins og vikið verður að.

III, er forvörður og varðveislustjóri Landsbókasafns-Háskólabókasafns. Að loknu stúdentsprófi kvaðst hann hafa stundað nám í Myndlista- og handíðaskóla Íslands og lokið prófi frá textíildeild og kennaraprófi. Að því loknu hafi hann byrjað nám við Det Kongelige Danske Kunstakademi og lokið þar meistaraprófi 1995. Námið þar hefði verið í pappírsforvörslu. III kvaðst hafa unnið á ýmsum söfnum bæði í Danmörku og hér á landi, en frá árinu 1998 hefði hann verið í fastri stöðu sem forvörður Landsbókasafns-Háskólabókasafns og varðveislustjóri frá árinu 2000. Hann hefur komið fyrir dóm og staðfest skýrslur sínar og gert nánari grein fyrir rannsókninni, eins og vikið verður að.

JJJ efnafræðingur, lauk BS-prófi í jarðfræði frá Háskóla Íslands 1979. Hann lauk doktorsprófi í efnafræði frá ríkisháskólanum í Arizona í Bandaríkjunum og hefur starfað sem sérfræðingur við Raunvísindastofnun Háskóla Íslands síðan 1984 að undanskildum tveimur árum, 1988 og 1989, að hann var Humboldt-styrkþegi við háskólann í Hannover í Þýskalandi og síðar á vegum Fulbright í Bandaríkjunum. Hann hefur komið fyrir dóm og staðfest skýrslu sína og gert nánari grein fyrir rannsókninni, eins og vikið er að.

KKK forvörður, kvaðst hafa tekið stúdentspróf og verið einn vetur í Háskóla Íslands við nám í ensku og forspjallsvísindum. Þá hafi hann kennarapróf frá Kennaraháskóla Íslands og hafi kennt samfelld við grunnskóla í 5 ár. KKK kvaðst hafa verið nemandi við dönsku Kunstakademiuna í Kaupmannahöfn í Konservatørskolen, í þrjú ár og stundað þar nám í forvörslu á málverkum og altaris-töflum. Að námi loknu hafi hann unnið fyrir Skagens Museum við forvörslu og viðgerðir á málverkum. Síðan hafi hann komið heim til Íslands og hafið störf hjá Listasafni Íslands í mars 1989 og unnið þar síðan. Starfið á listasafninu hafi verið hlutastarf fyrstu 2 árin og fyrsta árið hafi hann unnið að hluta til á Þjóðminjasafni Íslands, en síðan kvaðst KKK hafa verið í fullu starfi á listasafninu. Hann hefur komið fyrir dóm og staðfest skýrslur sínar og gert nánari grein fyrir rannsóknum sínum, eins og vikið verður að.

F - tækni- og vísindarannsóknir.

Verður nú gerð almenn grein fyrir þeim tækni- og vísindarannsóknum sem fram hafa farið í málinu.

Olíumálverk.

KKK forvörður, hefur lýst rannsóknaraðferðum sínum þannig að hann hafi byrjað að ljósmynda verkin og síðan hafi hann “skimað” þau í útfjólubláu ljósi. Þá hafi verkin verið skoðuð undir smásjá og þvínæst beitt tæknilegri ljósmyndun til þess að ná fram ákveðnum áhrifum í ljósmynduninni. Megi þar nefna útfjólublá ljós, svokölluð “black lights”, og í sumum tilfellum innrauða skimun og í einstaka tilvikum natríumljós. Þörfina á röntgengeislum, útfjólubláu og innrauðu ljósi við rannsóknina skýrir forvörðurinn með því að mannleg sjón nemi aðeins hluta af rafsegulsviðinu. Fyrir ofan þann hluta liggi svið hins útfjólubláa ljóss og þar fyrir ofan svið röntgengeisla sem notað sé til röntgenmyndunar. Fyrir neðan það svið sem menn sjái með augum sé innrauða sviðið. Við útfjólublátt ljós megi t.d. greina gamlar viðgerðir og staðsetja þær nákvæmlega. Innrauða geisla megi nota til þess að skima undir yfirborð málningar.

Útfjólublá lýsing á málverk verki þannig að hún hafi áhrif á hreyfingu rafeindanna sem snúast um sameindir í málningunni. Lausbundnar rafeindir verði ókyrrar og hlaupi til en þegar þær fara í sitt fyrra far gefi þær frá sér ljós, og því frekar sem efnið er eldra sem skoðað er. Nýtt efni flúrljómi yfirleitt ekki og því sé með flúrlýsingu hægt að sýna fram á hvort efnið er nýtt eða gamalt en ekki hver aldur þess sé. Þá kemur fram hjá forverðinum að mismunandi efni, svo sem plastbundin málning, hefðbundin olíumálning o.s.frv., gefi mismunandi flúrljómun. Röntgenlýsing geti t.d. haft þýðingu við það að greina blýhvítu eða aðra málma í litum þar sem málmar, þ.m.t. blý, hleypi ekki röntgengeislum í gegn. Blýhvíta hafi verið ráðandi hvítt litarefni í olíumálverkum fram yfir 1930 að títanhvíta kom fram og leysti blýhvítu að mestu af hólmi.

Tekin hafa verið sýni af málningu úr málverkunum sem til rannsóknar voru eftir því sem útfjólubláa skimunin hafði gefið tilefni til. Var við það miðað, eftir því sem fram er komið í málinu, að sýndi skimunin mismunandi aldur málningar á verkinu voru sýni tekin á þeim svæðum. Voru sýnin úr hverju málverki fæst tvö og flest sex en yfirleitt þrjú til fjögur. Þá voru og til samanburðar tekin sýni úr nokkrum málverkum sem fullvíst er að séu eftir þá málara sem í hlut eiga. Voru sýnin tekin í húsnaði Listasafns Íslands af forvörðunum KKK og MMM að viðstöddum rannsóknarlögreglumanum og aðstoðaryfirlögregluþjóni. Sýnin voru jafnóðum sett í þar til gerð ílát sem voru afhent lögreglumönnum sem tóku þau í vörslur sínar. Voru þau auðkennd með rannsóknarnúmeri myndarinnar sem þau voru tekin úr. Fór þetta fram í maí 1998, febrúar 1999, mars, apríl og júní 2000 og janúar, febrúar og

nóvember 2002. Þáverandi verjanda ákærða Péturs Þórs var gerð grein fyrir því hjá lögreglu í maí 1998 hvernig sýnin voru tekin og gerði hann ábendingar um hvernig hann teldi rétt að standa að því að taka sýni og um rannsókn á þeim. Voru sýnin jafnóðum afhent efnafræðingi við Raunvísindastofnun Háskólans, og tók hann þau til litrófsgreiningar í smásjá raunvísindastofnunarinnar. Eru engin efni til þess að efast um það að hann hafi fengið til rannsóknar þau sýni sem tekin voru úr málverkunum eða að þau hafi ekki verið réttilega auðkennd.

JJJ efnafræðingur, beitti við rannsóknina svonefndri innrauðri litrófsmælingu. Meðal gagna í málinu er greinargerð eftir hann um innrauða greiningu á málningu. Segir þar m.a. að málning sé yfirleitt gerð úr þrem aðalefnum; einhvers konar bindiefni, litarefni og fylliefni. Helstu bindiefni í nútímamálningu séu olíur og tilbúin plastefni, s.s. akrýl, alkýð og pólývíníl-acetat. Að auki sé iðulega bætt í málningu ýmsum öðrum efnum í litlu mæli til að ná fram einhverjum eftirsóknarverðum eiginleikum. Þá segir að innrauðar litrófsmælingar hafi náð miklum vinsældum við málningargreiningu og séu þær ásamt gas-skilju massagreiningum (Py-GC-MS) sú aðferð sem forverðir, og aðrir sem fást við greiningu á málningar- og þekjuefnum, noti helst. Aðferðin sé tiltölulega einföld, skemmi ekki sýnin, sem megi vera mjög lítil, og hún gefi miklar upplýsingar um efnasamsetningu og tegund sýnis. Séu góð litrófasöfn við höndina megi greina sýni með mikilli nákvæmni. Söfn litrófa, ss. safn Sadtler Minerals and Clays, og sér í lagi safn Infrared User Group (IRUG), séu nauðsynleg við greiningu litrófanna. IRUG-safnið innihaldi á annað þúsund róf af olíum, vaxi, náttúrulegum og tilbúnum kvoðum, litarefnum, prótínum o.s.frv., sem forverðir og vísindamenn á söfnum og rannsóknastofnunum víða um heim hafi safnað saman og gefið út. Hafi Raunvísindastofnun Háskólans lengi tekið þátt í þessu samstarfi. Yfirleitt sé auðvelt að greina aðalefni málningar með innrauðum litrófsmælingum þótt stundum skarist toppar frá fylliefnum, litarefnum og bindiefnum. Helstum vandræðum valdi litarefni gerð úr þungmálum, sem mörg hver sjást ekki á innrauða sviðinu. Innrauðar mælingar hafi þann kost að greina megi mjög smá sýni; sé KBr-aðferðin notuð nægi um 1 mg sýnis, og sé smásjá fyrir hendi, megi greina einn miljónasta úr grammi. Litrófsgreinnig sé afar öflug við greiningu á meginþáttum olíu-, alkýð- og akrýlmálningar. Yfirleitt sé hægt að greina bindiefnið, fylliefnið og litarefnið án verulegra vandræða og einnig fernis, sem oft fylgi málningarsýnum.

Málningarsýnin voru efnagreind, einkum með tilliti til bindiefnis en einnig í nokkrum tilvikum með tilliti til litarefnis. Greiningin var gerð með IFS66 Bruker litrófssmásjá. Verður gerð grein fyrir niðurstöðum greiningarinnar hér að neðan í sambandi við hvert einstakt málverk en í talsverðum hluta sýnanna greindist bindiefni málningarinnar vera alkýð. Í skýrslu sinni fyrir dómi var vitnið spurður út í magn fylliefna í þeim málningarsýnum sem hann rannsakaði og greindi með litrófs-

aðferðinni. Segir hann að mjög lítið af fylliefnum hafi verið í sýnunum sem hann greindi að undanteknum fimm sýnum sem hann tiltók. Hann kvað þau sýni geta verið úr húsamálningu þar sem mikið hafi verið af fylliefnum í þeim. Fylliefni séu sett í málningu til þess að drýgja hana. Sé hún því ódýrari eða talin ómerkilegri málning en listamannalitir. Listamannalitir hafi yfirleitt mjög lítið af fylliefni en húsamálning mikið. Öll önnur róf en þessi fimm beri þess glögggt vitni að mjög lítið af fylliefni sé í þeim. Álykti hann því að langlíklegast sé þar um að ræða venjulega listamannaliti sem blandað hafi verið einhverju alkýði út í, sennilega til þess að flýta fyrir þornun.

Hefur það þýðingu fyrir málið að gera hér grein fyrir þessu efni, alkýði, og því sem fram er komið í málinu um notkun þess. Í skýrslu sinni segir JJJ að alkýð séu polyesterear úr blöndu pólýhydric-alkóhóls (glýseról) og pólýbasic karboxýlsýru og hafi verið aðalbindiefnið í húsamálningu frá 1930. Margar tegundir alkýðmálningar séu til og sé alkýðmálning gjarna flokkuð eftir því hvort í henni eru stutt, miðlungslöng eða löng alkýð. Málningu sem gerð sé úr löngum alkýðum (yfir 60%) sé hægt að nota óblandaða, en þynna verði málningu, sem gerð er úr stuttum eða miðlungsalkýðum fyrir notkun. Stutt og miðlungsalkýð séu yfirleitt gerð úr blöndu phtalic-anhýdríðs og glýseróls, en í löngum alkýðum sé penta-erythritol í stað glýseróls.

Um notkun alkýðs í nútímamálningu segir JJJ að tilbúin plastefni, svo sem akrýl og alkýð, hafi verið notuð í iðnaðar- og almennri heimilismálningu frá allt frá 3. áratug 20. aldar en ekki í listamannaliti fyrr en á 7. áratug aldarinnar (akrýl). Þá segir hann ennfremur að alkýðlitir hafi ekki náð vinsældum sem listamannalitir. Svokallaðir Griffin-litir frá Winsor og Newton sé einu listamannalitirnir, svo vitað sé, sem framleiddir hafi verið með alkýði. Þessir litir hafi komið á markað á áttunda áratugi síðustu aldar en hafi ekki náð miklum vinsældum. Alkýð sé hins vegar oft að finna í íblöndunarefnum, sem sett séu í olíuliti til að flýta fyrir þornun. Liquin frá Winsor og Newton, og svokallaður “Litbindir” frá málningarverksmiðjunni Hörpu, innihaldi bæði alkýð. Alkýð sé aldrei hreint eitt og sér í neinni málningu, það hafi alltaf olíu með sér. SES sagðist engin dæmi vita þess að alkýð sé notað í “hobbíliti”. Þeir séu yfirleitt hafðir vatnsleysanlegir til þess að sem minnst hætta stafi af þeim. Þá segir í skýrslunni að íslenskir listamenn hafi litið alkýðmálningu hornauga og fremur kosið að nota olíuliti. Þó hafi sumir notað alkýð til að flýta fyrir þornun, t.d. hafi fyrrnefndur Litbindir verið hannaður af Karli Kvaran og sérfræðingum Hörpu á áttunda áratuginum og síðan verið notaður af einhverjum íslenskum listmálurum. Um framleiðslu- og notkunarsögu alkýðs vitnar vitnið til þriggja vísindagreina: TL, T. The Analysis of Synthetic Resins Found in Twentieth Century Paint Media. Resins, ancient and modern. SSCR 2nd resins conference, 76-84, 1995, TL, T. The Use of FT-IR in the Conservation of Twentieth Century Paintings. Spectroscopy Europe 8, 4,

14-20, 1996 og TL , T. A Review of Synthetic Binding Media in Twentieth Century Paints, handrit, 2000.

KKK , forvörður við Listasafn Íslands, hefur samið greinargerð um alkýð fyrir mál þetta. Segir þar að alkýð hafi fyrst verið framleitt árið 1927 en ekki verið fánlegt á almennum markaði fyrr en eftir síðari heimsstyrjöld og þá í Bandaríkjunum sem iðnaðar- og húsamálning, uppleyst í míneralskri terpentínu. Í Evrópu hafi þessi gerð málningar ekki verið útbreidd fyrr en í byrjun sjöunda áratugarins og hafi hún náð mikilli útbreiðslu en plastmálning sé nú hins vegar orðin ráðandi á markaðinum. Þá segir forvörðurinn að notkun alkýðs í liti til listmálunar hafi fyrst hafist árið 1976 þegar fyrirtækið Winsor og Newton hafi byrjað að framleiða svonefnda “Griffin-liti” og muni það fyrirtæki að öllum líkindum hafa verið eini framleiðandi slíkra lita. Aftur á móti hafi íblöndunarefni (þurrkefni) sem innihaldi alkýð verið á markaðinum frá 1968 að Winsor og Newton hófu að selja þurrkefnið “Liquin”. Aðrir framleiðendur sem forvörðurinn tilgreinir og kveðst hafa leitað upplýsinga hjá hafi fylgt í kjölfarið. Hér á landi hafi Harpa hf. byrjað að framleiða slíkt efni árið 1973 að sögn efnafræðings hjá því fyrirtæki. Segir ennfreður í greinargerðinni að hjá þeim framleiðendum listamannalita sem leitað hafi verið upplýsinga hjá hafi komið fram að elstu framleiðsluvörur sem ætlaðar voru til listamannalita (og væntanlega innihalda alkýð) séu tvö tilgreind þykkingarefni frá Winsor og Newton sem hafi verið framleidd frá 1963 annars vegar og 1968 hins vegar. Séu þau notuð í sparnaðarskyni og þegar notaður sé spaði til þess að gera þykka áferð. Þá segir í skýrslunni að hollenskt fyrirtæki, Royal Talens, hafi framleitt alkýð-grunnefni (primer) í takmörkuðu magni frá því skömmu eftir síðari heimsstyrjöld. Telur forvörðurinn vera óhætt að útiloka þessi tvö (sic) efni frá því samhengi sem skipti hér máli enda séu þau notuð til annars. Forvörðurinn segir ennfreður að framsæknir listmálarar víða um heim hafi verið farnir að nota alkýðmálningu í verk sín á fimmta áratug síðustu aldar. Slík verk séu auðgreind frá hefðbundnum olúmálverkum vegna áferðar, þéttleika og pensilfara. Að lokum segir forvörðurinn að það sé “raunhæft að ætla” að notkun alkýðbundins litarefnis í hefðbundnum málverkum hafi ekki hafist fyrr en um eða eftir 1967, nema að því er tekur til verka sem máluð eru með þykkum litum eða með spaða.

Með þessari greinargerð forvarðarins fylgja bréfaskipti hans við litaframleiðendurna. Rétt er að víkja að tveimur svarbréfum til hans. Í bréfi 14. október 1998 svarar einn stjórnenda Winsor og Newton, Emma Pearce, þeirri spurningu forvarðarins hvenær aðrir framleiðendur hafi byrjað að framleiða alkýðliti og alkýðmálningu svo, að ómögulegt sé að segja til um það með nákvæmni. Alkýð geti verið íblandað þótt þess sé ekki getið af hálfu framleiðandans og alkýð hafi verið til frá því á þriðja áratug síðustu aldar. Þá segir einn af sérfræðingum Royal Talens, Don Nederhand, í bréfi 8. janúar 1999 að samhliða hvíta alkýð-grunnefninu, sem fyrr var nefnt, hafi

fyrirtækið hafið framleiðslu á alkýðbundnum prentlitum en ekki sé líklegt að þessi efni hafi verið notuð við listmálun. Í heimildaskrá með greinargerðinni vísar forvörðurinn til samtals við efnafræðing, og tveggja tímaritsgreina: The Impact of Modern Paint eftir Jo Crook og Tom TL, 2000, og The Analysis of Synthetic Resins found in Twentieth Century Paint Media, sem fyrr er nefnd.

Meðal gagnanna í málinu er bréf til ríkislögreglustjóraembættisins frá Dr. Thomas J. S. TL, höfundi greinanna sem minnst er á og forverði við Tate Gallery í London, dagsett 11. desember 2000. Bréf þetta er svar við spurningum sem upphaflega var beint til Forensic Science Service í Birmingham, m.a. varðandi framleiðslu- og notkunarsögu alkýðs í málningu. Í bréfi embættisins kemur fram að talið sé að fölsuðu olíumálverkin sem um ræðir séu máluð með olíulitum eftir að alkýðþurrkefni hafi verið bætt í þá. Í svari sínu segir TL að alkýð-resín hafi fyrst verið þróuð 1927 en þau hafi ekki verið notuð nema í málningu til heimilis- og iðnaðarnota fram á 7. áratug aldarinnar. Það sé því ekki útilokað að finna alkýð í málningu allt aftur til 1927. Á hinn bóginn geti hann, á grunni þeirra (litlu) rannsókna sem hann hafi gert, sagt að alkýð hafi ekki verið mikið notuð í heimilis- og iðnaðarmálningu í Evrópu fyrr en eftir síðari heimsstyrjöld. Að lokum segir hann um þetta að fyrir 1927 geti alkýð ekki hafa verið í olíulitum og að fram til 1950 sé mjög ólíklegt að alkýð hafi verið í olíulitum. Þess er einnig að geta að meðal gagnanna í málinu er rafbréf frá TJ til JJJ þar sem hann svarar fyrirspurn um alkýð í hobbílitum. Þar segir hann að hann viti ekki mikið um slíka liti en hann ímyndi sér að þeir séu allir vatnsleysanlegir og því mun líklegra að í þeim sé akrýl eða PVA eða jafnvel “gúass” eða þess háttar. Segist hann mjög efa það að alkýð hafi nokkru sinni verið notað í hobbílitum.

Lögð hafa verið fram gögn sem benda til þess að franska málningarfyrirtækið Ripolin hafi snemma farið að blanda alkýðum í lakkmálningu. Heimildir eru fyrir því að þekktir evrópskir listmálarar, svo sem Picasso, hafi í einhverjum mæli notað slíka málningu. Þá er því haldið fram af ákærðu að danska málningarfyrirtækið Dyrup, sem hafi eignast Ripolinverksmiðjuna, hafi einnig framleitt eða selt slíka málningu undir nafninu Durup. Má nefna í því samhengi að Mads Chr. Christensen sérfræðingur á rannsóknastofu Nationalmuseet í Kaupmannahöfn, sem rannsakaði tvö litasýni fyrir KKK, segir í skýrslu sinni um þá rannsókn að alkýðolíur hafi verið notaðar í málningu fyrir iðnað og handverk frá því á 4. áratug síðustu aldar. Þessi sami sérfræðingur segir í rafbréfi til ákærða Jónasar Freydals 25. apríl sl. að ekki sé vitað með vissu hvenær farið var að framleiða alkýð í Danmörku en stærsti málningarframleiðandinn þar, Sadolin & Holmblad, hafi farið að framleiða alkýðmálningu í nýrri verksmiðju undir lok 5. áratugarins. Þá segir hann enn fremur í þessu rafbréfi að hann hafi sett sig í samband við fyrrverandi efnafræðing hjá fyrirtækinu Dyrup sem segi að þar hafi menn hugsanlega framleitt alkýð á 4. áratugnum, enda hafi stofnandi

fyrirtækisins farið í námsferð til Bandaríkjanna um 1930. Ekki er að sjá að viðleitni ákærða til þess að kanna hvort alkýðmálning hafi verið flutt hingað til lands frá Danmörku á þessum tíma hafi borið árangur.

Ákærði, Jónas Freyðal, hefur lagt fram gögn sem benda til þess að sænskur vísindamaður, Berzelius að nafni, hafi fyrst fundið upp alkýð-resín 1847 en 1901 hafi Englendingurinn J. Smith fundið upp aðferð til þess að blanda phtalic-anhydrið og glýseról og að fyrirtækið General Electric hafi fengið einkaleyfi á alkýð 1914. Loks er þar að finna vísbendingu um það að fyrst hafi verið framleidd alkýðmálning árið 1926. Þá hefur ákærði, Jónas Freyðal, lagt fram rafbréf frá TL sem svarar þar spurningu ákærða um það hvenær byrjað hafi verið að nota alkýð í Ripolin-málningu. Þar segir TL að ekki hafi tekist að komast að því hvenær farið var að nota alkýð í málningu hjá Ripolin. Honum finnst þó að það hafi hugsanlega verið um miðjan 6. áratug síðustu aldar. Þá hefur ákærði lagt fram útprentun af heimasíðu Cleveland Museum of Art í Bandaríkjunum þar sem fram kemur að listmálarinn Picasso hafi blandað alkýðbundinni heimilismálningu í olúliti í þekktu verki frá 1968. Ákærði hefur enn fremur lagt fram ljósrit úr tímaritsgrein eftir TL, The Use of a Diamond Cell for the FTIR Characterisation of Paints and Varnishes Available to Twentieth Century Artists. Þar er vikið að því að alkýðresín hafi frá því um miðjan 4. áratug síðustu aldar verið bindiefni í langflestum tegundum af “solvent-borne commercial paints”. Þá hefur hann lagt fram ljósrit úr bókinni The Artist’s Handbook of Materials and Techniques eftir Ralph Mayer, 5. útgáfu. Þar kemur fram að R. Kienle hafi verið veitt bandarískt einkaleyfi 1927 á aðferð við að binda alkýð við “drying oils” en það einkaleyfi hafi verið afturkallað. Síðar í sama kafla bókarinnar segir að menn hafi farið að gera tilraunir til þess að framleiða listamannaliti með alkýði á 4. áratug aldarinnar.

Dómurinn telur engin efni vera til þess að efast um það að rannsóknaraðferð sú sem JJJ beitti á málningarsýnin gefi örugga og nákvæma niðurstöðu um tegund og magn bindi- og fylliefna í þeim og verða niðurstöður hans, sem getið er í samhengi við forvörslurannsóknir um hvert tilvik, lagðar til grundvallar hér. Á hinn bóginn hefur engin sérstök rannsókn farið fram á framleiðslu- og notkunarsögu alkýðmálningar í þessu máli og þau óstaðfestu gögn sem gerð hefur verið grein fyrir gera það að verkum að nokkur óvissa er í málinu um þá sögu. Vegna þess sem rannsóknin hefur leitt í ljós um magn fylliefna í málningarsýnunum hefur það mikla þýðingu fyrir málið hvenær telja megi öruggt að framleiðendur eða listamenn hafi fyrst farið að blanda alkýðefnum í listamannaliti. Ekki hefur verið sýnt fram á að beinar heimildir séu tiltækar um þetta atriði og sem fyrr segir eru allar heimildir um alkýðsögu í málinu óstaðfestar og sumpart óvissar. Hefur þeim öllum verið mótmælt sem ósönnuðum af hálfu ákærðu sem neita sök að öllu leyti, eins og áður er sagt.

Samkvæmt 45. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19, 1991 hvílir sönnunarbyrðin á ákærvaldinu um öll atvik sem telja má að séu sakborningi í óhag. Heimildunum ber hins vegar saman um það að menn hafi farið að framleiða alkýð til íblöndunar í málningu um 1927 og þykir mega slá því föstu að alkýði hafi ekki verið blandað í listamannaliti fyrir þann tíma.

Pappírsverk.

Ekki hafa verið efnagreind nein sýni úr pappírsverkunum sem hér koma við sögu og tiltölulega fá þeirra hafa verið rannsökuð í smásjá. Sem fyrr segir var NNN fenginn til þess að rannsaka pappír í myndum í málinu. NNN starfar sem forvörður og varðveislustjóri Landsbókasafns Háskólabókasafns í Þjóðarbókhöðdu. NNN kveður rannsóknina fyrst og fremst hafa beinst að pappírnum, þ. e. að greina hann og komast að uppruna hans. Pappírinn sem rannsakaður var hafi verið vélunninn. Slíkur pappír sé af tveimur megingerðum: annars vegar “cylinder mould made”-pappír, einnig nefndur Ingres-pappír, en hins vegar pappír úr pappírsstreng, gerður í Fourdrinier-pappírsgerðarvél. Fjörutíu og fjórar af þeim myndum sem hann hafði til rannsóknar hafi verið unnar á “cylinder mould made”-pappír frá Büttenpapierfabrik Hahnemühle í Þýskalandi, sem hafi verið framleiddur þar um árabíl. Við rannsóknina hafi hann stuðst við sýnishornabækur frá framleiðandanum. Algengustu stærðir þessa pappírs séu um 48x62½ sm og 78x104 sm og vatnsmerki í örkunum. Sama mynstur sé í þeim öllum og séu allar arkir af svipaðri þyngd, 90-95 g á fermetra. Þessi pappír sé framleiddur í mörgum litum og þær myndir sem um ræðir séu málaðar eða teiknaðar á pappír í 9 mismunandi litatönum og hafi hann flokkað pappírinn eftir þeim. Sýnishorn af pappír þessara mynda hafi verið fengin enskum sérfræðingi til rannsóknar, HHH, eins og grein verður gerð fyrir hér á eftir.

NNN segir framleiðandann Hahnemühle aldrei hafa sett optískt bleikingarefni eða OBA (optical brightening agent) í Ingres-pappír en aftur á móti hafi slíkt efni verið notað í annan pappír frá verksmiðjunni frá því um 1960. Þar sem leifar af slíku efni finnast í Ingrespappír frá Hahnemühle sé það líklega vegna þess að trefjar með því hafi borist óafvitandi í Ingres-blönduna. Slíkur pappír geti því ekki verið eldri en frá 1960. NNN hefur verið sérstaklega spurður að því hvort optískt bleikingarefni geti borist á milli pappírsarka. Segir hann að í þeim tilvikum setjist efnið aðeins á yfirborð pappírsins sem ekki innihaldi efnið og sé hægt að dusta það af. Efnið sé hins vegar rækilega fast í massa þess pappírs sem það hafi verið sett í við framleiðsluna.

Auk myndanna sem voru unnar á pappír frá Hahnemühle var rannsakaður pappír í 13 myndum sem reyndist vera Ingres-pappír frá fyrirtækinu Cartieri Miliani Fabriano á Ítalíu. Þessi pappír er einnig framleiddur með aðferðinni “cylinder mould-made” og í honum er vatnsmerki framleiðandans. Pappír þessi er framleiddur í 10

litum og myndirnar sem um ræðir voru í tveim litum. Þyngdin er sú sama og á þýska pappírnum en arkirnar 52x64 sm. Pappírssýni úr þessum myndum voru einnig fengin HHH til rannsóknar.

Þá er þess að geta að ein mynd sem ákært er fyrir var gerð á Ingres-pappír sem ekki hefur tekist að rekja til framleiðanda og loks ber að nefna pappír í mynd sem kennd hefur verið Asger Jorn. Verður gerð grein fyrir þessum pappír undir liðunum um einstök ákærutilvik.

Um aðrar tæknirannsóknir segir NNN það að sjö myndir beri þess merki að pappírinn hafi verið strekktur með límbandi á fast fast undirlag og límbandið síðan fjarlægt. Meðal þeirra séu fimm myndir merktar árunum 1941, '42 og '47. Ekki hafi verið hægt að sjá límleifar í pappírnum sem skjóti skökku við þar sem hann viti ekki til þess að það límband hafi verið til á þessum árum sem ekki skilji eftir sig ummerki í pappírnum. Nánar skýrir hann þetta atriði þannig að vatnslitapappírinn sé spenntur upp á fast undirlag, t.d. tréplötu, til þess að það sé hægt að vinna á hann gegnblautan. Þegar hann hafi verið gegnvættur sé hann spenntur upp með límbandi með vatnsleysanlegri gúmmíkvoðu, eins konar frímerkjalími, og spenntur niður á plötuna. Þegar pappírinn þorni verði hann þaninn eins og trommuskinn og myndin haldist slétt þegar hún þornar. Þykk kvoða úr límbandinu sitji alltaf eftir því hún smjúgi á milli pappírstrefjanna og sé nær ómögulegt að fjarlægja allar leifar þesskonar líms en það gulni með aldrinum. Aðrar tegundir límbands séu einnig notaðar en þær skilji „flestar“ eftir sig einhverjar leifar, annaðhvort lit eða lím og sum hver þoli ekki bleytu. Til sé þó lím, sem hefur verið framleitt hjá fyrirtækinu Scotch 3M frá 1962, svo nefnt Magic Tape, sem framleiðandinn segi að skilji ekki eftir sig lím, jafnvel þótt það hafi setið á pappírnum í ákveðinn tíma. Þetta límband gulni ekki, gefi ekki frá sér lím með aldrinum og rífi nánast ekkert með sér af pappírstrefjum þegar það er fjarlægt. Hafi hann sannreynt þetta sjálfur. Þetta límband sé í seinni tíð orðið mjög algengt á teiknistofum og arkitektastofum og fáið í öllum bókabúðum. Myndirnar beri með sér að límband af þessari gerð hafi verið notað þegar þær voru málaðar því á þeim sjáist dæmigerðir jaðrar, mjög jafnir og fínir og örlítið loðnir þar sem liturinn hafi náð að sleppa undir límið, en mjög hreinir og tærir.

Um ellimörk á pappír vísast til þess sem segir um þau í einstökum liðum ákærunnar.

Sem fyrr segir framkvæmdi HHH, enskur pappírssérfræðingur, rannsóknir á pappír í myndum málinu, og náðu þær samtals til 88 mynda. Hann hefur ritað ítarlega skýrslu um rannsókn sína í málinu. Niðurstöðum sínum um það hvort um sé að ræða falsanir skiptir hann í fimm flokka, eins og tíðkist hjá rannsóknarstofum í afbrotamálum víða um heim :

1. vafalaus fölsun

2. sterk vísbending um fölsun
3. vísbending um fölsun
4. veik vísbending um fölsun
5. engin vísbending um fölsun

HHH segir að í grundvallaratriðum séu til tvær gerðir af pappír og skipti ekki máli hvort pappírinn er vél- eða handunninn. Annars vegar er svokallaður mynstraður pappír. Hann dragi nafn sitt af línunum sem koma í hann af eins konar vírum sem pappírsdeigið leggst yfir. Þessar línur eru mismunandi frá einni pappírsmyllu til næstu og á milli pappírsgerða, jafnvel í framleiðslu sömu pappírsmyllunnar. Sé þetta ein aðferðin sem notuð er við að greina pappír til tegundar. Hin tegundin er svokallaður sléttur pappír, mjög ólíkur hinum fyrri, sem búinn er til með því að hella pappírsdeiginu ofan á ofna vírgrind. Þá er enn fremur rannsakað úr hverju pappírinn er gerður. Áður fyrr var pappír gerður úr sellulósa sem fékkst úr ýmsum jurtum, svo sem trjám, baðmull eða líni. Trefjarnar sem finnast í pappírnum geta því gefið vísbendingu um uppruna hans, enda sé vitað hvaða trefjar voru í notkun á hverjum tíma. Oft var pappír búinn til úr blöndu af ýmsum trefjum og ef hægt er að rekja pappír til framleiðandans er út frá trefjablöndunni hægt að átta sig á því með samanburði við framleiðsluskrár hjá honum hvenær pappírinn var búinn til. Þá geta verið ýmis önnur efni í pappír, svo sem optísk bleikingarefni, sem gera það mögulegt að ákvarða framleiðslutímamann. Fyrir rannsókn þessa máls hafi það t.d. haft þýðingu að vitað sé að Hahnemühle-verksmiðjan hafi ekki farið að nota baðmullarsmátrefjar, svokallaðar “linters”, fyrr en árið 1960. Þá hafi það þýðingu fyrir rannsóknina að vitað sé að þessi sami framleiðandi hafi ekki farið að nota optísk bleikingarefni fyrr en upp úr 1960. Þessi efni sjáist einungis þegar útfjólubláu ljósi er varpað á myndverkið. Sé þessum efnum blandað í pappírsdeigið í framleiðslunni setjist þau djúpt í trefjarnar. Í nokkrum tilvikum hafi aðeins verið um að ræða lítið magn þessara efna í pappír sem rannsakaður var. Sé álitnið að þá hafi þessi efni smitast í pappírinn ef kerfið undan blöndunni hefur ekki verið hreinsað vel eða í einstaka tilvikum ef dálitlu af úrkastspappír hefur verið bætt í blönduna.

Í skýrslu HHH, dagsettri 5. desember 2002, segir að í upphafi hafi verið gerð bráðabirgðaskoðun þar sem verkin hafi verið skoðuð með berum augum og stækkunargleri, en síðan hafi þau verið skoðuð undir smásjá. Báðar rannsóknirnar hafi verið gerðar við venjulega birtu (ljós sem fellur ofan á yfirborð pappírsins), svo með áfallandi ljósi frá hlið (ljós sem fer yfir yfirborð pappírsins) og síðan með ljósi sem hleypt var í gegnum flötinn, gegnumlýsing. Jafnframt hafi verið notað skautandi ljós og útfjólublátt ljós. Útfjólublátt ljós var einnig notað við rannsókn á ýmsum mismunandi pappírsgerðum til þess að ákvarða hvort, optísk bleikingarefni væru til staðar eða ekki. Hvert blað hafi verið mælt og því lýst, þ.m.t. vatnsmerkingar,

upphleyptar blindramerkingar eða hvort önnur skilgreiningarmerki væru fyrir hendi og einstök blöð með afbrigðilegum atriðum eða þáttum sem ástæða væri til að skoða frekar, en þessi blöð voru valin til smásjárskoðunar og greiningar. Fyrsta skoðunin hafi verið gerð í húsnæði ríkislögreglustjóra og í framhaldi hafi verið farið með fjölda verka í Hahnemühle-pappírsmylluna í Þýskalandi, enda hafi þá legið fyrir að pappírinn í mörgum verkanna hefði verið framleiddur þar. Hefðu verkin verið skoðuð og greind á gæðaeftirlitsrannsóknastofu fyrirtækisins svo að unnt væri að gera samanburð við dagsetningar í skrá í fórum þess. Um smásjárgreiningu á verkunum segir í skýrslunni:

“Mest af pappírnum, sem verið er að rannsaka, kom frá tveimur aðalframleiðendum. Arkirnar, sem valdar voru til smásjárgreiningar, voru þær sem frumrannsókn gaf til kynna að myndu veita mestar upplýsingar. Pappírlýsinguna er að finna í skránni í kaflanum: Verkin.

Athugasemdir

Pappírinn, sem notaður er í þeim verkum sem eru í rannsókn, er flokkaður eftir framleiðanda og gerð. Notkun nafns listamanns í eftirfarandi skráningu er sett fram til aðgreiningar einstakra verka, sem er í rannsókn, og ekki skal líta svo á að verið sé að halda því fram að verk sé eftir viðkomandi listamann. Heildararkarstærð pappírsins er gefin upp, en stærð verkanna er mismunandi þar sem mörg þeirra hafa verið gerð á skorinni eða hluta arkar.....

Tekin voru sýnishorn úr pappír fjölda verka, sem í rannsókn eru, til trefjagreiningar bæði á Íslandi og í Þýskalandi. Eftir sýnishornatöku voru þeir pappírshlutar sem eftir voru en tekin sem sýnishorn bæði á Íslandi og í Þýskalandi, og ekki notuð við gerð skuggamyndanna, númeruð, merkt og dagsett og send á vinnustofur mínar í London til frekari skoðunar ef nauðsynlegt reyndist. Jafnframt bað ég um sýnishorn úr fimm verkum til viðbótar eftir að ég sneri aftur til Bretlands. Randver tók sýnishornin og sendi mér þau til London þann 9. mars, 2001.

Smásjárgreining sýnishorna á Íslandi

Sextán lítil pappírssýni, hvert u.þ.b. 35-30 mm², voru tekin úr myndunum sem skráðar eru hér á eftir vegna trefjagreiningar hjá Háskóla Íslands þann 22. febrúar, 2001. Notuð var smásjá, sem vísindamaðurinn, JJJ, hjá Jarðfræðideild Háskóla Íslands, lét í té. Teknar voru ljósmyndir af sýnishornunum með myndavél sem KKK hjá Listasafni Íslands lét í té. Við greiningu þessa naut ég aðstoðar NNNH, yfirmanns hjá Þjóðarbókhöðunni og Háskólabókasafninu.

Smásjárgreining sýnishorna í Þýskalandi

Frekari trefjagreining var gerð á sýnishornum úr verkum þeim sem skráð eru hér á eftir hjá Hahnemühle pappírsmyllunni í Dassel í Þýskalandi. Þann 27. febrúar,

2001, voru tvö sýnishorn, u.þ.b. 25-30 mm² að stærð, tekin úr tveimur verkum og Randok Linke hjá gæðaeftirlitsrannsóknastofu pappírsmyllunar gerði trefjagrein-ingarskuggamyndir. Sýnishornin voru gerð með Herzberg Stain til þess að draga fram trefjauppbygginguna með nákvæmni. Þann 28. febrúar, 2001, voru fleiri pappírs-sýnishorn, 25-30 mm² að stærð, tekin úr DK16 og tveimur öðrum verkum. DK16 var skoðað aftur í ljósi niðurstaðna dagsins áður, en þær sýndu tilvist mjög sérstakrar samsetningar trefja sem gat aðeins þýtt að viðkomandi pappír hefði verið búinn til á einum, tilgreindum degi. Seinni prófunin var gerð til þess að staðfesta þessar niður-stöður. HHH og NNN útbjuggu þessi sýnishorn með því að nota Herzberg Stain til þess að draga fram trefjauppbygginguna með nákvæmni. Viðbótarsýnishorn, til samanburðar, voru tekin úr fimm ártalsmerktum sýnishornaörkum, Hahnemühle Ingress pappír, sem Volker Scheerbath lét í té, en hann er framleiðslustjóri pappírsmyllunnar. Ártöl þessa pappírs eru 1938 (tvö sýnishorn), 1940, 1942 og 1943.”

Meðal gagna í málinu er skýrsla pappírsforvarðar við Fælleskonserveringen, sem vegna rannsóknarinnar hefur rannsakað 18 verk, gerð á pappír og eignuð eru Svavari Guðnasyni. Í skýrslu hennar kemur fram að einföld skoðun pappírs í útfjólubláu ljósi verði að teljast að vissu leyti ónákvæm og nauðsynlegt sé að rannsaka pappír með rafeindasmásjá (skannings-elektron-mikroskop) til þess að til þess að ákvarða með mikilli nákvæmni hvort í honum séu optísk bleikingarefni og hvort þau séu hluti af pappírsdeiginu.

Sérfræðingar Hahnemühle-pappírsverksmiðjunnar í Þýskalandi hafa ekki komið fyrir dóm og engin staðfest gögn eru í málinu um pappírsframleiðslu þessarar verksmiðju og dagsetningar í því samhengi. Engin pappírssýni í málinu hafa verið efnagreind, eins og áður er getið, hvorki að því er varðar meginefni pappírsins né heldur að því er varðar svonefnd optísk bleikingarefni. Engar öruggar upplýsingar eru í málinu um þessi viðbótarefni og um það hvort önnur efni en þau geti svarað útfjólubláu ljósi á líkan hátt. Verður að telja að í málinu sé nokkur óvissa um það hvort efni þau sem talin eru vera optísk bleikingarefni í einstökum pappírsmyndum séu það í raun og ennfremur hvort venjuleg yfirborðs- eða smásjárskoðun geti greint á milli slíkra efna í sjálfu pappírsdeiginu annars vegar og efna á yfirborði pappírs hins vegar sem gætu hafa borist á milli pappírsarka.

G - rannsóknir listfræðinga.

Hér verður nú gerð almenn grein fyrir rannsóknum listfræðinga á þeim myndum sem málið varða.

Ríkislögreglustjóri fór þess á leit við Listasafn Íslands í desember 1997 að safnið veitti aðstoð við rannsókn á meintum málverkafölsunum. Var m.a. óskað eftir að tekin væri saman greinargerð um átta listamenn þar sem fram kæmu helstu

upplýsingar um feril þeirra sem að gagni kynnu að koma við rannsókn málsins. Í ágúst 1998 var farið fram á frekari aðstoð Listasafns Íslands varðandi listfræðilegar greiningar verka þeirra er kærð höfðu verið. Forstöðumaður safnsins og forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur, mæltu með listfræðingi og forstöðumanni Listasafns ASÍ, til að gera listfræðilegar greiningar varðandi myndir höfundarmerktar Jóhannesi Kjarval. Eftir að hafa fengið beiðni þar að lútandi skilaði hún skýrslu varðandi tíu vefengd listaverk, höfundarmerkt Kjarval, í september 1998. Ríkislögreglustjóri óskaði í nóvember 1998 eftir því að GGG gegndi hlutverki ráðgjafa og sérfræðings efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjórans varðandi listfræðileg málefni rannsóknarinnar, í samvinnu við forverðina KKK og VVV. Haustið 1999 skoðuðu þau og flokkuðu 90 listaverk sem tekin höfðu verið til opinberrar rannsóknar. Í október 1999 skilaði HHH almennri listfræðilegri greinargerð varðandi þau verk og tilgreindi aðra listfræðinga er unnið gætu nánari greiningar.

Í febrúar 2000 voru listfræðingarnir EEE og FFF, auk HHH, beðnar um að taka að sér listfræðilegar rannsóknir og semja skriflegar álitssgerðir um hvert einstakt verk. EEE skilaði skýrslu varðandi 13 verk eignuð Júlíönu Sveinsdóttur, Kristínu Jónsdóttur og Nínu Tryggvadóttur í janúar 2001. Hún skrifaði auk þess greinargerð um vatnslitamynd merkt Nínu Tryggvadóttur í desember 2002. Í apríl 2001 lagði GGG fram álitssgerðir sínar á 13 verkum höfundarmerktum Gunnlaugi Blöndal, Muggi, Kjarval og Þorvaldi Skúlasyni. FFF afhenti í júní 2002 skýrslur varðandi 21 verk eignuð Ásgrími Jónssyni, Jóni Stefánssyni og Þórarni B. Þorlákssyni.

Myndir merktar Svavari Guðnasyni í svokölluðum DK-tilvikum komu frá Danmörku í janúar 2001 og voru skoðaðar af forverðum og GGG. Vann hún síðan ásamt FFF greinargerðir um 43 pappírsværk og 22 olíuværk eignuð þessum listamanni og bárust niðurstöður þeirra í desember 2002.

Auk greininga sem íslenskir listfræðingar unnu er vert að nefna skriflegt álit erlends listfræðings og forstöðumanns Silkeborg Kunstmuseum, sem hann samdi eftir að hafa skoðað tvær myndir merktar Asger Jorn hjá dönsku lögreglunni í febrúar 2000.

Alls komu því fjórir listfræðingar að rannsóknnum kærðra verka auk OOO, eins og vikið er að varðandi ákærulið 18, á tímabilinu frá ágúst 1998 til desember 2002.

Rannsóknaraðferðir

Rannsóknaraðferðum listfræðinga í þessu máli má skipta í tvo flokka:

1. Greining einstakra verka

Við listfræðilega greiningu einstakra verka var tilgreindu verki fyrst lýst í stórum dráttum til að draga fram megin myndefni og einkenni þess. Síðan voru tengsl

Þess við myndefni ætlaðs höfundar könnuð og gerður samanburður við óvefengd verk hans svo og hugsanlegar fyrirmyndir. Ef verkið var ásett voru reifuð tengsl þess við stíl þess tímabils hjá ætluðum höfundi. Einnig voru könnuð tengsl við höfundareinkenni ætlaðs höfundar (s.s. myndbygging, formmótun, rýmistilfinning, lita- og efnisnotkun, pensilskrift o.s.frv.) og gerð grein fyrir því sem helst bar þar á milli. Í nokkrum tilvikum var gerð áritunar rannsökuð nánar. Að lokum gaf viðkomandi listfræðingur álit sitt á því hvort verkið bæri höfundareinkenni ætlaðs höfundar eða gæti talist vera eftir hann.

2. Greining hóps verka

Verk Svavars Guðnasonar nutu nokkurrar sérstöðu vegna fjölda og fengu þá meðferð að um þau var fjallað að hluta í heild af tveimur listfræðingum. Gerðar voru tvær skýrslur, sú fyrri fjallaði um vatnslita- og krítarmyndir á pappír og sú síðari um verk unnin í olíu á striga eða þykkpappa, höfundarmerkt Svavari. Skýrslurnar hefjast á greinargerðum um helstu höfundareinkenni listamannsins og þar á eftir eru tekin fyrir einstök verk. Í skýrslunni um myndir unnar á pappír er auk þess tekin afstaða til listfræðilegrar umfjöllunar í rannsókn HHH, pappírssérfræðings.

Listfræðilegum greinargerðum fylgja litljósrit af óvefengdum verkum sem notuð voru til samanburðar við rannsóknina.

H - vitni.

Þá er að geta nokkurra vitna sem komið hafa fyrir í málinu vegna þess að þau þekktu vel viðkomandi listamenn og fylgdust með vinnu þeirra.

vitnið [...] hefur komið fyrir dóminn og hafa myndir þær sem kenndar eru föður hennar verið bornar undir hana. Hún hefur látið í ljósi álit sitt á því hvort myndirnar geti verið eftir hann en rökstutt það lítið sem ekki. Ekki þykja vera efni til þess að rekja framburð vitnisins í málinu að öðru leyti en því að hún neitar því að myndirnar geti verið eftir föður hennar.

vitnið [...], sem var í vinfengi við Svavar Guðnason, kom fyrir dóm og hefur látið uppi álit á því hvort myndir sem kenndar eru Svavari geti verið eftir hann en ekki rökstutt það sérstaklega. Ekki þykja vera efni til þess að rekja framburð vitnisins í málinu að öðru leyti en því að hann neitar því að myndirnar geti verið eftir Svavar.

vitnið [...], sonur Svavars Guðnasonar listmálara, hefur komið fyrir dóm og skoðað verkin sem kennd eru föður hans. Hann hefur látið í ljós álit á því hvort þau geti verið eftir föður hans en hefur ekki rökstutt það sérstaklega. Ekki þykja vera efni til þess að rekja framburð vitnisins í málinu að öðru leyti en því að hann neitar því að myndirnar geti verið eftir föður hans.

vitnið [...], sem kynntist Jóhannesi Kjarval og Svavari Guðnasyni og þekkir vel til listar þeirra, hefur einnig verið leiddur sem vitni í málinu. Hann hafði komið fyrir hjá lögreglu, 7. desember sl., meðan málið var þar til rannsóknar og sagt álit sitt á því hvort myndirnar í því sem merktar eru þessum listamönnum væru eftir þá eða ekki. Fyrir dómi færðist hann eindregið undan því að svara spurningum um þetta og var þá ekki gengið á hann með það. Hann staðfesti hins vegar skýrslu sem gerð var um þetta hjá lögreglu, en hún er bæði stutt og ekki mikil að efni. Í skýrslunni kemur fram að vitnið hafi verið náinn vinur beggja listamannanna og ritað um þá bækur, eins og reyndar kemur fram annars staðar í málsgögnunum, komið oft á vinnustofur þeirra og fylgst með vinnu þeirra. Segir þar að vitnið hafi skoðað gaumgæfilega 47 verk, kennd Svavari Guðnasyni. Hafi honum þótt sjö þeirra vera lík verkum Svavars, þótt eitthvað hafi vantað upp á til þess að hann hafi verið sannfærður, eins og vikið er að við hvert þessara verka hér á eftir. Hann hafi sagt 21 mynd vera mjög líka verkum Svavars og geta vel verið eftir hann, eins og vikið er að við hverra þessara mynda hér á eftir. Um eina mynd sagði vitnið að hún geti verið eftir Svavar en áritunin eftir einhvern annan, eins og vikið er að hér á eftir. Önnur verk hafi hann sagt að hann hafi aldrei séð eða heyrt um og fyndist ekki geta verið eftir Svavar. Þá segir í skýrslunni að vitnið hafi skoðað þrjár olíumyndir, kenndar Kjarval og sagðist enga þeirra hafa séð áður. Verður framburður hans reifaður við hverja þessara mynda hér á eftir, eftir því sem tilefni þykir vera til.

Vitnið [...], fyrrverandi leigubílstjóri, sem oft ók Jóhannesi Kjarval á málaraferðum um landið, kynntist honum vel og fylgdist með störfum hans, hefur verið leiddur sem vitni í málinu og látinn segja skoðun sína á því hvort myndirnar í málinu sem merktar eru Kjarval séu eftir hann eða ekki. Ekki þykja vera efni til þess að rekja framburð hans að öðru leyti en því að hann neitar því að myndirnar geti verið eftir Kjarval.

Þá er að geta tjónþolanna [...] sem komið hafa fyrir dóm í málinu vegna nokkurra ákæruliða. Verður vikið að því hér á eftir.

Loks er að geta þess að flestir kaupendur verkanna sem málið snýst um hafa komið fyrir dóm og sagt að þeir hafi keypt myndirnar í þeirri trú að þær væru eftir þá listamenn sem þær voru merktar. Á þessu er þó ein undantekning því einn kaupandi hafði grun um að hans mynd væri fölsuð þegar hann keypti hana.

Um efnistöð.

Af hálfu ákærvalds hefur því verið haldið fram í málflutningi að eftirtalin almenn atriði veiti órækar vísbendingar um það að ákærði Pétur Þór hafi annað hvort sjálfur falsað eða látið falsa myndirnar sem ákært er fyrir: -uppruni þeirra sé óþekktur og enginn hafi getað borið kennsl á þær, -ákærði hafi ekki getað upplýst um uppruna myndanna, -myndunum hafi verið haldið utan við bókhald fyrirtækis hans og ekki

verið hægt að rekja þau þar, -eigendasaga mynda sem ákærði hefur gefið upp hafi reynst vera röng, -þótt myndirnar sem um ræði væru fáar hafi það tekið ákærða tæplega hálft ár að koma fram með eigendasögu þegar á hann hafi verið skorað að gera það, -ákærði hafi hætt að gefa rannsóknurum upplýsingar í málinu, -falsanirnar eigi margt sameiginlegt, -sams konar pappír verið notaður, þótt verkin væru eignuð mörgum listamönnum og loks að falsaðar myndir hafi ekki verið seldar í öðrum uppboðshúsum en Gallerí Borg. Nokkur þessara sömu atriða hafa einnig verið færð fram um þátt ákærða Jónasar Freyðal. Umfjöllunin hér á eftir tekur því einnig til þáttar hans í málinu, eftir því sem við á. Öllum þessum rökum hefur verið mótmælt af hálfu ákærðu.

Dómurinn telur að í því geti falist viss vísbending um fölsun að uppruni myndanna skuli vera óþekktur og að enginn hafi getað borið kennsl á þær. Á hinn bóginn verður líka að hafa í huga að ákærði mun hafa keypt myndir úr einkaeigu í Danmörku og þær myndir gætu þess vegna verið óþekktar. Að því er varðar það að ákærði hafi ekki getað upplýst um uppruna myndanna telur dómurinn einnig að viss vísbending geti falist í því. Á hitt er þó að líta að ákærði hefur keypt og selt mikinn fjölda mynda á þeim tíma sem hér skiptir máli og sýnist hafa haft takmarkaðar reiður á þeim málum sínum. Þá verður að minna á það að ákærði hefur verið dæmdur fyrir stórfellda bókhaldsóriðu í sambandi við rekstur Gallerí Borgar og þótt þær myndir sem ákært er fyrir hafi verið utan bókhaldsins á það ekki við þær einar. Um það að hann hafi gefið upp ranga eigendasögu verður að vísa til einstakra tilvika hér á eftir og tæpast verður það talin vísbending um fölsun þótt dregist hafi í hálft ár að koma fram með eigendasögu nokkurra mynda. Má í því sambandi benda á að þótt aðeins væri beðið um upplýsingar um 13 myndir, voru þær samt úr hópi gríðarmargra mynda sem ákærði hafði selt. Um það atriði að ákærði hafi hætt að gefa upplýsingar er þess að geta, auk þess sem þegar er sagt um óreiðuna, að í nóvember 1997 var gerð húsleit hjá honum og hald lagt á bókhaldið og hann síðan ákærður 1. júlí 1998. Um það að myndirnar sem ákært er út af eigi ýmislegt sameiginlegt getur dómurinn tekið undir, eins og fram kemur þegar einstökum tilvikum er lýst. Þau atriði telur dómurinn þó að gefi aðeins almenna vísbendingu. Þá verður að segja að því er varðar pappírsmyndirnar að dómurinn getur ekki fallist á að vísbending geti falist í því að pappírinn er svipaðrar gerðar. Ekki er við neinar tölur að styðjast og á það er að líta að ekki er annað vitað en að pappírsframleiðendurnir sem við sögu koma séu þekktir og hafi framleitt pappír í miklum mæli handa listamönnum. Að lokum skal það sagt um þá staðhæfingu ákæruvaldsins að ekki hafi verið seldar falskar myndir í öðrum uppboðshúsum en Gallerí Borg, að það var langstærsta uppboðshúsið hérlandis á þeim tíma sem um ræðir og um tíma einrátt á markaðinum. Að því leyti sem dómurinn álítur vísbendingar geta komið fram í þeim almennu atriðum sem ákæruvaldið færir fram skal það sagt að þær varða ýmist það hvort mynd geti talist fölsuð eða ekki -eða þá

það hvort ákærði hafi sjálfur falsað eða látið falsa myndirnar. Hvort sem við á skal það einnig sagt að vísbendingarnar eru mjög almennar eða óljósar og hafa hvergi getað ráðið úrslitum í einstökum tilvikum.

Málflutningur ákærvaldsins hefur, eins og ofanritað gefur til kynna, lotið að því beinlínis að dóminum beri að leggja heildstætt mat á sönnunargögnin í málinu, með öðrum orðum sagt, að leggja vísbendingar um fölsun, sem finnist í verkunum sjálfum, við þau sönnunargögn, sem varða viðskiptin með þau. Á þetta getur sjónarmið getur dómurinn ekki fallist, því að annars vegar liggur það fyrir að ákærðu og Gallerí Borg hafa átt viðskipti með fjölmörg listaverk sem ekki eru fölsuð og eins hitt að ekki er unnt að útiloka það að ákærðu hafi selt fölsuð verk í góðri trú um að þau væru ósvikin. Það er því grundvallaratriði í málinu að staðreyna það fyrst hvort hvert einstakt myndverk geti talist falsað en að því loknu að fjalla um það hvort viðskiptin með hvert verk fyrir sig geti talist saknæm.

Að lokum skal vikið að þeim viðbárum ákærðu að álitsgerðir og skýrslur sérfræðivitnanna, sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan, geti ekki talist vera óhlutdrægar vegna stöðu þeirra í lögreglurannsókninni, innbyrðis starfstengsla, persónulegra tengsla, tengsla við kærendur í málinu og starfshagsmuna af ýmsu tagi. Komið hefur fram við málsmeðferðina sumar þessar viðbáur eiga ekki við rök að styðjast en að öðru leyti hafa dómendur haft þær til hliðsjónar þegar þessi gögn hafa verið metin. Er það mat dómsins að ekki verði séð að þessi tengsl séu almennt fallin til þess að rýra trúverðugleika sérfræðinganna og sönnunargildi þessara gagna og að ekki séu heldur neinar þær veilur í þeim sem bendi til þess að tengslin hafi nokkru ráðið um framgöngu vitnanna í málinu.

Ákæruatriðin

Hér á eftir verður gerð grein fyrir og fjallað um ákæruatriðin í sömu röð og þau eru í ákærunni. Þá hefur verið haldið fyrirsögnum og kaflaskiptum ákærunnar en í ákæruáliðina í III. kafla A-þáttar hefur verið aukið undirliðum sem allir eru auðkenndir stöfunum DK.

A.

Ætlað skjalafals og fjársvik ákærða, Péturs Þórs Gunnarssonar.

I.

Ákærði er sakaður um að hafa sem framkvæmdastjóri og eigandi Gallerí Borgar f. með skipulögðum hætti blekkst viðskiptavinum á listmunauppbóðum og í verslun fyrirtækisins til að kaupa myndverk sem hann bauð eða lét bjóða þar til sölu eftir að hafa falsað upplýsingar sem lutu að tilurð verkanna. Hafði ákærði ýmist falsað eða látið falsa myndverkin og höfundarmerkingu þeirra, í sumum tilvikum með því að

mála yfir myndverk annars höfundar, eða merkt eða látið merkja myndverk óþekktra höfunda með nöfnum þekktra listamanna, í sumum tilvikum eftir að hafa afmáð eða látið afmá höfundarmerkningu á myndverkum hinna óþekktu. Nánar tiltekið er ákærði sakaður um að hafa með framangreindum hætti:

Ákæruliður 1:

Látið selja olíumálverk þekkts dansks höfundar sem listaverk Kristínar Jónsdóttur, á uppboði fyrirtækisins í Reykjavík sunnudaginn 3. maí 1992. Málverkið var selt kaupandanum A fyrir kr. 286.000.

KKK tók mynd þessa til rannsóknar. Í skýrslu hans um rannsóknina segir að myndin sé máluð með þunnri málningu á léreft sem fóðrað er á ógrunnað styrktarléreft. Þá sé hún strekt á blindramma og fest með blásaum en samsetningin sé ekki upprunaleg. Ummerki um fyrri samsetningu séu sýnileg á jöðrum. Þar megi sjá göt í léreft eftir teiknibólur eða breiðan blásaum. Nýlegur mattur fernis sé á yfirborði málningarlags. Myndefnið sjávarþorp og merkt KJ með blýanti í hægra horni að neðan. Segir að málverkið hafi verið ljósmyndað á litskyggjur í rafljósi (Tungsten, 3200 K) og við útfjólublátt ljós við staðlaðar aðstæður. Einnig hafi verið notuð stafræn myndavél. Skoðun á yfirborði málningarlags, áritun og bakhlið hafi farið fram undir smásjá. Þegar verkið hafi verið skimað í útfjólubláu ljósi hafi sést flúrljómun af olíumálningu. Blámi hafi verið í nokkrum litanna, aðallega bláum litaflötum verksins, sem túlka megi sem nýlega málningu. Áritun verksins hafi ekki komið sterkt fram. Við skoðun í smásjá hafi sést að nýlegt, þykkt lag af gljáalausum fernis þeki yfirborð myndarinnar og áritun. Fernislagið sé mjög þykkt og yfir árituninni sé það gráhvítt að hluta, sem sé kristallað vax. Eftir að það hafi verið fjarlægt og áritunin skoðuð í útfjólubláu ljósi hafi hún komið sterkar fram. Málningarlag sé nokkuð sprungið og fernis í sprungunum. Í efri hluta myndarinnar, sem líklega eigi að vera blár hafflötur, liggi blár litur í sprungum ásamt fernis. Þessi hluti verksins sé því seinni tíma breyting, gerð eftir að upprunalegt málningarlag hafi farið að springa. Undir og umhverfis áritun sem gerð sé með blýanti sé mikið niðurslípað svæði. Ummerki bendi til þess að notaður hafi verið sandpappír við slípunina. Ofan við áritunina og lítið eitt til hægri megi greina áritun sem markar fyrir ofan í málningarlagi verksins. Áritun þessi hafi verið gerð áður en verkið hafi náð að þorna, þ.e. „blautt í blautt” og sé því að öllum líkindum eftir höfund verksins. Litur áritunarinnar sé slípaður og máður og ekki hægt að greina lit hennar. Við hliðarlýsingu má sjá að verkið hafi verið höfundarmekt „Viggo Tuxen 194... ”. Síðasti tölustafur ártalsins sé svo eyddur að varla sé mögulegt að greina hann en gæti þó verið 3. Tvö málningarsýni hafi verið tekin úr verkinu til litrófsgreiningar á

bindiefni í FT-IR smásjá hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands og hafi þau sýnt að bindiefnið var olía.

Niðurstaðan af rannsókninni er sú að málverkið sé að hluta yfirmálað og myndefni breytt. Lit upprunalegrar áritunar hafi verið eytt, en í málningarlagi marki fyrir upphaflegri höfundarmerkingu málverksins: Viggo Tuxen 194(3). Núverandi höfundarmerking sé gerð yfir niðurslípað svæði. Sé málverkið ekki eftir ætlaðan höfund þess og ekki réttilega merkt. Sé hér um að ræða mynd eftir danskan málara, Viggo Tuxen, f. 1910.

Dóttir Kristínar Jónsdóttur hefur komið fyrir dóm og gefið skýrslu. Hún kveðst þekkja vel til listar móður sinnar og hafa nokkuð gott yfirlit yfir heildina þar eð afkomendur hennar hafi safnað ljósmyndum af þessum málverkum hjá eigendunum og sé þar um að ræða nokkur hundruð myndir. Hún hefur skoðað þessa umræddu mynd og kannast ekki við hana og segir margt benda til þess að hún sé ekki eftir Kristínu Jónsdóttur og segist vera nokkuð viss um það. Nefnir hún til pensilfö, litaval, litameðferð og myndefni. Segir hún það vera útilokað að móðir hennar hafi valið sér fyrirmyndir á Eyrabakka. Hún hafi fylgst vel með ferðum móður sinnar út á land og hefði það ekki farið fram hjá henni ef svo hefði verið, enda samband þeirra verið mjög náið og Kristín ekki farið mikið út á land. Hún hafi valið sér öðruvísi staði og öðruvísi verkefni en sjávarmyndir úr þorpinu Eyrabakka.

EEE hefur gert listfræðilega greiningu á málverkinu. Í umsögn hennar segir að augljóst sé að málað hafi verið ofan í myndina eftir að hún var fullgerð og sé það sýnilegast í efri hluta hennar svo og í húsgöflum. Virðist sem reynt hafi verið að líkja eftir hinum snöggu, skáhallandi pensilförum Kristínar sem voru eitt af höfundareinkennum hennar frá því á þriðja áratugnum. Telur EEE að verkið standist engan veginn listrænan samanburð við verk Kristínar Jónsdóttur og sé ekki höfundarverk hennar. Er EEE kom fyrir dóm sagði hún að Kristín hafi verið mikill koloristi og að hún hafi einkum verið þekkt fyrir hversu snilldarlega hún fór með bláu litina. Taldi hún myndina frá Eyrabakka vera afskaplega muskulega, þar gæti ekki hinna safamiklu lita Kristínar. Sagði hún enn fremur að olíuverk sín hafi Kristín yfirleitt merkt með olíulitum en ekki með blýanti eins og gert sé í þessu verki. Hins vegar hefur verjandi ákærða, Péturs Þórs Gunnarssonar, lagt fram gögn er sýna tvö olíuverk eftir Kristínu Jónsdóttur sem merkt eru með blýanti.

Ályktun.

Rannsóknir þeirra KKK og NNN hafa leitt í ljós að mynd þessi er að hluta til máluð nýlegum olíulitum yfir eldri olíumynd annars málara og að höfundarmerking hans hafi verið afmáð. Dóttir Kristínar sem kveðst hafa fylgst vel með listsköpun og ferðum móður sinnar, hefur sagt að útilokað sé að hún hafi sótt sér myndefni til Eyrabakka. Hún hefur einnig sagt að handbragð og litir í myndinni bendi til þess að

móðir hennar hafi ekki málað myndina. Þá hefur EEE listfræðingur leitt fagleg rök að því að myndin sé ekki eftir Kristínu Jónsdóttur. Verður að telja það hafið yfir allan vafa að mynd þessi sé ekki eftir Kristínu og því fölsuð.

Ákærði kveðst ekki muna eftir viðskiptunum með mynd þessa enda ekki verið yfirheyrður um hana fyrr en í janúar sl. og ekki getað rifjað upp hvar hann hafði keypt hana. Hafa engin bókhaldsgögn fundist hjá Gallerí Borg um kaup á myndinni. Fyrir liggur að myndin var seld á uppboði hjá Gallerí Borg 3. maí 1992.

Niðurstaða

Ákærða er gefið að sök að hafa sjálfur falsað eða látið falsa þessa mynd. Ekki hafa verið leiddar að þessu neinar sönnur í málinu og verður ákærði, sem neitar sök að öllu leyti, sýknaður af því. Engin gögn eða atvik eru heldur í málinu sem benda sérstaklega til þess að ákærði hafi vitað eða hlotið að vita að myndin væri fölsuð. Ber því að sýkna hann af þessum ákærulið og vísa bótakröfunni sem hann varðar frá dómi.

Ákæruliður 2:

Látið selja olímálverk óþekkt höfundar sem listaverk Þórarins B. Þorlákssonar, á uppboði fyrirtækisins í Reykjavík laugardaginn 4. júní 1992. Málverkið var selt kaupandanum Á fyrir kr. 57.000.

Það athugast að hér er ekki um olímálverk að ræða eins og í ákærunni segir heldur er hér á ferð teikning á pappír.

NNN hefur rannsakað mynd þessa og fjallar um hana í skýrslu sinni, dagsettri 24. september 1998. Þar segir hann myndina vera 27x27 sm að stærð, gerða með blýanti á þunnan, gulan, gamlan, fremur sléttan, vélunninn pappír úr pappírsstreng án vatnsmerkis. Jaðrar arkarinnar séu upplitaðir og rifnir. Forvörðurinn kveður ekkert óvenjulegt hafa komið í ljós við þessa mynd, en hún skeri “sig úr öðrum hvað varðar stíl og tækni”. Þetta er þó ekki rökstutt nánar.

HHH hefur rannsakað mynd þessa og segir hann í skýrslu sinni að hún sé gerð á vélunninn, kremhvítan, léttan, sléttan og gljáandi pappír, 277x203 mm að stærð. Göt meðfram annarri langhlið sýna að örkin geti verið úr minnisbók eða skissublokk, en tegund pappírs og upplitun bendi þó til þess að pappírinn hafi upphaflega verið saurblað í bók og kunni að innihalda esparto-gras sem bendi til Bretlands. Þá segir að stafirnir ÞÞ hafi verið settir inn á myndina síðar en ekki er sú niðurstaða studd sérstökum rökum. Loks segir að vísbending sé um fölsun. Í lokakafli skýrslunnar segir um flokk mynda sem þessi mynd er talin til að vísbending um fölsun sé í þeim tilvikum byggð á eðlisgerð pappírsins í þeim og hvernig þær séu merktar. Þá komi stíleinkenni einnig við sögu.

DDD, lögreglufulltrúi og rithandarrannsóknari, var fenginn til þess að rannsaka höfundarmerkingu verksins og bera hana saman við 7 óvefengd verk eftir Þórarin B. Þorláksson. Í skýrslu sem hann hefur gert um rannsóknina segir að skriftarlegt misræmi sé milli áritunar á myndinni og hinum ósviknu myndum. Komi það skýrast fram í innbyrðis hlutföllum svo og stöðu þverstrika á lóðréttum leggjum og loks sé stafahalli ekki í samræmi. Hann segir þó í skýrslunni að hann geti ekki komist að afgerandi niðurstöðu um það hvort höfundarmerkingin sé fölsuð eða ekki þar sem rannsóknargögnin séu af skornum skammti. Almennt sé varlegt (sic) að líkja höfundarmerkingu myndverks við venjulega skrift þar sem merkingin sé fremur teikning en skrift. Eftir standi einungis form stafa eða einkennismerkis sem sé ófullnægjandi til þess að byggja á afgerandi niðurstöðu. Niðurstöður í skriftarrannsókn geti því aðeins verið ábendingar um tiltekið misræmi eða samræmi milli þekktra höfundarmerkinga og vefengdra.

Niðurstaða

Þeir NNN og HHH telja vísbendingu vera um það að þessi mynd sé fölsuð. Þeir færa þó aðeins fram mjög almenna röksemd fyrir þessu, það er að segja að stíleinkenni bendi til þess að myndin sé ekki eftir Þórarin B. Þorláksson, en listfræðingur hefur ekki verið fenginn til þess að rannsaka þessa mynd. Aftur á móti hefur DDD komist að þeirri niðurstöðu að skriftarlegt misræmi sé milli áritunar á myndinni og á óvefengnum myndum eftir Þórarin. Hefur hann rökstutt þetta álit sitt í nokkrum atriðum. Hann gerir þó þann fyrirvara að rannsóknargögn séu af skornum skammti og að áritun á mynd sé fremur teikning en skrift og að skriftarrannsókn geti því aðeins verið ábending. Geti hann ekki komist að afgerandi niðurstöðu um það hvort um fölsun sé að ræða. Telja verður að álit þessara þriggja sérfræðinga veiti aðeins vísbendingar í þá átt að myndin sem um ræðir sé fölsuð sem ekki séu nægilega sterkar til þess að það geti ekki talist sannað. Ber því að sýkna ákærða af þessum ákærulið og vísa bótakröfu varðandi hann frá dómi.

Ákæruliður 3:

Látið selja olíumálverk óþekkts höfundar sem listaverk Þórarins B. Þorlákssonar, á uppboði fyrirtækisins í Reykjavík fimmtudaginn 3. desember 1992. Málverkið var selt kaupandanum B fyrir kr. 150.000.

KKK hefur rannsakað mynd þessa. Í skýrslu hans um rannsóknina segir myndin sé máluð með þunnri og magurri (lítið bindiefni á móti litarefni) málningu á hörléreft sem límt er á þunna krossviðarplötu. Myndefni sé innimynd af stofu og mótif verksins nánast hið sama og er í ákærulið 4 og beri sömu höfundareinkenni. Verkið sé höfundarmerkt "Þór B. Þorl. " með svartri málningu í hægra horni að neðan. Nýlegur,

mattur fernis sé á yfirborði málverksins. Málverkið hafi verið ljósmyndað á litskyggjur í rafljósi og við útfjólublátt ljós við staðlaðar aðstæður. Þá hafi yfirborð málningarlags, áritun og bakhlið verið skoðuð í smásjá. Málningarsýni hafi verið tekin í viðurvist vitnis og send til litrófsgreiningar á bindiefni í FT-IR smásjá hjá Raunvísindastofnum Háskóla Íslands. Þegar verkið hafi verið skimað í útfjólubláu ljósi hafi sést að þetta sé gamalt olíumálverk. Áritun verksins hafi sést greinilega sem bendi til nýlegrar málningar. Undir og umhverfis seinni hluta hennar hafi mátt greina daufa flúrljómun frá gráum lit sem skorið hafi sig frá upprunalegu málningarlagi verksins. Þessi grái litur, sem sé máður og slitinn, liggi yfir sprungur og skemmdir í upprunalegu litalagi sem jafnframt sé oxað (aldrað) en ekki sé að greina oxun í þessum gráa lit og virðist hann því vera mun yngri en aðrir litir verksins. Sé liturinn nánast hinn sami og yfirmálunarliturinn í rannsóknartilviki ákæruliðar nr. 4 og beri sömu einkenni áferðar og gerðar. Þá megi greina leifar af gulnuðum fernis í „lautum“ í lérefiti og beri yfirborð verksins merki um að hafa verið ofhreinsað enda megi sjá bómullartrefjar fastar í yfirborði og slit í „toppum“ í málningarlagi og lérefiti og skíni víða í hvítan grunn burðarlagsins. Nýlegur mattur fernis sé á öllu yfirborði myndarinnar og liggi hann yfir áritun verksins. Ofan og aftan við svarta áritun verksins sé máð og skemmt svæði sem að hluta til sé yfirmálað með gráa litnum fyrirnefnda. Í smásjá sjáist ekki leifar eldri áritunar á þessu svæði en ummerki minni á vinnubrögð sem þekkt séu úr öðrum rannsóknartilvikum og telja verði fölsuð. Framan við og umhverfis áritunina sjáist aftur á móti leifar af svörtum lit sem runnið hafi til og liggi í sprungum og ójöfnum á yfirborði málningarlags. Vinstra megin við upphaf áritunarinnar megi greina afmáðan bókstaf, „P“, í svörtum lit sem hafi sama form og þornið í upphafsstaf nafnskriftarinnar. Því megi álykta að áritun verksins hafi verið tvítekin, fyrsta gerð hennar leyst upp og hún þurrkuð brott áður en hún hefur náð að þorna og síðan verið endurtekin. Samanburður við fjórar óvéfengdar áritanir ætlaðs höfundar sýni frávik í nokkrum atriðum. Sveigja í legg Þorna sé önnur og meiri en í umræddri áritun og í bókstafinn B vanti sveigðan aukalegg sem verði að telja einkennandi fyrir gerð bókstafsins „frá hendi höfundar þar sem hann er gerður í einni lotu án þess að penslinum sé lyft,” en því sé ekki til að dreifa hér. Samanburðaráritanirnar sýni allar ártal sem gert sé aftarlega og neðan við áritunina. Ekki sé ártal á umræddri áritun né punktur aftan við Þór sem sé að finna á hinum fimm. Þrjú málningarsýni hafi verið tekin úr verkinu til litrófsgreiningar á bindiefni í FT-IR smásjá hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands. Svartur litur úr áritun (flúrljómun gefi til kynna nýlega málningu). Greindist vera olía. Grásvartur litur úr ramma á vegg (flúrljómun gefi til kynna gamla málningu). Greindist vera olía. Grár litur úr undirlit áritunar (flúrljómun gefi til kynna nýlega málningu). Greindist vera alkýð. Sé þessi greining í samræmi við skimun í útfjólubláu ljósi og smásjárskoðun. Undirlitur áritunar innihaldi alkýð en ætlaður höfundur verksins hafi látist árið 1924

eða þremur árum áður en alkýð uppgötvaðist sem efni og fjörutíu og fjórum árum áður en byrjað var að framleiða það til listmálunar. Höfundarmerking verksins geti því ekki verið gerð af hendi hans þar sem hún sé að hluta gerð ofan á alkýðlitinn. Áritunin sé einkennandi fyrir fjölda rannsóknartilvika sem telja verði fölsuð. Þá sé hún frábrugðin höfundarmerkingum ætlaðs höfundar. Málverkið beri sömu höfundareinkenni og verkið í ákærulið 4 og séu ummerki við áritun þau sömu. Útfærsla merkingarinnar sé þó með öðrum hætti. Það er niðurstaða forvarðarins að ætlaður höfundur hafi ekki áritað umrætt málverk.

Rétt er að geta þess hér að í september 1998 hitti yfirlögregluþjónn að máli dóttur Þórarins B. Þorlákssonar, fædda 1906, á elliheimili þar sem hún dvaldist þá. Var henni sýnd stækkuð ljósmynd af myndinni sem um ræðir hér. Samkvæmt skýrslu yfirlögregluþjónsins sagði hún að herbergið á myndinni gæti verið herbergi sem faðir hennar hefði haft á leigu í Kaupmannahöfn um aldamótin. Formleg skýrsla var ekki tekin af vitninu og hún hefur ekki komið fyrir dóm en í skýrslunni segir að hún hafi virst vera vel með á nótunum varðandi listamannsferil Þórarins og myndir sem hann málaði.

FFF listfræðingur, hefur rannsakað verkið. Í skýrslu hennar segir að margt bendi til að höfundur myndarinnar hafi ekki tamið sér þau akademísku vinnubrögð sem einkenni innimyndir Þórarins B. Þorlákssonar. Teikningin sé óskýr, jafnt útlínur sem smærri atriði, og form ekki mótuð með samspili litatóna frá ljósu yfir í dökkt. Litir séu víða blandaðir hvítu eða gráu þannig að þeir virðist óhreinir. Myndin virðist þar af leiðandi í heild flöt. Áferð sé víða gróf, svo sem í málun gluggatjaldanna þar sem ómarkvissir pensildrættir séu dregnir þvert á lóðréttar línur, og engin viðleitni til að ná fram efniskennd hlutanna. Þessi atriði stingi mjög í stúf við þá nákvæmni og vandvirkni sem einkenni innimyndir Þórarins. Eigi það jafnt við um elstu myndir hans, sem hann merkti sér gjarnan með árituninni “Þór. B. Þorl.” eins og sé á umræddu verki, og þær sem hann málaði síðasta árið sem hann lifði. Niðurstaða listfræðings er að málverkið geti ekki verið höfundarverk Þórarins.

Ályktun.

Þórarinn B. Þorláksson lést árið 1924. Þá hefur því verið slegið föstu að alkýð hafi hvergi verið komið á markað fyrir árið 1927. Leitt er í ljós með rannsóknum þeirra KKK og NNN að áritun á myndina, sem er gömul olíumynd, hefur verið gerð með nýlegum olíulit en undir honum er einnig nýlegur litur sem inniheldur alkýð. Þá hefur KKK fært rök að því að áritunin sé í nokkrum atriðum frábrugðin því sem sjáist í ósviknum myndum eftir Þórarin. Dómurinn telur af þessum ástæðum óhætt að slá því föstu að Þórarinn B. Þorláksson hafi ekki áritað myndina og að hún hafi verið árituð eftir hans dag og sé því fölsuð á hana. FFF hefur leitt að því listfræðileg rök að

myndin sjálf geti ekki verið eftir Þórarin og telur dómurinn óhætt að slá því því föstu að myndin sé ekki eftir hann.

Engin bókhaldsgögn hafa fundist hjá Gallerí Borg um það hvaðan myndin er komin en fyrir liggur að hún var seld listasafninu á Kjarvalsstöðum á uppboði hjá Gallerí Borg 3. desember 1992. Þegar lögregla leitaði eftir því hjá ákærða hvar hann hefði fengið myndina ritaði lögmaður hans, eins og vikið er að hér að framan, bréf til lögreglunnar þar sem fram kom að ákærði segðist hafa keypt þessa mynd ásamt þremur öðrum myndum hjá manni að nafni TRM í Rødovre í Danmörku. Meðal gagna málsins er síða úr blaðinu Rødovre Avis 29. október 1997 þar sem ákærði auglýsir eftir TRM. Þegar ákærði var yfirheyrður um þetta tilvik hjá lögreglu í nóvember 1997 lagði hann fram ódagsetta kvittun fyrir viðskiptunum sem hann kvaðst hafa fundið heima hjá sér. Hann kvaðst hafa farið akandi heim til mannsins einhvern tíma á bilinu 1989 til 1990 eftir að maðurinn hafði svarað auglýsingu í dagblaði. Maður þessi hefði verið gráhærður og sköllóttur eða þunnhærður. Ekki kvaðst ákærði muna eftir því hvar maðurinn bjó eða í hvernig húsi. Eftirgrennslan á vegum lögregluyfirvalda í Danmörku benti til þess að maður þessi væri TRM, héraðsdómari, f. 1907, d. í júlí 1994. Kvittunin sem ákærði lét í té er ódagsett. Var hún fengin skjaralarannsóknardeild ríkislögreglunnar í Kaupmannahöfn til rannsóknar og borin saman við skriftarsýni sem er talið víst að stafi frá sama manni. Sá sem rannsóknina gerði hefur ekki verið kvaddur fyrir dóm til þess að svara spurningum um hana og ekki er annað í málinu um rannsókn þessa en ljósrít af skýrslu hans um hana. Verður ekki byggt á henni í málinu, sbr. 45. gr. laga um meðferð opinberra mála. Meðal gagna málsins er ljósrít af persónuskilríkjum TRM, sem lagt var fram í meðferð málsins fyrir dómi, og eftir því sem séð verður virðist lýsing ákærða á manni þessum geta átt við hann. Bókhaldsgögn um viðskiptin hafa ekki fundist hjá Gallerí Borg.

Bróðursonur TRM, hefur komið fyrir dóm. Hann segist hafa verið nákominn þessum frænda sínum og oft komið á heimili hans sem hefði verið óbreytt frá bernskuheimili hans, en hann hefði búið með móður sinni. Hann hefði engu bætt við það innbú. Hann segir föðurbróður sinn hafa verið afar nákvæman og smámunasaman mann sem hefði haldið nákvæma skrá yfir eigur sínar og sýnir vitnið gögn því til stuðnings. Hafi hann verið svo nákvæmur að hann hafi talið fram til skatts smámyntina sem hann var með í vösum sínum um hver áramót. Kveðst vitnið hafa oft komið á heimili frænda síns og fullyrðir að myndir þær sem um er að ræða í málinu hafi aldrei verið í eigu hans. Þá segir hann að TRM hefði aldrei farið að gefa út ódagsetta kvittun, nákvæmur eins og hann hafi verið. Loks segir hann að þær myndir sem verið hafi á heimilinu hafi verið lítils virði, ekki meira en 100 kr. hver mynd.

Eiginkona SM hefur einnig komið fyrir dóm og kveðst hún aldrei hafa séð myndirnar sem um ræðir og hafi hún þó komið á heimili TRM um 40 ára skeið. Hafi hún þekkt þar allt innbú sem hafi verið óbreytt allan þann tíma. Hann hafi aldrei breytt neinu, ekki einu sinni hitastillingunni á sumrin. Myndir á heimili hans hafi ýmist verið mjög gamlar myndir eða nýtískulegar myndir eftir einhverja viðvaninga.

Niðurstaða

Ákærða er gefið að sök að hafa sjálfur falsað eða látið falsa þessa mynd. Ekki hafa verið leiddar að þessu neinar sönnur í málinu og verður ákærði, sem neitar sök að öllu leyti, sýknaður af því að hafa sjálfur falsað eða látið falsa myndina.

Tvö vitni sem dómurinn telur að séu áreiðanleg og hafi verið gjörkunnug TRM hafa forttekið fyrir að mynd þessi hafi verið á heimili hans eða hann getað átt hana. Verður að telja óhætt að byggja á því. Aftur á móti hefur ákærði lagt fram kvittun sem ekki hefur verið hnekkt og lýsing hans á þeim sem seldi honum myndirnar getur komið heim og saman við þá ljósmynd af TRM sem er í gögnunum. Enda þótt það geti ekki beinlínis talist líklegt er ekki hægt að útiloka að TRM hafi tekið að sér að selja þessar myndir fyrir einhvern annan. Hefur ekki verið hnekkt framburði ákærða um það hvernig hann er að myndunum kominn og að hann hafi verið í góðri trú um þær þegar hann seldi þær. Ber að sýkna hann af þessum ákærulið og vísa bótakröfunni varðandi hann frá dómi.

Ákæruliður 4:

Látið selja olíumálverk óþekkts höfundar sem listaverk Þórarins B. Þorlákssonar, í verslun fyrirtækisins í Reykjavík fimmtudaginn 4. desember 1992. Málverkið var selt kaupandanum C fyrir kr. 220.000.

KKK hefur rannsakað málverk þetta. Í skýrslu hans um rannsóknina segir að málverkið sé málað með magurri málningu (lítið bindiefni miðað við litarefni) á þunnt léreft, límt á tréplötu. Myndefnið sé innimynd af stofu (sama myndefni og í ákærulið 3). Það sé höfundamerkt "19þþ02" með svörtum lit í hægra horni að neðan. Þunnt, nýtt og gljáalaust fernislag sé yfir myndinni. Engar upplýsingar sé að finna á bakhlið verksins. Málverkið hafi verið ljósmyndað á litskyggjur í rafljósi og við útfjólublátt ljós við staðlaðar aðstæður. Yfirborð málningarlags, áritun og bakhlið hafi verið smásjárskoðuð. Málningarsýni hafi verið tekin til litrófsgreiningar á bindiefni í FT-IR smásjá hjá Raunvísindastofnum Háskóla Íslands. Skoðun í útfjólubláu ljósi gefi til kynna að verkið sé gamalt olíumálverk með áritun sem gefi frá sér dökka flúrljómun, þ.e. áritun sem sé mun yngri en málverkið sjálft. Þegar málningarlag sé skoðað í smásjá sjáist nýlegt, matt fernislag yfir því öllu. Yfirborð málningarlags sé mjög sprungið og greinileg oxun (öldrun) hafi átt sér stað. Undir og umhverfis áritunina

sjáist ummerki um slípun, líklega með sandpappír. Undir henni og rétt ofan við hana megi sjá blágrænan lit sem ekki sjáist annar staðar í verkinu. Af lögun og formi megi ætla að hér sé um gamla áritun að ræða en svæðið er mjög niðurslípað og erfitt að fullyrða það. Að auki hylji þunnur grár litur að mestu þennan blágræna lit, eins og til að hylja hann, því þennan gráa lit sé ekki að finna annars staðar í myndinni nema umhverfis hina svörtu áritun og neðan við hana. Aðrir gráir litir í verkinu séu sprungnir og hafi annars konar áferð og yfirborð en þessi grái litur. Hann hylji sprungur í undirliggjandi litum og sé því mun yngri en upprunalegir litir málverksins. Áritunin virðist hafa verið tvígerð því leifar svarts litar megi sjá víða umhverfis hana og liggi hann ofan í sprungum upprunalegs málningarlags, svo og litur áritunarinnar sjálfrar. Að formi til beri árituninni ekki saman við þekktar og óvæfengdar áritanir Þórarins B. Þorlákssonar, ætlaðs höfundar þessarar myndar. Hún sé gerð óstyrkri hendi og línur hennar séu bogadregnari en óvæfengdar áritanir Þórarins, sem sjá megi á leggjum þornanna og belg sem er dreginn í gegnum leggina. Belgurinn hafi enn fremur gleiðari sveigju að neðan. Eitt af einkennum fangamarks Þórarins B. Þorlákssonar sé að sveigjan er gleiðari að ofan eða, sem sé fágætara, að hún er jöfn. Í gagnagrunni Listasafns Íslands um áritanir Þórarins B. Þorlákssonar séu um 130 óvæfengdar áritanir. Elsta óvæfengda áritunin í gagnagrunninum þar sem „PBP“ er slegið saman í persónulegt fangamark sé frá árinu 1903 og hún sé stök. Frá árinu 1904 sé fangamark þetta á öllum merktum verkum Þórarins með einni undantekningu frá 1910 þar sem hann hafi notað fullt nafn. Tvær meginreglur um hlutföll komi fram í gerð hins persónulega fangamarks Þórarins. Önnur sé að hæð leggjana í stafnum P sé minni en breidd samsíða lína í belg sem sker leggina og lúti lengdir þessar nánast að lögmáli gullinsniðs. Seinni reglan sé sú að hæð í belg sé samanlögð summa leggja sem eru ofan og neðan við belginn. Auk þessa sé halli bókstafa með sama halla til hægri. Höfundarmerking á þessu málverki falli ekki að þessum meginreglum í óvæfengdum nafnskriftum Þórarins B. Þorlákssonar. Þrjú málningarsýni hafi verið tekin úr verkinu til litrófsgreiningar á bindiefni í FT-IR smásjá hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands: Svartur litur úr áritun (leitað staðfestingar um olíu eða alkýð). Greindist vera alkýð. Gulhvítur litur úr ramma ofanvert til hægri (leitað staðfestingar um olíu). Greindist olía. Grár litur undir áritun (leitað staðfestingar um olíu eða alkýð). Greindist vera alkýð. Sé þetta í samræmi við það sem fram hafi komið við skoðun verksins í útfjólubláu ljósi. Áritunin sé gerð með alkýðbundnu litarefni sem og yfirmálunarlitur sem líklega hylji eldri höfundarmerkingu verksins. Þórarinn B. Þorláksson hafi látist árið 1924, þremur árum áður en alkýð var þekkt sem efni og fjörtíu og fjórum árum áður en farið var að nota það til listmálunar. Svæðið undir og umhverfis áritun sé niðurslípað og yfirmálað alkýðbundnum lit sem sé sams konar og yfirmálunarlitur í myndinni í ákærulið 3. Ummerki séu um gamla niðurslípaða áritun undir þeirri sem sýnileg er og sé hún að mestu hulin

gráum lit sem sé mun yngri en upprunalegir litir verksins. Þá sé höfundarmerking frábrugðin óvæfengdum áritunum ætlaðs höfundar. Telja verði því að málverk þetta og áritun á það hafi ekki verið gerð af hendi ætlaðs höfundar.

FFF listfræðingur, hefur rannsakað verkið. Telur hún að myndefnið og vinnubrögð gefi ótvírætt til kynna að málverkið sé eftir sama höfund og rannsóknartilvik 7 (ákæruliður 3). Líkt og þar stingi vinnubrögð mjög í stúf við það sem einkenni verk Þórarins. Auk þess sé ekki vitað til að hann hafi áritað verk sín með þeim hætti sem hér sé gert fyrr en árið 1903, en myndin er ársett 1902. Með sömu rökum og í rannsóknartilviki 7, ákærulið 3, telur listfræðingur þetta verk ekki geta verið höfundarverk Þórarins B. Þorlákssonar.

Ályktun.

Þórarinn B. Þorláksson lést árið 1924. Þá hefur því verið slegið föstu að alkýð hafi hvergi verið komið á markað fyrir árið 1927. Leitt er í ljós með rannsóknum þeirra KKK og NNN að áritun á myndina, sem er gömul olíumynd, hefur verið gerð með nýlegum lit sem inniheldur alkýð en undir honum er einnig nýlegur litur sem einnig inniheldur alkýð. Undir og umhverfis áritunina sjást ummerki um slípun. Þá hefur KKK fært rök að því að áritunin sé í nokkrum atriðum frábrugðin því sem sjáist í ósviknum myndum eftir Þórarin. Dómurinn telur af þessum ástæðum óhætt að slá því föstu að Þórarinn B. Þorláksson hafi ekki áritað myndina og að hún hafi verið árituð eftir hans dag og sé hún því fölsuð á hana. FFF hefur leitt að því listfræðileg rök að myndin sjálf sé ekki eftir Þórarin. Telur dómurinn að því megi slá föstu að myndin sé ekki eftir Þórarin B. Þorláksson.

Engin bókhaldsgögn hafa fundist hjá Gallerí Borg um það hvaðan myndin væri komin. Ákærði segist ekki muna eftir henni, enda sé langt um liðið frá því að hún var seld hjá Gallerí Borg og bendir á í þessu sambandi að þar hafi um 1000 myndir hafi að jafnaði verið seldar árlega.

Niðurstaða

Ákærða er gefið að sök að hafa sjálfur falsað eða látið falsa þessa mynd. Ekki hafa verið leiddar að þessu neinar sönnur í málinu og verður ákærði, sem neitar sök að öllu leyti, þegar af þeirri ástæðu sýknaður af því að hafa sjálfur falsað eða látið falsa myndina. Þá eru heldur engin gögn eða atvik í málinu sem benda sérstaklega til þess að ákærði hafi vitað eða hlotið að vita að myndin væri fölsuð þegar hún var seld. Ber að sýkna ákærða af þessum ákærulið og vísa frá dómi bótakröfunni sem hann varðar.

Ákæruliður 5:

Látið selja olíumálverk óþekkts höfundar sem listaverk Þórarins B. Þorlákssonar, á uppboði fyrirtækisins í Reykjavík sunnudaginn 7. mars 1993. Málverkið var selt kaupandanum D fyrir kr. 555.500.

KKK hefur rannsakað mynd þessa. Í skýrslu hans segir að hún sé máluð með þunnri málningu á léreft, sem strekkt er á blindramma og virðist samsetning vera upprunaleg. Myndefni er landslag með haf í forgrunni og fjöll í bakgrunni. Rammi sé á málverkinu. Verkið höfundamerkt „19ÞÞ03” með svörtum lit í vinstra horni að neðan. Í hægra horni að neðan og meðfram neðri langhlið séu yfirmáluð svæði sem sjá megi með berum augum. Skemmdir séu á þessu svæði. Þessar yfirmálanir séu mattar og hafi sömu áferð og gljástig og fjöll sem eru í bakgrunni myndarinnar. Þunnt, matt fernislag sé á yfirborði málverksins. Gamall svartur og gylltur rammi sé á málverkinu og á bak hans sé handskrifað með blýanti „Lundeskovvej 28”. Málverkið hafi verið ljósmyndað á litskyggjur í rafljósi og við útfjólublátt ljós við staðlaðar aðstæður. Einnig hafi verið notuð stafræn myndavél. Yfirborð málningarlags, áritun og bakhlið hafi verið smásjárskoðuð. Málningarsýni voru tekin til litrófsgreiningar á bindiefni í FT-IR smásjá hjá Raunvísindastofnum Háskóla Íslands. Þegar verkið var skimað í útfjólubláu ljósi hafi komið í ljós gamalt olíumálverk með nýlega höfundarmerkingu og breytingum á myndefni verksins. Fjöll í bakgrunni og sjór í forgrunni sýni einkenni nýlegs litar. Við skoðun í smásjá megi “greina að blöndun lita þar sem skimun í útfjólubláu ljósi gefi til kynna yngri málningu sem hafi einkenni hraðþornandi lita þar sem þeir hafa ekki blandast vel en liggja í straumum hlið við hlið...” Neðst í hægra horni að neðan megi sjá ummerki um slípun á 8 cm breiðu svæði. Svæðið sé yfirmálað gráum lit en greina megi leifar af svartri áritun undir því og upp í gegnum yfirmálunarlitinn. Einnig séu djúpar rispúr í gegnum grunn- og litarlag og niður í léreft. Áritun verksins liggja yfir sprungur í grunn- og litarlagi sem bendi til þess að hún hafi verið gerð löngu eftir tilurð verksins. Í gagnagrunni Listasafns Íslands um áritanir Þórarins B. Þorlákssonar séu um 130 óvefengdar áritanir hans frá árunum 1890-1924. Tvær meginreglur um hlutföll komi fram í gerð hins persónulega fangamarks Þórarins. Þær byggjast á því annars vegar að hæð leggja í Þ-um sé minni en breidd samsíða lína í belg sem sker leggina og lúti lengdir nánast að lögmáli gullinsniðs (19:31). Seinni reglan sé sú að hæð í belg sé samanlögð summa leggja sem eru ofan og neðan við belginn. Auk þessa sé halli bókstafa með sama halla til hægri. Höfundarmerking þessa málverks falli ekki að þessum meginreglum í óvefengdum nafnskriftum Þórarins B. Þorlákssonar. Fjögur málningarsýni hafi verið tekin úr verkinu til litrófsgreiningar á bindiefni í FT-IR smásjá hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands: Svartur litur úr áritun (UV-lýsing gefur til kynna nýlegan lit). Greindist vera alkýð. Rauðgulur litur úr himni (UV-lýsing gefur til kynna gamlan lit). Greindist vera olía. Gráblár litur úr fjalli (UV-lýsing gefur til kynna nýlegan lit). Greindist vera alkýð. Grár litur úr yfirmálun í hægra horni að neðan (UV-

lýsing gefur til kynna nýlegan lit). Greindist sem alkýð. Niðurstöður bindiefnagreiningar staðfesti það sem fram hafi komið við skimun verksins í útfjólubláu ljósi og skoðun í smásjá. Verkinu hafi verið breytt og ný höfundarmerking sett á verkið með alkýðbundnu litarefni. Ætlaður höfundur verksins hafi látist árið 1924, eða þremur árum áður en alkýð uppgötvaðist sem efni og fjörutíu og fjórum árum áður en byrjað var að framleiða það til listmálunar. Ætlaður höfundur geti því ekki hafa notað þetta efni. Forvörðurinn álítur af þessum ástæðum að málverkið sé ekki eftir ætlaðan höfund.

FFF hefur gert listfræðilega greiningu á verkinu. Þar segir að myndefnið sé ekki óalgengt í verkum Þórarins. Hins vegar séu landslagsmyndir hans yfirleitt byggðar á tvítóna grunni, þ.e. dökkum í mynd landsins og ljósum í mynd himinsins. Fylling litanna í rökkvuðum landslagsmyndum Þórarins gefi heildarsvip þeirra þyngd og dýpt. Hún telur að þetta málverk beri ekki með sér að vera eftir höfund sem tamið hafi sér þessi vinnubrögð Þórarins. Í heild einkennist það af einhæfri pensilskrift og yfirborðslegri litameðferð sem geri yfirborð þess flatneskjulegt. Hvergi örli á viðleitni til að skerpa andstæður milli rökkvaðs lands og upplýsts himins til að laða fram ákveðið andrúmsloft, kyrrt eða þrungið; til þess séu vinnubrögðin of yfirborðsleg og viðvaningsleg. Enda þótt myndefnið eigi sér hliðstæðu í verkum Þórarins beri málverkið vott um að vera eftir höfund sem hvorki hafi haft þá skólun né listrænu hæfileika sem Þórarinn B. Þorláksson hafði og verk hans séu til vitnis um. Því telur listfræðingurinn ekki að það geti verið frá hans hendi.

Ályktun.

Þórarinn B. Þorláksson lést árið 1924. Þá hefur því verið slegið föstu að alkýð hafi hvergi verið komið á markað fyrir árið 1927. Leitt er í ljós með rannsóknum þeirra KKK og NNN að áritun á myndina, sem er gömul olíumynd, hefur verið gerð með nýlegum lit sem inniheldur alkýð og að myndinni hefur sjálfri einnig verið breytt með nýlegum alkýðlit. Merki eru um það að áritun neðst í hægr horni myndarinnar hafi verið afmáð. Þá hefur KKK fært rök að því að áritunin sé í nokkrum atriðum frábrugðin því sem sjáist í ósviknum myndum eftir Þórarin. Dómurinn telur af þessum ástæðum óhætt að slá því föstu að Þórarinn B. Þorláksson hafi ekki áritað myndina og að hún hafi verið árituð eftir hans dag og sé hún því fölsuð á hana og að myndinni hafi auk þess verið breytt eftir lát Þórarins. FFF hefur leitt að því listfræðileg rök að myndin sjálf sé ekki eftir Þórarin. Dómurinn fellst á það og telur óhætt að slá því föstu að myndin sé ekki eftir Þórarin B. Þorláksson.

Engin bókhaldsgögn hafa fundist hjá Gallerí Borg um það hvaðan myndin er komin en fyrir liggur að hún var seld á uppboði gallerísins 7. mars 1993. Ákærði segist ekki muna eftir myndinni, enda sé langt um liðið frá því að hún var seld.

Niðurstaða

Ákærða er gefið að sök að hafa sjálfur falsað eða látið falsa þessa mynd. Ekki hafa verið leiddar að þessu neinar sönnur í málinu og verður ákærði, sem neitar sök að öllu leyti, sýknaður af því að hafa sjálfur falsað eða látið falsa myndina. Engin gögn eða atvik eru í málinu sem benda sérstaklega til þess að ákærði hafi vitað eða hlotið að vita að myndin væri fölsuð þegar hún var seld. Ber að sýkna ákærða af þessum ákærulið og vísa frá dómi bótakröfunni sem hann varðar.

Ákæruliður 6:

Látið selja falsað myndverk sem listaverk Jóhannesar S. Kjarvals á uppboði fyrirtækisins í Reykjavík sunnudaginn 7. mars 1993. Myndina hafði ákærði gert eða látið gera eftir þekktu verki. Myndverkið var selt kaupandanum E fyrir kr. 230.000.

NNN segir í álitsgerð sinni 24. september 1998 um verk þetta að það sé gert með vatnslit og tússbleki á pappír frá Fabriano, rúmlega 52x64 sm, málað á sléttari hlið arkarinnar, sem sé heil og óskorin, okkur-gul. Pappírinn sýni „ekki merki öldrunar en gæti þó verið eldri en pappír í flokkum B og C“. Göt eftir teiknibólur í hornum og jaðrar rifnir, en rifumyndun „ósannfærandi“. Vatnslitir gefi endurskin í útfjólubláu ljósi sem gæti gefið til kynna að í honum sé titáníumdíoxíð eða titáníumdíoxíð ásamt zinkoxíði. Í lokaÁlyktun. kemur fram sú skoðun forvarðarins að pappírinn sé nýr eða nýlegur. Í álitsgerð 6. desember 2002 segir forvörðurinn að pappírinn sé „sennilega“ gamall. Hann metur það svo út frá niðurstöðum „úr pappírs-rannsóknnum, tæknilegri vinnslu mynda og litanotkun“ að „yfirgnæfandi líkur séu á“ að myndin sé fölsuð.

HHH segir í álitsgerð sinni um verk þetta að það sé gert á pappír sem sé ekki dæmigerður fyrir listamanninn og fram er komið hjá honum að hann telji að listamaðurinn hafi kosið að nota harðan pappír fremur en mjúkan. Byggir hann það á athugun sem hann gerði á pappírsverkum hans sem hann sá á Kjarvalsstöðum. Af þessu ályktar sérfræðingurinn að vísbending sé um það að verk þetta sé falsað (3. flokkur).

GGG hefur gert listfræðilega greiningu á verkinu. Í skýrslu hennar segir að meginþættir verksins (fjallgarður, vogskorin strönd, skúta og vangamynd) séu allt þekkt myndefni úr verkum Kjarvals. Hins vegar séu útlínur vangamyndar þessarar ómarkvissar, teikningin án tilþrifa og virki óörugg, t.d. í höku, kjálkalínu, augnabrún, auga og öxl, sem sé afar ólíkt hinum sterkt stíliseruðu vinnubrögðum Kjarvals. Einnig gangi myndbygging illa upp, því árekstur sé milli tvívíðs forgrunns (vangamynd, blómaskrúð) og þrívíðs bakgrunns, t.d. þar sem öxl rennur saman við fjöruborð/haf. Blómaskrautið sé frábrugðið blómaskreyti Kjarvals en útfært á svipaðan hátt og í rannsóknartilviki 16, þ. e. ákærulið 15. Þungt yfirbragð og þéttur litur sé ekki það sem vænta megi af vatnslitamyndum listamannsins sem einkennist af léttu yfirbragði og

þunnum lit. Telur listfræðingur því að þetta verk sé að mörgu leyti ólíkt því sem vænta mætti af verki eftir Kjarval og beri ekki augljós höfundareinkenni hans.

Niðurstaða

Álitsgerðir NNN um aldur pappírsins í þessari mynd virðast vera ósamhljóða. Hann telur yfirgnæfandi líkur vera til þess að myndin sé fölsuð og vísar um það til niðurstöðu pappírsrannsóknar, tæknilegrar vinnslu myndarinnar og litanotkunar. Hann rökstyður það þó ekki frekar og ekki er það skýrt nánar hvað við sé átt með ósannfærandi rifum í jöðrum pappírsins. HHH telur vísbendingu vera um að myndin sé fölsuð þar sem listamaðurinn hafi fremur viljað nota harðan pappír en mjúkan. Dómurinn álítur að þau rök sem þeir NNN og HHH hafa fært fram fyrir því að myndin sé fölsuð dugi ekki til þess að það geti talist sannað. GGG telur mynd þessa ekki bera augljós höfundareinkenni Kjarvals og að mörgu leyti ólíka öðrum myndum hans. Verður að telja að líkur séu fyrir því að myndin sé fölsuð en ekki þykir vera óhætt í sakamáli að telja það sannað. Ber því að sýkna ákærða af þessum ákærulið og vísa frá dómi bótakröfunni sem hann varðar.

Ákæruliður 7:

Látið selja olúmálverk óþekkts höfundar sem listaverk Nínu Tryggvadóttur á uppboði fyrirtækisins í Reykjavík sunnudaginn 2. maí 1993. Málverkið var selt kaupandanum É fyrir kr. 83.600.

KKK forvörður hefur rannsakað mynd þessa. Í skýrslu um rannsóknina segir hann myndina vera málaða með málningu á masónítplötu. Skemmdir við jaðra hennar bendi til þess að platan hafi verið skorin eftir að myndin var máluð. Hún er grunnuð með hvítu grunnefni að framan og aftan. Myndefni er borgarhverfi að vetralagi og verkið höfundamerkt „N. TRYGGVADÓTTIR” með ljósum rauðbrúnum liti í vinstra horni að neðan. Yfirborð myndarinnar sé óhreint og hún virðist vera gömul. Mjög þunnt fernislag sé á verkinu. Rauður stimpill frá Smiðjunni er á miðri bakhliðinni. Engar aðrar upplýsingar er að finna á bakhlið verksins. Málverkið hafi verið ljósmyndað á litskyggjur í rafljósi og við útfjólublátt ljós við staðlaðar aðstæður. Skoðun á yfirborði málningarlags, áritun og bakhlið hafi farið fram undir smásjá. Við skimun verksins í útfjólubláu ljósi hafi komið fram blá ljómageislun í hægra horni að neðan og í áritun. Daufblá geislun hafi einnig komið fram víðar í verkinu, s.s. meðfram vinstri jaðri og undir og neðan við áritun. Við skoðun í smásjá sjáist að þessi daufbláa geislun er ekki nýr litur heldur stafi hún líklega frá hvítu litar- eða bindiefni í grunni verksins. Í hægra horni að neðan sjáist að skrapað hafi verið ofan í litalagið og megi sjá leifar af ljósbláum lit sem ná út undir nýlega yfirmálað svæði neðst við vinstri jaðar. Þessi litur, sem að öllum líkindum hafi verið upprunaleg

höfundarmerking, sé efsti litur af fjórum á þessu svæði að undanskildum yfirmálunarlitnum sem lykur hann að hluta. Með því að afþekja hluta yfirmálunarlitar komi í ljós frekari merki um skröpun á þessum bláa lit. Áritun á verkinu, „N. TRYGGVADÓTTIR”, í vinstra horni að neðan, sé máluð yfir sprungur í litalagi og því gerð löngu eftir tilurð verksins. Fjögur málningarsýni voru tekin úr verkinu til litrófsgreiningar á bindiefni í FT-IR smásjá hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands: Rauðbrúnn litur úr áritun (UV-lýsing gefur til kynna alkýð eða nýlega málningu). Greindist vera alkýð. Rauðbrún yfirmálning (UV-lýsing gefur til kynna alkýð eða nýlega málningu). Greindist vera alkýð. Rauður litur úr tré (LTV-lýsing gefur til kynna gamlan lit). Greindist vera olía. Svartur litur úr bakgrunni (athugað hvort um er að ræða olíu). Greindist vera olía. Niðurstaða bindiefnagreiningar staðfesti það sem komið hafi fram við skimun verksins og skoðun í smásjá. Áritun verksins sé gerð með alkýðbundnum litarefnum sem og yfirmálunarlitur í hægra horni að neðan, en verkið sjálft sé gamalt olíumálverk. Nína Tryggvadóttir, ætlaður höfundur verksins, lést í júní árið 1968, sama ár og fyrsta listmálunarefnið (þurrkefni) sem inniheldur alkýð hafi komið á markað í Bretlandi. Hún hafði þá átt við langvarandi veikindi að stríða og sé talið að hún hafi málað sín síðustu verk á árinu 1967 og því ekki haft tækni að nota alkýðbindiefni í verk sín. Ummerki séu um að upprunaleg höfundarmerking hafi verið skröpuð af verkinu og ný áritun gerð með alkýðbundnum litarefnum. Þá hafi verið reynt að hylja ummerki um skröpun á áritun með yfirmálun. Yngri áritun sé máluð yfir sprungur í litalagi og því tilkomin löngu eftir að verkið var málað. Verkið eða höfundarmerking á því geti því ekki verið eftir ætlaðan höfund.

Dóttir Nínu Tryggvadóttur, hefur komið fyrir dóminn. Hún fullyrðir að umrædd mynd sé ekki eftir móður hennar. Hún kveðst þekkja listaverk móður sinnar mjög vel, aðferðir hennar við málunina, litanotkun hennar og einnig efnisnotkun. Þá þekki hún listrænan stíl hennar á mismunandi tímum og þegar hún hafi séð myndirnar í málinu sem kenndar eru Nínu, hafi hún strax gert sér grein fyrir því að þær væru ekki eftir hana. Um þessa mynd sé það að segja að tréin í henni virðist ekki hlíta þyngdarlögmálinu og virðast geta dottið um koll. Þá virðist jafnvel eins og þau vaxi upp úr húspaki en Nína hefði gert verk sitt þannig að það færi ekki á milli mála að tréin yxu í jarðvegi og að þau væru lifandi. Hún kveðst gera ráð fyrir að þetta verk eigi að vera frá því seint á 4. áratugnum en á þeim tíma sé mjög ólíklegt að hún hefði ritað nafn sitt þarna. Þá sé eins og stromparnir séu að koma upp úr trjánun en það hefði hún aldrei gert. Myndin virðist máluð masonít en slíkt hafi hún gert síðar á listamannsferlinum.

EEE listfræðingur, hefur skoðað þessa mynd. Segir hún í áliti sínu að verkið geti verið handbragð hvaða málara sem er sem hlotið hafi undirstöðumenntun í málun. Þess vegna geti verið um að ræða verk sem Nína Tryggvadóttir hafi unnið um það

leyti er hún hélt til náms eða jafnvel á námsárunum í Kaupmannahöfn, áður en hún þróaði sinn persónulega stíl.

Ályktun.

Leitt hefur verið í ljós með rannsókn þeirra KKK og NNN, að mynd þessi er gömul og máluð með olíulitum en áritun neðst til vinstri í myndinni og svæði neðarlega til hægri, sem hafi verið skrapað, hafi verið máluð með nýlegri, alkýðbundnum litum. Eins og áður var rakið er í málinu talsverð óvissa um framleiðslu- og notkunarsögu alkýðs eftir að það kom á markað 1927. Er því ekki hægt að útiloka að Nína Tryggvadóttir hafi getað notað alkýðliti á listamannsferli sínum. Á hinn bóginn hlýtur það að teljast ólíklegt að hún hafi áritað myndina löngu eftir að hún var máluð en dómurinn telur að það sé þó ekki alveg hægt að útiloka. Loks hlýtur það að teljast grunsamlegt að svæði hafi verið skrapað og yfirmálað neðst til hægri á myndinni. EEE hefur í álitagerð sinni sagt að geti í raun verið handbragð hvaða málara sem er, sem hlotið hafi undirstöðumenntun í málun og geti því verið um að ræða verk sem Nína Tryggvadóttir vann um það leyti sem hún hélt til náms eða jafnvel á námsárunum hennar í Kaupmannahöfn. Þegar allt þetta er athugað þykja vera komnar fram nægar sönnur fyrir því að mynd þessi sé fölsuð.

Engin bókhaldsgögn hafa fundist hjá Gallerí Borg um það hvaðan myndin er komin. Ákærði segist ekki muna eftir myndinni og getur það í sjálfu sér ekki talist ótrúlegt.

Niðurstaða

Ákærða er gefið að sök að hafa sjálfur falsað eða látið falsa þessa mynd sem seld var á uppboði 2. maí 1993. Ekki hafa verið leiddar að þessu neinar sönnur í málinu og verður ákærði, sem neitar sök að öllu leyti, þegar af þeirri ástæðu sýknaður af því að hafa sjálfur falsað eða látið falsa myndina. Engin gögn eða atvik eru heldur í málinu sem benda sérstaklega til þess að ákærði hafi vitað eða hlotið að vita að myndin væri fölsuð þegar hún var seld. Ber að sýkna hann af þessum ákærulið og vísa frá dómi bótakröfunni sem hann varðar.

Ákæruliður 8:

Látið selja olíumálverk óþekkts höfundar sem listaverk Þórarins B. Þorlákssonar á uppboði fyrirtækisins í Reykjavík sunnudaginn 2. maí 1993. Málverkið var selt kaupandanum F fyrir kr. 90.000.

KKK forvörður, hefur rannsakað verk þetta. Í skýrslu um rannsóknina segir að málverkið sé málað með málningu á léreft sem strekkt er á blindramma með blásaum. Samsetning virðist vera upprunaleg. Matt fernislag sé á yfirborði myndarinnar. Myndefnið er uppstilling sem sýni ávexti og grænmeti á borði. Verkið sé

höfundarmerkt 19þþ01 með svörtum lit í vinstra horni að neðan. Myndin virðist vera gömul, en áritun sýni öðruvísi gljáa en myndin. Hún liggi samt sem áður undir fernislagi. Áritunin hafi annað gljástig en verkið sjálft þrátt fyrir það að hún liggi undir fernislaginu. Málverkið hafi verið ljósmyndað á litskyggjur í rafljósi og við útfjólublátt ljós við staðlaðar aðstæður. Smásjárskoðun hafi verið gerð á yfirborði málningarlags, áritun og á bakhlið. Flúrljómun verksins í útfjólubláu ljósi hafi gefið til kynna að um gamalt verk væri að ræða. Áritun verksins komi fram mjög dökk sem gefi til kynna að hún væri nýlega gerð og innihéldi nútímamálningu. Við smásjárskoðun komi fram að áritunin sé undir nýlegu fernislagi sem ekki sé farið að gulna. Undir og umhverfis áritunina sjáist afar þunnt lag af svörtum lit á víð og dreif. Ekki sé hægt að segja til um hvort um afmáða áritun sé að ræða eða hvort þessi litur tilheyri verkinu. Áritunin sé gerð með þéttum ógegnsæjum lit og hafi ekki bundist vel við málningarlag málverksins þannig að litur sé farinn að losna úr henni í flögum. Tvö málningarsýni hafi verið tekin til litrófsgreiningar á bindiefni í FT-IR smásjá hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands: Svartur litur úr áritun (vísbendingar um nútímalit). Greindist vera akrýl með alkýðíblöndunarefni. Grænn litur úr tómati (sýndi ljómageislun olíulitar). Greindist vera olía með fernis. Af niðurstöðu bindiefnagreiningar leiði að útilokað er að listmálarinn Þórarinn B. Þorláksson hafi höfundarmerkt málverkið. Hvorugt þeirra efna sem greindust í árituninni hafi verið til þegar Þórarinn lést árið 1924.

FFF hefur gert listfræðilega greiningu á verkinu. Þar segir hún að viðvaningsbragur sé á handbragði og litameðferð, svo sem í dráttum og mynd græna tjaldsins og í borðplötunni. Þessi vinnubrögð séu afar fjarri því sem einkenni málverk Þórarins, ekki síst innimyndir og uppstillingar. Telur listfræðingur því að verkið geti engan veginn staðist listrænan samanburð við málverk Þórarins. Ekki sé heldur vitað til þess að hann hafi áritað myndir sínar á þann hátt sem hér sé gert fyrir 1903.

Ályktun.

Þórarinn B. Þorláksson lést árið 1924. Þá hefur því verið slegið föstu að alkýð hafi hvergi verið komið á markað fyrir árið 1927. Leitt er í ljós með rannsóknum þeirra KKK og NNN að áritun á myndina, sem er olíumynd, er gerð með nýlegri alkýðbundinni málningu. Dómurinn telur af þessari ástæðu óhætt að slá því föstu að Þórarinn B. Þorláksson hafi ekki áritað myndina og hafi það verið gert eftir hans dag og sé því áritunin fölsuð á hana. FFF hefur leitt að því listfræðileg rök að myndin sjálf sé ekki eftir Þórarin. Telur dómurinn rétt að fallast á það og sé óhætt að slá því föstu að myndin sé ekki eftir Þórarin B. Þorláksson.

Engin bókhaldsgögn hafa fundist hjá Gallerí Borg um það hvaðan myndin er komin en fyrir liggur að hún var seld Listasafni Reykjavíkur á uppboði hjá Gallerí Borg 3. desember 1992. Þegar lögregla leitaði eftir því hjá ákærða hvar hann hefði

fengið myndina ritaði lögmaður hans bréf til lögreglunnar þar sem fram kom að ákærði segðist hafa keypt þessa mynd ásamt þremur öðrum myndum hjá manni í Møller í Rødovre í Danmörku. Meðal gagna málsins er síða úr blaðinu Rødovre Avis 29. október 1997 þar sem ákærði auglýsir eftir manninum. Þegar ákærði var yfirheyrður um þetta tilvik hjá lögreglu í nóvember 1997 lagði hann fram ódagsetta kvittun fyrir viðskiptunum sem hann kvaðst hafa fundið heima hjá sér. Hann kvaðst hafa farið akandi heim til mannsins einhvern tíma á bilinu 1989 til 1990 eftir að maðurinn hafði svarað auglýsingu í dagblaði. Maður þessi hefði verið gráhærður og þunnhærður eða sköllóttur. Ekki kvaðst ákærði muna eftir því hvar maðurinn bjó eða í hvernig húsi. Eftirgrennslan á vegum lögregluyfirvalda í Danmörku benti til þess að maður þessi væri héraðsdómari, f. 1907, d. í júlí 1994. Kvittunin sem ákærði lét í té er ódagsett. Var hún fengin skjalarannsóknardeild ríkislögreglunnar í Kaupmannahöfn til rannsóknar og borin saman við skriftarsýni sem óyggjandi stöfuðu frá sama manni. Sá sem rannsóknina gerði hefur ekki verið kvaddur fyrir dóm og ekki er annað í málinu um rannsókn þessa en ljósrít af skýrslu hans um hana. Verður ekki byggt á henni í málinu, sbr. 45. gr. laga um meðferð opinberra mála. Meðal gagna málsins er ljósrít af persónuskilríkjum mannsins, sem lagt var fram í meðferð málsins fyrir dómi, og eftir því sem séð verður virðist lýsing ákærða á manni þessum geta átt við hann. Bókhaldsgögn um viðskiptin hafa ekki fundist hjá Gallerí Borg.

Bróðursonur mannsins, hefur komið fyrir dóm. Hann segist hafa verið nákominn þessum frænda sínum og oft komið á heimili hans sem hefði verið óbreytt frá bernskuheimili hans, en hann hefði búið með móður sinni. Hann hefði engu bætt við það innbú. Hann segir föðurbróður sinn hafa verið afar nákvæman og smámunasaman mann sem hefði haldið nákvæma skrá yfir eigur sínar og sýnir gögn því til stuðnings. Hafi hann verið svo nákvæmur að hann hafi talið fram til skatts smámyntina sem hann var með í vösunum um hver áramót. Kveðst vitnið hafa komið oft á heimili frænda síns og fullyrðir að myndin sem um er að ræða í málinu hafi aldrei verið í eigu hans. Þá segir hann að maðurinn hefði aldrei farið að gefa út ódagsetta kvittun, nákvæmur eins og hann hafi verið. Loks segir hann að þær myndir sem verið hafi á heimilinu hafi verið lítils virði, ekki meira en 100 kr. hver mynd.

Eiginkona vitnisins hefur einnig komið fyrir dóm og kveðst hún aldrei hafa séð myndirnar sem um ræðir og hafi hún komið á heimili mannsins um 40 ára skeið. Hafi hún þekkt þar allt innbú sem hafi verið óbreytt allan þann tíma. Hann hafi aldrei breytt neinu, ekki einu sinni hitastillingunni á sumrin. Myndir á heimili hans hafi ýmist verið mjög gamlar eða þá nýtskulegar myndir eftir einhverja viðvaninga.

Niðurstaða

Ákærða er gefið að sök að hafa sjálfur falsað eða látið falsa þessa mynd. Ekki hafa verið leiddar að þessu neinar sönnur í málinu og verður ákærði, sem neitar sök að öllu leyti, sýknaður af því að hafa sjálfur falsað eða látið falsa myndina.

Tvö vitni sem dómurinn telur að séu áreiðanleg og hafi verið gjörkunnug manningum hafa útilokað að myndin sem um ræðir hafi verið á heimili hans eða hann getað átt hana. Verður að telja óhætt að byggja á því. Aftur á móti hefur ákærði lagt fram kvittun sem ekki hefur verið hnekkt og lýsing hans á þeim sem seldi honum myndirnar getur komið heim og saman við þá ljósmynd sem er í gögnunum. Enda þótt það geti ekki beinlínis talist líklegt, er ekki hægt að útiloka að maðurinn hafi tekið að sér að selja þessa mynd fyrir eigandann. Hefur ekki verið hnekkt framburði ákærða um það hvernig hann er að myndinni kominn og að hann hafi verið í góðri trú þegar hann seldi þær. Ber að sýkna hann af þessum ákærulið og vísa bótakröfunni varðandi hann frá dómi.

Ákæruliður 9:

Látið selja olíumálverk óþekkts höfundar sem listaverk Jóns Stefánssonar á uppboði fyrirtækisins í Reykjavík, sunnudaginn 2. maí 1993. Málverkið var selt kaupandanum G fyrir kr. 214.500.

KKK tók mynd þessa til rannsóknar. Í skýrslu um hana segir að málverkið sé málað með þykkri málningu á milligróft léreft, strekkt á blindamma og fest með blásaumi. Nokkrir naglar séu ryðgaðir. Allir kantar eru málaðir og hefur myndin verið strekkt eftir að hún var máluð. Myndefni uppstilling sem sýnir blóm í potti á borði og túlípana í vasa. Verkið sé höfundarmerkt „Jón Stefánsson” með svörtum lit í hægra horni að neðan. Nýr fernis sé á myndinni og bómullaþræðir víða fastir í því. Málverkið hafi verið ljósmyndað í rafljósi og við útfjólublátt ljós við staðlaðar aðstæður. Einnig hafi verið notuð stafræn myndavél. Smásjárskoðun hafi verið gerð á yfirborði málningarlags, áritun og bakhlið. Í útfjólubláu ljósi hafi sést flúrljómun gamallar málningar en við skugga frá blómakönnu til vinstri og í áritun hafi komið fram flúrljómun nýlegrar málningar. Í smásjárskoðun sjáist nýlegur, mattur fernis yfir öllu yfirborði verksins og áritun. Undir fernislaginu sjáist leifar gulnaðs og gamals fernis í „lautum” og ójöfnum í málningarlagi og liggi áritun verksins yfir þessum leifum. Við skugga frá blómakönnu sé yfirmálað svæði og toppar í lérefti eyddir. Svæðið hafi verið skimað með innrauðum búnaði og komið fram skyggt svæði sem gaf til kynna undirliggjandi áritun. Yfirmálunarlitur hafi verið fjarlægður að hluta á þessu svæði og leitað afmáðrar áritunar en ekkert kom fram um sem benti til slíks. Ummerki við áritun verksins bendi til þess að hún hafi verið tvígerð þar sem sjá megi leifar af svörtum lit sem runnið hafi til við áritunina og milli bókstafa í árituninni. Skemmdir séu í málningarlagi umhverfis og undir árituninni og eru göt eða gígar ofan

í málningarlagið sem bendi til þess að leysiefni hafi verið notað á þessu svæði. Þrjú málningarsýni hafi verið tekin úr verkinu til litrófsgreiningar á bindiefni í FT-IR smásjá hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands; Svartur litur úr áritun (flúrljómun gefi til kynna nýlega málningu). Greindist í því vax. Rauður litur úr túlípana (flúrljómun gefur tilkynna gamla málningu). Greindist sem olía. Svartur litur úr áritun (flúrljómun gefur til kynna nýlega málningu). Greindist sem alkýð. Niðurstaða bindiefnagreiningar staðfestir það sem fram hafi komið við skimun verksins og skoðun í smásjá. Áritun sé gerð með alkýðbundnu litarefni en málverkið sé málað með olíulitum. Jón Stefánsson, ætlaður höfundur málverksins, hafi látist árið 1962 en framleiðsla listmálunarefnis með alkýðinnihaldi hafi byrjað árið 1968. Merkingin geti því ekki verið eftir hann.

FFF listfræðingur, rannsakaði málverkið. Álit hennar er að litameðferð sé einhæf og blæbrigðalaus, pensildrættir einsleitir og formin skorti þann þéttleika sem heyri til höfuðeinkenna verka Jóns. Málverkið einkennist af hikandi vinnubrögðum sem gefi til kynna að höfundur þess hafi ekki haft þann listræna þroska og metnað sem Jón Stefánsson hafði. Niðurstaða listfræðings er að það geti ekki verið verk ætlaðs höfundar, Jóns Stefánssonar.

Ályktun.

Sýnt hefur verið fram á það með rannsókn KKK og NNN að myndin sé máluð með olíulitum en áritunin á hana með nýrri lit og að liturinn í árituninni innihaldi alkýð. Þá hefur verið sýnt fram á það að undir árituninni er gamalt fernislag og að svæði vinstra megin neðarlega hefur verið máð og yfirmálað með nýlegri lit. Fyrir liggur að Jón Stefánsson lést 1962. Vegna þeirrar óvissu sem ríkir í málinu um framleiðslu- og notkunarsölu alkýðs er ekki unnt að útiloka það að hann hafi notað liti með alkýðinnihaldi. Aftur á móti verður að telja það einkar tortryggilegt að verkið er áritað löngu eftir að það var málað og að átt hefur verið við líklegan stað fyrir höfundaráritun. FFF hefur fært fagleg rök að því að málverkið sé ekki eftir Jón Stefánsson. Dómurinn telur vera komnar fram nægar sönnur fyrir því að mynd þessi sé fölsuð.

Engin bókhaldsgögn hafa fundist hjá Gallerí Borg um það hvaðan myndin er komin en fyrir liggur að hún var slegin Fjárfestingabanka atvinnulífsins á uppboði gallerísins 2. maí 1993. Ákærði kveðst ekki muna eftir þessari mynd og telur líklegt að hann hafi verið frá vegna veikinda þegar myndin var seld.

Niðurstaða

Ákærða er gefið að sök að hafa sjálfur falsað eða látið falsa þessa mynd. Ekki hafa verið leiddar að þessu neinar sönnur í málinu og verður ákærði, sem neitar sök að öllu leyti, sýknaður af því að hafa sjálfur falsað eða látið falsa myndina. Engin sérstök

gögn eða atvik eru heldur í málinu sem benda sérstaklega til þess að ákærði hafi vitað eða hlotið að vita að myndin væri fölsuð þegar hún var seld. Ber að sýkna hann af þessum ákærulið og vísa frá dómi bótakröfunni sem hann varðar.

Ákæruliður 10:

Látið selja olíumálverk óþekkts höfundar sem listaverk Guðmundar Thorsteinssonar (Muggs) á uppboði fyrirtækisins í Reykjavík sunnudaginn 31. október 1993. Málverkið var selt kaupandanum H fyrir kr. 115.500.

KKK forvörður, rannsakaði verk þetta. Í skýrslu um rannsóknina segir hann að það sé málað á þunnt léreft/hör á blindramma og ekki ársett. Þá segir að það sé merkt stöfunum G Th „(Guðmundur Thorsteinsson (Muggur), 1891-1924)”. Myndefni sé landslag. Samsetning blindramma sé upprunaleg en hann sé af þeirri gerð sem komið hafi fram um og eftir 1930. Nýlegt fernislag sé yfir málningarlagi. Á bakhlið blindramma í vinstra horni að ofan sé áletrað með penna: „G. Thorsteinsson Ísland”. Á neðri skammhlið sé rauður miði frá: „BACHS KUNSTHANDEL GL. STRAND 36 KØBENHAVN” sem límdur er með húðlími eða gúmmí arabikum. (Var notað fram yfir miðbik 20. aldar fyrir tilkomu plastlíma). Slípað svæði sé efst á vinstri skammhlið blindramma og til hægri á efri langhlið. Leifar séu eftir blýantsskrift á báðum svæðunum. Verkið hafi verið ljósmyndað á litskyggjur í rafljósi og við útfjólublátt ljós við staðlaðar aðstæður. Yfirborð málningarlags, áritun og áletranir á bakhlið hafi verið skoðaðar í smásjá. Við skimun verksins í útfjólubláu ljósi komi fram flúrljómun hefðbundins olíulitar og viðgerðir sjáist sem blár litur. Áritun komi sterkt fram sem nýleg málning. Við skoðun í smásjá sést að málningarlag er lítillega sprungið og oxun (öldrun) er lítil. Nýlegt, matt fernislag þeki yfirborð og áritun og trefjar, líklega úr bómull, séu fastar í fernislaginu. Léreft verksins sýni lítil einkenni morknunar og sé sterkt sem nýtt væri. Áritun verksins sé gerð yfir sprungur í litalagi með þunnum svörtum lit og hefur liturinn í henni runnið eftir þeim. Áritun verksins hafi því átt sér stað löngu eftir að það var málað. Undir árituninni sjáist gráar litaleifar sem beri form áritunar og ummerki séu um slípun á toppum í lérefti. Fjögur málningarsýni voru tekin úr verkinu til litrófsgreiningar á bindiefni í FT-IR smásjá hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands; Svartur litur úr áritun (UV-ljómun gefur til kynna nýlega málningu). Greindist sem alkýð og feneysk terpentína. Blágrár litur úr himni, viðgerð (UV-ljómun gefur til kynna nýlega málningu). Greindist sem olía. Grænn litur úr tré til hægri (UV-ljómun gefur til kynna gamla málningu). Greindist sem olía. Hvítur litur úr jörð til hægri (UV-ljómun gefur til kynna gamla málningu). Greindist sem olía. Niðurstöður bindiefnagreininga ber saman við það sem sást undir útfjólubláu ljósi og við skoðun í smásjá. Verkið sé gamalt olíumálverk, viðgert með olíulit og áritun sem nýlega hafi verið gerð með litarefni, bundnu og blönduðu með

alkýð og feneyskri terpentínu. Ætlaður höfundur lést árið 1924, nokkrum árum áður en alkýð var upp fundið sem efni og 44 árum áður en farið var að nota það til listmálunar. Af blindramma verksins að dæma, sem virðist tilheyra upprunalegri gerð verksins, er verkið málað eftir 1930. Þá segir forvörðurinn að burðarlag verksins (léreft) sýni ekki merki hrörnunar eins og ætlaður aldur þess gefi ástæðu til. Þá séu ummerki um afmáðar áletranir á bakhlið verksins. Yfirborð málningarlags sýni ekki merki oxunar (öldrunar) eins og ætlaður aldur gefi ástæðu til. Ummerki séu um slípun yfirborðs við áritun og afmáða eldri áletrun undir og neðan við þá sýnilegu. Áletrun sé gerð yfir sprungur í litalagi. Áletrun verksins sé gerð með alkýðbundnu litarefni. Efnið alkýð hafi ekki verið upp fundið þegar ætlaður höfundur lést. Þá séu ummerki og aðferð sams konar og í fjölda annarra rannsóknartilvika.

DDD, lögreglufulltrúi og rithandarrannsóknari, var fenginn til þess að rannsaka höfundarmerkingu verksins og bera hana saman við 12 óvefengd verk eftir Mugg. Í skýrslu sem hann hefur gert um rannsóknina segir að um sé að ræða eðlilega skrift með einhvers konar skriffæri. Skriftarlegt misræmi sé milli áritunar á myndinni og ósviknu myndunum. Þannig sé formið á stafnum G ekki að finna í ósviknu myndunum og bogi ásamt tengingu boga og leggs í stafnum h sé einnig í ósamræmi við þær. Hann segir þó í skýrslunni að hann geti ekki komist að afgerandi niðurstöðu um það hvort höfundarmerkingin sé fölsuð eða ekki þar sem rannsóknargögnin séu af skornum skammti.

GGG hefur gert listfræðilega greiningu á verkinu. Þar segir að í því séu ekki nein augljós höfundareinkenni sem tengi það við Mugg og þar megi sjá vinnubrögð sem séu ólík verkum hans. Blæbrigði vatnsflatarins séu til að mynda máluð með litlum tilprifum og með lóðréttum pensilstrokum, en Muggur hafi málað haf og speglanir með láréttum pensilstrokum þar sem litrófið samanstóð af fjölda litatóna. Eins séu mörk runna og endurspeglunar óljós, ólíkt því sem sjá má í málverkum Muggs þar sem mörkin milli lands og speglunar í vatni séu skýr. Ennfremur hafi ekki fundist danskt landslag í myndefnum olíumálverka listamannsins. Listfræðingur telur því afar ólíklegt að Guðmundur Thorsteinsson (Muggur) hafi málað þetta verk.

Ályktun.

Leitt hefur verið í ljós með rannsóknum KKK og NNN að verkið er gamalt og málað olíulitum en í árituninni er málning með alkýðinnihaldi. Hefur sú áritun verið gerð löngu síðar og svæðið undir henni verið máð á undan. Fyrir liggur að Guðmundur Thorsteinsson (Muggur) lést árið 1924, áður en farið var að framleiða alkýð. Verður því slegið föstu að áritunin sé gerð eftir hans dag og því fölsuð. GGG hefur leitt að því listfræðileg rök að afar ólíklegt sé að Guðmundur Thorsteinsson hafi málað þessa mynd. Þykir mega slá því föstu að myndin sé ekki eftir hann og sé því fölsuð.

Engin bókhaldsgögn hafa fundist hjá Gallerí Borg um það hvaðan myndin er komin en fyrir liggur að hún var seld á uppboði gallerísins 31. október 1993. Ákærði kveðst ekki muna eftir þessari mynd sem í sjálfu sér getur ekki talist ótrúlegt.

Niðurstaða

Ákærða er gefið að sök að hafa sjálfur falsað eða látið falsa þessa mynd. Ekki hafa verið leiddar að þessu neinar sönnur í málinu og verður ákærði, sem neitar sök að öllu leyti, sýknaður af því að hafa sjálfur falsað eða látið falsa myndina. Engin sérstök gögn eða atvik eru heldur í málinu sem benda sérstaklega til þess að ákærði hafi vitað eða hlotið að vita að myndin væri fölsuð þegar hún var seld. Ber að sýkna hann af þessum ákærulið og vísa frá dómi bótakröfunni sem hann varðar.

Ákæruliður 11:

Látið selja yfirmálað olíumálverk óþekkts höfundar sem listaverk Júlíönnu Sveinsdóttur á uppboði fyrirtækisins í Reykjavík sunnudaginn 27. mars 1994. Málverkið var selt kaupandanum I fyrir kr. 407.000.

KKK forvörður, hefur rannsakað mynd þessa. Í skýrslu um rannsóknina segir að hún sé máluð með þunnum litum á milligróft léreft, sem strekkt er á blindramma og fest með blásaum, bæði nýjum og gömlum. Blindrammi sé samsettur úr tveimur mismunandi gerðum blindramma og virðist endurnýttur úr tveimur blindrömmum. Sé enn blásaumur í þeim frá fyrri samsetningu. Aukagöt eftir blásaum séu á köntunum og skammhliðar málaðar með föblbleikri málningu. Léreft sé af nýlegri gerð og beri ekki einkenni tæplega hálfrar aldar öldrunar. Léreftið sé grunnað með hvítu grunnefni. Myndefni sé landslag með land og sjó í forgrunni og kletta í bakgrunni. Verkið sé höfundarmerkt „FFF Sveinsdóttir“ með rauðbrúnum lit í vinstra horni að neðan. Brodd vanti í -dóttir. Þá sé verkið einnig merkt „J.Sveinsdóttir“ með blýanti í hægri horni að neðan en sú áritun sé yfirmáluð að hluta til með bláum lit. Pensildrættir og form sem móti fyrir undir efstu litalögum bendi til þess að annað málverk sé undir því sem sýnilegt er. Málverkið hafi verið ljósmyndað á litskyggjur í rafljósi og við útfjólublátt ljós við staðlaðar aðstæður. Þá hafi yfirborð málningarlags, áritun og bakhlið verið skoðuð í smásjá. Í útfjólubláu ljósi sjáist flúrljómun af nýlegri málningu í efri litalögum verksins en flúrljómun einkennandi fyrir olíuliti komi upp í gegnum og á milli efri litalaga, svo og á jöðrum verksins. Áritun verksins sýni flúrljómun af nýlegri málningu. Við smásjárskoðun sjáist að jaðrar og stór hluti yfirborðs neðri litalaga (neðri mynd) beri merki um slípun með sandpappír. Þá séu neðri litalög sprungin við jaðra og megi víða greina göt (gíga) eins og eftir sterk leysiefni eða sýru. Nýlegur, mattur fernis sé yfir öllu verkinu. Efri litalög beri einkenni alkýðbundinnar málningar og séu litir mjúkir og sveigjanlegir. Yfirborð efstu málningarlags sé hreint og ekki að finna óhreinindi í ójöfnum og kimum í efri málningarlagi. Á neðsta hluta

efri myndarinnar megi greina blýantsstrik eða skrift sem sé að mestu undir efri litalögum. Í hægra horni að neðan hafi efsta litalag verið fjarlægt til þess að kanna hvort þar væri áritun undir. Sést hafi ólæsilegar leifar blýantsskriftar undan litalaginu en ekki sé hægt að segja hvort um áritun geti verið að ræða. Ógreinilegt fingrafar sé í efsta málningarlagi ofarlega við vinstri skammhlið. Fjögur málningarsýni voru tekin úr verkinu til litrófsgreiningar á bindiefni í FT-IR smásjá hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands: Rauðbrúnn litur úr áritun (kom fram sem nýleg málning í útfjólubláu ljósi). Greindist sem alkýð. Svartur litur úr hesti (kom fram sem nýleg málning í útfjólubláu ljósi). Greindist sem alkýð. Blár litur úr himni (kom fram sem nýleg málning í útfjólubláu ljósi). Greindist sem alkýð. Dökkgrænn litur neðan við áritun (kom fram sem eldri málning). Greindist vera olía. Niðurstöðum bindiefnagreiningar beri saman við það sem áður hafði komið fram við skimun í útfjólubláu ljósi og smásjárskoðun. Efra málverkið, sem og áritun, séu máluð með alkýðbundinni málningu en neðra verkið með olíulitum. Júlíana Sveinsdóttir, sem eignað er umrætt verk, lést árið 1966, tveimur árum áður en framleiðsla á listmálaraefni með alkýðinnihaldi hafi byrjað hjá þeim framleiðanda sem fyrstur sé talin hafa hafið framleiðslu slíks efnis og framleiðsla alkýðlita í túpum hafi byrjað árið 1976. Ætlaður höfundur hafi því ekki haft tök á að nota þessi efni. Málverkið sé nánast heilmálað yfir olíumálverk og áritað með alkýðbundinni málningu sem ætlaður höfundur hafði ekki tök á að nota. Yfirborð efsta málningarlags sé mjög hreint og beri engin ummerki öldrunar. Áletrun á bakhlið blindramma hafi verið afmáð og ummerki séu eftir horfinn límmiða. Léreft sé nýlegt og beri ekki einkenni fjögurra áratuga öldrunar. Þá eru nefnd slípun með sandpappír, notkun leysiefna á neðra málverk, notkun alkýðmálningar og mattur (vax)fermis. Séu þetta sams konar ummerki og komið hafi fram í fjölda annarra rannsóknartilvika. Júlíana Sveinsdóttir hafi því hvorki málað verkið né áritað það.

EEE listfræðingur, hefur rannsakað þessa mynd. Hún segir myndefnið sverja sig í ætt við þau verk sem Júlíana Sveinsdóttir málaði í Vestmannaeyjum 1946-1965. Hins vegar telur hún að hér sé ekki um frummynd Júlíönu að ræða heldur um eftirmynd annarra verka, því þessi mynd sé máluð yfir eldra málverk. FFF hafi ekki málað yfir aðrar myndir, hún hafi málað fáar myndir á ári og getað leyft sér að nota nýjan striga. Málaratækni hennar hafi byggst á þunnri áferð og lagskiftingu lita. Fyrir dómi sagði EEE að þessi tækni hafi verið seinunnin og gefið verkunum ákveðinn blæ sem ekki sé að finna í þessu verki. Auk þess skrifar hún að þessi mynd sé ekki ársett, en það heyri til undantekninga í vinnubrögðum málarans.

Niðurstaða

Rannsóknir þeirra KKK og NNN hafa sýnt fram á það að mynd sú sem um ræðir er öll máluð með alkýðbundnum litum yfir eldra olíumálverk. Sem fyrr segir

þykir dóminum vera svo mikil óvissa í málinu um framleiðslu- og notkunarsögu alkýðs að ekki sé hægt að útiloka það að Júlíana Sveinsdóttir, sem lést 1966, hafi notað alkýðbundna liti á ferli sínum. Þá getur það ekki talist sönnun fyrir fölsun að verkið er málað yfir eldri mynd enda ekki óþekkt að listamenn geri slíkt. Á hinn bóginn er á það að líta að KKK telur strigann vera grunsamlega nýlegan og EEE hefur leitt fagleg rök að því að myndin sé ekki eftir Júlíönu Sveinsdóttur. Segir hún m.a. að ekki sé vitað til þess að FFF hafi yfirmálað myndir og hún hafi haft efni á því að mála á nýjan striga. Hlýtur þetta að vekja grunsemdir um það að myndin sé fölsuð. Verður að telja að líkur séu fyrir því að myndin sé ekki eftir listakonuna en ekki þykir þó vera komin fram óræk sönnun fyrir því. Ber því að sýkna ákærða af ákærinni að þessu leyti og vísa frá bótakröfu vegna myndarinnar.

Ákæruliður 12:

Látið selja olíumálverk óþekkts höfundar sem listaverk Þórarins B. Þorlákssonar á uppboði fyrirtækisins í Reykjavík sunnudaginn 27. mars 1994. Málverkið var selt kaupandanum Í fyrir kr. 253.000.

KKK forvörður, hefur rannsakað mynd þessa. Í skýrslu hans um rannsóknina segir að hún sé máluð með málningu á striga, sem strekktur er á blindramma og festur með blásaumi. Samsetning virðist vera upprunaleg. Myndefni er landslag (heiðalönd) og eru hestamenn rekandi fé í bakgrunni. Þunnt fernislag sé á yfirborði myndarinnar sem sé merkt “19þþ10” með grásvartri málningu í vinstra horni að neðan. Nokkrar tölur séu skrifaðar á bakhlið blindrammans og þar séu leifar af límmiða. Þá sé þar merkispjald frá Búnaðarbanka Íslands og myndin sé í ramma. Málverkið hafi verið ljósmyndað á litskyggjur í rafljósi og við útfjólublátt ljós við staðlaðar aðstæður. Einnig hafi verið notuð stafræn myndavél. Yfirborð málningarlags, áritun og bakhlið voru skoðuð í smásjá. Ljómageislun af verkinu við útfjólubláa lýsingu gefi til kynna að um gamalt verk sé að að ræða. Breytingar virðast þó hafa verið gerðar á því og komi fram sem dökkir fletir. Í neðri hornum verksins megi sjá nýlega málningu og sé höfundarmerking verksins í vinstra horninu máluð yfir nýmálað svæði. Skemmdir séu í málningarlagi á þessu svæði. Í hægra horni að neðan megi greina yfirmálun í útfjólubláu ljósi og í smásjá megi sjá slípun á málningarlagi niður í gegnum grunnlag og niður í léreft. Málað hefur verið yfir svæðið með þunnri málningu. Ennfremur komi hestamenn og búfé, fyrir miðju verksins, greinilega fram eins og um nýja málningu væri að ræða. Fjögur málningarsýni hafi verið tekin úr til litrófsgreiningar á bindiefni í FT-IR smásjá hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands: Svartur litur úr áritun (kom fram sem yngri málning í útfjólubláu ljósi). Greindist sem alkýð. Svartur litur úr hesti (kom fram sem yngri málning í útfjólubláu ljósi). Greindist vera alkýð. Blár litur úr himni (kom fram sem hreinn olíulitur). Greindist vera olía. Dökkgrænn

litur neðan við áritun (kom fram sem yngri málning). Greindist vera alkýð. Niðurstaðan sé því sú að alkýðbundinn litur hafi verið notaður við merkingu myndarinnar og við breytingar eða viðgerðir á verkinu en hefðbundinn olíulitur sé í upprunalega verkinu. Þórarinn B. Þorláksson listmálari hafi látist árið 1924. Alkýðbundin íblöndunarefni (þurrkefni) til listmálunnar hafi fyrst komið fram um 1968 en efnið sjálft verið fundið upp árið 1927. Útilokað sé að Þórarinn hafi merkt þessa mynd eða gert á því breytingar. Þá sé á það að líta að reynt hafi verið að hylja ummerki eftir slípun á líklegum merkingarstað. Séu þetta sams konar ummerki og hafi sést á þremur myndum sem dæmt hafi verið um að væru fölsuð.

FFF hefur gert listfræðilega greiningu á verkinu. Í skýrslu hennar segir að málverkið tilheyri hinni akademísku og rómantísku landslagshefð sem Þórarinn tileinkaði sér á námsárum sínum í Danmörku. Myndefnið sé áþekkt því sem hann málaði á Jótlandi um aldamótin 1900 en sé á hinn bóginn um margt frábrugðið verkum hans frá um 1910, þegar þetta verk er ársett og hann fluttur til Íslands. Eigi það bæði við um landslagið sjálft, sem líkist ekki íslensku landslagi, sem og vinnubrögð listamannsins á þeim tíma. Ennfremur séu í málverkinu atriði, einkanlega reiðhestar og sauðfé, sem stingi í stúf við þá nákvæmni sem einkenni verk Þórarins, sem og listrænan ásetning. Niðurstaða listfræðings er að Þórarinn B. Þorláksson sé ekki höfundur þessa verks.

Rannsóknir þeirra KKK og NNN hafa sýnt fram á það að mynd sú sem um ræðir sé að mestu leyti máluð gömlum olíulitum en henni hefur verið breytt síðar með því að mála inn á hana ríðandi fólk og búfé með alkýðbundnum litum. Þá liggur það fyrir að áritunin á myndinni er einnig gerð með alkýðbundnum lit og að svæði við hana og annar staður þar sem höfundaráritun gæti hafa verið hefur verið máður og slípaður. Eins og áður er fram komið lést Þórarinn B. Þorláksson 1924, áður en farið var að framleiða alkýð. Það liggur því fyrir að áritunin á verkinu og breytingarnar geta ekki verið eftir hann. Þá hefur FFF fært listfræðileg rök að því að Þórarinn B. Þorláksson sé ekki höfundur verksins. Telur dómurinn óhætt að slá því föstu að mynd þessi sé fölsuð.

Engin bókhaldsgögn hafa fundist hjá Gallerí Borg um það hvaðan myndin er komin en fyrir liggur að hún var seld Búnaðarbanka Íslands á uppboði hjá Gallerí Borg 27. mars 1994. Þegar lögregla leitaði eftir því hjá ákærða hvar hann hefði fengið myndina ritaði lögmaður hans bréf til lögreglunnar, 29. október 1997, þar sem fram kom að ákærði segðist hafa keypt þessa mynd ásamt þremur öðrum myndum hjá manni að nafni TRM í Rødovre í Danmörku. Meðal gagna málsins er síða úr blaðinu Rødovre Avis 29. október 1997 þar sem ákærði auglýsir eftir TRM. Þegar ákærði var yfirheyrður um þetta tilvik hjá lögreglu í nóvember 1997 lagði hann fram ódagsetta kvittun fyrir viðskiptunum sem hann kvaðst hafa fundið heima hjá sér. Hann kvaðst

hafa farið akandi heim til mannsins einhvern tíma á bilinu 1989 til 1990 eftir að maðurinn hafði svarað auglýsingu í dagblaði. Maður þessi hefði verið gráhærður og þunnhærður eða sköllóttur. Ekki kvaðst ákærði muna eftir því hvar maðurinn bjó eða í hvernig húsi. Eftirgrennslan á vegum lögreglufirvalda í Danmörku benti til þess að maður þessi væri Torben Røtzler Møller, héraðsdómari, fæddur 1907 og dáinn í júlí 1994. Kvittunin sem ákærði lét í té er ódagsett. Var hún fengin skjararannsóknardeild ríkislögreglunnar í Kaupmannahöfn til rannsóknar og þar borin saman við skriftarsýni sem óyggjandi stöfuðu frá sama manni. Sá sem rannsóknina gerði hefur ekki verið kvaddur fyrir dóm og ekki er annað í málinu um rannsókn þessa en ljósrít af skýrslu hans um hana. Verður ekki byggt á henni í málinu, sbr. 45. gr. laga um meðferð opinberra mála. Meðal gagna málsins er ljósrít af persónuskilríkjum TRM, sem lagt var fram í meðferð málsins fyrir dómi, og eftir því sem séð verður virðist lýsing ákærða á manni þessum geta átt við hann. Bókhaldsgögn um viðskiptin hafa ekki fundist hjá Gallerí Borg.

Søren Møller, bróðursonur TRM, hefur komið fyrir dóm. Hann segist hafa verið nákominn þessum frænda sínum og oft komið á heimili hans sem hefði verið óbreytt frá bernskuheimili hans, en hann hefði búið með móður sinni. Hann hefði engu bætt við það innbú. Hann segir föðurbróður sinn hafa verið afar nákvæman og smámunasaman mann sem hefði haldið nákvæma skrá yfir eigur sínar og sýnir gögn því til stuðnings. Hafi hann verið svo nákvæmur að hann hafi talið fram til skatts smámyntina sem hann var með í vösunum um hver áramót. Kveðst vitnið hafa oft komið á heimili frænda síns og fullyrðir að myndir þær sem um er að ræða í málinu hafi aldrei verið í eigu hans. Þá segir hann að TRM hefði aldrei farið að gefa út ódagsetta kvittun, nákvæmur eins og hann hafi verið. Loks segir hann að þær myndir sem verið hafi á heimilinu hafi verið lítils virði, ekki meira en 100 kr. hver mynd. EiginkonaSM, Inger, hefur einnig komið fyrir dóm og kveðst hún aldrei hafa séð myndirnar sem um ræðir og hafi hún þó komið á heimili TRM um 40 ára skeið. Hafi hún þekkt þar allt innbú sem hafi verið óbreytt allan þann tíma. Hann hafi aldrei breytt neinu, ekki einu sinni hitastillingunni á sumrin. Myndir á heimili hans hafi verið annars vegar mjög gamlar eða nýtískulegar myndir eftir einhverja viðvaninga.

Niðurstaða

Ákærða er gefið að sök að hafa sjálfur falsað eða látið falsa þessa mynd. Ekki hafa verið leiddar að þessu neinar sönnur í málinu og verður ákærði, sem neitar sök að öllu leyti, sýknaður af því að hafa sjálfur falsað eða látið falsa myndina. Tvö vitni sem dómurinn telur að séu áreiðanleg og að hafi verið gjörkunnug TRM hafa aftekið það að hann hafi getað átt myndirnar sem um ræðir. Verður að telja óhætt að byggja á því. Aftur á móti hefur ákærði lagt fram kvittun sem ekki hefur verið hnekkt og lýsing hans á þeim sem seldi honum myndirnar getur komið heim og saman við þá ljósmynd

af TRM sem er í gögnunum. Enda þótt það geti ekki beinlínis talist líklegt er ekki hægt að útiloka að TRM hafi tekið að sér að selja þessar myndir fyrir einhvern annan. Hefur ekki verið hnekkkt framburði ákærða um það hvernig hann er að myndunum kominn og að hann hafi verið í góðri trú um þær þegar hann seldi þær. Ber að sýkna hann af þessum ákærulið og vísa bótakröfunni varðandi hann frá dómi.

Ákæruliður 13:

Látið selja olíumálverk óþekkts höfundar sem listaverk Þorvalds Skúlasonar á uppboði fyrirtækisins í Reykjavík sunnudaginn 27. mars 1994. Málverkið var selt kaupandanum J fyrir kr. 117.700.

KKK forvörður, hefur rannsakað þessa mynd. Í skýrslu hans um rannsóknina segir að hún sé máluð með þykkri málningu á grófan hessíanstriga, strekktan á blindramma. Samsetning verksins virðist upprunaleg og striginn sé festur við blindramma með teiknibólum. Hann sé grunnaður með hvítu grunnefni. Nýtt, þunnt og matt fernislag sé á yfirborði myndarinnar. Myndefni sé landslag sem sýni garð með húsum í bakgrunni. Verkið sé höfundarmerkt Þ.S 37 með rauðbrúnum lit í hægra horni að neðan. Nokkrar tölur sé að finna á blindramma og striga með kúlupenna og blýanti. Málverkið sé í nýlegum ramma. Málverkið hafi verið ljósmyndað á litskyggjur í rafljósi og við útfjólublátt ljós við staðlaðar aðstæður. Einnig hafi verið notuð stafræn myndavél. Yfirborð málningarlags, áritun og bakhlið hafi verið skoðuð í smásjá. Verkið hafi verið skimað í útfjólubláu ljósi og þá komið í ljós gamalt málverk með áritun og grænmálað svæði umhverfis hana sem sé mun yngra en verkið sjálft. Við skoðun í smásjá megi sjá að litalag sé sprungið og oxað (aldrað). Ljósbláar og hvítar trefjar, líklega úr gerviefni, séu um allt yfirborð myndarinnar og í grænum lit umhverfis höfundarmerkingu verksins, sem komi fram sem nýlegur litur í útfjólubláu ljósi, svo og í árituninni sjálfri, séu þessar trefjar bundnar í og undir málningunni. Virðist verkið hafa verið hreinsað eða fernisborið með klút eða „pappírs“-þurrku úr gerviefni og trefjar festst í ójöfnum í málningarlaginu. Yfirmálun við áritun og áritunin sjálf séu því tilkomin löngu eftir að verkið var málað. Vinstra megin við áritun hafi verið gerð hreinsiprufa (litur leystur upp) og glitti í rauðan lit undir nýlegu, grænu litarlaginu. Gerð hafi verið frekari tilraun til að leysa upp litalagið og þá hafi komið í ljós máð höfundarmerking þar sem lesa megi „ÞoulS 37“. Við gerð höfundarmerkingarinnar „ÞS. 37“ hafi bókstafnum „l“ í upprunalegri áritun verið breytt í „Þ“ en „S“ yfirmálað með rauðbrúnum lit. Sex málningarsýni voru tekin úr verkinu til litrófsgreiningar á bindiefni í FT-IR smásjá hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands: Rauðbrúnn litur úr áritun (UV-lýsing gefur til kynna ungan lit). Greindist vera alkýð. Rauðbrúnn litur úr áritun (UV-lýsing gefur til kynna ungan lit). Greindist vera alkýð. Rauður litur undir áritun (UV-lýsing gefur til kynna gamlan lit).

Greindist vera fernis. Rauður litur undir áritun (UV-lýsing gefur til kynna gamlan lit). Greindist vera olía og fernis. Rauður litur vinstra megin við miðju (UV-lýsing gefur til kynna gamlan lit). Greindist vera fernis. Fernissýni tekið úr hægra horni að neðan. Greindist vera vax. Niðurstöður bindiefnagreiningar sýni að verkið hafi verið málað og höfundarmerkt í upphafi með með fernis- og olíubundnum litarefnum en yngri gerð höfundarmerkingar sé gerð með alkýðbundnum litarefnum. Fernis á yfirborði innihaldi vax. Upprunaleg höfundarmerkin hafi þannig verið máð og yfirmáluð en hluti hennar notaður í nýja höfundarmerkingu sem gerð sé með alkýðlit. Niðurstaðan sé að ætlaður höfundur umrædds málverks, Þorvaldur Skúlason, hafi hvorki málað það né höfundarmerkt.

PPP forvörður, var fenginn til þess eftir ábendingu frá ákærða að rannsaka nánar hvort neðri áritunin gæti ekki verið eldri áritun eftir Þorvald, þ.e. að P-ið sem KKK taldi sig sjá væri ekki í raun Þ. Niðurstaða forvarðarins er sú að ekki geti verið um að ræða stafinn Þ og að líklega sé hér um að ræða stafina „Pouls...”.

GGG listfræðingur, hefur rannsakað þetta málverk. Telur hún að það skeri sig verulega úr verkum Þorvaldar Skúlasonar frá fjórða áratugnum. Þá hafi myndbygging listamannsins verið föst og form afmörkuð, sterk og afgerandi. Í þessu verki séu form hins vegar illa aðgreind og losaraleg, pensilskrift hröð og óróleg og útkoman flautursleg. Niðurstaða listfræðings er að þetta verk beri ekki nein höfundareinkenni sem rekja megi til Þorvalds Skúlasonar.

Ályktun.

Rannsóknir KKK og NNN hafa leitt í ljós að mynd þessi er gömul og máluð olíubundnum litum. Þá liggur fyrir að upprunaleg áritun óþekkts málara hefur verið afmáð að hluta en sumpart verið notuð til þess að mynda hina nýju áritun sem breytt hefur verið með nýrri lit. Þá hefur svæðið umhverfis áritunina verið málað með nýrri lit. Þessir litir innihalda alkýð en með vísan til þess sem áður er komið fram að í málinu er óvissa um framleiðslu- og notkunarsögu alkýðs er ekki hægt að útiloka það að Þorvaldur Skúlason hafi notað alkýðbundna liti árið 1937. Aftur á móti þykir hafa verið nægilega sýnt fram á það eftir öðrum leiðum að áritunin er fölsuð, eins og gerð hefur verið grein fyrir. Þá hefur GGG fært fyrir því listfræðileg rök að myndin sjálf beri ekki nein höfundareinkenni sem rekja megi til Þorvalds Skúlasonar. Dómurinn telur óhætt að slá því föstu að myndin sé ekki eftir Þorvald.

Engin bókhaldsgögn hafa fundist hjá Gallerí Borg um það hvaðan myndin er komin. Fyrir liggur að hún var slegin RRR á uppboði gallerísins 27. mars 1994. Ákærði kveðst ekki muna eftir þessari mynd en hefur giskað á að hann hafi keypt hana hjá Gallery Profilen í Árósum.

Niðurstaða

Ákærða er gefið að sök að hafa sjálfur falsað eða látið falsa þessa mynd. Ekki hafa verið leiddar að þessu neinar sönnur í málinu og verður ákærði, sem neitar sök að öllu leyti, sýknaður af því að hafa sjálfur falsað eða látið falsa myndina. Engin sérstök atvik eða gögn eru í málinu sem benda sérstaklega til þess að ákærða hafi verið kunnugt um það þegar myndin var seld að hún væri fölsuð. Ber að sýkna hann af þessum ákærulið og vísa frá dómi bótakröfunni sem hann varðar.

Ákæruliður 14:

Látið selja olíumálverk óþekkts höfundar sem listaverk Ásgríms Jónssonar á uppboði fyrirtækisins á Akureyri sunnudaginn 15. maí 1994. Málverkið var selt kaupandanum K fyrir kr. 70.000.

KKK hefur rannsakað mynd þessa. Í skýrslu hans um rannsóknina segir að hún sé máluð með misþykkri málningu á léreft, sem strekkt er á blindramma í nýlegri samsetningu. Blindramminn sé líklega upprunalegur og á honum ummerki eftir límmiða. Verkið sé höfundarmerkt „Ágr J.” neðst til vinstri við miðju myndarinnar og skriftin sé í málningarlaginu. Þá sé nýtt fernislag á yfirborði málverksins. Til hægri á myndfletinum sé slípað svæði og leifar af blýantsskrift sem búið sé að eyða. Á neðri skammhlið er áletrun gerð með blýanti sem er ólæsileg. Á hægri skammhlið sé talan „169” skrifuð með blýanti. Gömul ljósmynd úr dagblaði sé límd á hlífðarspjald á bakhlið, líklega gert af núverandi eiganda verksins. Rammi sé um verkið. Málverkið hafi verið ljósmyndað á litskyggjur í rafljósi og við útfjólublátt ljós við staðlaðar aðstæður. Yfirborð málningarlags, áritun og bakhlið hafi verið skoðuð í smásjá. Í útfjólubláu ljósi sjáist að verkið er mikið viðgert og svæði í kringum áritun viðgert eða yfirmálað. Einnig komi fram skemmdir og viðgerðir í hægri horni að neðan, hefðbundnum merkingarstað listmálara. Við smásjárskoðun sjáist að málningarlag er sprungið og töluverð öldrun (oxun) er komin fram. Nýlegt fernislag sé yfir verkinu og eru viðgerðir, sem sjáist í útfjólubláu ljósi, bæði ofan á fernislaginu og undir því. Viðgerðirnar undir fernislaginu séu eldri en þær sem liggi ofan á því og liggi yfir sprungum í málningarlaginu. Umhverfis nafnskrift sé viðgert svæði eða yfirmálað og hefur sú málning aðra eiginleika en sú sem liggur ofan á fernislaginu. Sé hún mýkri og sveigjanlegri en hin. Þessi málning sé einnig ofan í fari sem marki nafnskrift verksins. Skröpun farsins sem marki nafnskriftina nái ofan í hvítt grunnlag burðarlagsins og hafi leitt af sér brot og sprungur við farið sem gefi til kynna að málningin í verkinu hafi verið fullhörðnuð þegar nafnskriftin var gerð. Nafnskriftin sé ekki að fullu skyggð með yfirmálun heldur skíni í hvítt grunnlagið upp í gegnum málningarlagið. Nafnskriftinni beri ekki saman við óvæfengdar áritanir Ásgríms Jónssonar þessarar gerðar frá upphafi listferils hans. Eitt af einkennum þeirra sé það að bókstafir ná ekki niður fyrir grunnlínu skriftarinnar en í þessari mynd ná bæði „Á”

og „J” niður fyrir grunnlínuna. Fimm málningarsýni hafi verið tekin úr verkinu til litrófsgreiningar á bindiefni í FT-IR smásjá hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands: Brúnn litur úr áritun (UV-skimun gefur til kynna nýlega málningu). Greindist sem alkýð. Brúnn litur úr viðgerð (UV-skimun gefur til kynna nýlega málningu). Greindist sem fernis. Grænn litur úr viðgerð (UV-skimun gefur til kynna nýlega málningu). Greindist sem fernis. Grágrænn litur ofarlega f. miðju (UV-skimun gefur til kynna gamla málningu). Greindist sem olía. Hvítur litur úr hári (UV-skimun gefur til kynna gamla málningu). Greindist sem olía. Niðurstaða bindiefnagreiningar sé í samræmi við það sem fram hafi komið við skimun verksins og skoðun í smásjá. Verkið sé gamalt olíumálverk, viðgert með fernislitum sem liggja ofan á fernislaginu. Eldri viðgerð eða yfirmálun, við og ofan í nafnskrift, undir nýlegu fernislagi, sé gerð með alkýð sem bindiefni. Ætlaður höfundur málverksins hafi látist 1958 en alkýðefni til listmálunar hafi komið fyrst fram á árunum 1968 til 1976. Ásgrímur Jónsson hafi því ekki getað notað efnið. Fáar eðlilegar skýringar geti fengist á því hvers vegna nafnskrift verksins sé skyggð, yfirmáluð með litarefni sem fellur að litum verksins umhverfis nafnskriftina og rist ofan í málningarlagið og niður í hvítt grunnlag. Þá sé þess að gæta að nafnskrift verksins sé gerð í fullharðnað málningarlagið, þ.e. löngu eftir að verkið var málað og nafnskriftinni ber ekki saman við áritanir Ásgríms. Nafnskriftin sé og grunsamleg vegna þess að sannanlega hafi verið átt við hana af hendi annars en höfundar. Við skröpun nafnskriftarinnar ofan í málningarlagið gæti hvítur litur grunnlags hafa verið of hreinn og hvítur og nafnskriftin þar að leiðandi of áberandi í myndfletinum og of nýleg til að geta talist sannfærandi. Þá hafi fundist ummerki um það að miði og áletrun á bakhlið blindramma hafi verið afmáð. Telur forvörðurinn afar ólíklegt að ætlaður höfundur hafi höfundarmerkt umrætt málverk.

FFF listfræðingur, hefur rannsakað þetta verk. Segir hún að stílfræðilega geti það verið frá því tímabili er Ásgrímur var að hefja feril sinn. Það sem stingi hins vegar í stúf við höfundareinkenni Ásgríms séu ómarkvissir pensildrættir, gruggugir litir og óskýr teikning andlitsins, en einkennandi fyrir mannamyndir Ásgríms hafi verið skýr formmótun með litum og fínlegir pensildrættir þar sem smáatriðum hafi jafnan verið gerð nákvæm skil, einkum augnsvip fyrirsátanna. Niðurstaða listfræðings er að þetta verk standist ekki listrænan samanburð við höfundarverk Ásgríms Jónssonar.

Rannsóknir KKK og NNN hafa leitt í ljós að mynd þessi er gamalt olíumálverk sem málað hefur verið í með nýlegri litum, þar á meðal neðarlega til hægri þar sem algengt sé að merkja myndir. Þá hafi nýrri litur verið notaður til þess að árita myndina í vinstra horni að neðan, löngu eftir að myndin var upphaflega máluð. Í litnum í árituninni greindist alkýð en með vísan til þess sem áður er komið fram að óvissa er í málinu um framleiðslu- og notkunarsögu alkýðs er ekki hægt að útiloka

það að Ásgrímur Jónsson, sem lést árið 1958, hafi notað alkýðbundna liti á listamannsferli sínum. Á hinn bóginn vekur það tortryggni að áritunin skuli gerð löngu eftir að myndin var máluð, og með þeim hætti sem lýst hefur verið og að átt hefur verið við myndina í hægra horninu að neðan. Þá hefur FFF fært listfræðileg rök fyrir því að sjálf myndin sé ekki eftir Ásgrím. Telur dómurinn óhætt að slá því föstu að nafnritun Ásgríms Jónssonar hafi verið fölsuð á mynd annars manns og að áritun þess manns hafi verið fjarlægð.

Engin bókhaldsgögn hafa fundist hjá Gallerí Borg um það hvaðan myndin er komin. Ákærði telur að hann hafi selt myndina fyrir meðákærða Jónas Freydal. Þessu bar meðákærði eindregið á móti en fyrir dómi hefur hann aðeins dregið úr og sagt að langt sé um liðið og hann sé ekki “100% viss”.

Niðurstaða

Ákærða er gefið að sök að hafa sjálfur falsað eða látið falsa þessa mynd. Ekki hafa verið leiddar að þessu neinar sönnur í málinu og verður ákærði, sem neitar sök að öllu leyti, sýknaður af því að hafa sjálfur falsað eða látið falsa myndina. Ákærðu ber ekki saman um það hvort ákærði Pétur Þór hafi selt mynd þessa fyrir meðákærða. Dómurinn lítur ekki svo á að þetta misræmi þurfi í sjálfu sér að vera grunsamlegt. Bæði er á það að líta að langt er liðið frá viðskiptunum og þeir hafa átt mörg kaup um myndir sín á milli og við aðra. Engin sérstök atvik eða gögn þykja því vera í málinu sem benda sérstaklega til þess að ákærða hafi verið kunnugt um það þegar myndin var seld að hún væri fölsuð. Ber að sýkna hann af þessum ákærulið og vísa frá dómi bótakröfunni sem hann varðar.

Ákæruliður 15:

Látið selja yfirmálað olíumálverk óþekkts höfundar sem listaverk Jóhannesar S. Kjarvals á uppboði fyrirtækisins í Reykjavík fimmtudaginn 9. júní 1994. Málverkið var selt kaupandanum L fyrir kr. 535.000.

KKK hefur rannsakað mynd þessa. Í skýrslu um rannsóknina segir hann að hún sé máluð með þunnfljótandi málningu á léreft, strekkt á gamlan blindramma og fest með blásaumi. Svo virðist sem raki hafi komið að verkinu og saumur ryðgað. Samsetning virðist upprunaleg. Myndefni uppstilling í landslagi sem sýnir litaspjald í forgrunni en fjall í bakgrunni. Myndefni sé hið sama og í ákærulið 46. Verkið sé höfundarmerkt Kjarval í tveimur lögum með svörtum og rauðum litum í hægra horni að neðan. Jaðrar myndarinnar séu málaðir með litum sem virðst ekki vera sömu gerðar og litirnir á yfirborði málverksins. Þá séu pensilfór og sprungumynstur sýnileg í gegnum yfirborð myndarinnar og gefi til kynna að annað málverk sé undir. Í vinstra horni að ofan sjáist skemmdir sem málað hafi verið yfir en ekki gert við til fullnustu.

Yfirmálunin liggi undir efri myndinni og sé sýnileg á bakhlið verksins þar sem hún myndi kúlu í strigann. Grunnlag strigans virðist vera handunnið með hvítu grunnefni, þ.e. striginn hefur ekki verið grunnaður í verksmiðju. Nýtt gláandi fernislag sé yfir myndinni. Fingraför séu á tveim stöðum í efsta málningarlagi. Á bakhlið strigans sé blár, máður og illæsilegur stimpill. Þar megi þó lesa „Kunsthandelen ? V. Hansen Amagerbrogade og að því er virðist 120 eða 124. Þá séu þar fleiri tölur. Málverkið hafi verið ljósmyndað á litskyggjur í rafljósi og við útfjólublátt ljós við staðlaðar aðstæður svo og með stafrænni myndavél. Yfirborð málningarlags, áritun og á bakhlið hafi verið gerð í smásjá. Verkið hafi verið gegnumlýst með röntgengeislum og niðurstaða yfirfærð á filmur. Í útfjólubláu ljósi sjáist ljómageislun hefðbundins olíumálverks á jöðrum verksins og á svæðum í litaspjaldi en meginhluti myndarinnar ásamt áritun ljómi sem nútímamálning, sennilega alkýðs. Í smásjá sjáist að þétt lag málningar liggi yfir sprungnu lagi eldri málningar. Yfirborð yngra lagsins sé hreint og ekki að merkja oxun eins sjáist í málningu á jöðrum verksins. Yngra lagið bindist illa eldra laginu og auðvelt að fletta því af með eggjárnri og gefi til kynna að yfirborð eldra verks hafi verið óhreint. Engan fernis sé að finna á eldra verkinu. Greinilegt fingrafar sjáist við efri jaðar og þarfnist frekari skoðunar. Á röntgenmynd sjáist málverk af gamalli konu undir húsvegg undir því sýnilega, sem gefur til kynna að eldra verkið er málað með blýblönduðum litum (blýhvíta). Bendi það til þess að verkið sé málað fyrir fyrsta þriðjung tuttugustu aldar. Málverk það sem kom fram á röntgenmyndinni snúi ekki eins og efra verkið og sé neðri skammhlið þess hægri skammhlið yngra verksins. Komi þetta heim og saman við áletrun og stimpil á bakhlið verksins, sem snúa á sama veg og eldra verkið. Gömul áritun fannst í neðra hægra horni eldri myndarinnar, þ.e. efra hægra horni á núverandi mynd. Með því að fletta yngra málningarlaginu af með læknaðhníf (skalpel) kom fram áritun, líklega: V.N 1911. Höfundur eldri myndarinnar gæti, skv. Signaturbogen, verið danski málariinn Valdemar Carl Neiiendam (1870-1956), sem merkti myndir sínar með mjög áþekktum hætti og gert er á eldra málverkinu. Fjögur málningarsýni voru tekin úr verkinu tilj litrófsgreiningar á bindiefni í FT-IR smásjá hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands: Blár litur úr fjalli ofanvert við miðju (yngra verk). Greindist vera alkýð. Appelsínugulur litur við miðju verksins (eldra verk). Greindist sem olía. Hvítur litur úr blómi neðarlega til hægri (yngra verk). Greindist vera alkýð. Rauður litur úr áritun (yngra verk). Greindist vera olía. Bindiefnagreining staðfesti það að yngra málverkið og áritun þess séu gerð með alkýðbundnum litum en upprunalega málverkið með hefðbundnum olíulitum. Ætlaður höfundur efri myndarinnar, Jóhannes S. Kjarval, sé talinn hafa málað sínar síðustu myndir árið 1968 en alkýðiblöndunarefni (þurrkefni, Liquin) hafi komið fyrst á markað sama ár í Bretlandi. Ekki sé því hægt að útiloka að Kjarval hafi komist yfir slíkt efni. Það verði þó að teljast ólíklegt að myndin, sem að uppruna virðist vera danskt málverk eftir Valdemar Carl Neiiendam frá því 1911 og margt bendir til að sé

rétt s.s. blindrammi, ryðgaður, gamall blásumur, léreft, stimpill og áritun, sé yfirmálað af Jóhannes S. Kjarval árið 1968 með alkýðbundnum litarefnum. Samkvæmt skoðun á yfirborði yngra málverksins í smásjá sé heldur ekkert sem bendi til að verkið geti verið frá sjöunda áratug 20. aldar. Yfirborð sé mjög hreint og engin einkenni öldrunar komin fram. Þá séu greinileg merki um að reynt hafi verið að hylja eða afmá gamlan stimpil á bakhlið verksins. Niðurstaðan sé því sú að myndin sé ekki eftir Kjarval.

GGG gerði listfræðilega greiningu á þessu verki. Í skýrslu hennar segir að Kjarval hafi kosið að kalla nokkur landslagsmálverk sín “Litaspjald”. Séu það annars vegar kannanir á litbrigðum náttúrunnar á mismunandi árstímum og hins vegar litaspjöld í náttúrunni þar sem gæti samræmis á milli litanna á litaspjaldinu og landslagsins umhverfis það. Í þessu verki sé ekki um þess konar samræmi að ræða og virðist litir handahófskenndir. Blómamynstur sé einnig frábrugðið blómaskrauti Kjarvals í litameðferð og útfærslu. Himinn í bakgrunni sé þéttur, yfirmálaður og blæbrigðalaus og loki fyrir alla þrívíddartilfinningu. Niðurstaða listfræðings er að ekki sé hægt að benda á nein sértæk höfundareinkenni Kjarvals í þessu málverki, það sé á skjön við önnur verk Kjarvals af sama myndefni og einnig á skjön við hugmyndir hans varðandi litaspjald. Hún telur því öll rök hníga að því að Jóhannes S. Kjarval sé ekki höfundur verksins.

Niðurstaða

Rannsóknir KKK og NNN hafa leitt í ljós að mynd þessi er heilmáluð yfir gamla olíumynd eftir annan mann og að nýrri myndin sé gerð með alkýðbundnum litum. Með vísan til þess sem áður er komið fram að um framleiðslu- og notkunarsögu alkýðs er óvissa í málinu og er ekki hægt að útiloka það að Jóhannes Kjarval, sem talinn er hafa málað síðustu myndir sínar 1968, hafi notað alkýðbundna liti á listamannsferli sínum. Það að myndin sé að öllu leyti máluð yfir aðra mynd getur í sjálfu sér ekki talist sönnun eða jafnvel vísbending um fölsun. GGG hefur fært fyrir því listfræðileg rök að myndin sé ekki eftir Kjarval. Hlýtur það einnig að teljast grunsamlegt að óhreinindi er ekki að finna á myndinni eða merki öldrunar í litunum. Loks er þess að geta að ekki er vitað til þess að Kjarval hafi málað erlendis á síðari árum sínum og því ólíklegt að hann hafi verið með mynd af þessu tagi í fórum sínum. Sterkar líkur hljóta að teljast fyrir því að mynd þessi sé fölsuð en dóminum þykir þó ekki óhætt í sakamáli að slá því föstu og ber að sýkna ákærða af ákærunni að þessu leyti og vísa frá dómi bótakröfunni sem hann varðar.

Ákæruliður 16:

Látið selja falsað myndverk sem listaverk Asger Jorn á uppboði fyrirtækisins í Reykjavík fimmtudaginn 9. júní 1994. Myndina hafði ákærði gert eða látið gera eftir þekktu viðfangsefni listamannsins. Myndverkið var selt kaupandanum M fyrir kr. 160.000.

Í skýrslu sinni 24. september 1998 segir NNN mynd þessa vera unna með pastellitum á pappír í fílabeinslit. Pappírsörkin virðist vera af upprunalegri stærð, óskorin, um 31x24 sm að stærð, 105,69 g á fermetra. Jaðrar séu upprunalegir og óskornir. Síðar í skýrslunni kemur aftur á móti fram að myndin sé gerð á hálfa örsk (full stærð: 48x62,5) og pappírsþyngd sé ca. 90-95 g á fermetra. Pappírinn sé að öllu leyti samsvarandi Ingres-pappír frá Hahnemühle í litnum elfenbein og vatnsmerkið “Hahn” sé að öllum líkindum í þeim kanti sem skorinn sé. Pappírinn sé vel farinn og beri ekki merki öldrunar. Í lokaÁlyktun. segir forvörðurinn að óeðlilegt hljóti að teljast að engin öldrunarmerki sjáist á pappírnum þegar ársetning myndarinnar - 1946 - sé höfð í huga. Þá sé rifumyndun í jöðrum svo nýlegs pappírs ósannfærandi.

HHH skoðaði mynd þessa og segir hana í skýrslu sinni gerða á hvítan “cylinder mould-made”-pappír og að stærðin sé 290x250 mm. Framleiðandi sé Hahnemühle en ekki sjáist vatnsmerki í pappírnum. Fram kemur í skýrslunni að pappír úr þessari mynd hafi ekki verið rannsakaður í smásjá en byggt sé á smásjár-rannsókn á pappír sem hann telur - væntanlega af útlitinu að dæma - sömu gerðar og pappírinn í mynd sbr. ákærulið nr. 21, og optísk bleikingarefni fundust í. Af þessu ályktar hann að þessi myndin sé vafalaust fölsuð.

SSS listasafnsstjóri, er sérfróður um verk Asgers Jorn. Hann lærði listasögu við Hafnarháskóla og í Amsterdam og Moskvu frá 1958-’64 og er með kandiðatspróf í slafneskum fræðum, með sérstaka áherslu á rússneska list. Hann kveðst hafa verið persónulega kunnugur Asger Jorn frá 1962 en frá 1961 hafi hann aðstoðað Guy Atkins frá University of London við að gera skrá um öll verk eftir Asger Jorn og hafi því verki verið lokið 1986. Frá 1973 hefur hann verið forstjóri fyrir listasafnið í Silkiborg sem er stærsta safn Dana af Jorn-verkum. Eru þar m.a. þau verk sem Asger Jorn hefur sjálfur gefið safninu. Hann hefur komið fyrir dóminn og verið spurður út í þessa mynd. Hann kveður Asger Jorn ekki hafa notað Ingres-pappír til þess að gera skissur 1946 þegar Jorn eigi að hafa gert þessa mynd. Vegna stríðsins hafi pappír í þessum gæðaflokki verið mjög dýr í Danmörku. Þá sé ártalið sett á annan stað miðað við það sem Jorn hafi verið vanur að gera. Litanotkun sýnir mjög frumstæða tilraun til að herma eftir. Það vanti plan og alltof greinileg áhersla sé á grímunni í myndinni. Hér sé það aðallega svart liturinn sem sé alltof áberandi og skeri í augun. Að skilgreina listaverk sé eins og að skilgreina rödd, sem fari eftir mörgum smáatriðum. Ekki sé hægt að lýsa þeim í orðum en þeim sem þekkir til sé ljóst hvað sé um að vera.

Hann segist þekkja 300 falsanir á verkum Asger Jorn og sé þessi fölsun með þeim lakari sem hann hafi séð.

Niðurstaða

Mynd þessi er ársett 1946 og telur NNN pappírinn ekki bera þess merki að hann sé svo gamall. Annars staðar er fjallað um öldrunarmerki á pappír og er ljóst af þeirri umfjöllun að aldursgreining pappírs eftir útliti hans hlýtur almennt að teljast ónákvæm aðferð. Þar sem segir í álit NNN að rifumyndun í jöðrum pappírsarkarinnar sé ósannfærandi er ekki rökstutt frekar. Þá segir að hluti af vatnsmerki sjáist í pappírnum en HHH tekur fram að vatnsmerki finnist ekki. Dómurinn getur ekki fallist á Ályktun HHH um pappírinn í þessari mynd sem byggð er á smásjárrannsókn á pappír í annarri mynd. Álit SSS sem er sérfróður um verk Asger Jorn er mjög afdráttarlaust í þá veru að myndin sé fölsuð og verður að telja að líklegt að hún sé það en ekki þykir alveg óhætt að telja það sannað í sakamáli. Ber því að sýkna ákærða af þessum ákærulið og vísa frá dómi bótakröfunni sem hann varðar.

Ákæruliður 17:

Látið selja falsað myndverk sem listaverk Asger Jorn á uppboði fyrirtækisins í Reykjavík fimmtudaginn 9. júní 1994. Myndina hafði ákærði gert eða látið gera eftir þekktu viðfangsefni listamannsins. Myndverkið var selt kaupandanum N fyrir kr. 90.000.

NNN segir í skýrslu sinni 24. september 1998 að verkið sé gert með vatnslitum, pastellitum og vaxkrít á nýlega, gulleita og grófa skissu- eða teiknipappírsörk, 40x47,9 sm að stærð og 161,35 g að þyngd (vætanlega vegin með litunum á). Pappírinn innihaldi tréni og vatnsmerki finnist ekki. Sterk brot séu í örkinni og göt eftir teiknibólur í hornum og jöðrum og þar sjáist merki upplitarar. Samanburður við auðar, innpakkaðar pappírsarkir sem fundust við leit hjá ákærða Pétri Þór leiði í ljós að sá pappír sé sömu gerðar og pappírinn í myndinni, að því er varðar stærð, lit, áferð, trefjasamsetningu og þjálni. Þá séu margar arkirnar úr pakkanum upplitaðar á jöðrunum. Pappírsþyngd þeirra sé 140-145 g á fermetra. Við yfirborðsrannsókn með útfjólubláu ljósi hafi komið fram endurskin í ljósfjólubláum lit sem gæti gefið til kynna títaníumdíoxíð auk zinkoxíðs. Pappírinn beri þess merki að hafa verið velktur og brotinn áður en málað var á hann en ekki eftir að það var gert. Forvörðurinn gerði auk þessa sérstaka samanburðarrannsókn á pappírnum í mynd þessari annars vegar og pappírnum sem fannst innpakkaður hjá ákærða, þ. á m. þremur örkum með skissum sem lágu með þeim pappír, svo og mynd sem merkt var honum. Á umbúðapappír utan af pappírsörkunum sem fundust hjá ákærða er ritað: Pétur Þór Gunnarsson, Rasmus Rask Kollegiet 3026, Elmelundsvej 4, 5200 Odense. Í

skýrslu hans, dagsettri 30. ágúst 2002, segir að allar arkirnar hafi reynst vera af sömu stærð, þykkt og þyngd. Pappírinn sé vélunninn Foudrinier-pappír án vatnsmerkis og keðju- og netlína. Í honum séu áberandi grófar, dökkar trefjar sem bendi til þess að pappírinn sé óvandaður og gerður úr viðarmauki. Stærð arkanna sé ekki í samræmi við þekkta staðla, hvorki A-stærðirnar (ISO) né enska eða ameríska staðla. Þá gerði forvörðurinn gulnunarpróf á bútum úr einni pappírsörkinni sem fannst hjá ákærða Pétri Þór. Kveður forvörðurinn það próf benda til þess að pappírinn sé ekki eldri en 20-25 ára. Almennt segir NNN að gulnun pappírs fari að miklu leyti eftir efnunum sem í honum eru. Sé um að ræða vandaðan pappír með góðum hreinum trefjum, skipti ekki miklu máli hvort hann er lokaður niðri eða hafður á vegg. Sé hins vegar um að ræða lélegan pappír með grófum trefjum gulni hann þótt hann sé geymdur í myrkri í lokuðum skúffum. Hafa verði í huga í þessu sambandi að samsetning pappírs frá sama framleiðandanum geti verið mjög breytileg frá einum tíma til annars. Forvörðurinn telur yfirgnæfandi líkur vera á því að allar pappírsarkirnar sem hann rannsakaði, bæði þær auðu og eins hinar, séu úr sams konar pappír og myndin sem um ræðir og vegna einstæðrar stærðar á pappírsörkunum séu miklar líkur til þess að þær séu úr sömu blokk sem skorin hafi verið eftir beiðni.

Þá er þess að geta að tekin voru pappírssýni úr myndinni sem um ræðir, úr fyrrnefndri örk sem fannst hjá ákærða og loks úr pappír í mynd sem ákærði hafði sjálfur málað. Voru sýni þessi send til Rannsóknastöðvar skógræktar á Mógilsá í Kollafirði. Þar gerði dr. TTT trefjagreiningu á sýnunum með smásjá og komst að því að þau væru öll úr greni. Greiningin hafi verið tvískipt; viðargreining samsettra trefja (stærri) og mæling á þvermáli einfaldrar trefja. Segir í niðurstöðu sérfræðingsins að sýnin séu öll mjög svipuð að allri eðlislægri gerð, bæði um viðargreiningu og trefjamælingar. Ekki hafi verið tölfræðilega marktækur munur á milli sýna hvað varðar breytileika á þvermáli einfaldrar trefja. Gætu öll sýnin verið tekin úr sömu pappírsörk. Þessi sérfræðingur hefur ekki komið fyrir dóm til þess að svara spurningum menntun sína og starfsreynslu og um rannsóknina og ályktanir af henni.

HHH hefur skoðað myndina sem um ræðir. Hann kveður hana vera gerða á örk úr óvönduðum pappír. Telur hann vafalaust að myndin sé fölsuð (1. flokkur).

DDD gerði athugun á tölustöfunum 13 á einni af örkunum frá ákærða og 30 á myndinni. Segir í skýrslu hans að þessar tölur séu skrifaðar á sama hátt. Þetta er ekki rökstutt nánar og ekki var spurt út í þetta við meðferð málsins.

Ákærði hefur sagt það um pappírspakkann sem hjá honum fannst að þetta sé pappír sem nemendur fengu í listaskólanum í Danmörku og hann komið með heim þaðan. Hann kveðst sjálfur hafa merkt sér pakkann.

Forstöðumaður Silkeborg Kunstmuseum, sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan, hefur komið fyrir dóm og skoðað mynd þá sem um ræðir. Segir hann þessa

mynd vera fölsun. Sé hún svo illa gerð að hafi fyrri myndin verið tilraun til að falska mynd eftir Jorn þá sé ekki einu sinni gerð tilraun hér. Hér hafi sá sem gerði myndina ekki hirt um annað en að setja nafn Jorn á mynd, sem líkist á engan hátt myndum eftir hann. Hafi myndinni verið ætlað að að líkjast eitthvað myndum eftir Jorn að þá sé hún eftirherma eftir myndum sem Jorn gerði 1942-3. Hún sé þó varla lík verkum hans frá þessum tíma og sé afar léleg fölsun. Hann kveður pappírinn vera pappír fyrir tækniteiknun, mjög sérstakan pappír, en það sé nauðsynlegt til þess að pappírinn geti tekið olíuliti. Vatnslitir hafi verið notaðir úti í kantinum og á miðjunni virðist hafa verið notað eitthvað sem sýnist líkjast gúass, olíu eða akrýl. Pappírinn sé líklega gamall og myndin því gerð á gamlan pappír til þess að myndin virðist líklegri til þess vera eftir Jorn, eins og mjög algengt sé í fölsunum. Hann tekur fram að hann hafi ekki eytt miklum tíma í að skoða myndina. Sé það vegna þess hve augljóslega hún sé fölsuð.

Niðurstaða

Ekki hefur farið fram efnarannsókn á pappírssýni úr myndinni sem um ræðir og sýnum úr pappír sem fannst hjá ákærða. Aftur á móti voru trefjasýni send til rannsóknar hjá skógrækt ríkisins. Kom fram við þá rannsókn að ekki væri tölfræðilega marktækur munur á breytileika þvermáls einfaldra trefja og gætu sýnin öll verið tekin úr sömu örk. Ekki er að fullu ljóst hvaða þýðingu þessi niðurstaða hefur og hefur sérfræðingurinn ekki komið fyrir dóm til þess að svara spurningum um rannsóknina, menntun sína og starfsreynslu. Örkin sem myndin er gerð á er af sömu stærð og pappírsarkirnar sem fundust hjá ákærða. NNN segir þessari arkarstærð ekki bera saman við neinn þekktan staðal. Hann kveður gulnunarpróf sem hann gerði á pappírssýnum sem tekin voru hjá ákærða benda til þess að þau séu eldri en 20 - 25 ára. Í þessu samhengi verður þó að hafa í huga að sýnin sem prófuð voru eru ekki úr myndinni sem um ræðir og eins það að gulnunarhraði fer eftir efnainnihaldi pappírs og próf af þessu tagi verða að teljast ónákvæm. Er ekki óhætt að slá því föstu að pappírinn í myndinni sé kominn frá ákærða. SSS listfræðingur hefur eindregið lýst þeirri skoðun sinni að myndin sé fölsuð og stutt það rökum. Verður að telja líkur fyrir því að myndin sé fölsuð en ekki er óhætt að telja það sannað í sakamáli. Ber að sýkna ákærða af ákærunni að þessu leyti og vísa frá dómi bótakröfunni sem varða ákæruefnið.

Ákæruliður 18:

Látið selja yfirmálað olíumálverk óþekkts höfundar sem listaverk Jóns Stefánssonar á uppboði fyrirtækisins í Reykjavík þriðjudaginn 6. nóvember 1994. Málverkið var selt kaupandanum O fyrir kr. 225.000.

KKK forvörður hefur rannsakað þessa mynd. Í skýrslu sem hann hefur gert um rannsóknina segir að hún sé máluð með þunnfljótandi málningu á þunnt léreft, strekkt er á blindramma og fest með blásaumi. Striginn sé grunnaður með hvítu grunnefni og móti fyrir honum á bakhlið léreftsins. Myndefnið sé uppstilling sem sýnir pottablóm á borði með ávexti í forgrunni. Verkið sé í ramma og höfundarmerkt „Jón Stefánsson” með svartri málningu í hægra horni að neðan. Litalag hafi mismunandi gljáa á yfirborði. Á bakhliðinni séu leifar af límmiða eða límbandi á efri skammhlið blindrammans. Einnig séu leifar af límmiða á striganum í efri hluti myndarinnar. Sjá megi á bakhlið útlínur af manneskju og borð sem gefi vísbendingu um það að annað málverk sé undir. Málverkið var ljósmyndað á litskyggjur í rafljósi og við útfjólublátt ljós við staðlaðar aðstæður. Einnig hafi verið notuð stafræn myndavél. Yfirborð málningarlags, áritun og bakhlið myndarinnar hafi verið skoðuð í smásjá. Verkið var einnig gegnumlýst með röntgengeislum og niðurstaða yfirfærð á filmur. Þegar myndin sé skoðuð í útfjólubláu ljósi sjáist að heilmálað er með nýlegri málningu yfir allan litaflöt verksins, sem og áritun. Á jöðrum flúrljómi af gamalli olíumálningu. Þrír jaðrar verksins af fjórum séu málaðir með brúnleitum litum, annarrar tegundar en litirnir í málverkinu sjálfu, að því er virðist. Í smásjá megi sjá gulnað fernislag ofan á þessum brúnu litum og að þetta litalag hafi verið slípað, líklega með sandpappír, áður en málað hafi verið yfir það. Ennfremur megi við hliðarlýsingu sjá að verulegar formbreytingar hafi verið gerðar á verkinu þar sem greinilega kemur fram að undir hinu sýnilega málverki sé annað málverk sem frábrugðið er að formi því myndefni sem sýnilegt er. Litir yngra verksins séu mjög þéttir og ógegnsæir og kornastærð þeirra afar jöfn og smá. Jöfn kornastærð litarefnanna bendir til þess að hér sé um nýlegt litarefni að ræða. Þessum litarflötum megi fletta með eggjárni eins og spæni sakir mýktar þeirra. Neðri (eldri) litalög séu sprungin og sýni greinileg merki öldrunar. Yngri málningin liggi í þessum sprungum og hafi verið málað með henni löngu eftir að upprunalega verkið var málað. Slípað og skemmt svæði sé við neðri jaðar til vinstri við áritun og þar sé gat í burðarlagi. Í röntgenmynd af verkinu sjáist mynd af sitjandi konu að lesa bók við ljós frá borðlampa og falli hún algerlega saman við þau form sem greina megi á bakhlið verksins sem virðist benda til gamals málverks frá upphafi 20. aldar. Efra litalagi við gatið vinstra megin við áritun var flett af og mátti þá sjá mjög niðurslípað svæði hægra megin við gatið sem liggur undir núverandi áritun. Ummerki þessi og fjöldi annarra rannsóknartilvika bendi til þess að niðurslípuð eldri áritun liggi undir þeirri sem sýnileg er. Fjögur málningarsýni voru tekin úr verkinu til litrófsgreiningar á bindiefni í FT-IR smásjá hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands: Svartur litur úr áritun (yngra verk). Greindist vera alkýð. Brúnn litur úr jaðri að ofan (eldra verk). Greindist vera olía. Hvítur litur úr diskum neðarlega til hægri (yngra verk). Greindist vera alkýð. Blár litur úr blómi (yngra verk). Greindist vera alkýð. Niðurstaða bindiefnagreiningar staðfestir það sem áður

hafði komið fram við skimun í útfjólubláu ljósi og smásjárskoðun. Gamalt málverk hafi verið yfirmálað og áritað með nýlegri alkýðmálningu. Jón Stefánsson, ætlaður höfundur málverksins, hafi látist árið 1962. Framleiðsla listmálunarefnis með alkýðinnihaldi hafi byrjað árið 1968 og Jón Stefánsson því ekki haft tök á því að nota þetta efni eða verið höfundur myndarinnar.

FFF listfræðingur, hefur rannsakað þetta málverk. Telur hún að í því sé hvergi reynt að ná fram þeim áhrifum litarins að kalla fram þéttleika forma sem einkenni verk Jóns Stefánssonar og sem náist fram með samspili litalaga og litaflata. Þess í stað séu litafletirnir eintóna og óhreinir, pensilskrift einhæf og formmótun veik. Þessi ómarkvissu vinnubrögð bendi ekki til að það sé eftir höfund með þá menntun eða þann listræna metnað sem Jón Stefánsson hafði. Niðurstaða listfræðings er að hann sé ekki höfundur þessa verks.

TTT listfræðingur, hefur komið fyrir dóminn. Hann kveðst hafa numið listfræði við háskóla í Toulouse og í París í Frakklandi 1973-1979, í París frá 1992-1995 og stundi nú doktorsnám við Parísarháskóla. Segist hann hafa skrifað formála í sýningarskrá um Jón Stefánsson, hafa séð verk hans mjög oft og hafa kynnst þeim vel, bæði verkum í eigu Listasafns Íslands og í eigu Listasafns ASÍ. Að hans mati er þessi mynd of viðvaningslega gerð til að geta verið eftir Jón Stefánsson, litirnir séu of hráir og ekkert í handbragðinu minni á listamanninn. Jón hafi verið frægur fyrir að móta hlutina ákaflega sterkt og ákveðið, draga fram þvívíddareinkenni og nota blæbrigðaríka liti. Finnst honum að þessi mynd hafi ekkert af þessum eiginleikum til að bera. Einnig telur hann að litirnir séu of nýlegir til að geta verið komnir úr fótum Jóns Stefánssonar. vitnið samdi álitsgerð um þetta verk, sem hann hefur staðfest, og þar kemur fram það álit að verkið sé ekki eftir Jón Stefánsson. Leiðir hann að því ýmis rök, eins og ólík litanotkun, teikning, pensilför og stíll. Ennfremur segir hann að með hliðsjón af endurnýjun strigans og gatinu fyrir framan undirskriftina sé hann afar ósáttur við þá hugmynd að þetta sé málverk eftir Jón Stefánsson.

Dóttir Jóns Stefánssonar, hefur, sem fyrr segir, komið fyrir dóminn. Hún kveðst aldrei hafa séð mynd þessa hjá föður sínum og segir hana ekki vera eftir hann. Ályktun.

Rannsóknir KKK og NNN hafa leitt í ljós að myndin er heilmáluð og árituð með nýlegri málningu sem inniheldur alkýð en undir henni er eldri mynd sem gerð er með olúmálningu, a.m.k. að hluta. Ekki er unnt að líta svo á að þetta þurfi í sjálfu sér að vera vísbending um fölsun enda ekki óþekkt að málara hafa málað yfir myndir annarra. Jón Stefánsson, sem myndin er kennd, lést 1962. Vegna þeirrar óvissu sem er í málinu um framleiðslu- og notkunarsögu alkýðs þykir ekki vera unnt að útiloka að hann hafi notað alkýð á listamannsferli sínum. Á hinn bóginn hlýtur það að vekja sérstaka athygli að við og undir áritun verksins hefur eldri myndin verið slípuð mikið

niður og svo mikið á einum stað að gat kom í strigann. FFF hefur fært listfræðileg rök fyrir því að mynd þessi sé ekki eftir Jón Stefánsson. Dóminum þykir það sem fram er komið veita nægar sönnur fyrir því að myndin sé ekki eftir Jón Stefánsson og því fölsuð.

Engin bókhaldsgögn hafa fundist hjá Gallerí Borg um það hvaðan myndin er komin en fyrir liggur að hún var slegin á uppboði gallerísins 6. nóvember 1994. Ákærði kveðst ekki muna eftir þessari mynd sem þarf í sjálfu sér ekki að vera ótrúlegt.

Niðurstaða

Ákærða er gefið að sök að hafa sjálfur falsað eða látið falsa þessa mynd. Ekki hafa verið leiddar að þessu neinar sönnur í málinu og verður ákærði, sem neitar sök að öllu leyti, sýknaður af því að hafa sjálfur falsað eða látið falsa myndina. Engin sérstök atvik eða gögn eru heldur í málinu sem benda sérstaklega til þess að ákærða hafi verið kunnugt um það þegar myndin var seld að hún væri fölsuð. Ber að sýkna hann af þessum ákærulið og vísa frá dómi bótakröfunni sem hann varðar.

Ákæruliður 19:

Látið selja yfirmálað olíumálverk óþekkts höfundar sem listaverk Júlíönu Sveinsdóttur í verslun fyrirtækisins í Reykjavík 16. febrúar 1995. Málverkið var selt kaupandanum Ó fyrir kr. 280.000.

KKK forvörður, hefur rannsakað mynd þessa og segir um þá rannsókn í skýrslu sinni að hún sé máluð með þunnri málningu á grófan hessíanstriga, strekktan á blindramma og festan með blásaumi. Samsetning virðist upprunaleg. Striginn sé grunnaður með hvítu grunnefni. Myndefni sé landslag og verkið höfundarmerkt "Júliana Sveinsdóttir" með rauðbrúnum lit í hægra horni að neðan. Yfirborð myndar og pensilför, bendi til þess að hún gæti verið máluð yfir aðra mynd. Engar upplýsingar sé að finna á bakhlið verksins en blár litur á bakhlið strigans bendi til þess að blár litur á yfirborði myndarinnar hafi farið í gegnum sprungusvæði á málverkinu. Málverkið hafi verið ljósmyndað á litskyggjur í rafljósi og við útfjólublátt ljós við staðlaðar aðstæður. Yfirborð málningarlags, áritun og bakhlið myndarinnar hafi verið skoðuð í smásjá. Í útfjólubláu ljósi sjáist nýleg málning í öllu verkinu og árituninni. Stakir smáir fletir á jöðrum verksins flúrljómi sem olúlitur. Í smásjá sjáist að yfirborð málverksins er hreint og engin merki eru um öldrun. Á jöðrum ætti að koma fram mislitun í málningarlagi eftir fals á ytri ramma ef verkið hefur verið í ramma í langan tíma. Engin merki eru á blindrammanum um að verkið hafi verið í ramma nema nýjar lykkjur sem nú eru á verkinu. Núverandi rammi verksins sé nýlegur. Eldri málningarlög séu undir þeim sem sýnileg eru og virðist vera gamall olúlitur. Í þessum

eldri lögum eru gíglaða göt sem bendi til þess að á þessi eldri lög hafi verið borið sterkt leysiefni. Þessi ummerki séu ekki á allri myndinni en mest við jaðra verksins og við áritun. Efri litalög beri einkenni hraðþornandi málningar þar sem mismunandi litir blandist lítið en liggja samsíða í „straumum“ jafnframt því að þau eru mýkri en hefðbundinn olíulitur. Fjögur málningarsýni hafa verið tekin úr verkinu til litrófsgreiningar á bindiefni í FT-IR smásjá hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands: Brúnn litur úr áritun (UV-ljómun gefur til kynna nýlega málningu). Greindist vera alkýð. Brúnn litur ofan við áritun (UV-ljómun gefur til kynna nýlega málningu). Greindist vera alkýð. Blár litur úr fjalli (UV-ljómun gefur til kynna nýlega málningu). Greindist vera alkýð. Grænn litur á jaðri að ofan (UV-ljómun gefur til kynna gamla málningu). Greindist vera olía. Niðurstöðum bindiefnagreiningar beri saman við það sem fram hafi komið við skimun verksins í útfjólubláu ljósi og smásjárskoðun. Málverkið sé heilmálað með alkýðbundnum litarefnum sem og áritun verksins. Neðra málverk sé málað með hefðbundnum olíulitum. Júlíana Sveinsdóttir sem er kennt umrætt verk lést árið 1966, tveimur árum áður en framleiðsla á listmálaraefni með alkýðinnihaldi hófst hjá þeim framleiðanda sem fyrstur er talin hafa hafið framleiðslu slíks efnis. Framleiðsla alkýðlita í túbum hafi byrjað árið 1976. Geti hún hvorki hafa málað né merkt þessa mynd.

EEE listfræðingur, hefur rannsakað verkið. Í skýrslu sinni segir hún að verkið sé ósjálfstætt og beri ekki höfundareinkenni ætlaðs málara. Virðist sem myndin sé samsuða fleiri verka eftir Júlíönu, líkt og í rannsóknartilviki 3, ákærulið 28. Fjallgarður í bakgrunni sé og mótaður á svipaðan hátt í báðum rannsóknartilvikum. EEE sagði fyrir dómi að FFF hafi málað á Snæfellsnesi en að hún gæti ekki séð að þetta landslag geti verið frá Búðum. Hún sagði einnig að tæknin líktist ekki þekktum landslagsverkum eftir Júlíönu, þar sem væru mildari og ekki eins afgerandi skil milli litaflata. Í skýrslunni stendur að stærð málverksins sé óvenjuleg sé litið til annarra verka listakonunnar og ennfremur að það sé ekki ásett. Niðurstaða listfræðings er að hún treysti sér ekki til að staðfesta að verkið sé unnið af Júlíönu Sveinsdóttur.

Ályktun.

Rannsóknir KKK og NNN hafa leitt í ljós að myndin er heilmáluð og árituð með nýlegri málningu sem inniheldur alkýð en undir henni er eldri mynd sem gerð er með olíumálningu, a.m.k. að hluta. Ekki er unnt að líta svo á að þetta þurfi í sjálfu sér að vera vísbending um fölsun enda ekki óþekkt að málara hafa málað yfir myndir annarra. Júlíana Sveinsdóttir, sem myndin er kennd, lést 1966. Vegna þeirrar óvissu sem er í málinu um framleiðslu- og notkunarsögu alkýðs þykir ekki vera unnt að útiloka að hún hafi notað alkýð á listamannsferli sínum. Á hinn bóginn hefur það verið leitt í ljós að ramminn sem myndin er í er nýlegur og að ekki sjást merki mislitunar af eldri ramma. Þá hefur EEE fært listfræðileg rök fyrir því að mynd þessi

sé ekki eftir Júlíönu Sveinsdóttur. Þegar þetta er virt saman þykir mega slá því föstu að myndin sé ekki eftir Jón Stefánsson og sé því fölsuð.

Engin bókhaldsgögn hafa fundist hjá Gallerí Borg um það hvaðan myndin er komin en fyrir liggur að hún var slegin Þórði Helga Bergmann 16. febrúar á uppboði gallerísins á Akureyri 16. febrúar 1995. Ákærði kveðst ekki muna eftir þessari mynd sem í þarf í sjálfu sér ekki að vera ótrúlegt.

Niðurstaða

Ákærða er gefið að sök að hafa sjálfur falsað eða látið falsa þessa mynd. Ekki hafa verið leiddar að þessu neinar sönnur í málinu og verður ákærði, sem neitar sök að öllu leyti, sýknaður af því að hafa sjálfur falsað eða látið falsa myndina. Engin sérstök atvik eða gögn eru heldur í málinu sem benda sérstaklega til þess að ákærða hafi verið kunnugt um það þegar myndin var seld að hún væri fölsuð. Ber að sýkna hann af þessum ákærulið og vísa frá dómi bótakröfunni sem hann varðar.

Ákæruliður 20:

Látið selja olíumálverk óþekkts höfundar sem listaverk Nínu Tryggvadóttur á uppboði fyrirtækisins í Reykjavík sunnudaginn 2. febrúar 1995. Málverkið var selt kaupandanum P fyrir kr. 305.000.

KKK forvörður hefur rannsakað mynd þessa. Í skýrslu sem hann hefur gert um rannsóknina segir að hún sé máluð með þykkri málningu á fínofið hörlérefi. Myndin hafi upprunalega verið fest á blindramma með saumi sem hafi ryðgað. Lérefið hafi svo verið strekkt á nýlegan blindramma og fest með heftum. Lérefið sé er grunnað með hvítu grunnefni. Myndefni sé landslag sem sýnir mannveru með regnhlíf og eru hús og haf í bakgrunni. Nýlegt, matt fernislag á yfirborði málverksins og það sé höfundarmerkt N.T. með gulgrænum lit í hægra horni að neðan. Ógreinileg fingraför sjáist í eldri hluta litarlagsins. Málverkið hafi verið ljósmyndað á litskyggjur í rafljósi og við útfjólublátt ljós við staðlaðar aðstæður. Yfirborð málningarlags, áritun og bakhlið voru skoðuð í smásjá. Í útfjólubláu ljósi sjáist að tvenns konar litir séu í myndinni. Meginhluti verksins gefur frá sér flúrljómun olíulitar en nokkrir yfirborðslitir virðast vera mun yngri. Í smásjá er að sjá sem litalög séu með of mikið þurrkefni og hafi sprungið vegna misþornunar. Sumar sprungurnar megi sjá með berum augum en aðrar sjáist ekki nema í smásjá. Þá sjáist litalög þar sem finna megi þessar sprungur undir efsta litalaginu en ekki í því. Í þeim tilvikum sé binding litalaganna er ekki góð við það lag sem er fyrir neðan og megi auðveldlega fletta þeim af með eggjárnri og þau séu mjúk viðkomu. Þessi svæði séu rauður litur í mannveru, gulgrænn litur í áritun og legg á regnhlíf, ljósblár litur í hliði sem er fyrir miðri myndinni, dökkblár litur í hafi og ljósgrænir litir í trjágróðri. Rauður litur mannveru

sé málaður yfir stóra sprungu í undirliggjandi litalögum og liggi hann ofan í sprungunni sem bendir til að hann sé tilkominn mun síðar en undirlitirnir. Áritun verksins er tvígerð að hluta og megi sjá litaskil milli grágræns litar og gulgræns þar sem sá grágræni myndar stafina „VT” en sá gulgræni „N.T.” Nýlegur mattur fernis sé yfir öllu verkinu og bómullartrefjar fastar í fernislaginu. Fimm málningarsýni hafi verið tekin úr verkinu til litrófsgreiningar á bindiefni í FT-IR smásjá hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands: Ljósgrænn litur úr áritun (yngri málning). Greindist vera alkýð. Rauður litur úr klæði (yngri málning). Greindist alkýð. Ljósgrænn litur úr regnhlífarskafti (yngri málning). Greindist vera alkýð. Ljós gulur litur úr húsi (eldri málning). Greindist vera olía. Ljósblár litur úr hliði (yngri málning). Greindist vera alkýð. Niðurstaða bindiefnagreiningar staðfestir það sem fram kom við skimun verksins í útfjólubláu ljósi. Að meginuppistöðu sé málverkið málað með olíulitum en breytingar á því gerðar með alkýðbundnum litarefnum sem og áritun. Nína Tryggvadóttir lést í júní árið 1968, sama ár og fyrsta þurrkefnið sem inniheldur alkýð kom á markað í Bretlandi, en þá hafði hún átt við langvarandi veikindi að stríða og er talið að síðustu verk hennar séu frá árinu 1967.

Dóttir Nínu, sem áður hefur verið gerð grein fyrir, hefur komið fyrir dóminn og séð mynd þá sem um ræðir. Hún kveður hana ekki vera eftir móður hennar. Hún þekki list hennar mjög vel, aðferðir við málun, litanotkun hennar og efninotkun. Þá þekki hún listrænan stíl hennar á mismunandi tímum og þegar hún hafi séð myndirnar í málinu hafi hún strax gert sér grein fyrir því að þetta voru ekki myndir eftir hana. Vitnið var annars ekki spurð nánar út í þessa mynd og í lögreglurannsókninni er einungis óstaðfest og óundirrituð lögregluskýrsla sem höfð er eftir vitninu, m.a. um þessa mynd.

AI listfræðingur, hefur komið fyrir dóminn. Hann kveðst hafa keypt þessa mynd ásamt öðrum verkum höfundarmerktum Nínu Tryggvadóttur fyrir Unu Dóru Copley, sem sé gamall vinur. Hún hafi beðið hann að hafa auga með myndum eftir móður sína sem kæmu á markað og eftir að hafa sent henni upplýsingar og myndir, ef þær voru fyrir hendi, hafi hún tekið ákvörðun um að bjóða í myndirnar, sem hann hafi síðan gert í gegnum síma fyrir hana. Varðandi þetta verk segir hann að myndir sem voru gerðar á námsárum listamanna í Danmörku séu sterklega undir áhrifum frá kennurum þeirra og öðrum listamönnum. Það séu til myndir eftir Nínu frá þessum árum sem líkist henni ekki mjög eins og hún varð sem þroskaður listamaður. Finnst honum ekki ólíklegt að ef hingað hefðu borist myndir frá fyrstu árum hennar í Danmörku (1935-39) væri ekki fráleitt að þær væru eftir hana, vegna þess hve fáar slíkar myndir hefðu borist hingað.

EEE listfræðingur, hefur rannsakað þetta verk. Í umsögn hennar segir að hér sé sennilega um að ræða erlent myndefni, trúlega danskt. Helstu höfundareinkenni Nínu

Tryggvadóttur hafi verið djúpir, þéttir og safamiklir litir sem unnu saman og mynduðu blæbrigðaríka heild. Í þessu verki séu þeir hins vegar hráir og daufir, vinni ekki saman og útkoman verði grámóskulegur litaskali. Niðurstaða listfræðings er að listrænn samanburður við frummyndir málans séu myndinni mjög í óhag og að hún geti ekki verið frummynd Nínu Tryggvadóttur.

Niðurstaða

Rannsóknir KKK og NNN hafa leitt í ljós að myndin er að hluta til máluð með nýlegri málningu sem inniheldur alkýð og eldri olíumálningu að hluta. Hlýtur þetta að vekja tortryggni, en á það er þó að líta að ekki er sýnt fram á að áritun annars málara sé á eldri hlutanum. Nína Tryggvadóttir er talin hafa hætt að mála 1967. Vegna þeirrar óvissu sem er í málinu um framleiðslu- og notkunarsögu alkýðs er ekki hægt að útiloka það að hún hafi notað alkýðmálningu á listamannsferli sínum. Líkur hljóta að teljast vera fyrir því að mynd þessi sé fölsuð en ekki telur dómurinn óhætt að útiloka það í sakamáli að báðir hlutar myndarinnar og áritunin stafi frá Nínu Tryggvadóttur.

Ákæruliður 21:

Látið selja falsað myndverk sem listaverk Svavars Guðnasonar á uppboði fyrirtækisins í Reykjavík fimmtudaginn 2. febrúar 1995. Myndina hafði ákærði gert eða látið gera eftir þekktu viðfangsefni listamannsins. Myndverkið var selt kaupandanum R fyrir kr. 57.200.

NNN tók mynd þessa til rannsóknar. Í skýrslu dagsettri 6. desember 2002 segir hann að á grundvelli pappírarrannsóknar, tæknilegri vinnslu mynda og litanotkun heyri myndin til þeim flokki mynda sem yfirgnæfandi líkur séu til að séu falsaðar. Þetta er ekki rökstutt nánar en fram kemur í skýrslunni að sýni úr myndinni hafi verið sent HHH til rannsóknar.

HHH rannsakaði pappírinn í þessari mynd, sem ekki er ársætt. Í skýrslu hans segir að þetta sé „cylinder mould-made“ Ingres-pappír frá Hahnemühle með vatnsmerki á örk sem sé 484x624 mm að stærð. Þá segir þar að tekin hafi verið fjögur sýni úr pappírnum og lituð með svo nefndum Herzberg-lit og skoðuð í smásjá til þess að komast að trefjagerð pappírsins. Samanburður á því sem þá kom í ljós við gögn verksmiðjunnar hafi sýnt fram á að pappír með þeirri trefjasamsetningu sem var í sýnunum og tilgreind er í skýrslunni, lit pappírsins og gæðum hafi aðeins verið framleiddur frá og með 30. júlí 1963.

vitnið rithöfundur, sem þekkti Svavar Guðnason og list hans vel, eins og áður er komið fram, skoðaði verkið hjá lögreglu 7. desember sl. Flokkaði hann þá þessa mynd með þeim myndum sem hann taldi að gætu vel verið eftir hann.

FFF og GGG listfræðingar, rannsökuðu þessa mynd. Segja þær að teikningin sé losaraleg og handbragð með kæruleysislegum brag, andstætt hinum öguðu vinnubrögðum Svavars Guðnasonar. Er það samdóma álit þeirra að þetta verk sé ekki eftir Svavar Guðnason.

Niðurstaða

NNN tekur til nokkur atriði sem hann telur benda til þess að verkið sé ekki eftir Svavar Guðnason en dóminum þykir skorta á rökstuðning fyrir því áliti. Það athugast að mynd þessi er ekki ársett en HHH komst að því við athugun á gögnum verksmiðjunnar að slíkur pappír hefði ekki verið framleiddur fyrr en frá og með 30. júlí 1963 sem útilokar það ekki að Svavar Guðnason hafi málað myndina. Þykja rannsóknir þeirra NNNog HHH ekki veita sönnur fyrir því að myndin sé ranglega kennd Svavari Guðnasyni. Listfræðingarnir FFF og GGG eru á einu máli um það að myndin sé ekki eftir Svavar Guðnason og leiða rök að því. Á hinn bóginn telur vitnið að myndin geti vel verið eftir Svavar. Enda þótt einhverjar líkur hljóti að vera fyrir því að myndin sé fölsuð verður að telja að það sé ósannað. Ber því að sýkna ákærða af þessum ákærulið og vísa frá dómi bótakröfunni sem hann varðar.

Það athugast hér að skýrsla HHH verður ekki skilin öðru vísi en svo að til þessarar smásjárrannsóknar hafi verið valin ein óársett mynd og að hann ályktar út frá henni um 14 aðrar myndir sem hann flokkar með henni, væntanlega eftir útliti pappírsins, þar af þrjár myndir sem þó eru ársettar. Er vikið að þessu hér á eftir í III. kafla þar sem það á við.

Ákæruliður 22:

Látið selja olíumálverk óþekkts höfundar sem listaverk Ásgríms Jónssonar á uppboði fyrirtækisins í Reykjavík sunnudaginn 2. apríl 1995. Málverkið var selt kaupandanum S fyrir kr. 205.700.

KKK forvörður, hefur rannsakað mynd þessa. Í skýrslu hans um rannsóknina segir að myndin sé máluð á þunnt léreft með þykkri málningu og strekkt og heft á nýlegan, sérsníðaðan blindramma. Samsetningin sé ekki upprunaleg. Aukakantar úr lérefti af málverki séu saumaðir við neðri og hægri skammhlið upprunalegs burðarlags sem sé kantskorið á þessum hliðum. Málverkið hafi að líkindum verið stærra í upphafi. Við efri skammhlið nái það út á kantinn og sé heft í þann hluta. Verkið sé höfundarmerkt Ásgr. J. með svörtum lit í hægra horn að neðan. Myndefni sé innimynd úr stofu. Fernislag á myndinni. Rauður stimpill frá innrömmunarverkstæðinu „Smiðjunni“ sé á bakhlið blindrammans. Málverkið hafi verið ljósmyndað á litskyggjur í rafljósi og við útfólublátt ljós við staðlaðar aðstæður. Einnig hafi verið notuð stafræn myndavél. Yfirborð málningarlags, áritun og bakhlið

hafi verið skoðuð í smásjá. Í útfjólubláu ljósi sjáist flúrljómun gamallar olíumálningar sem sé blinduð af sterkri gulgrænni flúrljómun fernislaga. Áritun verksins flúrljómi sem nýleg málning. Í smásjá sjáist að nýlegt, matt vaxfernislag sé yfir verkinu og áritun þess. Annað gamalt og gulnað lag af fernis sé undir þessu nýlega lagi og áritunin sé á milli þessarar laga. Áritunin liggi yfir sprungur í litalagi og litur úr henni runnið í sprungurnar. Hún sé því gerð eftir að málningarlag hefur sprungið sakir öldrunar. Leifar annarrar áritunar í svörtum lit séu neðan við þá sýnilegu og virðist sú áritun hafa verið leyst upp með leysiefni því litur úr henni hafi runnið í nærliggjandi sprungur og leifar séu í „lægðum” og „lautum” í málningarlaginu umhverfis. Svo virðist sem áritunin hafi verið tví- eða þrígerð og sú eða þær fyrri verið máðar brott áður en hún eða þær hafa náð að þorna. Fjögur málningarsýni hafi verið tekin úr verkinu til litrófsgreiningar á bindiefni í FT-IR smásjá hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands: Svartur litur úr áritun (UV-ljómun gefur til kynna nýlega málningu). Greindist vera feneysk terpentína. Svartur litur úr máðri áritun (UV-ljómun gefur til kynna nýlega málningu). Greindist vera feneysk terpentína. Hvítur litur úr glugga (UV-ljómun gefur til kynna gamla málningu). Greindist vera olía. Svartur litur úr efsta hluta „T” í áritun (UV-ljómun gefur til kynna nýlega málningu). Greindist vera fernis. Af niðurstöðum bindiefnagreiningar sé ekki mögulegt að segja til um aldur málningarinnar þar sem feneysk terpentína og fernis hafi verið notuð um aldir og séu enn notuð. Flúrljómun áritunarinnar gefi sterklega til kynna að hún sé nýleg. Málning áritunar liggi í og yfir sprungur í gömlu málningarlagi verksins. Áritunin sé því gerð löngu eftir tilurð verksins. Tví- eða þrítekning við gerð áritunarinnar minni á vinnubrögð úr fjölda annarra rannsóknartilvika. Forvörðurinn telur áritunina ekki stafa frá ætluðum höfundum myndarinnar.

FFF hefur gert listfræðilega greiningu á verkinu. Í skýrslu hennar segir að helstu stíleinkenni myndarinnar séu grófir pensildrættir og dökkir litir sem gefi henni drungalegt yfirbragð. Pensilskriftin sé ómarkviss, svo og litameðferð. Ekki sé útilokað að myndin hafi verið máluð í Vinaminni í Reykjavík á árunum 1905-15, þar sem salarkynni voru meiri en víðar annars staðar í Reykjavík. Hins vegar sé ekkert í þessu verki sem beri einkenni höfundarverka Ásgríms, hvorki frá fyrstu starfsárum hans né þeim síðustu. Niðurstaða listfræðings er að óhugsandi sé að Ásgrímur Jónsson sé höfundur þessa málverks.

Ályktun.

Rannsóknir þeirra KKK og NNN hafa sýnt fram á það að mynd þessi sé gömul og máluð hefðbundnum olíulitum. Áritunin er gerð með nýrri litum og hefur verið gerð yfir eldri áritun sem hefur verið máð út. Er óhætt að slá því föstu að áritunin stafar ekki frá Ásgrími Jónssyni. Listfræðingurinn telur það vera óhugsandi að

Ásgrímur hafi málað myndina og hefur rökstutt það álit sitt. Verður að telja sannað að hún sé ekki eftir hann og því fölsuð.

Engin bókhaldsgögn hafa fundist hjá Gallerí Borg um það hvaðan myndin er komin en fyrir liggur að hún var seld á uppboði gallerísins 2. apríl 1995. Ákærði kveðst ekki muna eftir þessari mynd sem í þarf í sjálfu sér ekki að vera ótrúlegt.

Niðurstaða

Ákærða er gefið að sök að hafa sjálfur falsað eða látið falsa þessa mynd. Ekki hafa verið leiddar að þessu neinar sönnur í málinu og verður ákærði, sem neitar sök að öllu leyti, sýknaður af því að hafa sjálfur falsað eða látið falsa myndina. Engin sérstök atvik eða gögn eru heldur í málinu sem benda sérstaklega til þess að ákærða hafi verið kunnugt um það þegar myndin var seld að hún væri fölsuð. Ber að sýkna hann af þessum ákærulið og vísa frá dómi bótakröfunni sem hann varðar.

Ákæruliður 23:

Látið selja falsað olíumálverk sem listaverk Svavars Guðnasonar á uppboði fyrirtækisins í Reykjavík fimmtudaginn 2. febrúar 1995. Málverkið hafði ákærði gert eða látið gera eftir þekktu verki. Myndverkið var selt kaupandanum T fyrir kr. 155.000.

KKK hefur rannsakað mynd þessa og samið skýrslu um þá rannsókn. Segir þar að hún sé máluð með þunnfljótandi málningu á pappaspjald. Burðarlagið sé gamalt bakspjald eins og notað sé við innrömmun. Myndefnið sé „abstraktion“. Verkið sé höfundarmerkt Svavar 41 eða 42 með bláum lit í hægra horni að neðan. Nýlegur fernis sé á verkinu. Engar upplýsingar sé að finna á bakhliðinni og myndin sé í nýlegum ramma. Málverkið hafi verið ljósmyndað á litskyggjur í rafljósi og við útfjólublátt ljós við staðlaðar aðstæður. Yfirborð málningarlags, áritun og bakhlið hafi verið skoðuð í smásjá. Í útfjólubláu ljósi sjáist dökkblá ljómageislun um nær allan litaflöt málningarinnar nema í einstaka rauðum og gulum litaflötum. Bendi þetta sterklega til nýlegrar málningar. Í smásjá sjáist að litarefni myndarinnar séu mjög fínkornuð og séu kornin einsleit að stærð og lögun. Litarefnin virðist því framleidd á nútímavísu en ekki frá fyrri hluta aldarinnar eða eldri. Litir séu þekjandi og hafi mikla sveigjueiginleika. Áritunin Svavar 42 (?) sé máluð „blautt í blautt“, þ.e. áður en liturinn undir árituninni nær að þorna, og hefur litur áritunarinnar blandast við undirlitinn. Eftir því að dæma hafi höfundarmerking verksins verið gerð á sama tíma eða skömmu eftir að verkið var málað. Þrjú málningarsýni hafi verið tekin úr verkinu til litrófsgreiningar á bindiefni í FT-IR smásjá hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands: Blár litur úr áritun (UV-skimun gefur til kynna nýlega málningu). Greindist vera alkýð. Rauður litur ofan við áritun (smásjárskoðun gefur til kynna nýlega

málningu). Greindist vera akrýl. Blár litur neðan við miðju myndar (UV-skimun gefur til kynna nýlega málningu). Greindist vera alkýð. Niðurstaða bindiefnagreiningar staðfesti það sem fram hafi komið við skoðun í útfjólubláu ljósi og smásjá, að bindiefnin innihaldi alkýð og akrýl. Alkýðefni til listmálunar hafi komið fyrst fram árið 1968 og akrýllitir um miðbik sjötta áratugarins í Bandaríkjunum og í byrjun sjöunda áratugarins í Evrópu, eða líklega árið 1963. Í lok fimmta áratugarins hafi komið fram akrýllitir í Bandaríkjunum í mjög takmörkuðum mæli en þeir verið annarrar gerðar en liturinn sem greinst hafi í þessari mynd. Áritun verksins sem gerð sé í óþornaða myndina geti því ekki staðist. Verkið í heild sé mun yngra, nema e.t.v. burðarlag þess sem líklega sé gamalt bakspjald af innrömmuðu verki. Geti myndin ekki hafa verið máluð fyrir 1968.

Í skýrslu Sigurðar Jakobssonar kemur fram að tilbúin plastefni, svo sem akrýl og alkýð, hafi verið notuð í iðnaðar- og almennri heimilismálningu frá allt frá 3. áratug 20. aldar en akrýl ekki í listamannaliti fyrr en á 7. áratug aldarinnar. Þó segir hann akrýl hafa fyrst verið notað í listamannaliti 1949 í Bandaríkjunum. Hann vísar um þetta til Thomasar TLs, sem áður er getið. Í málinu eru nokkur óstaðfest gögn um framleiðslu og notkun akrýls í málningu, þar á meðal greinar eftir TL. Benda þessi gögn til þess að akrýl hafi verið fundið upp 1901 í Þýskalandi og framleitt í Bandaríkjunum frá því á 4. áratugnum en ekki verið notað í málningu fyrr en eftir seinna stríð og ekki í listamannaliti fyrr en á 6. eða 7. áratugnum.

vitnið kveðst ekki hafa séð þessa mynd áður. Finnst honum hún vera mjög ólík verkum Svavars Guðnasonar.

FFF og GGG rannsökuðu þetta verk. Í skýrslu þeirra segir að verkið sé eftirgerð verksins “Mikrokosmos” frá 1941. Niðurstaða þeirra er að það beri ekki höfundareinkenni Svavars og vanvirði listamannsnafn Svavars Guðnasonar.

Ályktun.

Rannsóknir KKK og NNN hafa leitt í ljós að mynd þessi er máluð í heild með málningu sem inniheldur alkýð og einnig hefur á einum stað fundist akrýl í rauðum lit. Sem fyrr er óvissa í málinu um framleiðslu- og notkunarsögu alkýðs og er ekki hægt að útiloka það að Svavar Guðnason hafi notað slíka málningu á listamannsferli sínum. Þá verður einnig að telja að nokkur óvissa sé í málinu um framleiðslu- og notkunarsögu akrýlmálningar og heimildir um hana eru auk þess óstaðfestar. Er því ekki óhætt að útiloka það að Svavar Guðnason hafi notað akrýl árið 1942 eða '43. Aftur á móti þykir það tortryggilegt að málningin í myndinni ber þess merki að vera nýleg. FFF og GGG telja myndina ekki vera eftir Svavar Guðnason. Þykir þetta hvort tveggja veita óræka sönnun fyrir því að myndin sé fölsuð.

Engin bókhaldsgögn hafa fundist hjá Gallerí Borg um það hvaðan myndin er komin en fyrir liggur að hún var seld á uppboði gallerísins 2. febrúar 1995. Óumdeilt er einnig að ákærði fékk aftur frá kaupandanum mynd þessa og aðra mynd, sbr. ákærulið 30, eftir að grunur kom upp um það að þær væru falsaðar. Var síðar lagt hald á myndirnar hjá ákærða. Þá liggur það fyrir að ákærði fór með þessar myndir til ÁE, f. 1912, ekkju Svavars Guðnasonar, hinn 16. september 1998. Gerð var nokkur rannsókn á þessu atriði hjá lögreglu sem nú verður gerð grein fyrir.

ÁE, sem ekki hefur komið fyrir dóm, gaf skýrslu hjá lögreglu 9. október 1998 um margvísleg efnisatriði í málinu. Var skýrsla þessi tekin upp, bæði mynd og hljóð, en hún hefur ekki verið lögð fram í málinu, hvorki upptakan sjálf né endurrit af henni. Aftur á móti gerðu þeir Arnar Jensson aðstoðaryfirlöggluþjónn og Róbert Bjarnason allítarlegan útdrátt úr skýrslunni sem ÁEsvo staðfesti með undirskrift sinni 15. október 1998. Hið sama gerði lögmaður hennar, Ingi R. Helgason hrl., sem verið hafði viðstaddur þegar ÁEgaf skýrslu sína 9. október. Í útdrættinum segir eftir ÁE að ákærði hefði komið til hennar með tvö málverk til að sýna henni og spyrja hvort þau væru ekki eftir Svavar. Hefði hún sagt honum að hún kannaðist ekki við þau og fyndist þær ekki geta verið eftir Svavar. Hann hefði viljað fá að sjá ljósmyndir af verkum Svavars og hún sýnt honum. Hefði hún farið að snúast eitthvað um íbúðina og svo sest hjá ákærða. Hefði hann þá bent á tvær ljósmyndir og spurt hvort þær væru ekki af málverkunum tveimur. Hefði hún séð að svo var en strax séð að þær skáru sig algerlega úr öðrum ljósmyndum sem þarna voru og fullyrti hún að hún hefði aldrei séð þær fyrr. Hefði henni dottið í hug að þær hefðu komið frá KKK Sæmundssyni forverði Listasafns Íslands sem hafi gert við myndir Svavars. Sagðist ÁEhafa farið til hans daginn eftir til þess að spyrja hann að þessu og styðst þetta atriði við skýrslu KKK fyrir dómi í málinu. Hefði KKK fullyrt að ljósmyndirnar væru ekki frá honum komnar.

Ákærði sagði í yfirheyrslu sem fram fór hjá lögreglu, að viðstöddum verjanda hans, 23. september 1998, að tilgangurinn með heimsókninni hefði verið að sýna ÁE myndirnar og spyrja hana hvort hún myndi eftir þeim og hvort hún gæti varpað ljósi á eigendasögu þeirra. Hefði ÁEstrax orðið taugaveikluð og hálfskelfd þegar hún hafði séð myndirnar. Hefði hún sagt að hún myndi ekki eftir þeim og að þær væru ekki frá henni komnar. Hefði hún sagt að hún hefði aldrei selt verk eftir Svavar úr búi þeirra. Kvaðst ákærði hafa spurt hana hvort hún ætti til ljósmyndir af verkunum og hún þá sýnt honum safn af ljósmyndum með verkum Svavars. Kvaðst ákærði ekki hafa fundið ljósmyndir af þessum tveimur myndum í því safni. Kvaðst hann þá hafa séð að hún hélt á ljósmynd sem líktist annarri myndinni sem hann hafði komið með. Hefði hann spurt hana um þessa ljósmynd en hún sagt eitthvað á þá leið að þetta væri mynd sem hún hefði klippt til af einhverjum ástæðum. Hefðu þau lagt mynd þessa til hliðar

og haldið áfram að fletta ljósmyndunum þar til þau komu að annarri mynd sem ákærði kvaðst hafa bent henni á. Hefði sú ljósmynd einnig verið lögð til hliðar. Kvaðst ákærði þá hafa sýnt henni ljósmyndirnar betur og spurt hana hvort þær væru ekki af myndunum sem hann hefði komið með. Hefði ÁEskoðað myndirnar og séð að svo hefði verið. Þá hefði hún orðið mjög taugaóstyrk og óörugg og sagt að hún kannaðist ekki við myndirnar og skildist ákærða að hún ætti við málverkin. Kvaðst ákærði þá hafa hætt að ræða um þetta. Þegar hann hefði verið á förum með málverkin hefði hann spurt ÁE hvort hann mætti fá ljósmyndirnar lánaðar til þess að gera ljósrit eftir þeim. Hefði hún fyrst samþykkt það en svo sagt að rétt væri að hún geymdi þær. Þessar ljósmyndir eru meðal málsgagnanna og eru þær af myndunum sem um ræðir í málinu. Hefði hún sagt að henni þætti leitt að geta ekki staðfest að myndirnar væru eftir Svavar en einnig að þær hlytu að vera eftir hann úr því að þær væru merktar honum. Þegar ákærði var yfirheyrður í desember sl. um þessi málverk kvaðst hann ekki muna hvaðan þau væru komin og þarf það í sjálfu sér ekki að vera ótrúlegt.

Niðurstaða

Ákærða er gefið að sök að hafa sjálfur falsað eða látið falsa þessa mynd. Ekki hafa verið leiddar að þessu neinar sönnur í málinu og verður ákærði, sem neitar sök að öllu leyti, sýknaður af því að hafa sjálfur falsað eða látið falsa myndina.

ÁE er háöldruð og álítur dómurinn að ekki hafi verið á hana leggjandi að koma fyrir dóm til vitnisburðar í málinu. Hún staðfesti á sínum tíma útdrátt úr skýrslu sem hún gaf fyrir lögreglu og tekin var upp, eins og fram er komið. Hið sama gerði lögmaður hennar. Frásögn hennar hjá lögreglu ber í megindráttum saman við það sem ákærði hefur sagt um heimsóknina til hennar. Álítur dómurinn að frásögn hennar hafi verulegt sönnunargildi um það sem fram fór þegar ákærði heimsótti hana 16. september 1998, sbr. 3. mgr. 48. gr. oml. Mynd sú sem um ræðir er fölsuð og fyrir liggur að ákærði seldi hana á uppboði, eins og fram er komið. ÁE kannaðist ekki við ljósmyndirnar og hún gerði KKK Sæmundssyni viðvart um þær strax daginn eftir. Ljóst er einnig af frásögn ákærða að henni varð nokkuð um þessa heimsókn og að ljósmyndirnar vöktu hjá henni grun um að ekki væri allt með felldu. Verður og að telja talsverðan ósennileikablæ vera á frásögn ákærða af ljósmyndunum tveimur. Telur dómurinn óhætt að slá því föstu að hann hafi komið með ljósmyndirnar til ÁE til þess að koma þeim í ljósmyndasafn hennar og fá hana þannig til þess að kannast við málverkin. Þykir þetta veita óræka sönnun þess að ákærði hafi vitað að myndirnar væru ekki eftir Svavar Guðnason þegar hann seldi þær. Hefur ákærði þannig orðið sannur að broti gegn 3. mgr. 159. gr. almennra hegningarlaga og 248. gr. sömu laga.

Ekki hefur verið krafist bóta vegna þessa brots.

Ákæruliður 24:

Látið selja yfirmálað olíumálverk óþekkts höfundar sem listaverk Jóns Stefánssonar á uppboði fyrirtækisins í Reykjavík sunnudaginn 5. mars 1995. Málverkið var selt kaupandanum U fyrir kr. 400.000.

KKK hefur rannsakað mynd þessa. Í skýrslu hans um rannsóknina segir að myndin sé máluð með þunnum litum á hörléft, strekkt á blindramma og fest með blásaumi að neðan en heft annars staðar þar sem léreft hafi losnað úr festingum við blindrammann. Myndefni sé uppstilling; blóm í potti og blóm í vasa á borði með epli og appelsínu í forgrunni. Nýlegur, mattur fernis á yfirborði myndarinnar og áritun. Verkið sé merkt „Jón Stefánsson“ með svörtum lit í hægra horni að neðan. Málverkið hafi verið ljósmyndað á litskyggjur í rafljósi og við útfjólublátt ljós við staðlaðar aðstæður, svo og með stafrænni myndavél. Yfirborð málningarlags, áritun og bakhlið voru skoðuð í smásjá. Þá var myndin gegnumlýst með röntgengeislum og Niðurstæða yfirfærð á filmur. Í útfjólubláu ljósi sjáist að yfirborð verksins og áritun flúrljómi sem nýleg málning en gömul olíumálning flúrljómi á smáum svæðum inni á myndinni. Í smásjá megi greinilega sjá að undirliggjandi litalög hafa verið slípuð niður með sandpappír eða riffluðu verkfæri. Þessi litalög beri einkenni gamals olíulitar þar sem kornastærð litarefna er mismunandi og óregluleg og liturinn stökkur. Hin sýnilegu litalög séu aftur á móti einsleit um stærð og lögun korna og mjög sveigjanleg. Við hliðarlýsingu komi fram pensilskrift og upphækkuð form undir hinu sýnilega litalagi sem gefi til kynna að formbreytingar hafa verið gerðar á myndinni. Nýlegur, mattur fernis sé yfir málningarlagi. Víða sjáist í honum mógult efni með trefjum sem líklega er bundið með einhvers konar vaxi ofan á fernislaginu. Efnið gefur verkinu blá gamallar myndar og svipar til efna sem eru á yfirborði nokkurra rannsóknartilvika. Skemmdir séu í eldri myndinni og sjá megi á tveimur stöðum að nýr litur sé yfir þeim. Verkið hafi verið gegnumlýst með röntgengeislum og niðurstæða fest á filmu. Hafi þá sést að undir hinu sýnilega málverki sé annað málverk, ekki ólíkt hinu efra, en með ýmsum formbreytingar, s.s. í skál undir blómapotti. Undir rauðu epli neðarlega til vinstri í forgrunni myndarinnar sé yfirmálað og slípað svæði. Slípunin þar sé meiri en annar staðar í verkinu og gangi niður að grunnlagi myndarinnar. Megi ætla af öðrum rannsóknartilvikum að þar liggi yfirmáluð og niðurslípuð gömul áritun. Þegar efri litalög á þessu svæði hafi verið fjarlægð hafi komið fram mjög niðurslípaðar leifar blárrar áritunar. Ekki sé þó hægt að greina hvaða áritun hafi verið þarna þar sem lítið sé eftir af henni. Fjögur málningarsýni hafi verið tekin úr verkinu til litrófsgreiningar á bindiefni í FT-IR smásjá hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands: Svartur litur úr áritun (yngra verk). Greindist vera alkýð. Gulur litur úr disk (yngra verk). Greindist vera alkýð. Fjólublár litur úr bakgrunni (yngra verk). Greindist vera alkýð. Grænn litur úr blómi (eldra verk). Greindist vera olía. Niðurstæður

bindiefnagreiningar séu samhljóða því sem aðrar greiningar og skoðun hafi leitt í ljós. Verkið sé yfirmálað með alkýðbundnum litarefnum yfir gamalt áritað olíumálverk eftir ókunnan höfund. Ætlaður höfundur umrædds málverks, Jón Stefánsson listmálari, hafi látist árið 1962. Alkýðefni til listmálunar hafi komið fyrst fram árið 1968. Jón Stefánsson hafi því ekki haft tök á að nota þessi efni.

FFF listfræðingur hefur rannsakað þetta verk. Telur hún að margt sé líkt með því og þeim uppstillingamyndum sem auðkenndar séu sem rannsóknartilvik 25 og 97, þ.e. ákæruliðir 18 og 9. Eigi það jafnt við um litameðferð sem pensilskrift en hvorugt beri með sér að höfundur þessara verka hafi haft þá þekkingu og þann listræna metnað sem Jón Stefánsson hafði. Niðurstaða listfræðingsins er að þetta verk standist ekki listrænan samanburð við höfundarverk Jóns Stefánssonar.

Ályktun.

Rannsóknir KKK og NNN hafa leitt í ljós að mynd þessi hefur verið máluð og árituð yfir eldra olíumálverk með nýrri litum sem innihalda alkýð. Á stöku stað skín eldri málningin í gegn. Jón Stefánsson lést 1968. Vegna þeirrar óvissu í málinu um framleiðslu- og notkunarsögu alkýðs er ekki hægt að útiloka það að hann hafi notað alkýðliti á listamannsferli sínum. Að verk sé málað yfir annað verk þarf í sjálfu sér ekki að benda til fölsunar. Á hitt er að líta að örugg ummerki eru um að eldri höfundarmerking hafi verið slípuð niður. Þá hefur FFF stutt það listfræðilegum rökum að verkið sé ekki eftir Jón Stefánsson. Verður og að telja það sannað og að myndin sé fölsuð.

Engin bókhaldsgögn hafa fundist hjá Gallerí Borg um það hvaðan myndin er komin en fyrir liggur að hún var seld á uppboði gallerísins 5. mars 1995. Fram kemur hjá ákærða að hann hefur ekki getað rifjað upp viðskiptin með þessa mynd og þarf það í sjálfu sér ekki að vera ótrúverðugt.

Niðurstaða

Ákærða er gefið að sök að hafa sjálfur falsað eða látið falsa þessa mynd. Ekki hafa verið leiddar að þessu neinar sönnur í málinu og verður ákærði, sem neitar sök að öllu leyti, sýknaður af því að hafa sjálfur falsað eða látið falsa myndina. Engin sérstök atvik eða gögn eru í málinu sem benda sérstaklega til þess að ákærða hafi verið kunnugt um það þegar myndin var seld að hún væri fölsuð. Ber að sýkna hann af þessum ákærulið og vísa frá dómi bótakröfunni sem hann varðar.

Ákæruliður 25:

Látið selja olíumálverk óþekkts höfundar sem listaverk Jóhannesar S. Kjarvals, á uppboði fyrirtækisins í Reykjavík sunnudaginn 2. apríl 1995. Málverkið var selt kaupandanum Ú fyrir kr. 649.000.

KKK hefur rannsakað þessa mynd. Í skýrslu sem hann hefur gert um rannsóknina segir að myndin sé máluð með þykkri málningu á brúnleitan kartonpappír. Myndefni árfarvegur í borg. Verkið sé höfundarmerkt „KJARVAL” með gráum lit í hægra horni að neðan. Á bakhlið þess séu ummerki eftir miða. Engar upplýsingar er að finna á bakhliðinni. Mattur fernis sé yfir málningarlagi. Málverkið hafi verið ljósmyndað á litskyggjur í rafljósi og við útfjólublátt ljós við staðlaðar aðstæður. Yfirborð málningarlags, áritun og bakhlið hafi verið skoðuð í smásjá. Í útfjólubláu ljósi sjáist að verkinu hafi verið breytt og að áritun sé ekki gömul. Komi breytingarnar fram sem blár litur en að öðru leyti flúrljómi litir sem gömul málning. Í smásjá sjáist merki um að svæðið undir og umhverfis áritunina sé gróflega niðurslípað, allt niður í burðarlag verksins. Máð og ógreinileg, græn áritun sé undir þeirri sýnilegu, yfirmáluð með blágrænum lit. Sýnileg áritun verksins sé máluð svörtum og dökkgráum lit og beri einkenni nýlegrar alkýðmálningar, þ.e. þeir séu ógegnsæir og teygjanlegir. Sex málningarsýni hafi verið tekin úr verkinu til litrófsgreiningar á bindiefni í FT-IR smásjá hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands: Dökkgrár litur úr áritun (UV-lýsing gefur til kynna nýlega málningu). Greindist sem alkýð. Grænn litur úr eldri áritun (UV-lýsing gefur til kynna gamlan lit). Greindist sem olía. Svartur litur úr fígúru (UV-lýsing gefur til kynna nýlega málningu). Greindist olía og fernis. Ljósblár litur úr byggingu til hægri (UV-lýsing gefur til kynna nýlega málningu). Greindist vera alkýð. Ljósblár litur úr himni (UV-lýsing gefur til kynna gamla málningu). Greindist vera olía. Sægrænn litur úr yfirmálun undir áritun (UV-lýsing gefur til kynna nýlega málningu). Greindist vera alkýð. Niðurstöður bindiefnagreiningar staðfesti það sem komið hafi fram í útfjólublárri lýsingu og smásjárskoðun. Ný áritun verksins og breytingar séu gerðar með alkýðbundnum litarefnum en eldri áritun sem og upphaflegir litir verksins séu bundnir með olíu. Jóhannes S. Kjarval er talinn hafa málað sínar síðustu myndir árið 1968 en fyrsta alkýðiblöndunarefnið til listmálunar hafi komið á markað sama ár. Listmálunarlitir með alkýðbindiefni hafi komið fyrst fram árið 1976. Skimun verksins í útfjólubláu ljósi og smásjárskoðun gefi til kynna nýlegar breytingar á myndefni og áritun málverksins. Niðurstöður bindiefnagreininga gefi til kynna alkýð í yngri áritun og breytingum á myndefni. Merki séu um niðurslípaða og yfirmálaða eldri áritun í grænum lit. Ummerki og vinnubrögð séu sams konar og notuð voru við myndir sem dæmdar hafi verið falsaðar. Geti myndin eða höfundarmerking ekki verið eftir Kjarval.

vitnið segir mynd þessa ekki vera eftir Kjarval og séu dauðar fígúrir neðst á málverkinu.

GGG hefur gert listfræðilega greiningu á verkinu. Í skýrslu hennar segir að Kjarval hafi dvalið í London í nokkra mánuði 1911-12. Verk hans frá þeim tíma séu

smáar og varfærnislegar vatnslitamyndir, þar sem hann hafði hlotið litla tilsögn í málun, og geti þetta verk ekki verið málað á þeim tíma. Myndin falli heldur ekki að verkum Kjarvals fyrir 1922 er hann flutti til Íslands, né að myndum frá Parísardvöl hans 1928. Niðurstaða listfræðings er að sé þessi mynd borin saman við sjávar- og skipamyndir Kjarvals almennt komi í ljós að ekki sé hægt að finna henni stað meðal verka hans.

Ályktun.

Rannsóknir KKK og NNN hafa leitt í ljós að mynd þessi er upphaflega máluð með olíulitum en hefur síðar verið breytt með því að mála í hana og árita með nýrri litum sem innihalda alkýð. Eldri áritun hefur verið slípuð niður og nýrri áritunin gerð þar yfir. Vegna þeirrar óvissu sem er í málinu um framleiðslu- og notkunarsögu alkýðs er ekki unnt að útiloka það að Jóhannes Kjarval hafi notað liti með alkýði. GGG hefur á hinn bóginn fært listfræðileg rök fyrir því að mynd þessi sé ekki eftir Kjarval. Þá verður og að telja að breytingarnar á verkinu og árituninni séu slíkar að það sé hafið yfir allan vafa að myndin er fölsuð.

Engin bókhaldsgögn hafa fundist hjá Gallerí Borg um það hvaðan myndin er komin en fyrir liggur að hún var seld á uppboði gallerísins 2. apríl 1995. Ákærði segir sig minna að málverkið væri komið frá meðákærða Jónasi Freydal en vill þó ekki fullyrða það. Hefur Jónas Freydal sagt að hann geti ekki staðfest þetta. Aftur á móti segist hann hafa keypt þrjár myndir eftir Kjarval í London og látið Gallerí Borg selja fyrir sig. Hann minnir að ein þeirra hafi verið aðeins minni en þessi umrædda mynd og meira rautt í henni. Hann tekur þó fram að langt sé um liðið.

Niðurstaða

Ákærða er gefið að sök að hafa sjálfur falsað eða látið falsa þessa mynd. Ekki hafa verið leiddar að þessu neinar sönnur í málinu og verður ákærði, sem neitar sök að öllu leyti, sýknaður af því að hafa sjálfur falsað eða látið falsa myndina. Hvorki Pétur Þór né Jónas Freydal hafa sagst muna eftir myndinni eða viðskiptum sínum með hana með fullri vissu. Engin sérstök atvik eða gögn eru í málinu sem benda sérstaklega til þess að ákærða hafi verið kunnugt um það þegar myndin var seld að hún væri fölsuð. Ber að sýkna hann af þessum ákærulið og vísa frá dómi bótakröfunni sem hann varðar.

Ákæruliður 26:

Látið selja olíumálverk óþekkts höfundar sem listaverk Jóns Stefánssonar á uppboði fyrirtækisins í Reykjavík sunnudaginn 4. maí 1995. Myndverkið var selt kaupandanum V fyrir kr. 250.000.

Það athugast að fram er komið í málinu að mynd þessi var seld kaupandanum eftir uppboðið, eða 9. maí 1994.

KKK hefur rannsakað mynd þessa og gert skýrslu um rannsóknina. Segir þar að hún sé máluð með þykkri málningu á plötu úr „masonít“ og merkt „Jón Stefánsson“ með svörtum lit í hægra horni að neðan. Myndefni sé uppstilling; skál með ávöxtum á borði í forgrunni og flösku og súpuskál í bakgrunni. Fingurfar sé við efri jaðar myndarinnar sem sé í ramma. Málverkið hafi verið ljósmyndað á litskyggjur í rafljósi og við útfjólublátt ljós við staðlaðar aðstæður. Yfirborð málningarlags, áritun og bakhlið voru skoðuð í smásjá. Í útfjólubláu ljósi sjáist að verkið sé málað með olíulitum og verði svartir fletir í verkinu og áritun þess mjög dökkir. Greinanlegur munur sé á flúrljómun þessara sömu lita og skeri áritunin sig úr miðað við flúrljómun annarra svartra lita. Í smásjá sjáist að málningarlag er lítið sprungið en rykagnir eru á yfirborði. Nýlegur, mattur fernis sé á yfirborði málningarlags og yfir áritun. Yfir árituninni og á svæði umhverfis hana sé einnig hálfógegnsett fernislag blandað með litarefnum sem geri það að verkum að áritunin verður lítið áberandi á málverkinu. Masonít-burðalagið virðist ekki vera í upprunalegri stærð. Nýlegur skurður sé á hægra jaðri verksins og neðri langhlið. Beri jaðrarnir merki þess að vera skornir með beittu verkfæri og megi marka við efri langhlið og vinstri skammhlið að það hafi verið gert áður en málningarlag hefur náð að þorna. Við hægri skammhlið og neðri langhlið sé þessi skurður nýlegri og hafi kvarnast upp úr málningarlagi við skurðinn og sjá megi ummerki eins og eftir sandpappír við neðri langhlið. Verkið geti því hafa verið stærra í upphafi. Fjögur málningarsýni hafi verið tekin úr verkinu til litrófsgreiningar á bindiefni í FT-IR smásjá hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands: Svartur litur úr áritun sem greindist vera alkýð. Svartur litur úr skugga undir skál sem greindist vera olía. Grænn litur úr flösku sem greyndist vera olía. Hvítur litur úr skál sem greindist vera olía. Niðurstaða bindiefnagreiningar staðfesti það sem fram hafi komið við skimun verksins í útfjólubláu ljósi, þ.e. að áritun verksins sé gerð með alkýðbundnu litarefni. Ætlaður höfundur, Jón Stefánsson, hafi látist árið 1962 en efni til listmálunar sem innhéldu alkýð hafi komið fram á árunum 1968 til 1976. Flúrljómun höfundarmerkingar gefi til kynna nýlega málningu. Yfir hluta áritunar sé grámuskulegt efni (fernir með litarefnum) sem deyi á sýnd hennar. Verkið hafi að öllum líkindum verið stærra í upphafi en það er nú, þar sem burðarlag hafi nýlega verið skorið á tveimur hliðum. Geti verkið ekki verið eftir Jón Stefánsson.

FFF listfræðingur, hefur rannsakað verkið. Hún segir að gróf teikning, óskýr formmótun og tilviljanakennd litameðferð einkenni það. Séu þetta þættir sem stingi í stúf við höfundarverk Jóns Stefánssonar sem einkennist af fastri myndbyggingu og skýrri formmótun þar sem markviss litameðferð með samstillingu andstæðulita gefi

litnum fyllingu og formunum ákveðinn þéttleika. Niðurstaða listfræðings er að höfundur þessa verks hafi hvorki haft þá þekkingu né þann listræna metnað sem Jón Stefánsson hafði og standist það því ekki listrænan samanburð við verk hans.

Dóttir Jóns Stefánssonar, hefur komið fyrir dóm og lýst þeirri skoðun sinni að mynd þessi geti ekki verið eftir föður hennar.

Ályktun.

Rannsóknir KKK og NNN hafa leitt í ljós að um er að ræða mynd sem máluð er olíulitum en hefur verið árituð með nýrri lit sem er alkýðbundinn. Jón Stefánsson lést árið 1962 en vegna óvissu sem er í málinu um framleiðslu- og notkunarsögu alkýðs er ekki hægt að útiloka að hann hafi notað alkýðbundna liti á listamannsferli sínum. Aftur á móti er leitt í ljós að platan sem myndin er máluð á hefur verið skorin eftir að hún var máluð. FFF hefur stutt það listfræðilegum rökum að myndin sé ekki eftir Jón Stefánsson. Það hlýtur einnig að teljast grunsamlegt að áritunin er gerð með nýrri lit en er í verkinu sjálfu. Þykir það sem rakið hefur veita fulla sönnun fyrir því að mynd þessi sé fölsuð.

Engin bókhaldsgögn hafa fundist hjá Gallerí Borg um það hvaðan myndin er komin en fyrir liggur að hún var seld á uppboði gallerísins 4. maí 1995. Ákærði kveðst ekki muna eftir viðskiptum með þessa mynd og þarf það í sjálfu sér ekki að vera ótrúlegt.

Niðurstaða

Ákærða er gefið að sök að hafa sjálfur falsað eða látið falsa þessa mynd. Ekki hafa verið leiddar að þessu neinar sönnur í málinu og verður ákærði, sem neitar sök að öllu leyti, þegar af þeirri ástæðu sýknaður af því að hafa sjálfur falsað eða látið falsa myndina. Engin sérstök atvik eða gögn eru í málinu sem benda sérstaklega til þess að ákærða hafi verið kunnugt um það þegar myndin var seld að hún væri fölsuð. Ber að sýkna hann af þessum ákærulið og vísa frá dómi bótakröfunni sem hann varðar.

Ákæruliður 27:

Látið selja yfirmálað olíumálverk óþekkts höfundar sem listaverk Nínu Tryggvadóttur á uppboði fyrirtækisins í Reykjavík sunnudaginn 10. mars 1996. Málverkið var selt kaupandanum W fyrir kr. 984.000.

KKK hefur rannsakað mynd þessa og segir um rannsóknina í skýrslu sinni að myndin sé þunnt máluð á milligrófan striga, strekktan á blindramma og festan með blásaumi. Heftum hafi verið bætt við til að festa strigann og samsetningin sé ekki upprunaleg. Blindramminn hafi að öllum líkindum verið notaður upphaflega á aðra mynd. Sé blásaumur úr fyrri samsetningu enn í hlið blindrammans undir núverandi samsetningu og falli staðsetningar saumsins ekki að ummerkjum (götum) í léreftinu.

Upplitun á lérefti á bakhlið bendi einnig til þess að fyrri blindrammi hafi ekki verið jafn breiður. Myndefni fólk í forgrunni og landslag í bakgrunni. Striginn sé grunnaður með hvítum olíugrunni. Þá sé verkið höfundarmerkt N.T. 42. með dökkgrænum lit í hægra horni að neðan. Nýlegur, mattur fernis sé á yfirborði myndarinnar. Málverkið sé í nýjum ramma. Málverkið hafi verið ljósmyndað á litskyggjur í rafljósi og við útfjólublátt ljós við staðlaðar aðstæður, svo og með stafrænni myndavél. Yfirborð málningarlags, áritun og áletrun á bakhlið hafi verið skoðuð í smásjá. Í útfjólubláu ljósi megi greina bæði nýlega og gamla málningu. Áritun og nær allir myndfletir sýna einkenni nýlegrar málningar eða málningar blandaða alkýði eða plastefni. Upp í gegnum nokkra þessara flata og meðfram jöðrum verksins flúrljómi litir eins og um hefðbundin olíulit væri að ræða og bendi það til þess að eldra málverk sé undir því sem sýnilegt er. Í smásjá megi greina að undirliggjandi litir sýna merki öldrunar (oxun) og sprungur hafi myndast í litalaginu en hvorugt eigi við um efstu litalög sem liggi yfir sprungunum. Í hliðarljósi móti fyrir ólíkum formum og pensildráttum undir efra litalagi. Undir áritun verksins séu merki um að slípað hafi verið í neðra málningarlag með sandpappír. Sjáist þar leifar af fjólubláum lit á um 11 cm breiðu svæði sem sé að líkindum eldri áritun verksins en ekki verði ráðið í hana. Þar ofan á sé þunnt en þekjandi lag af grænum lit. Þessi græni litur ber einkenni alkýðlitar. Ekki sé að sjá merki um slípun annars staðar á verkinu. Á einum stað móti fyrir hluta af rauðu fingurfari. Fjögur málningarsýni hafi verið tekin úr verkinu til litrófsgreiningar á bindiefni í FT-IR smásjá hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands: Grænn litur úr áritun (UV-lýsing gefur til kynna alkýð eða ungan lit). Greindist vera alkýð. Svargrænn litur úr skóflu (UV-lýsing gefur til kynna alkýð eða ungan lit). Greindist vera alkýð. Rauður litur úr veru fyrir miðju (UV-lýsing gefur til kynna alkýð eða ungan lit). Greindist alkýð. Gráblár litur í hægra horni að ofan (litur úr eldra málverki). Greindist vera olía. Niðurstöðum bindiefnagreiningar ber saman við greiningu verksins í útfjólubláu ljósi og skoðun í smásjá. Yngra málverk (efra litalag) innihaldi alkýðbindiefni en neðri (eldri) mynd innihaldi olíu. Nína Tryggvadóttir hafi látist í júní árið 1968 eftir langvarandi veikindi, sama ár og fyrsta listmálunarefnið (þurrkefni) sem inniheldur alkýð hafi komið á markað í Bretlandi. Sé talið að hún hafi málað síðustu verkin á árinu 1967. Hún hafi því ekki haft tæk á að nota þetta efni. Ummerki séu um að áritun eldra málverks hafi verið slípuð og máð á brott en merki um slípun sé ekki að finna annars staðar á verkinu. Skipt hafi verið á upprunalegum blindramma og á blindramma sem tilheyrt hafi öðru málverki. Ummerki og vinnubrögð líkist því sem verið hafi á þremur tilteknum verkum sem dæmd hafi verið fölsuð, þ.e. niðurslípuð eldri áritun og notkun alkýðs sem bindiefnis í yfirmálunarlitum. Þá sé aðferð sú sama og við átta önnur, þ.e. heilmálað verk yfir eldra málverk. Telur forvörðurinn að Nína Tryggvadóttir sé ekki höfundur verksins.

Dóttir Nínu Tryggvadóttur, sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan, segir mynd þessa ekki geta verið eftir móður sína. Hjólbörur með barni séu t.d. hafðar í lausu lofti í myndinni og myndi Nína aldrei hafa gert slíkt. Hún hafi haft hliðsjón af lögmálum náttúrunnar þegar hún málaði myndirnar. Hún hafi að vísu einfaldað myndefnið en náttúran hafi verið áhersluatriðið. Á myndinni virðist eins og vatns- eða sjávarlínan hlykkist upp fyrir höfuð barnsins sem ekki geti gerst í náttúrunni og sjáist aldrei í verkum Nínu. Þá sé á að líta að grasblettur vinstra megin í myndinni virðist vera festur við afturenda persónunnar sem þar stendur og hefði Nína aldrei gert slíkt. Að því er varðar sjálft myndefnið sé á það að líta að þegar hún gerði hún myndir af ákveðnum atburðum, hafi það fyrst og fremst verið sviðsmyndir, fyrir bækur, barnabækur og slíkt sem hún vann. Í málverkum sínum hafi hún málað “portret” af bæjum, bæjarhlutum og fólki. Orðið “portret” segist Una Dóra nota vegna þess Nína hafi nálgast myndefnið þannig að hún tók í sig það sem hún fann og reyndi síðan að segja frá því á myndfletinum. Varðandi meðferð lita sé þess að geta að hún hafi málaði undirlag eins og sjáist á myndinni en hún hafi ætíð lagt áherslu á það að undirlagsmálningin hefði hlutverki að gegna þegar hún málaði næsta lag málningar yfir. Hún hafi lagt ríka áherslu á það að lýsa fyrir áhorfanda verksins það sem hún sá en þó á sem einfaldastan og skýrstan hátt. Að lokum varðandi myndefnið, barnið, hjólbörur og skófla, þá hafi hún aldrei séð neitt þessu líkt í verkum Nínu. En hefði hún farið að mála verkfæri hefði það tengst landbúnaði. Vitnið samdi álitsgerð um þessa mynd og hefur staðfest hana. Segir hún þar að þetta málverk geti ekki verið eftir móður hennar og telur til þess sjö ástæður: Myndbygging verksins sé gerólík öðrum verkum Nínu, enginn skilningur á fjarvídd né byggingu sé í myndinni, ferköntuð ský sé aðeins að finna í collage-myndum hennar, Nína hefði ekki skilið eftir hvítt svæði umhverfis fígúrnar á þennan hátt, persónur haldi ekki á þungum hlutum nema viðfangsefnið sé stríð eða ofbeldi, litir séu fylltir inn á viðvaningslegan hátt og Nína hafi notað þykkari málningaráferð árið 1942.

EEE listfræðingur, hefur rannsakað verkið. Að hennar mati er fjarvídd mjög áfátt, mótun persónanna óefniskennnd og liturinn borinn mjög þunnur á svo rifar í strigann. Myndin sé skissukennd en ef marka meg undirritun virðist hún fullunnin frá hendi höfundar. Niðurstaða listfræðings er að verkið sé brotakennt og klaufskt og fjarri lagi að tengja það nafni Nínu Tryggvadóttur sem árið 1942 var orðin fullburða listamaður.

Ályktun.

Rannsóknir KKK og NNN hafa sýnt fram á það að mynd þessi sé heilmáluð árituð með nýrri alkýðbundnum litum yfir eldri mynd sem gerð er með olíulitum. Að mynd sé máluð yfir aðra eldri mynd þarf í sjálfu sér ekki að vera vísbending um fölsun og vegna óvissu sem er í málinu um framleiðslu- og notkunarsögu alkýðs er

ekki hægt að útiloka það að Nína Tryggvadóttir hafi notað alkýðbundna liti á listamannsferli sínum. Aftur á móti eru merki um það að áritun á eldri myndinni hafi verið slípuð niður. Þær Dóttir Nínu og EEE hafa leitt að því listfræðileg rök að myndin sé ekki eftir Nínu Tryggvadóttur. Þetta hvort tveggja þykir dóminum nægja til þess að telja það sannað að myndin sé fölsuð.

Engin bókhaldsgögn hafa fundist hjá Gallerí Borg um það hvaðan myndin er komin en fyrir liggur að hún var slegin Skeljungu hf. á uppboði gallerísins 10. mars 1996. Ákærði hefur sagt að hann hafi selt þessa mynd fyrir meðákærða Jónas Freyðal. Meðákærði aftur þá að hann hafi átt þessa mynd eða látið selja hana í Gallerí Borg. Telur hann þetta vera misskilning hjá Pétri Þór.

Niðurstaða

Ákærða er gefið að sök að hafa sjálfur falsað eða látið falsa þessa mynd. Ekki hafa verið leiddar að þessu neinar sönnur í málinu og verður ákærði, sem neitar sök að öllu leyti, sýknaður af því að hafa sjálfur falsað eða látið falsa myndina.

Ákærðu ber hér ekki saman um það hvor þeirra hafi átt myndina en dóminum þykir það þó ekki vera sönnun þess að ákærði hafi verið í vondri trú um myndina, einkum þegar þess er gætt að þeir áttu oft samstarf um málverkaviðskipti. Hefur annað ekki verið fært fram í málinu sem bendir til þess að ákærða, Pétri Þór Gunnarssyni, hafi verið kunnugt um það þegar myndin var seld að hún væri fölsuð. Ber að sýkna hann af þessum ákærulið og vísa frá dómi bótakröfunni sem hann varðar.

Ákæruliður 28:

Látið selja yfirmálað olíumálverk óþekkts höfundar sem listaverk Júlíönu Sveinsdóttur á uppboði fyrirtækisins í Reykjavík sunnudaginn 21. apríl 1996. Málverkið var selt kaupandanum X fyrir kr. 230.000.

KKK hefur rannsakað verk þetta og segir um það í skýrslu sinni að það sé málað með þunnri málningu á lausofinn striga, strekktan á blindramma og festan með blásaumi. Samsetning virðist vera upprunaleg og myndin sé í nýlegum ramma. Engan fernis sé að finna á yfirborði myndarinnar. Myndefni sé landslag með firði í forgrunni en fjalli í bakgrunni. Verkið sé merkt „Júlíana Sveinsdóttir“ með svörtum lit í hægra horni að neðan. Jaðrar myndarinnar séu málaðir með litum sem virðast ekki vera sömu gerðar og litirnir á sýnilegri framhlið málverksins. Megi sjá greinileg pensilfór annars málverks undir yfirborði verksins og að málað sé yfir sprungumynstur eldri myndarinnar. Svæðið undir áritun sé máð og megi greina þar eldri áritun í fölblikum lit. Ofan við áritunina sjáist skemmdir sem málað hafi verið yfir. Efstu málningarlög liggja ofan á þessari yfirmálun. Efstu málningarlög hafi flagnað, sérstaklega á jöðrum

verksins, og brot af þeim dottið úr. Bendi þetta til óhreininda eða fernis á eldra málverkinu. Málverkið hafi verið ljósmyndað á litskyggjur í rafljósi og við útfjólublátt ljós við staðlaðar aðstæður, svo og með stafrænni myndavél. Yfirborð málningarlags, áritun og bakhlið hafi verið skoðuð í smásjá. Þá hafi verkið verið gegnumlýst með röntgengeislum og niðurstaða yfirfærð á filmur. Í útfjólubláu ljósi sjáist ljómageislum sem bendi til að verkið sé málað yfir eldra verk. Jaðrar verksins ljómi sem hefðbundinn olíulitur en meginflötur málverksins sé nútímamálning, líklega alkýð. Á jöðrum sjáist glögg skil milli eldra málverks og þess yngra. Í smásjá sjáist að málað hafi verið yfir sprungur í eldra málverki og skemmd svæði verið yfirmáluð. Yfirborð yngra málningarlags sé hreint og ekki að merkja oxun í yngra málningarlagi og gefi það vísbendingu um að myndin sé ung. Neðan við áritun í hægri horni að neðan sé svæði sem búið sé að fletta af hluta hins yngra málningarlags. (Líklega gert af Ólafi Inga Jónssyni forverði kæranda verksins). Megi þar sjá leifar af niðurslípaðri eldri áritun í föllbleikum lit sem nái út fyrir jaðar verksins hægra megin. Ekki hafi tekist að lesa úr þessari áritun. Af röntgenmyndinni sjáist að undir málverkinu sé eldra málverk af landslagi. Málverkið innihaldi því blýhvítu sem yngra verkið geri ekki og bendi til að verkið sé frá fyrri hluta aldarinnar eða eldra. Blindramminn sé þó varla eldri en frá þriðja eða fjórða áratug 20. aldar en ekki sé hægt að segja nákvæmlega til um aldur hans þar sem þessi gerð blindramma hafi verið lengi í framleiðslu. Þrjú málningarsýni hafi verið tekin úr verkinu til litrófsgreiningar á bindiefni í FT-IR smásjá hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands: Svartur litur úr áritun sem reyndist vera alkýð. Blár litur úr fjalli sem reyndist vera alkýð. Grænn litur úr eldra málverki sem reyndist vera olía. Niðurstaða bindiefnagreiningar staðfesti að yngra málverkið og áritun þess sé máluð með alkýðbundnum litum en upprunalega málverkið með hefðbundnum olíulitum. Júlíana Sveinsdóttir, sem eignuð er myndin, hafi látist árið 1966, tveimur árum áður en framleiðsla á listmálaraefni (íblöndunarefni) með alkýðinnihaldi sé talin hafa byrjað. Þá hafi framleiðsla alkýðlita í túbum byrjað árið 1976. Málverkið sé heilmálað og höfundarmerkt með alkýðbundnum litarefnum yfir eldra olíumálverk og greinileg ummerki séu um að reynt hafi verið að slípa burt upprunalega höfundarmerkingu. Sé þetta áþekkt því sem hafi verið á myndum sem dæmt hafi verið að væru falsaðar. Júlíana Sveinsdóttir hafi því ekki málað myndina.

EEE listfræðingur, hefur rannsakað verkið. Í greinargerð hennar segir þetta sé eina landslagsverkið sem eignað sé Júlíönu Sveinsdóttur sem sýni landslag í nágrenni Reykjavíkur og hafi það verið staðfest af Leifi Sveinssyni, bróður listakonunnar, sem fylgdist náið með listferli hennar. Verkið sé ekki ársett en það heyri til undantekninga í vinnubrögðum málarans. Málverkið beri ekki þann heildarblæ sem einkenni jafnan vinnubrögð Júlíönu heldur virðist það vera samsuða fleiri verka. Hér sé hvorki fyrir hendi jöfn og flæðandi dagsbirta né sá léttleiki sem einkenni þunna efnisáferð hennar.

Niðurstaða listfræðings er að þessi mynd geti ekki verið frumverk Júlíönu Sveinsdóttur.

Ályktun.

Rannsóknir KKK og NNN hafa sýnt fram á það að mynd þessi sé heilmáluð og árituð með nýrri alkýðbundnum litum yfir eldri mynd sem gerð er með olíulitum. Að mynd sé máluð yfir aðra eldri mynd þarf í sjálfu sér ekki að vera vísbending um fölsun og vegna óvissu sem er í málinu um framleiðslu- og notkunarsögu alkýðs er ekki hægt að útiloka það að Júlíana Sveinsdóttir hafi notað alkýðbundna liti á listamannsferli sínum. Aftur móti hefur verið leitt í ljós að efri myndin er nýleg og eldri áritun hefur verið slípuð niður. EEE hefur leitt að því listfræðileg rök að myndin sé ekki eftir Júlíönu Sveinsdóttur. Þetta allt þykir dóminum nægja til þess að telja það sannað að myndin sé fölsuð.

Engin bókhaldsgögn hafa fundist hjá Gallerí Borg um það hvaðan myndin er komin en fyrir liggur að hún var seld á uppboði gallerísins 21. apríl 1996. Fyrir liggur að ákærði vildi láta rannsaka myndina og fór með hana til KKK Sæmundssonar þegar kaupandinn hafði samband við hann, síðari hluta ársins 1996, og sagði að grunur væri á því að hún gæti verið fölsuð. Hafði kaupandinn þá áður látið Ólaf Inga Jónsson forvörð, líta á myndina þegar honum sýndist ekki allt vera með felldu um hana. Þá liggur það einnig fyrir að kaupin gengu til baka eftir að KKK hafði kveðið upp úr með það að hún gæti verið fölsuð. Hefur fundist kvittun, dagsett 15. nóvember 1996, þar sem fram kemur að verið sé að greiða kaupandanum fyrir mynd eftir Júlíönu Sveinsdóttur. Hefur ákærði borið það fyrir sig að hefði hann vitað að myndin væri fölsuð þegar hann seldi hana myndi hann ekki hafa látið Viktor Smára fá myndina til rannsókna.

Ákærði skýrði lögreglu frá því í yfirheyrslu í maí 1997 að hann hefði keypt myndina af lögmanni í Kaupmannahöfn, EMG að nafni, sem hafi verið með skrifstofu við Kultorvet. Hefði hann komist í samband við lögmanninn eftir að hafa auglýst eftir íslenskum myndum í dönsku blaði. Hefði lögmaðurinn sagt sér að hann hefði fengið myndina frá Júlíönu Sveinsdóttur sjálfri. Þegar lögregla svo leitaði eftir því hjá ákærða síðla árs 1997 hvar hann hefði fengið myndina ritaði lögmaður hans bréf til lögreglunnar, 29. október það ár, þar sem fram kom að ákærði segðist hafa keypt þessa mynd hjá EMG. Maður þessi mun hafa látist í nóvember 1993. Ákærði hefur sagt að hann minni það að EMG hafi verið lögmaður fyrir Kunstforeningen á Gammel Strand og þannig muni hann hafa kynnst Júlíönu Sveinsdóttur. Hafi lögmaðurinn sagst hafa fengið myndina hjá Júlíönu sjálfri. Maður þessi var látinn þegar dönsk lögregluþvöf höfðu að grennslast fyrir um þetta vegna rannsókna málsins. Kom í ljós að lögmaðurinn hafði verið ráðgjafi hjá „Den Fri Udstilling eller Kammeraterne” og átt gott málverkasafn. Aftur á móti reyndist íslensk ekkja hans, JG, á lífi á

elliheimili þegar málið sætti lögreglurannsókn. Í málinu er skýrsla lögreglunnar í Kaupmannahöfn um það að rannsóknarlögreglumaður heimsótti ekkjuna þangað og sýndi henni ljósmynd af verkinu. Kannaðist hún við myndina og við það að hafa þekkt Júlíönu Sveinsdóttur sem hún kvað hafa verið „en meget sød dame“. Í skýrslunni kemur fram að ekkjan hafi verið elliaer. Rannsóknarlögreglumaður þessi hefur ekki komið fyrir dóm og engin gögn eru í málinum um andlega heilsu ekkjunnar.

Í gögnum málsins er afrit af reikningi, dagsettum 30. janúar 1991, sem tjáist vera frá EMG fyrir sölu á krítarmynd eftir Júlíönu Sveinsdóttur. Ber reikningurinn það með sér að hafa verið símsendur frá ferðaskrifstofu Jónasar Freydal í Kaupmannahöfn, 28. október 1997 og var lagður inn í málið af hálfu ákærða Péturs Þórs. Reikningur þessi er gerður á ómerkt eyðublað en með handrituðum haus. Þar stendur „Advokat [...]“ auk símanúmers og heimilisfangs á lögmannsskrifstofu hans. Þá er að sjá að efni reikningsins, að undanskilinni dagsetningu og undirskrift, sé gert með sömu hönd og hausinn. Dagsetning er höfð næst ofan við undirskriftina en ekki á reit sem henni er ætlaður efst á eyðublaðinu. Ákærði Jónas Freydal sagði í lögregluýfirheyrslu í Kaupmannahöfn, 10. desember 1997, að hann hefði á sínum tíma keypt mynd af EMG, aðra en þá sem hér um ræðir, og þegar Pétur Þór hefði verið að reyna að hafa uppi á honum vegna myndarinnar sem hér um ræðir hefði hann sent Pétri nótuna til upplýsingar um lögmanninn.

Fyrir dóminn hefur komið systursonur EMG, , fv. lögmaður. Hann kveðst ekki hafa séð þessa mynd hjá móðurbróður sínum. Hann segir þá frændur hafa hist að jafnaði þrisvar til fjórum sinnum á ári. Hann segir það koma honum á óvart ef móðurbróðir hans hafi selt frá sér myndir, þótt hann vilji ekki útiloka það. EMG hafi verið mikill áhugamaður um myndlist og verið málflutningsmaður fyrir samtök listmálara í Danmörku. Hann hafi þegið margar myndir að gjöf frá listamönnum og einnig hafi hann keypt myndir, m.a. íslenskar myndir. Íslensku myndirnar sem þau hjón hafi átt, hafi hangið í borðstofunni hjá þeim, fjórar eða sex talsins, en þessi tiltekna mynd hafi ekki verið þar á meðal. Hann tekur þó fram að nú séu liðin 10 ár frá því að hann kom þar á heimilið. Þau hafi búið í mjög stórri íbúð og geti málverk hafa verið í henni víðar en vitnið sá, svo sem í kjallara. Hann kveður málverk einnig hafa verið á skrifstofu EMG. Hann kveður JG hafa verið svipta sjálfræði skömmu eftir að hún fór á hælið, um jólaleytið 1994. Hann kveður undirskriftina á kvittuninni sem getið var líkjast rithönd EMG. Dagsetningin geti einnig verið frá honum komin en annað ekki. Þá sé nafn hans rangt skrifað í hausnum á kvittuninni.

Eiginkona PD hefur einnig komið fyrir dóminn. Hún kveðst aldrei hafa séð þessa mynd en tekur þó fram að hún hafi ekki þekkt allar myndir sem hann átti. Hún kveður EMG hafa átt gott safn listaverka, þar á meðal íslenskar myndir, og telur

ólíklegt að hann hefði selt frá sér myndir. Í málinu er skýrsla lögreglunnar í Kaupmannahöfn þar sem greint er frá viðtali við annan frænda EMG, héraðsdómara og eiginkonu hans. Þar er haft eftir þeim að þau myndu ekki eftir því að hafa séð myndina hjá EMG en vildu þó ekki alveg fortaka það. Þetta fólk hefur ekki komið fyrir dóm í málinu.

Niðurstaða

Ákærða er gefið að sök að hafa sjálfur falsað eða látið falsa þessa mynd. Ekki hafa verið leiddar að þessu neinar sönnur í málinu og verður ákærði, sem neitar sök að öllu leyti, sýknaður af því að hafa sjálfur falsað eða látið falsa myndina.

Enda þótt ekki sé hægt að útiloka það að EMG hafi selt frá sér myndir er þess að gæta að kvittunin, sem ákærði Pétur Þór fékk frá meðákærða, ber það með sér að annar en hann hafi skrifað á hana hausinn. Dómurinn telur það ekki ná nokkurri átt að EMG sem var lögmaður hefði farið að láta ákærða Jónas Freyðal útbúa haus á kvittun fyrir sig eins og fram hefur komið hjá honum. Verður að hafna því að þessi kvittun stafi frá EMG og slá því föstu að ákærði Pétur Þór hafi látið útbúa hana fyrir sig til þess að breiða yfir það að mynd þessi var fölsuð. Verður því að telja það sannað að hann hafi vitað að myndin væri fölsuð þegar hann seldi hana og sé því sekur um brot gegn 248. gr. og 3. mgr. 159. gr. almennra hegningarlaga.

Telur dómurinn það hafa verið hreint yfirvarp hjá ákærða að hann lét myndina í rannsókn til KKK forvarðar. Var enda myndin þá ekki í eigu hans og eigandinn hafði auk þess kvartað yfir henni við hann.

Bótakrafa hefur ekki verið gerð vegna þessarar myndar.

Ákæruliður 29:

Látið selja yfirmálað olíumálverk óþekkts höfundar sem listaverk Jóhannesar S. Kjarvals á uppboði fyrirtækisins í Reykjavík sunnudaginn 21. apríl 1996. Málverkið var selt kaupandanum Y fyrir kr. 580.000.

KKK forvörður, hefur rannsakað mynd þessa og gert skýrslu um það. Segir þar að hún sé máluð með þunnum litum á léreft, strekkt á blindamma og fest með blásaumi. Samsetning virðist upprunaleg og myndefni sé verur í landslagi. Verkið sé höfundarmerkt „Jóh S. Kjarval” með þunnum, svörtum lit í hægra horni að neðan. Nýlegur, mattur fernis sé á yfirborði verksins og er mógult, óþekkt yfirborðsefni undir fernislaginu í efri hluta myndarinnar. Málverkið hafi verið ljósmyndað á litskyggjur í rafljósi og við útfjólublátt ljós við staðlaðar aðstæður. Einnig hafi verið notuð stafræn myndavél. Yfirborð málningarlags, áritun og bakhlið hafi verið skoðuð í smásjá. Í útfjólubláu ljósi sjáist nærri allur litafloitur málverksins flúrljóma sem nýleg málning. Við yfirborðsskoðun sjáist að pensilskrift í málningarlagi líkist ekki þeirri pensilskrift

sem rannsakandi hafi séð í málverkum Kjarvals. Pensilskriftin sé ómarkviss og litir muskulégir, andstætt vinnubrögðum hans. Í smásjá sjáist að litalag sé víða mjög þunnt og megi sjá í upprunalegt málningarlag í gegn þar sem efra litalagið er þynnst. Bómullarþræðir séu á yfirborði og mógult óþekkt yfirborðsefni sé á yfirborði í efri hluta verksins. Áberandi magn trefja sé í þessu lagi og virðist efnið hafa verið borið á með bómull eða bómullarklút sem smitað hafi frá sér. Þessi aðferð sé óþekkt hjá Kjarval. Fernislag sé matt, líklega vaxblandað, og ekki að merkja gulnun í því. Einnig megi sjá að neðra litalag sé slípað og rákir á efstu „toppum” í léreftinu eins og eftir fínkornaðan sandpappír. Eigi þetta sérstaklega við um svæði undir árituninni og þar nái þetta niður í burðarlag verksins þar sem mest er slípað. Efri litalög bindist lítið við neðra lag. Þá sé neðra litalag stökkara en þau efri, sem gefi vísbendingu um að efstu litalög innihaldi annað bindiefni. Gegnumlýsing verksins með sterku ljósi frá framhlið sýni að formbreytingar hafi verið gerðar á verkinu og að neðra verkið sé ekki fjölbreytt í myndbyggingu. Fimm málningarsýni hafi verið tekin úr verkinu til litrófsgreiningar á bindiefni í FT-IR smásjá hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands: Svartur litur úr áritun (útfjólublá skimun gefur til kynna nýlega málningu). Reyndist alkýð. Gráhvítur litur úr veru (útfjólublá skimun gefur til kynna nýlega málningu). Reyndist vera alkýð. Rauður litur úr neðra verki (útfjólublá skimun gefur til kynna gamla málningu). Reyndist vera olía. Blárauður litur úr jaðri (útfjólublá skimun gefur til kynna gamla málningu). Greindist vera olía. Yfirborðsefni úr himni (útfjólublá skimun gefur til kynna nýlega málningu). Reyndist alkýð. Niðurstaða bindiefnagreiningar staðfesti það sem fram komi í útfjólubláu ljósi, að verkið og áritunin séu máluð með alkýðbundnum litarefnum í heild yfir eldra olíumálverk. Jóhannes S. Kjarval, ætlaður höfundur myndarinnar, sé talinn hafa málað sínar síðustu myndir árið 1968. Fyrsta íblöndunarefnið ætlað til listmálunar, sem innihaldi alkýð, hafi komið fram sama ár í Bretlandi og listmálunarlitir í túpum með alkýðbindiefni hafi komið fram árið 1976. Ekki sé því hægt að útiloka að Kjarval hafi komist yfir slíkt efni en það verði þó að teljast afar ólíklegt, sérstaklega þegar þess er gætt að myndefni verksins sé í ætt við það sem hann hafi verið að gera á tímabilinu 1934-1955. Smásjárskoðun á yfirborði yngra málverksins gefi enga vísbendingu um að verkið geti verið frá sjöunda áratug 20. aldar. Yfirborð þess sé hreint og engin einkenni öldrunar séu komin fram. Verkið sé í heild málað yfir eldra olíumálverk með alkýðbundnum litarefnum, sem og áritunin. Ummerki, s.s. slípun svæðis undir og umhverfis áritun með sandpappír, mógult yfirborðsefni, nýlegur, mattur vaxfernis, bómullarþræðir í fernislagi og notkun alkýðbundinna lita, beri vott um sams konar vinnubrögð og fram koma í fjölda rannsóknartilvika og rannsakandi telur fölsuð. Telur forvörðurinn að ætlaður höfundur umrædds málverks hafi hvorki málað það né áritað.

GGG listfræðingur, hefur rannsakað verkið. Í skýrslu hennar segir að allir þættir málverksins svo og myndbygging eigi sér hliðstæðu í öðrum verkum Kjarvals. Við samanburð verði ljóst að í þessu verki sé um ólíka formgerð að ræða og að verur eru ekki teiknaðar eins og vænta megir af Kjarval. Myndbygging bakgrunns sé einnig ólík öðrum verkum, hún sé klemmd og varla hægt að tala um dýptarvirkni, litanotkun nái ekki að skapa tilfinningu fyrir sérstakri birtu og stemningin í myndinni sé hvorki upphafin né dulúðug. Hvítar verur með ennistopp komi fyrst fyrir í verkum Kjarvals um 1955 og virki hér sérkennilega inni í mynd sem að öðru leyti líkist verkum hans frá miðjum fjórða áratug. Niðurstaða listfræðings er að verkið sé ekki málað af Kjarval heldur sé eftirgerð annarra verka.

vitnið hefur skoðað mynd þessa og kannast ekki við hana. Telur hann mjög ósennilegt að myndin sé eftir Kjarval.

Ályktun.

Rannsóknir KKK og NNN hafa sýnt fram á það að mynd þessi, sem ekki er ársett, sé heilmáluð, árituð með nýrri alkýðbundnum litum yfir eldri mynd sem gerð er með olíulitum og beri yngri litirnir ekki merki öldrunar. Að mynd sé máluð yfir aðra eldri mynd þarf í sjálfu sér ekki að vera vísbending um fölsun og vegna óvissu sem er í málinu um framleiðslu- og notkunarsögu alkýðs er ekki hægt að útiloka það að Jóhannes Kjarval hafi notað alkýðbundna liti á listamannsferli sínum. Aftur á móti er leitt í ljós að eldri áritun hefur verið slípuð niður. GGG hefur leitt að því listfræðileg rök að myndin sé ekki eftir Kjarval og vitnið telur það einnig mjög ósennilegt. Er það enn fremur grunsamlegt að óhreinindi skuli ekki vera á yfirborði myndarinnar. Þetta allt þykir dóminum nægja til þess að telja það sannað að myndin er fölsuð.

Engin bókhaldsgögn hafa fundist hjá Gallerí Borg um það hvaðan myndin er komin en fyrir liggur að hún var seld á uppboði gallerísins 21. apríl 1996. Þegar lögregla leitaði eftir því hjá ákærða í júlí 1997 hvar hann hefði fengið myndina ritaði lögmaður hans bréf til lögreglunnar, 29. október, þar sem fram kom að ákærði segðist hafa keypt þessa mynd í Kaupmannahöfn. Hann kvaðst í lögregluskýrslu í nóvember 1997 hafa komið þar á heimili og keypt myndina, annað hvort fyrir galleríið eða fyrir eigin reikning og hefur hann borið á sama veg fyrir dómi.

Niðurstaða

Ákærða er gefið að sök að hafa sjálfur falsað eða látið falsa þessa mynd. Ekki hafa verið leiddar að þessu neinar sönnur í málinu og verður ákærði, sem neitar sök að öllu leyti, sýknaður af því að hafa sjálfur falsað eða látið falsa myndina. Ákærvaldið hefur lagt nokkra áherslu á það við meðferð málsins að ákærði hafi ekki svarað bréfi ríkislögreglustjóra, 16. júlí 1997, þar sem skorað var á hann að gefa upp eigendasögu 22ja myndverka, þar á meðal þess verks sem hér um ræðir. Telur ákærvaldið þetta

benda til sektar hans. Á það er þó að líta að óreiða ríkti í fyrirtæki ákærða og ætla má að gríðarmörg verk, jafnvel þúsundir, hafi farið þar í gegn á þessu tímabili. Þá verður að hafa í huga að efni þessa bréfs gaf ákærða tilefni til þess að ætla að hann væri grunaður í málinu, þótt það væri að vísu ekki tekið fram í því. Álítur dómurinn að á þessu stigi rannsóknarinnar hefði verið ástæða til þess að gera honum grein fyrir því að grunur hvíldi á honum og benda honum á rétt hans samkvæmt VI. kafla oml., áður en hann væri spurður út í myndirnar. Dómurinn álítur það heldur ekki veita neina sérstaka vísbendingu um sekt hans þótt hann hafi ekki svarað bréfi ríkislögreglustjóra. Ekkert hefur heldur verið fært fram í málinu sem sannar það að ákærða hafi verið kunnugt um það þegar myndin var seld að hún væri fölsuð. Ber að sýkna hann af þessum ákærulið og vísa frá dómi bótakröfunni sem hann varðar.

Ákæruliður 30:

Látið selja olíumálverk óþekkts höfundar sem listaverk Svavars Guðnasonar á uppboði fyrirtækisins í Reykjavík sunnudaginn 6. júní 1996. Málverkið var selt kaupandanum Ý fyrir kr. 285.000.

KKK hefur rannsakað mynd þessa. Hann segir um þá rannsókn í skýrslu að málverkið sé merkt Svavar. Myndefni: Abstraktion. Verkið sé málað á hörléft og sé óársett. Í útfjólubláu ljósi komi fram að verkið sé viðgert og breytt. Nokkur svæði, aðallega neðarlega í verkinu, séu yfirmáluð en einnig hafi verið skerptar línur í efri hluta myndarinnar. Áritunin „Svavar“ gefur frá sér sama lit og yfirmáluð svæði myndarinnar. Að öðru leyti flúrljómi yfirborð verksins sem hefðbundinn olíulitur. Smásjárskoðun leiði í ljós að yfirmálunarlitir hafi eiginleika alkýðlita. Mýkt sé í litunum og blöndun þeirra beri einkenni lita sem þornað hafa hratt, þ.e. litir hafa ekki blandast saman eins og á sér stað með hægþornandi litum. Mikið niðurslípað svæði, líkt og eftir sandpappír, sé við neðri jaðar myndarinnar, yfirmálað með svarbláum lit. Leifar af grænni áritun sem gerð sé með pensli sé á þessu svæði en ekki hafi tekist að ráða í hana. Fjögur málningarsýni hafi verið tekin úr verkinu til litrófsgreiningar á bindiefni í FT-IR smásjá hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands: Blár litur úr áritun (UV-skimun gefur til kynna alkýð). Greindist vera alkýð. Brúnn litur, ofarlega til hægri (UV-skimun gefur til kynna olíu). Greindist vera olía. Fölrauður litur úr kynjahöfði (UV-skimun gefur til kynna alkýð). Greindist vera alkýð. Grár litur neðan við áritun (UV-skimun gefur til kynna alkýð). Greindist vera alkýð. Þessar niðurstöður séu í samræmi við það sem kom fram við flúrljómun. Breytingar og áritun séu innmálaðar með alkýðbundnum litarefnum. Verkinu hafi verið breytt frá upprunalegri gerð þess og breytingar gerðar með alkýðbundnum litarefnum sem og áritun verksins. Leifar af niðurslípaðri áritun séu við neðri jaðar verksins og ummerki og vinnubrögð við breytingar á verkinu og áritun þess minni á myndir sem dæmdar

hafi verið falsaðar. Svavar Guðnason, ætlaður höfundur myndarinnar, hafi því ekki málað hana.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Segja þær að ekki sé hægt að koma auga á nein einkenni Svavars Guðnasonar í þessu verki, sem sé á alla lund ólíkt verkum hans, bæði hvað varðar litróf og formgerð. Niðurstaða listfræðinga er að verkið beri ekki höfundareinkenni hans og vanvirði listamannsnafn Svavars Guðnasonar.

vitnið skoðaði mynd þessa hjá lögreglunni 7. desember sl. Hann kvað myndina geta verið eftir Svavar Guðnason, án þess þó að vera alveg sannfærður um það.

Ályktun.

Rannsóknir KKK og NNN hafa sýnt fram á það að mynd þessari hafi verið breytt þannig að málað hafi verið með nýlegum lit ofan í eldri mynd, einkum um hana neðanverða og hún árituð með nýrri lit. Undir árituninni er að finna leifar af eldri áritun sem hefur verið slípuð niður. Þykir þetta veita óræka sönnun fyrir því að mynd þessi sé ekki eftir Svavar Guðnason og því fölsuð.

Engin bókhaldsgögn hafa fundist hjá Gallerí Borg um það hvaðan myndin er komin en fyrir liggur að hún var seld á uppboði gallerísins 6. júní 1996. Óumdeilt er einnig að ákærði fékk aftur frá Ásdísi mynd þessa og aðra mynd, sbr. ákærulið 23, eftir að grunur kom upp um það að þær væru falsaðar. Var síðar lagt hald á myndirnar hjá ákærða. Þá liggur það fyrir að ákærði fór með þessar myndir til ekkju Svavars Guðnasonar, hinn 16. september 1998. Gerð var nokkur rannsókn á þessu atriði hjá lögreglu sem nú verður gerð grein fyrir.

ÁE, sem ekki hefur komið fyrir dóm, gaf skýrslu hjá lögreglu 9. október 1998 um margvísleg efnisatriði í málinu. Var skýrsla þessi tekin upp, bæði mynd og hljóð, en hún hefur ekki verið lögð fram í málinu, hvorki upptakan sjálf né endurrit af henni. Aftur á móti gerðu AJ aðstoðaryfirlögregluþjónn, og RB allitarlegan útdrátt úr skýrslunni sem ÁEsvo staðfesti með undirskrift sinni 15. október 1998. Hið sama gerði lögmaður hennar, Ingi R. Helgason hrl., sem verið hafði viðstaddur þegar ÁE gaf skýrslu sína 9. október. Í útdrættinum segir eftir ÁE að ákærði hefði komið til hennar með tvö málverk til að sýna henni og spyrja hvort þau væru ekki eftir Svavar. Hefði hún sagt honum að hún kannaðist ekki við þau og fyndist þær ekki geta verið eftir Svavar. Hann hefði viljað fá að sjá ljósmyndir af verkum Svavars og hún sýnt honum. Hefði hún farið að snúast eitthvað um íbúðina og svo sest hjá ákærða. Hefði hann þá bent á tvær ljósmyndir og spurt hvort þær væru ekki af málverkunum tveimur. Hefði hún séð að svo var en strax séð að þær skáru sig algerlega úr öðrum ljósmyndum sem þarna voru og fullyrti hún að hún hefði aldrei séð þær fyrr. Hefði henni dottið í hug að þær hefðu komið frá KKK Sæmundssyni forverði Listasafns

Íslands sem hafi gert við myndir Svavars. Sagðist ÁE hafa farið til hans daginn eftir til þess að spyrja hann að þessu og styðst þetta atriði við skýrslu KKK fyrir dómi í málinu. Hefði KKK fullyrt að ljósmyndirnar væru ekki frá honum komnar.

Ákærði sagði í yfirheyrslu sem fram fór hjá lögreglu að viðstöddum verjanda hans, 23. september 1998, að tilgangurinn með heimsókninni hefði verið að sýna ÁE myndirnar og spyrja hana hvort hún myndi eftir þeim og hvort hún gæti varpað ljósi á eigendasögu þeirra. Hefði ÁE strax orðið taugaveikluð og hálfskelfd þegar hún hafði séð myndirnar. Hefði hún sagt að hún myndi ekki eftir þeim og að þær væru ekki frá henni komnar. Hefði hún sagt að hún hefði aldrei selt verk eftir Svavar úr búi þeirra. Kvaðst ákærði hafa spurt hana hvort hún ætti til ljósmyndir af verkunum og hún þá sýnt honum safn af ljósmyndum með verkum Svavars. Kvaðst ákærði ekki hafa fundið ljósmyndir af þessum tveimur myndum í því safni. Kvaðst hann þá hafa séð að hún hélt á ljósmynd sem líktist annarri myndinni sem hann hafði komið með. Hefði hann spurt hana um þessa ljósmynd en hún sagt eitthvað á þá leið að þetta væri mynd sem hún hefði klippt til af einhverjum ástæðum. Hefðu þau lagt mynd þessa til hliðar og haldið áfram að fletta ljósmyndunum þar til þau komu að annarri mynd sem ákærði kvaðst hafa bent henni á. Hefði sú ljósmynd einnig verið lögð til hliðar. Kvaðst ákærði þá hafa sýnt henni ljósmyndirnar betur og spurt hana hvort þær væru ekki af myndunum sem hann hefði komið með. Hefði ÁE skoðað myndirnar og séð að svo hefði verið. Þá hefði hún orðið mjög taugaóstyrk og óörugg og sagt að hún kannaðist ekki við myndirnar og skildist ákærða að hún ætti við málverkin. Kvaðst ákærði þá hafa hætt að ræða um þetta. Þegar hann hefði verið á förum með málverkin hefði hann spurt ÁE hvort hann mætti fá ljósmyndirnar lánaðar til þess að gera ljósrit eftir þeim. Hefði hún fyrst samþykkt það en svo sagt að rétt væri að hún geymdi þær. Þessar ljósmyndir eru meðal málsgagnanna og eru þær af myndunum sem um ræðir í málinu. Hefði hún sagt að henni þætti leitt að geta ekki staðfest að myndirnar væru eftir Svavar en einnig að þær hlytu að vera eftir hann úr því að þær væru merktar honum. Þegar ákærði var yfirheyrður í desember sl. um þessi málverk kvaðst hann ekki muna hvaðan þau væru komin og framburður hans í dómnum er í þá veru. Þarf það í sjálfu sér ekki að vera ótrúlegt að hann muni þetta ekki.

Niðurstaða

Ákærða er gefið að sök að hafa sjálfur falsað eða látið falsa þessa mynd. Ekki hafa verið leiddar að þessu neinar sönnur í málinu og verður ákærði, sem neitar sök að öllu leyti, sýknaður af því að hafa sjálfur falsað eða látið falsa myndina.

ÁE er háöldruð og telur dómurinn að ekki hafi verið á hana leggjandi að koma fyrir dóm til vitnisburðar í málinu. Hún staðfesti á sínum tíma útdrátt úr skýrslu sem hún gaf fyrir lögreglu og tekin var upp, eins og fram er komið. Hið sama gerði lögmaður hennar. Frásögn hennar hjá lögreglu ber í megindrátum saman við það sem

ákærði hefur sagt um heimsóknina til hennar. Álitur dómurinn að frásögn hennar hafi verulegt sönnunargildi um það sem fram fór þegar ákærði heimsótti hana 16. september 1998, sbr. 3. mgr. 48. gr. oml. Mynd sú sem um ræðir er fölsuð og fyrir liggur að ákærði seldi hana á uppboði, eins og fram er komið. ÁE kannaðist ekki við ljósmyndirnar og hún gerði KKK Sæmundssyni viðvart um þær strax daginn eftir. Ljóst er einnig af frásögn ákærða að henni varð nokkuð um þessa heimsókn og að ljósmyndirnar vöktu hjá henni grun um að ekki væri allt með felldu. Verður og að telja talsverðan ósennileikablæ vera á frásögn ákærða af ljósmyndunum tveimur. Telur dómurinn óhætt að slá því föstu að hann hafi komið með ljósmyndirnar til ÁE til þess að koma þeim í ljósmyndasafn hennar og fá hana þannig til þess að kannast við málverkin. Þykir þetta veita óræka sönnun þess að hann hafi vitað að myndirnar væru ekki eftir Svavar Guðnason þegar hann seldi þær. Hefur ákærði þannig orðið sannur að broti gegn 3. mgr. 159. gr. almennra hegningarlaga og 248. gr. sömu laga.

Ekki hefur verið krafist bóta vegna þessa brots.

Ákæruliður 31:

Látið selja yfirmálað olíumálverk óþekchts höfundar sem listaverk Nínu Tryggvadóttur á uppboði fyrirtækisins í Reykjavík sunnudaginn 6. nóvember 1994. Málverkið var selt kaupandanum Z fyrir kr. 264.000.

KKK hefur rannsakað þessa mynd og gert skýrslu um þá rannsókn sína. Segir þar að hún sé þunnt máluð á léreft, strekkt á blindramma og fest með blásaumi. Samsetning virðist upprunaleg. Saumur á jöðrum sé ryðgaður og virðist sem verkið hafi verið geymt í miklum raka. Léreftið, hvítgrunnað, sé þó ekki morkið. Það beri þó með sér að vera mun eldra en frá sjöunda áratug tuttugustu aldar. Sama eigi við um blindramma verksins, bæði gerð og útlit. Verkið er höfundarmerkt N.TRYGGVADÓTTIR með ljósgrænum lit í hægra horni að neðan. Myndefnið, abstraktion, sé einkennandi fyrir verk Nínu Tryggvadóttur frá fyrri hluta sjöunda áratugarins. Rifa sé ofarlega í hægri hluta myndarinnar. Pensilför og sprungumynstur séu sýnileg í gegnum yfirborð myndarinnar og gefi til kynna að eldra málverk sé undir. Þunnt, matt fernislag sé á yfirborði myndarinnar. Á jaðri léreftsins við efri langhlið sem snýr að blindramma sé lítið rifrildi af brúnum miða, líklega gömlu dagblaði. Á honum stendur Kristiania með dagblaðaletri og er stjarna aftan við.

Á efri langhlið blindramma sé að finna mjög máða áletrun, handskrifaða með blýanti. Rauður stimpill frá innrömmunarverkstæðinu Smiðjunni á vinstri skammhlið. Í útfjólubláu ljósin sjáist einkennandi flúrljómun alkýðbundinna eða nýlegra litarefna á nánast öllu yfirborði myndarinnar og í áritun. Á jaðri verksins að ofan flúrljómi gamalt málningarlag, sem kemur fram undan efsta litalaginu, eins og hefðbundinn

olíulitur. Í smásjá sést að allt yfirborð neðra málverksins, sem virðist málað með hefðbundnum olíulitum, beri merki þess að hafa verið slípað með sandpappír. Efri myndin virðist ný og ekki að sjá oxun (öldrun) eða óhreinindi á yfirborði hennar. Litarefnin loði vel við neðra verkið og hylji þau sprungur í eldra litalaginu, sem bendi til þess að neðra verkið hafi verið gamalt þegar málað var yfir það. Litablöndun beri merki hraðrar þornunar og sé frábrugðin litablöndun hægbornandi lita. Litirnir séu mjúkir og mjög sveigjanlegir, andstætt olíulitum. Á efri langhlið blindramma er að finna afmáða áletrun gerða með blýanti. Áritunin var ljósmynduð í útfjólubláu ljósi og litum umbreytt í tölvu til að skerpa litaandstæður. Ekki var hægt að ráða í hana nema bókstafina “Ha”. Þrjú málningarsýni hafi verið tekin úr verkinu til litrófsgreiningar á bindiefni í FT-IR smásjá hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands: Ljósgrænn litur úr áritun (UV-lýsing gefur til kynna alkýð eða nýlegan lit). Greindist vera alkýð. Blágrænn flötur neðarlega til vinstri (UV-lýsing gefur til kynna alkýð eða nýlegan lit). Greindist vera alkýð. Rrauðbrúnn litur ofarlega við miðju (UV-lýsing gefur til kynna alkýð eða nýlegan lit). Greindist vera fernis. Niðurstöðum bindiefnagreiningar beri saman við greiningu verksins í útfjólubláu ljósi og skoðun í smásjá. Tvö sýnanna innihalda alkýð en eitt þeirra fernis. Samkvæmt flúrljómun þeirra lita sem sýnin voru tekin úr sé um nýlega liti að ræða. Nína Tryggvadóttir hafi látist í júní árið 1968 eftir langvarandi veikindi, sama ár og fyrsta þurrkefnið sem inniheldur alkýð kom á markað í Bretlandi. Sé talið að hún hafi málað sín síðustu verk á árinu 1967. Hún hafi því ekki haft tæk á að nota þetta efni. Verkið sé heilmálað yfir eldra málverk með alkýðbundnum litum og fernis. Neðra málverkið beri ummerki slípunar með sandpappír. Algeng vinnubrögð í rannsóknartilvikum. Engin merki öldrunar (oxun) sjáist í efra málningarlagi. Flúrljómun verksins gefi til kynna nýlegan lit eða litarefni með alkýðinnihaldi. Blindrammi og léreft beri með sér að vera eldri en frá upphafi sjöunda áratugarins. Nína Tryggvadóttir geti því ekki verið höfundur myndarinnar.

Dóttir Nínu hefur skoðað mynd þessa. Fyrir dómi sagðist hún strax hafa áttað sig á því að myndin, ásamt tveimur öðrum, væri falsað verk.

EEE listfræðingur, hefur rannsakað þetta verk. Segir í álitsgerð hennar að myndbyggingu svipi til þeirra verka sem Nína Tryggvadóttir vann á árunum 1957-1967. Nína hafi gjarnan lagt litinn sem grunn með sköfublaði og síðan byggt upp vel afmörkuð litaform sem flögruðu um í ótakmörkuðu rými. Hér upplifi áhorfandinn hins vegar ekki þá rýmisverkun heldur virðist sem hér liggi allt á sama plani og sú hrynjandi sem jafnan einkenni abstraktverk Nínu sé hér víðs fjarri. Hér séu heldur ekki fyrir hendi þeir djúpu og safamiklu litir sem séu aðalsmerki listamannsins. Niðurstaða listfræðings er að þessi höfundareinkenni sé ekki að finna í þessu verki og standist það engan veginn listrænan samanburð við önnur abstraktverk Nínu Tryggvadóttur.

Niðurstaða

Rannsóknir KKK og NNN hafa sýnt fram á það að mynd þessi er heilmáluð árituð með nýrri alkýðbundnum litum yfir eldri mynd sem gerð er með olíulitum. Að mynd sé máluð yfir aðra eldri mynd þarf í sjálfu sér ekki að vera vísbending um fölsun og vegna óvissu sem er í málinu um framleiðslu- og notkunarsögu alkýðs er ekki hægt að útiloka það að Nína Tryggvadóttir, sem talin er hafa málað fram á árið 1967, hafi notað alkýðbundna liti á listamannsferli sínum. Þær Dóttir Nínu og EEE hafa leitt að því listfræðileg rök að myndin sé ekki eftir Nínu Tryggvadóttur og telja verður grunsamlegt að efra málningarlag sýnist vera nýlegt. Verður og að telja líkur fyrir því að myndin sé ekki eftir Nínu en ekki þykir vera óhætt í sakamáli að telja það sannað. Ber því að sýkna ákærða af ákærinni að þessu leyti og vísa bótakröfunni sem varðar sakarefni þetta frá dómi.

Ákæruliður 32:

Látið selja olíumálverk óþekkts höfundar sem listaverk Jóns Stefánssonar í verslun fyrirtækisins í Reykjavík, þriðjudaginn 5. janúar 1999. Málverkið var selt kaupandanum Þ fyrir kr. 590.000.

KKK hefur rannsakað mynd þessa og gert skýrslu um þá rannsókn. Segir þar að myndin sé máluð þunnri málningu á léreft, upprunalega strekkt á blindramma með blásaumi en nú fest með heftum. Striginn sé grunnaður með hvítu grunnefni. Myndefni sé uppstilling sem sýnir hvíta skál á borði með ávöxtum (epli), teketil og vínflösku. Verkið er höfundarmerkt „Jón Stefánsson” með svartri málningu í hægra horni að neðan. Nýlegt, matt fernislag á innrammaðri myndinni. Málverkið hafi verið ljósmyndað á litskyggjur í rafljósi og við útfjólublátt ljós við staðlaðar aðstæður. Einnig hafi verið notuð stafræn myndavél. Yfirborð málningarlags, áritun og bakhlið hafi verið skoðuð í smásjá. Í útfjólubláu ljósi sjáist flúrljómun gamallar olíumálningar í flestöllum litaflötum verksins. Við áritunina og á litlum flötum í neðri hluta myndarinnar komi fram flúrljómun nýlegrar málningar. Í smásjá megi sjá að málningarlag er víða sprungið og að málað hefur verið yfir sprungið undirlag. Einnig eru breytingar/viðgerðir málaðar yfir sprungur og það löngu eftir tilurð verksins þegar málningarlag er farið að springa sakir öldrunar. Efri hluti verksins beri ummerki hreinsunar sem ekki sé að fullu lokið. Nýlegur, mattur fernis er yfir málningarlagi myndarinnar og greina megi leifar af gulnuðum fernis í ójöfnum í málningarlagi. Málningin í árituninni sé mýkri og sveigjanlegri en aðrir litir í verkinu. Neðan við hana séu uppleystar málningarleifar í svörtum lit og vísbending um að verkið hafi verið áritað á þessum stað. Litarefnið virðist hafa verið leyst upp áður en það hafi náð að þorna þar sem málningin í þessari áritun hafi runnið í nærliggjandi sprungur. Áritunin virðist því hafa verið tvígerð. Ofan við núverandi áritun og lítið eitt til vinstri

hafi verið afþakinn yfirmálunarlitur á svæði þar sem hafi sést í bláan lit sem að formi til gæti verið leifar af gamalli áritun. Ekki sé þó hægt að fullyrða að um gamla áritun sé að ræða. Fjögur málningarsýni hafi verið tekin úr verkinu til litrófsgreiningar á bindiefni í FT-IR smásjá hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands: Svartur litur úr áritun (flúrljómun gefur til kynna nýlega málningu). Greindist vera alkýð. Svartur skuggi undir katli (flúrljómun gefur til kynna nýlega málningu). Greindist vera alkýð. Rauður litur úr katli (flúrljómun gefur til kynna gamla málningu). Greindist vera olía. Sýni úr fernis. Greindist vera fernis, vax. Niðurstaða bindiefnagreiningar staðfesti það sem áður hafði komið fram í útfjólubláu ljósi og smásjárskoðun. Gamalt málverk hafi verið áritað með nýlegri málningu sem inniheldur alkýð sem bindiefni. Einnig hafi verkinu verið breytt með alkýðbundnu litarefni. Jón Stefánsson, ætlaður höfundur verksins, hafi látist árið 1962. Framleiðsla listmálunarefnis með alkýðinnihaldi hafi byrjað árið 1968 og listmálunarlitir í túpum með alkýðinnihaldi komið fram árið 1976. Jón Stefánsson hafi því ekki haft tök á að nota þetta efni. Áritun sé gerð á nýlegan yfirmálunarlit sem liggi yfir sprungur í eldra litalagi. Leifar annarrar áritunar séu neðan við þá sem sýnileg er. Myndin geti ekki verið eftir Jón Stefánsson.

FFF hefur gert listfræðilega greiningu á verkinu. Þar segir að verkið beri ekki með sér að höfundur þess hafi tileinkað sér þau vinnubrögð í meðferð lita sem séu einkennandi í hinni cézannísku hefð sem Jón Stefánsson telst fulltrúi fyrir. Meðal helstu einkenna verka Jóns séu snöggir pensildrættir, þar sem litalögin rifa í gegn, og blæbrigðaríkir litafletir. Eigi þetta ekki síst við um kyrralífsmyndir hans þar sem áhersla sé lögð á að virkja bakgrunninn með næmu samspili lita. Í þessu verki virðist mikið skorta á að höfundur þess hafi ásett sér að ná fram sömu listrænu áhrifum og Jón. Niðurstaða listfræðings er að verkið standist ekki listrænan samanburð við verk Jóns Stefánssonar.

Ályktun.

Rannsóknir KKK og NNN hafa leitt í ljós að um er að ræða mynd sem máluð er olíulitum en hefur verið breytt löngu síðar og myndin árituð með nýrri lit sem er alkýðbundinn. Undir árituninni eru leifar af eldri áritun. Jón Stefánsson lést árið 1962 en vegna óvissu sem er í málinu um framleiðslu- og notkunarsögu alkýðs er ekki hægt að útiloka að hann hafi notað alkýðbundna liti á listamannsferli sínum. Á hinn bóginn hefur FFF leitt listfræðileg rök að því að myndin sé ekki eftir Jón Stefánsson og breytingarnar á henni og leifar af eldri áritun undir hinni nýrri þykja veita fulla sönnun fyrir því að hún sé það ekki og því fölsuð.

Engin bókhaldsgögn hafa fundist hjá Gallerí Borg um það hvaðan myndin er komin en fyrir liggur að hún var seld í verslun gallerísins 5. janúar 1999. Ákærði kveðst hafa keypt þessa mynd af gömlum hjónum í Kaupmannahöfn eftir auglýsingu í blaði en hann kvaðst þó ekki geta rifjað upp hvar þau hafi búið.

Niðurstaða

Ákærða er gefið að sök að hafa sjálfur falsað eða látið falsa þessa mynd. Ekki hafa verið leiddar að þessu neinar sönnur í málinu og verður ákærði, sem neitar sök að öllu leyti, þegar af þeirri ástæðu sýknaður af því að hafa sjálfur falsað eða látið falsa myndina.

Fyrir liggur að ákærði kom myndinni til KKK Sæmundssonar, forvarðar á Listasafni Íslands, til hreinsunar og lagfæringar ásamt annarri mynd. Var myndin hjá KKK um allanzt skeið þar sem hann fjarlægði m.a. yfirmálun af myndinni samkvæmt því sem segir í bréfi hans til ákærða 28. september 1998. Þar segir hann einnig að hann telji sig ekki lengur geta unnið við myndina þar sem hann hafi tekið að sér að vinna í rannsókn á fölsuðum málverkum. Þá segist hann, vegna reynslu sinnar af rannsókn falsaðra málverka, mæla með því að ákærði láti rannsaka áritun þessarar myndar. Hann biður ákærða að sækja myndirnar eða láta tengdaföður sinn taka við þeim. Bréf þetta var, samkvæmt gögnum málsins og skýrslu KKK fyrir dómi, sent í ábyrgðarpósti en ekki er í málinu kvittun frá ákærða um að hann hafi tekið við því. Ákærði segir að myndunum hafi verið skilað til tengdaföðursins enda hafi vinnustofa hans verið við sömu götu, á móti vinnustofu forvarðarins. Ákærði var yfirheyrður rækilega um þetta bréf hjá lögreglu 11. desember sl. Kvaðst hann þá halda að hann hefði fengið bréf frá forverðinum þar sem hann lýsti því hvað hann væri búinn að vinna í myndinni. Gæti það verið þetta bréf en hann myndi það ekki en hann vildi ekki fortaka það. Hann fullyrðir að hann hafi ekki fengið eintak af bréfinu með myndunum. Hann lagði áherslu á það að hann hefði verið fullviss um það að myndin væri ekta vegna þess að hann hefði keypt hana af þessum gömlu hjónum. Fyrir dómi hefur ákærði sagt að hann muni ekki eftir að hafa fengið bréfið en hann vefengi það þó ekki.

Ákærði neitar því ekki að hann hafi fengið í hendur bréf KKK áður en hann seldi myndina og það sem hann segir sjálfur um efni bréfsins sem hann haldi að hann hafi fengið frá forverðinum getur átt við það bréf sem um ræðir. Verður að telja sannað að hann hafi fengið bréf þetta í hendur eða afrit af því. Þegar ákærði seldi myndina aftur hafði hann fengið aðvörun um það frá sérfræðingi, sem hann hafði treyst fyrir myndinni, að hún gæti verið svikin. Enda þótt ekki hafi beinlínis verið hnekkkt frásögn hans af því hvernig hann var að myndinni kominn eða þeirri staðhæfingu að hann hafi verið í góðri trú þegar hann keypti hana telur dómurinn að hann hafi hlotið að gera sér grein fyrir því að myndin væri langlíklegast fölsuð. Hefur ákærði brotið gegn 248. gr. almennra hegningarlaga og 3. mgr. 159. gr. sömu laga.

Ákærði er sakaður um að hafa látið bjóða til sölu á tveimur listmunauppboðum á vegum Kunsthallen í Danmörku tvö fölsuð olíumálverk sem listaverk Svavars Guðnasonar og þannig blekktt viðskiptavini uppboðsfyrirtækjanna til að kaupa verkin. Höfðu málverkin verið máluð yfir eldri verk óþekktra höfunda, gamlar höfundarmerkingar eldri verkanna afmáðar, höfundarmerkingarsvæði myndflatanna yfirmáluð og málverkin síðan höfundarmerkt Svavari Guðnasyni. Nánar tiltekið er ákærði sakaður um að hafa með framangreindum hætti:

Ákæruliður 33:

Látið selja yfirmálað olíumálverk sem listaverk Svavars Guðnasonar á uppboði Kunsthallen í Kaupmannahöfn þriðjudaginn 5. desember 1995. Málverkið var selt kaupandanum Æ fyrir dkr 12.000.

KKK hefur rannsakað mynd þessa og gert skýrslu um þá rannsókn. Segir þar að hún sé máluð með þunnri málningu á léreft, sem strekkt er á blindramma með blásaumi. Samsetning virðist upprunaleg, léreft grunnað með hvítu grunnefni. Verkið sé höfundarmerkt „Svavar“ með dökkgráum lit í hægra horni að neðan. Myndefni, komposition. Málverkið hafi verið ljósmyndað á litskyggnur í rafljósi og við útfjólublátt ljós við staðlaðar aðstæður. Einnig hafi verið notuð stafræn myndavél. Yfirborð málningarlags, áritun og bakhlið hafi verið skoðuð í smásjá. Í útfjólubláu ljósi sjáist nýleg málning á nánast öllu yfirborði verksins og í áritun. Á minni svæðum komi fram flúrljómun olíulitar sem gefi vísbendingu um eldra málverk undir. Í smásjá sjáist að yfirborð málningarlags er laust við óhreinindi og að efstu málningarlögin eru máluð yfir sprungur í þeim neðri. Þunnt, matt vaxfernislag sé á yfirborði verksins og yfir árituninni. Í hægra horni að ofan megi sjá ummerki slípunar með sandpappír í neðri málningarlögum sem málað hafi verið yfir. Vísbending sé um niðurslípaða og yfirmálaða áritun og sé verkinu snúið við þannig að slípaða svæðið lendi í vinstra horni að neðan megi greina gúmmitré á neðri myndinni. Höfundarmerking verksins, sem sé gróflega gerð, liggi yfir sprungum í neðri málningarlögum og hafi því verið gerð löngu eftir að eldra verkið var málað þar sem málningarlag er farið að springa vegna öldrunar. Höfundarmerkingunni beri ekki saman við áritanir ætlaðs höfundar sem að jafnaði séu fínlega gerðar. Efstu málningarlög hafi verið fjarlægð yfir slípuðu svæði í hægra horni að ofan en ekki hafi fundist ótvíræð merki um eldri áritun. Fjögur málningarsýni hafi verið tekin úr verkinu til litrófsgreiningar á bindiefni í FT-IR smásjá hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands: Dökkgrár litur úr áritun (UV-ljómun gefur til kynna nýlega málningu). Greindist vera alkýð. Bleikur litur neðan við miðju (UV-ljómun gefur til kynna nýlega málningu). Greindist vera alkýð. Gulur litur við miðju til vinstri (UV-ljómun gefur til kynna nýlega málningu). Reyndist alkýð.

Grænn litur úr laufblaði (UV-ljómun gefur til kynna gamla málningu). Greindist olía. Niðurstöður bindiefnagreiningar séu samhljóða því sem fram hafi komið við skimun verksins og smásjárskoðun. Efra málverk sé málað með alkýðbundnum litarefnum en eldra verk með olíubundnum litarefnum. Talið sé að ætlaður höfundur málverksins Svavar Guðnason haft málað sína síðustu mynd árið 1979. Hann hafi því haft tök á að nota alkýðmálningu í málverk sín. Ummerki um slípun á algengum merkingarstað nafnskriftar og yfirmálun eldra málverks eftir óþekkthan höfund beri einkenni sams konar vinnubragða og eigi við í mörgum rannsóknartilvikum sem sannanlega séu fölsuð. Álitur forvörðurinn að neðra málverkið beri ekki höfundareinkenni Svavars Guðnasonar. Ekki sé vitað til þess að Svavar Guðnason hafi málað uppstillingar á ferli sínum sem listmálari. Málverkið sé heilmálað yfir gamalt og sprungið olíumálverk af pottaplöntu, sem snúið sé á hvolft, með alkýðbundnum litarefnum. Ummerki séu um niðurslípun á hefðbundnum höfundarmerkingarstað málverka. Yfirborð málningarlags sé hreint og án óhreininda í misfellum í málningarlagi. Ummerki og vinnubrögð séu þau sömu og við fjölda annarra rannsóknartilvika sem sannanlega séu fölsuð s.s.: niðurslípun með sandpappír á hefðbundnum stað höfundarmerkinga, notkun alkýðefna, yfirmálun gamals olíumálverks og nýlegur mattur vaxfernis á yfirborði. Hafi Svavar Guðnason því hvorki málað myndina né áritað.

Vitnið kveðst ekki hafa séð þessa mynd áður. Finnst honum hún vera mjög ólík verkum Svavars Guðnasonar.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Segja þær að í því sé reynt að líkja eftir hinu hráa í verkum Svavars Guðnasonar en í samanburði við verk hans sjáist greinilega hversu mikið beri í milli í tjáningarkrafti og um hversu ólíka litameðferð sé að ræða. Sé notkun á hvítum lit borin saman á milli verka sjáist að í verki Svavars sé hvítt notað til að skerpa á andstæðum en í þessu verki geri yfirdriffin yfirmálun í hvítum lit það sljótt. Niðurstaða listfræðinga er að verkið beri ekki höfundareinkenni Svavars Guðnasonar og vanvirði listamannsnafn hans.

Ályktun.

Rannsóknir KKK og NNN hafa sýnt fram á það að mynd þessi sé heilmáluð, árituð með nýrri alkýðbundnum litum yfir gamla og sprungna eldri mynd sem gerð er með olíulitum. Að mynd sé máluð yfir aðra eldri mynd þarf í sjálfu sér ekki að vera vísbending um fölsun. Aftur á móti hefur verið leitt í ljós að úr neðri myndinni, sem snúið hefur verið á hvolft, hefur verið slípuð burt höfundaráritun. FFF og GGG hafa leitt að því listfræðileg rök að myndin sé ekki eftir Svavar Guðnason. Þá verður að telja grunsamlegt að ekki eru óhreinindi í yfirborði yngra málningarlags. Þykir þetta allt veita óræka sönnun fyrir því að mynd þessi sé ekki eftir Svavar Guðnason og því fölsuð.

Ákærði hefur sagt að hann hafi þá verið staddur í Höfn sem oftast og séð myndina auglýsta í dönsku dagblaði. Hafi hann keypt hana og farið með hana nánast beint í Kunsthallen sem hafi samþykkt að bjóða hana upp. Hann segist ekki muna af hverjum hann keypti mynd þessa en getur þess að þegar hann hafi keypt myndir eftir auglýsingum þar hafi hann ýmist ekið á milli staða að sækja myndirnar eða að fólk kom með þær á hótelið þar sem hann dvaldist. Engin gögn hafa heldur fundist um kaup ákærða á þessari mynd.

Fyrir liggur að mynd þessi var seld á uppboði listaverkasölnunar Kunsthallen í Kaupmannahöfn, 5. desember 1995.

Niðurstaða

Engin sérstök atvik eða gögn eru í málinu sem benda sérstaklega til þess að ákærða hafi verið kunnugt um það þegar myndin var seld að hún væri fölsuð. Ber að sýkna hann af þessum ákærulið og vísa frá dómi bótakröfunni sem hann varðar.

Ákæruliður 34:

Látið selja yfirmálað olíumálverk sem listaverk Svavars Guðnasonar á uppboði Kunsthallen í Kaupmannahöfn miðvikudaginn 18. september 1996. Málverkið var selt kaupandanum Ö fyrir dkr 22.000.

KKK hefur rannsakað mynd þessa og gert skýrslu um rannsóknina. Segir þar að myndin sé máluð og smurð þykkri málningu með sköfu (spatel). Burðarlag sé hörléreft, strengt á blindramma með blásaumum. Merki séu um að léreft hafi verið strengt tvisvar á sama blindrammann og því ekki hægt að fullyrða hvort samsetning sé upprunaleg. Á miðri efri langhlið blindrammans megi sjá leifar miða sem hafi verið fjarlægður. Á bakhlið lérefts sé gráblá, máluð áletrun: „Svavar G.” og er ör í gegnum nafnið. Málverkið hafi verið ljósmyndað í rafljósi og við útfjólublátt ljós við staðlaðar aðstæður á 35 mm myndavél. Yfirborð málningarlags, áritun og áletrun á bakhlið hafi verið skoðuð í smásjá. Í útfjólubláu ljósi hafi komið fram ljómageislun af nýlegri málningu og/eða plastmálningu á nær öllu yfirborði málverksins, sem og áritun. Við jaðra og á afmörkuðum flötum inni á myndefni hafi komið fram ljómageislun olíumálningar. Í smásjá komi fram að samræmi sé á milli þess sem fram kom við UV-skimun og smásjárskoðunar. Meginhluti efri málningarlags hafi einkenni og ásýnd plastbundinnar málningar en við jaðra og á afmörkuðum flötum inn á myndefni hafi málning ásýnd og einkenni olíumálningar. Merki séu um eldra olíumálverk undir. Olíumálningarlag beri þess merki að hafa verið slípað áður en málað hefur verið yfir það. Ekki hafi fundist merki um niðurslípnað eldri áritun. Á yfirborði málverksins sé mógult efni með trefjum sem gefi myndinni gulan tón eins og um gamalt málverk sé að ræða. Efnið sé sams konar og finna megi á yfirborði tveggja tilgreindra

rannsóknartilvika. Þunnt, matt fernislag sé yfir málningarlaginu. Fernisinn hafi sömu eiginleika og ásýnd og fundist hafi á fjölda annarra rannsóknartilvika, þ.e. að hann sé mjúkur, glær og virðist innihalda vax. Engin öldrunareinkenni sé að sjá á honum. Fimm litasýni hafi verið tekin úr verkinu til bindiefnagreiningar í FT-IR smásjá; Ljósgrænn litur úr áritun (skimun gefur til kynna nýlega málningu). Greindist vera alkýð. Grár litur ofarlega t. (skimun gefur til kynna nýlega málningu). Greindist vera alkýð. Gulur litur ofarlega t. (skimun gefur til kynna nýlega málningu). Greindist vera alkýð. Grænn litur við neðri jaðar t.v (skimun gefur til kynna olíumálningu). Greindist vera olía. Grár litur úr áletrun á bakhlið. (skimun gefur til kynna nýlega málningu). Greindist vera alkýð. Niðurstöður bindiefnagreiningar sé samhljóða því sem fram hafi komið við skoðun í útfjólubláu ljósi og í smásjá. Efra málverkið sé málað með alkýðbundnu litarefni, sem og áritun og áletrun á bakhlið en neðra málverk með olíulitum. Samkvæmt myndefni eigi umrætt málverk að hafa verið málað um miðbik fimmta áratugar tuttugustu aldar. Alkýðbundin listmálunarefni hafi ekki komið fram fyrr en á síðari hluta sjöunda áratugar sömu aldar. Skimun í útfjólubláu ljósi gefi til kynna nýlega málningu eða málningu sem inniheldur plastefni í efri hluta málningarlaga en olíu í undirlögum. Smásjárskoðun og bindiefnagreining gefi sömu niðurstöðu. Mógult yfirborðsefni gefi verkinu gamlan blæ. Sambærilegt efni er í tveimur tilteknum rannsóknartilvikum. Myndefnið heyri til miðju fimmta áratugar tuttugustu aldar en alkýðefni til listmálunar hafi ekki komið fram fyrr en um 30 árum síðar. Verkið geti ekki verið eftir þann sem það er merkt.

vitnið kveðst ekki hafa séð þessa mynd áður. Finnst honum hún vera mjög ólík verkum Svavars Guðnasonar.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Í umsögn þeirra segir að gula formið í verkinu minni á form í verkinu “Gullfjöll”, frá 1946, sem sé eitt þekktasta verk Svavars. Sé það frá einu frjóasta tímabili listferils Svavars og í því rísi litaexpressjónismi hans hæst. Litameðferð sé þrungen tilfinningalegri spennu og skapi liturinn rými verksins. Andstætt því sé litameðferð verksins er hér um ræðir flöt og höfundur takist ekki að skapa rými í verkinu. Niðurstaða listfræðinga er að verkið beri ekki höfundareinkenni Svavars Guðnasonar og vanvirði listamannsnafn hans.

Niðurstaða

Rannsóknir KKK og NNN hafa sýnt fram á það að mynd þessi sé heilmáluð, árituð með nýrri alkýðbundnum litum yfir eldri mynd sem gerð er með olíulitum. Að mynd sé máluð yfir aðra eldri mynd þarf í sjálfu sér ekki að vera vísbending um fölsun og ekki hefur fundist niðurslípuð eldri áritun eða líklegur áritunarstaður sem hefur verið slípaður niður. Myndin er ekki ársett en myndefnið telur KKK tilheyrja fimmta áratugnum. Vegna þeirrar óvissu sem er í málinu um framleiðslu- og notkunarsögu alkýðs veitir það ekki örugga vísbendingu. FFF og GGG hafa leitt að

því listfræðileg rök að myndin sé ekki eftir Svavar Guðnason. Verður og að telja líkur fyrir því en ekki þykir vera óhætt í sakamáli að telja það sannað. Ber því að sýkna ákærða af ákærinni að þessu leyti og vísa frá dómi bótakröfunni sem varðar þetta sakarefni.

III.

Ákærði, Pétur Þór, er sakaður um að hafa á árunum 1990 til og með ársins 1996 blekt Leif Jensen, eiganda Galleri RRR í Kaupmannahöfn, Danmörku, til að kaupa myndverk sem hann bauð til sölu með röngum upplýsingum um að höfundur þeirra væri Svavar Guðnason og með falsaðri höfundarmerkingu þar um á myndverkunum eins og hér segir:

Ákæruliður 35:

Samtals 42 pappírsværk sem eru eftirgerðir þekktra verka eða viðfangsefna Svavars Guðnasonar með falsaðri höfundarmerkingu hans á verkin sem verk eftir Svavar Guðnason.

DK-2:

NNN forvörður, hefur rannsakað mynd þessa og fjallar um hana í skýrslu sinni, 6. desember 2002. Kveður hann myndina gerða á Ingres-pappír frá Fabriano á Ítalíu sem hefur litinn “dökkur-okkur”. Arkarstærð er ca. 52x64 og vatnsmerki framleiðanda í einu horninu. Hann telur pappírinn sennilega vera gamlan. Í niðurstöðu skýrslunnar kveðst hann á „grundvelli niðurstaðna úr pappírsrannsóknunum, tæknilegri vinnslu mynda og litanotkun” telja að yfirgnæfandi líkur séu fyrir því að myndin sé fölsuð.

HHH hefur rannsakað pappírinn í þessari mynd sem ekki er ársett. Er það Niðurstaða hans að vísbending sé um það að myndin sé fölsuð. Hann rökstyður það þó ekki sérstaklega í skýrslu sinni og pappírinn var ekki rannsakaður með smásjá. Ekki er þess getið sérstaklega að optísk bleikingarefni hafi fundist í pappírnum. Þá segir hann í skýrslu sinni að athugun á uppruna, stíl, sambærileika í meðferð og litum við allar aðrar myndir sem vafalaust megja telja falsaðar, leiði til þess að telja verði myndina falsaða.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Segja þær að hringiðuformin leiði hugann að verkum Þorvaldar Skúlasonar frá sjöunda áratug

frekar en að verkum Svavars. Niðurstaða listfræðinga er að verkið beri ekki höfundareinkenni Svavars Guðnasonar og sé ekki eftir hann.

vitnið kveðst hvorki hafa séð þessa mynd né heyrt áður. Finnst honum hún ekki geta verið eftir Svavar Guðnason.

Niðurstaða

NNN og HHH taka til nokkur atriði sem þeir telja að bendi til þess að verkið sé ekki eftir Svavar Guðnason en dóminum þykir skorta á rökstuðning fyrir því áliti. Dóminum þykja rannsóknir þeirra á þessari mynd, sem ekki er ársett, ekki veita sönnur fyrir því að hún sé ekki eftir Svavar Guðnason. FFF og GGG listfræðingar, hafa leitt að því fagleg rök að Svavar hafi ekki gert myndina og verður að segja að líkur séu til þess að hann hafi ekki gert hana. Það er þó ekki unnt að telja sannað í refsímáli og ber að sýkna ákærða af ákærinni að þessu leyti.

DK-3:

NNN forvörður, hefur rannsakað mynd þessa, sem er ársett '47, og fjallar um hana í skýrslu sinni, 6. desember 2002. Kveður hann myndina gerða á Ingres-pappír frá Hahnemühle, "blágráan-B" með vatnsmerki framleiðandans en hann finnst ekki í sýnishornabókum hans. Sé pappírinn vélunninn með aðferðinni "cylinder mould-made" og að öllum líkindum gamall pappír enda beri hann merki upplitunar. Samt sem áður sé ekki að sjá nein slitmerki á litalagi myndarinnar. Þá megi sjá það að myndin hafi verið strengd niður á fast undirlag með límbandi þegar hún var máluð. Ekki hafi þó fundist límleifar í pappírnum eins og búast megi við eftir flestar tegundir af límbandi. Kveðst forvörðurinn vera þess fullviss að notað hafi verið límband af gerðinni Scotch Magic, þegar myndin var gerð, en það hafi komið fram upp úr 1962. Kveðst hann af þessari ástæðu, svo og á grundvelli pappírrannsóknar, tæknilegri vinnslu myndarinnar og litanotkun, telja að yfirgnæfandi líkur séu fyrir því að hún sé fölsuð.

HHH hefur rannsakað pappírinn í þessari mynd. Hann kveður pappírinn vera dæmigerðan fyrir pappír sem framleiddur var á 5. tug síðustu aldar. Vísbending sé um límband á jöðrum og blettir séu þar og upplitunarmerki. Sé ekki að finna vísbendingu um að mynd þessi sé fölsuð. Ekki er þess getið sérstaklega að optísk bleikingarefni hafi fundist í pappírnum.

vitnið kveðst hvorki hafa séð þessa mynd né heyrt áður. Finnst honum hún ekki geta verið eftir Svavar Guðnason.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Í umsögn þeirra segir að í þessari mynd megi sjá mjúk form sem vísi til verka Svavars á fimmta sem áttunda áratugnum og minni hringform, sem sjá megi sem augu og virðist skírskota til

grímunnar. Milli þessara atriða sé fyllt út í grunninn með lit. Myndbygging sé hins vegar sundurleit og drættir ómarkvissir, meðferð vatnslitanna óörugg og litir óhreinir sem stingi í stúf við það sem einkenni vatnslitamyndir Svavars. Niðurstaða listfræðinga er að verkið beri ekki höfundareinkenni Svavars Guðnasonar og sé ekki eftir hann.

Niðurstaða

NNN forvörður, telur að notkun límbands af tiltekinni gerð sem ekki skilji eftir sig ummerki veiti fulla vissu fyrir því að myndin hafi verið máluð eftir 1962. Á það er þó að líta að skýrsla hans verður ekki skilin öðruvísi en svo að sumar aðrar tegundir límbands skilji ekki eftir sig ummerki. Verður að telja að óvissa sé í málinu að þessu leyti. Forvörðurinn tekur til önnur atriði í skýrslu sinni sem hann telur benda til fölsunar en dóminum þykir skorta á rökstuðning fyrir því álit. HHH finnur ekki vísbendingu um fölsun. Rannsóknir NNN og HHH á þessari mynd veita ekki sönnur fyrir því að hún sé ekki eftir Svavar Guðnason. FFF og GGG listfræðingar hafa leitt að því fagleg rök að Svavar hafi ekki gert myndina og verður að segja að líkur séu til þess að hann hafi ekki málað hana. Það er þó ekki unnt að telja sannað í refsímáli og ber að sýkna ákærða af ákærinni að þessu leyti.

DK-4:

NNN forvörður, hefur rannsakað mynd þessa og fjallar um hana í skýrslu sinni, 6. desember 2002. Kveður hann myndina gerða á Ingres-pappír frá Fabriano á Ítalíu sem hefur litinn “dökkur-okkur”. Arkarstærð er ca. 52x64 og vatnsmerki framleiðanda í einu horninu. Hann telur pappírinn sennilega vera gamlan. Í niðurstöðu skýrslunnar kveðst hann á „grundvelli niðurstaðna úr pappírsrannsóknum, tæknilegri vinnslu mynda og litanotkun” telja að yfirgnæfandi líkur séu fyrir því að myndin sé fölsuð.

HHH hefur rannsakað pappírinn í þessari mynd, sem ekki er ársett. Hann kveður vísbendingu vera um að hún sé fölsuð en rökstyður það ekki sérstaklega og pappírinn var ekki rannsakaður með smásjá. Ekki er þess getið sérstaklega að optísk bleikingarefni hafi fundist í pappírnum. Þá segir hann í skýrslu sinni að athugun á uppruna, stíl, sambærileika í meðferð og litum við allar aðrar myndir sem vafalaust megji telja falsaðar, leiði til þess að telja verði myndina falsaða.

vitnið kveðst hvorki hafa séð þessa mynd né heyrt áður. Finnst honum hún ekki geta verið eftir Svavar Guðnason.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Í skýrslu þeirra segir að þessi kítarteikning vísi til olíumálverks Svavars “Barrskógurinn” frá 1943. Í því verki sé myndbygging afar skýr þar sem minni úr náttúrunni séu felld inn í geómetrísk

form. Jafnframt beri litasamspilið með sér að formið sé mótað með litnum, ljósmagni hans og áferð pensildráttanna, þ.e. í verknaðinum sjálfum. Ásetningur listamannsins hafi ekki verið að mála mynd af skógi heldur tjá hughrif frá náttúrunni þar sem skógurinn hafi orðið kveikja að abstrakt verki. Þessi teikning eigi lítið sameiginlegt með þeim léttleika sem megji finna í frjálsum náttúrustúdíum Svavars frá fimmta áratugnum og fremur virðist sem um eftirgerð af málverkinu „Barrskógurinn“ sé að ræða. Ekki geti heldur verið um skissu að ræða því það samræmist ekki vinnuaðferðum listamannsins. Niðurstaða listfræðinga er að verkið beri ekki höfundareinkenni Svavars Guðnasonar og sé ekki eftir hann.

Niðurstaða

NNN og HHH taka til nokkur atriði sem þeir telja að bendi til þess að verkið sé ekki eftir Svavar Guðnason en dóminum þykir skorta á rökstuðning fyrir því álit. Þykja rannsóknir sérfræðinganna á þessari mynd ekki veita sönnur fyrir því að hún sé ekki eftir Svavar Guðnason. FFF og GGG listfræðingar hafa leitt að því listfræðileg rök að Svavar hafi ekki gert myndina og verður að segja að líkur séu til þess að hann hafi ekki gert hana. Það er þó ekki unnt að telja sannað í refsímáli og ber að sýkna ákærða af ákærinni að þessu leyti.

DK-5:

NNN forvörður, hefur rannsakað mynd þessa, sem er ársett '42, og fjallar um hana í skýrslu sinni, 6. desember 2002. Kveður hann myndina gerða á Ingres-pappír frá Hahnemühle, “antik-gulan” með vatnsmerki framleiðandans. Sé pappírinn vélunninn með aðferðinni “cylinder mould-made”. Þá megji sjá það að myndin hafi verið strengd niður á fast undirlag með límbandi þegar hún var máluð. Ekki hafi þó fundist límleifar í pappírnum eins og búast megji við eftir flestar tegundir af límbandi. Kveðst forvörðurinn vera þess fullviss að notað hafi verið límband af gerðinni Scotch Magic, sem hafi komið fram upp úr 1962 þegar myndin var gerð. Kveðst hann af þessari ástæðu, svo og á grundvelli pappírsrannsóknar, tæknilegri vinnslu myndarinnar og litanotkun, telja að yfirgnæfandi líkur séu fyrir því að hún sé fölsuð.

HHH hefur rannsakað pappírinn í þessari mynd. Segir hann í skýrslu sinni að í pappírnum séu optísk bleikingarefni. Þá tekur hann það til að á öllum jöðrum séu merki um límband. Myndin var ekki skoðuð í smásjá. Segir hann vafalaust að myndin sé fölsuð.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Í umsögn þeirra segir að þessi vatnslitamynd sé byggð á skálínum og sveigðum línunum sem myndi þríhyrninga, tígla, hálfmána og hálfhringi en slík minni séu algeng í verkum Svavars frá fimmta áratugnum. Hér örli hins vegar hvergi á því samspili og spennu, jafnt í formi sem lit,

sem einkenni verk hans í þeim flokki. Myndbyggingin í þessu verki sé losaraleg og meðferð vatnslita óörugg. Ómarkvissir drættir og gruggugir litir beri ekki með sér að höfundur hafi haft það vald né þá tilfinningu fyrir vatnslitum sem tjáningarmiðli sem einkenni vinnubrögð Svavars. Athygli veki að myndin sé talsvert stærri en pappírsvrk Svavars frá fimmta áratugnum séu yfirleitt og eigi það við um vatnslitamyndirnar og flestar krítarmyndirnar í þessari rannsókn. Niðurstaða listfræðinga er að verkið beri ekki höfundareinkenni Svavars Guðnasonar og sé ekki eftir hann.

vitnið skoðaði mynd þessa hjá lögreglu ásamt fjölda annarra. Hann flokkaði hana þá með verkum sem væru mjög lík verkum Svavars og gætu vel verið eftir hann.

Niðurstaða

NNN forvörður, telur að notkun límbands af tiltekinni gerð sem ekki skilji eftir sig ummerki veiti fulla vissu fyrir því að myndin hafi verið máluð eftir 1962. Á það er þó að líta að skýrsla hans verður ekki skilin öðruvísi en svo að sumar aðrar tegundir límbands skilji ekki eftir sig ummerki. Verður að telja að óvissa sé í málinu að þessu leyti. Sérfræðingurinn tekur til nokkur atriði önnur sem hann telur benda til þess að verkið sé ekki eftir Svavar Guðnason en dóminum þykir skorta á rökstuðning fyrir því álit. Þá kemur fram hjá HHH að í pappírnum sem myndin er gerð á hafi fundist optísk bleikingarefni. Þá verður að hafa í huga að engar staðfestar upplýsingar eru í málinu frá verksmiðjunni um framleiðsluna og íblöndun þessara efna í pappír. Hér að framan hefur það verið rakið að nokkur óvissa er í málinu um það hvaða efni þetta eru og um það hvort unnt sé að greina þau sem hluta af pappírsdeiginu með þeirri aðferð sem beitt var. Rannsóknir þeirra NNNog HHHs þykja ekki veita sönnur fyrir því að myndin sé ranglega kennd Svavari Guðnasyni. FFF og GGG listfræðingar, hafa leitt að því fagleg rök að þessi mynd sé ekki eftir Svavar Guðnason og verður að telja að líkur séu fyrir því. Ekki þykir þó óhætt að telja það sannað í sakamáli og ber að sýkna ákærða af ákærinni að þessu leyti.

DK-6:

NNN forvörður, hefur rannsakað mynd þessa, sem er ársett '41, og fjallar um hana í skýrslu sinni, 6. desember 2002. Kveður hann myndina gerða á Ingres-pappír frá Fabriano á Ítalíu sem hefur litinn "dökkur-okkur". Arkarstærð er ca. 52x64 og vatnsmerki framleiðanda í einu horninu. Hann telur pappírinn sennilega vera gamlan. Þá megi sjá það að myndin hafi verið strengd niður á fast undirlag með límbandi þegar hún var máluð. Ekki hafi þó fundist límleifar í pappírnum eins og búast megi við eftir flestar tegundir af límbandi. Kveðst forvörðurinn vera þess fullviss að notað hafi verið límband af gerðinni Scotch Magic, sem hafi komið fram upp úr 1962 þegar

myndin var gerð. Kveðst hann af þessari ástæðu, svo og á grundvelli pappírsrannsóknar, tæknilegri vinnslu myndarinnar og litanotkun, telja að yfirgnæfandi líkur séu fyrir því að hún sé fölsuð.

HHH hefur rannsakað pappírinn í þessari mynd, og segir hana bera þess merki að hafa verið límd niður á jöðrunum. Hann kveður vísbendingu vera um að myndin sé fölsuð og vísar til smásjárrannsóknar. Ekki verður þó séð af skýrslu hans að myndin hafi verið rannsökuð í smásjá. Ekki er þess getið sérstaklega að optísk bleikingarefni hafi fundist í pappírnum. Þá segir hann í skýrslu sinni að athugun á uppruna, stíl, sambærileika í meðferð og litum við allar aðrar myndir sem vafalaust megi telja falsaðar, leiði til þess að telja verði myndina falsaða.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Í álitum þeirra segir að myndbygging þessarar vatnslitamyndar sé losaraleg. Byggt sé á skálínunum sem dreifist að því virðist handahófskennt um myndflötinn og í engu samspili við mýkri bjúgform og þríhyrninga. Efst í myndfletinum séu tvö hringlaga form sem lesa megi sem augu sem aftur séu hluti af grímu eða þríhyrnu andliti. Mikils óöryggis gæti í línuteikningu verksins, litanotkun og meðferð vatnslita sé ósannfærandi, litir afar óhreinir. Svo virðist sem reynt sé að „fabúlura” út frá verkum Svavars frá upphafi fimmta áratugar svo sem “Fönsun” frá 1941 eða “Landvættir/Selameyjar” frá sama ári. Niðurstaða listfræðinga er að verkið beri ekki höfundareinkenni Svavars Guðnasonar og sé ekki eftir hann.

vitnið kveðst ekki hafa séð þessa mynd áður. Finnst honum hún ekki geta verið eftir Svavar Guðnason.

Niðurstaða

NNN telur að notkun límbands af tiltekinni gerð sem ekki skilji eftir sig ummerki veiti fulla vissu fyrir því að myndin hafi verið máluð eftir 1962. Á það er þó að líta að skýrsla hans verður ekki skilin öðruvísi en svo að sumar aðrar tegundir límbands skilji ekki eftir sig ummerki. Verður að telja að óvissa sé í málinu að þessu leyti. NNN og HHH taka til nokkur atriði önnur sem þeir telja að bendi til þess að verkið sé ekki eftir Svavar Guðnason en dóminum þykir skorta á rökstuðning fyrir því álitum. Þykja rannsóknir þeirra NNN og HHH ekki veita sönnur fyrir því að myndin sé ranglega kennd Svavari Guðnasyni. FFF og GGG listfræðingar, hafa hins vegar leitt að því fagleg rök að þessi mynd sé ekki eftir Svavar Guðnason og verður að telja að líkur séu fyrir því. Ekki þykir þó óhætt að telja það sannað í sakamáli og ber að sýkna ákærða af ákærinni að þessu leyti.

DK-7:

KKK forvörður, hefur rannsakað mynd þessa. Í skýrslu sem hann hefur gert um rannsóknina segir að hún sé máluð á þykkpappa (ekki pappír, eins og segir í ákærinni). Myndin sé merkt „Svavar - 42” og myndefnið sé komposition. Niðurbrot vegna ljóss sé merkjanlegt á bakhlið pappans en ekki á framhlið og sé hér líklega um að ræða bakhlið af innrömmuðu verki. Engin einkenni öldrunar sé að finna í málningarlagi og yfirborð hreint. Málverkið hafi verið skoðað í útfjólubláu ljósi og hafi komið fram í ljómageislun einkenni nýlegrar málningar og/eða málningar sem inniheldur plastefni um allt yfirborð myndarinnar og í árituninni. Smásjárskoðun staðfesti þetta. Tvö sýni hafi verið tekin úr verkinu til bindiefnagreiningar, bleikur litur úr áritun og rauður litur úr myndfleti, vinstra megin við miðju. Hafi þau greinst vera alkýð. Málningin hafi ásýnd og eiginleika nýlegrar plastmálningar svo og áritunin. Myndefnið heyri til fyrri hluta fimmta áratugarins eins og ársetningin en alkýðefni til listmálunar hafi fyrst komið fram á sjöunda áratug síðustu aldar. Verkið geti ekki verið eftir þann sem það er merkt og eignað.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Telja þær að verkið beri ekki handbragð Svavars Guðnasonar og benda á að það geti ekki verið skissa fyrir rannsóknartilvik DK-71 þar sem það samræmist ekki vinnubrögðum listamannsins. Verkið eigi sér fyrirmynd verkið “Komposition” frá 1941. Niðurstaða listfræðinga er að verkið beri ekki höfundareinkenni Svavars Guðnasonar og vanvirði listamannsnafn hans.

vitnið kveðst hvorki hafa séð þessa mynd né heyrt áður. Finnst honum hún ekki geta verið eftir Svavar Guðnason.

Niðurstaða

Rannsóknir KKK og NNN hafa leitt í ljós að myndin er öll máluð með litum sem ljóma eins og þeir séu nýlegir og innihalda alkýð. Um alkýðlitina er það að segja að óvissa er í málinu um framleiðslu- og notkunarsögu alkýðs og er því ekki hægt að útiloka að Svavar Guðnason hafi notað slíka liti árið 1942. Hins vegar ljómar málningin sem nýleg og ekki er að merkja öldrun í henni þrátt fyrir um 60 ára aldur, og þær FFF og GGG listfræðingar, hafa leitt listfræðileg rök að því að myndin sé ekki eftir Svavar Guðnason. Þykir þetta allt veita sönnun fyrir því fyrir því að mynd þessi sé ekki eftir Svavar Guðnason og því sé hún fölsuð.

DK-8:

Um er að ræða vatnslitamynd á þykkpappa. Myndin hefur ekki sætt sérstakri pappírsmálning og forvörður hefur ekki rannsakað hana.

vitnið kveðst hvorki hafa séð þessa mynd né heyrt áður. Finnst honum hún ekki geta verið eftir Svavar Guðnason.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Í skýrslu þeirra segir að um sé að ræða eftirgerð verksins “Ævintýrafjöllin” frá 1941, grind verksins sé „kópíuð” en öll útfærsla og litróf séu ólík. Tveir fletir haldi sama lit og í frumgerðinni en séu þó mun daufari, þ.e. rauður flötur í neðri myndhelingi fyrir miðju og blár flötur upp af þeim rauða. Niðurstaða listfræðinga er að verkið beri ekki höfundareinkenni Svavars Guðnasonar og vanvirði listamannsnafn hans.

Niðurstaða

FFF og GGG listfræðingar, hafa leitt að því listfræðileg rök að mynd þessi sé ekki eftir Svavar Guðnason en önnur sönnunargögn hafa ekki verið færð fram um það að mynd þessi sé fölsuð og ber því að sýkna ákærða af ákærinni að þessu leyti.

DK-9:

HHH hefur rannsakað pappírinn í þessari mynd, sem er ársett ’44. Hann segir að ekki hafi verið unnt að komast að því hvar hann var framleiddur en um sé að ræða vélunninn, hvítan, sléttan pappír. Hann kveður stílbragð, liti og líkindi með öðrum verkum sem vitað er að séu fölsuð, svo sem DK10, veita vísbendingu um fölsun. Ekki er þess getið sérstaklega að optísk bleikingarefni hafi fundist í pappírnum.

vitnið kveðst hvorki hafa séð þessa mynd né heyrt áður. Finnst honum hún ekki geta verið eftir Svavar Guðnason.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Segja þær að þessi vaxlitamynd sé byggð á geómetrískum formum, en með augljósri náttúruvísun. Myndbygging sé afar stirðbusaleg, meðferð og val lita einhæft og yfirbragð myndarinnar samhengislaust og flatneskjulegt. Niðurstaða listfræðinga er að verkið beri ekki höfundareinkenni Svavars Guðnasonar og sé ekki eftir hann.

Niðurstaða

HHH tekur í skýrslu sinni til nokkur atriði sem hann telur benda til þess að verkið sé ekki eftir Svavar Guðnason en dóminum þykir skorta á rökstuðning fyrir því álit. FFF og GGG listfræðingar, hafa leitt að því listfræðileg rök að mynd þessi sé ekki eftir Svavar Guðnason og verður að telja að líkur séu fyrir því. Ekki þykir þó óhætt að telja það sannað í sakamáli og ber að sýkna ákærða af ákærinni að þessu leyti.

DK-10:

NNN forvörður, hefur rannsakað mynd þessa, sem er ársett ’41, og fjallar um hana í skýrslu sinni, 6. desember 2002. Kveður hann myndina gerða á Ingres-pappír frá Hahnemühle, “antik-gulan” með vatnsmerki framleiðandans. Sé pappírinn

vélunninn með aðferðinni “cylinder mould-made”. Í niðurstöðu skýrslunnar kveðst hann á “grundvelli niðurstaðna úr pappírsrannsóknunum, tæknilegri vinnslu mynda og litanotkun” telja að yfirgnæfandi líkur séu fyrir því að myndin sé fölsuð.

HHH hefur rannsakað pappírinn í þessari mynd, sem hann kveður innihalda optísk bleikingarefni. Hann vísar til smásjárrannsóknar en ekki verður þó séð af skýrslu hans að myndin hafi verið rannsökuð í smásjá. Segir hann vafalaust að myndin sé fölsuð.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Telja þær að um eftirgerð verksins “Fönsun” frá 1941 sé að ræða, í einfaldaðri gerð. Litanotkun sé ómarkviss og lítið afgerandi og línuteikning kraftlaus. Niðurstaða listfræðinga er að verkið beri ekki höfundareinkenni Svavars Guðnasonar og sé ekki eftir hann.

vitnið skoðaði mynd þessa hjá lögreglu ásamt fjölda annarra. Hann flokkaði hana þá með verkum sem væru mjög lík verkum Svavars og gætu vel verið eftir hann.

Niðurstaða

NNN tekur til nokkur atriði sem hann telur benda til þess að verkið sé ekki eftir Svavar Guðnason en dóminum þykir skorta á rökstuðning fyrir því álit. HHH segir í skýrslu sinni að í pappírnum sem myndin er gerð á hafi fundist optísk bleikingarefni. Hér að framan hefur það verið rakið að nokkur óvissa er í málinu um það hvaða efni þetta eru og um það hvort unnt sé að greina þau sem hluta af pappírsdeiginu með þeirri aðferð sem beitt var. Þá verður að hafa í huga að engar staðfestar upplýsingar eru í málinu frá verksmiðjunni um framleiðsluna og íblöndun þessara efna í pappír. Þykja dóminum rannsóknir þeirra NNN og HHH á þessari mynd ekki veita sönnur fyrir því að myndin sé ranglega kennd Svavari Guðnasyni. FFF og GGG listfræðingar, hafa hins vegar leitt að því fagleg rök að þessi mynd sé ekki eftir Svavar Guðnason og verður að telja að líkur séu fyrir því. Ekki þykir þó óhætt að telja það sannað í sakamáli og ber að sýkna ákærða af ákærinni að þessu leyti.

DK-11:

NNN forvörður, hefur rannsakað mynd þessa, sem er ársett '41, og fjallar um hana í skýrslu sinni, 6. desember 2002. Kveður hann myndina gerða á Ingres-pappír frá Hahnemühle, “rosa-rósbleikan” án vatnsmerkis. Sé pappírinn vélunninn með aðferðinni “cylinder mould-made”. Í niðurstöðu skýrslunnar kveðst hann á “grundvelli niðurstaðna úr pappírsrannsóknunum, tæknilegri vinnslu mynda og litanotkun” telja að yfirgnæfandi líkur séu fyrir því að myndin sé fölsuð. Í niðurstöðu skýrslunnar kveðst hann á “grundvelli niðurstaðna úr pappírsrannsóknunum, tæknilegri vinnslu mynda og litanotkun” telja að yfirgnæfandi líkur séu fyrir því að myndin sé fölsuð.

HHH hefur rannsakað pappírinn í þessari mynd sem hann telur vera gamlan eftir samanburð við sýnishornabækur framleiðandans. Telur hann sig finna sterka vísbendingu um fölsun og vísar til smásjárrannsóknar. Ekki verður þó séð af skýrslu hans að myndin hafi verið rannsökuð í smásjá. Ekki er þess getið sérstaklega að optísk bleikingarefni hafi fundist í pappírnum. Þá segir hann í skýrslu sinni að athugun á uppruna, stíl, sambærileika í meðferð og litum, leiði til þess að telja verði myndina falsaða.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Í umsögn þeirra segir að þessi krítarteikning virðist vera eftirgerð eftir krítarteikningunni “Karo” frá 1945-46. Um sé að ræða sama handbragð og aðferð sem einnig sjáist í rannsóknartilvikum DK-31 og DK-86 þar sem “Karo” sé einnig fyrirmynd. Niðurstaða listfræðinga er að verkið beri ekki höfundareinkenni Svavars Guðnasonar og sé ekki eftir hann.

vitnið skoðaði mynd þessa hjá lögreglu ásamt fjölda annarra. Hann flokkaði hana þá með verkum sem væru mjög lík verkum Svavars og gætu vel verið eftir hann. Niðurstaða

NNN og HHH taka til nokkur atriði sem þeir telja benda til þess að verkið sé ekki eftir Svavar Guðnason en dóminum þykir skorta á rökstuðning fyrir því áliti. Þykja rannsóknir þeirra ekki veita sönnur fyrir því að myndin sé ranglega kennd Svavari Guðnasyni. FFF og GGG listfræðingar, hafa hins vegar leitt að því fagleg rök að þessi mynd sé ekki eftir Svavar Guðnason og verður að telja að líkur séu fyrir því. Ekki þykir þó óhætt að telja það sannað í sakamáli og ber að sýkna ákærða af ákærinni að þessu leyti.

DK-12:

NNN forvörður, hefur rannsakað mynd þessa og fjallar um hana í skýrslu sinni, 6. desember 2002. Kveður hann myndina gerða á Ingres-pappír frá Hahnemühle, “kornfarbig-gulan” með vatnsmerki framleiðandans. Sé pappírinn vélunninn með aðferðinni “cylinder mould-made”. Í niðurstöðu skýrslunnar kveðst hann á “grundvelli niðurstaðna úr pappírrannsóknnum, tæknilegri vinnslu mynda og litanotkun” telja að yfirgnæfandi líkur séu fyrir því að myndin sé fölsuð. Forvörðurinn tók trefjasýni úr myndinni og sendi HHH til rannsóknar.

HHH hefur rannsakað pappírinn í þessari mynd, sem ekki er ársett. Í skýrslu sinni segir hann samsvarandi sýnishorn ekki hafa fundist hjá Hahnemühle en kveður sterka vísbendingu vera um að myndin sé fölsuð og vísar til smásjárgreiningar. Þá kemur fram í skýrslunni að sýnishorn úr pappírnum voru rannsökuð í smásjá. Trefjagreining hafi þó ekki gefið vísbendingu en aftur á móti segir hann í skýrslu sinni

að handbragð á myndinni og uppruni bendi til fölsunar. Ekki er þess getið sérstaklega að optísk bleikingarefni hafi fundist í pappírnum.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Í greinargerð þeirra segir að í þessari krítarteikningu sé mjög greinileg skírskotun til landslags þar sem greina megí hefðbundna, þrívíða landslagssýn sem sé fjarri því sem einkenni þau abstrakt verk Svavars sem rekja megí til upplifunar úti í náttúrunni. Áherslulausir drættir í teikningunni séu einnig frábrugðnir teiknimáta listamannsins. Niðurstaða listfræðinga er að verkið beri ekki höfundareinkenni Svavars Guðnasonar og sé ekki eftir hann.

vitnið skoðaði mynd þessa hjá lögreglu ásamt fjölda annarra. Hann flokkaði hana þá með verkum sem væru mjög lík verkum Svavars og gætu vel verið eftir hann.

Niðurstaða

NNN og HHH taka til nokkur atriði sem þeir telja benda til þess að verkið sé ekki eftir Svavar Guðnason en dóminum þykir skorta á rökstuðning fyrir því álit. Þykja rannsóknir þeirra ekki veita sönnur fyrir því að myndin sé ranglega kennd Svavari Guðnasyni. FFF og GGG listfræðingar, hafa hins vegar leitt að því fagleg rök að þessi mynd sé ekki eftir Svavar Guðnason og verður að telja að líkur séu fyrir því. Ekki þykir þó óhætt að telja það sannað í sakamáli og ber að sýkna ákærða af ákærinni að þessu leyti.

DK-13:

NNN forvörður, hefur rannsakað mynd þessa og fjallar um hana í skýrslu sinni, 6. desember 2002. Kveður hann myndina gerða á Ingres-pappír frá Hahnemühle, “antik-gulan” með vatnsmerki framleiðandans. Sé pappírinn vélunninn með aðferðinni “cylinder mould-made”. Í niðurstöðu skýrslunnar kveðst hann á grundvelli niðurstöðu úr pappírrannsókn, tæknilegri vinnslu myndar og litanotkun telja að yfirgnæfandi líkur séu fyrir því að myndin sé fölsuð.

HHH hefur rannsakað pappírinn í þessari mynd, sem ekki er ársett. Virðist pappírinn vera úr skissubók. Kveður sérfræðingurinn sterka vísbendingu vera um það að myndin sé fölsuð og vísar til til smásjargreiningar. Ekki verður þó séð af skýrslu hans að myndin hafi verið rannsökuð í smásjá. Ekki er þess getið sérstaklega að optísk bleikingarefni hafi fundist í pappírnum. Þá segir hann í skýrslu sinni að athugun á stíl, sambærileika í meðferð og litum, leiði til þess að telja verði að myndin sé fölsuð.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Segja þær að þessi krítarteikning hafi sterka hlutbundna skírskotun, þótt tengja megí myndefnið efni þjóðsagna og ævintýra. Drættir séu óruggir og litum blandað svo að úr verði óhrein litur. Auk þess sé hin hlutbundna nálgun efnisins andstæð þeirri abstrakt hugsun sem

finna meg í verkum Svavars. Niðurstaða listfræðinga er að verkið beri ekki höfundareinkenni Svavars Guðnasonar og sé ekki eftir hann.

vitnið skoðaði mynd þessa hjá lögreglu ásamt fjölda annarra. Hann flokkaði hana þá með verkum sem væru mjög lík verkum Svavars og gætu vel verið eftir hann.

Niðurstaða

NNN og HHH taka til nokkur atriði sem þeir telja að bendi til þess að verkið sé ekki eftir Svavar Guðnason en dóminum þykir skorta á rökstuðning fyrir því álit. Þykja rannsóknir þeirra NNN og HHH þykja ekki veita sönnur fyrir því að myndin sé ranglega kennd Svavari Guðnasyni. FFF og GGG listfræðingar hafa hins vegar leitt að því fagleg rök að þessi mynd sé ekki eftir Svavar Guðnason og verður að telja að líkur séu fyrir því. Ekki þykir þó óhætt að telja það sannað í sakamáli og ber að sýkna ákærða af ákærinni að þessu leyti.

DK-14:

NNN forvörður, hefur rannsakað mynd þessa og fjallar um hana í skýrslu sinni, 6. desember 2002. Pappírinn sé “ljós-beinhvítur” Ingres-pappír frá Fabriano, gerður með aðferðinni “cylinder mould-made”. Pappírinn sé gamallegur án þess að sýna merki öldrunar. Í niðurstöðu skýrslunnar kveðst hann á grundvelli niðurstöðu úr pappírrannsókn, tæknilegri vinnslu myndar og litanotkun telja að yfirgnæfandi líkur séu fyrir því að myndin sé fölsuð.

HHH hefur rannsakað pappírinn í þessari mynd, sem ekki er ársett. Hann segir vera sterka vísbendingu um það að myndin sé fölsuð en rökstyður það ekki sérstaklega. Ekki verður séð af skýrslu hans að myndin hafi verið rannsökuð í smásjá. Ekki er þess getið sérstaklega að optísk bleikingarefni hafi fundist í pappírnum.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Í skýrslu þeirra segir að um sé að ræða landslagsmynd sem rissuð hafi verið upp. Sýnin á myndefnið sé hefðbundin og leiði hugann að sveitarómantík sem stingi í stúf við hugsunina að baki verka Svavars. Teikningin sé flöt og svipi til handbragðs í rannsóknartilvikum DK-13, DK-27 og DK-30. Niðurstaða listfræðinga er að verkið beri ekki höfundareinkenni Svavars Guðnasonar og sé ekki eftir hann.

vitnið kveðst hvorki hafa séð þessa mynd né heyrt áður. Finnst honum hún ekki geta verið eftir Svavar Guðnason.

Niðurstaða

NNN tekur til nokkur atriði önnur sem hann telur benda til þess að verkið sé ekki eftir Svavar Guðnason en dóminum þykir skorta á rökstuðning fyrir því álit. HHH telur vísbendingu vera um það að myndin sé fölsuð en rökstyður það ekki.

Þykja rannsóknir þeirra NNNog HHH ekki veita sönnur fyrir því að myndin sé ranglega kennd Svavari Guðnasyni. FFF og GGG listfræðingar hafa hins vegar leitt að því fagleg rök að þessi mynd sé ekki eftir Svavar Guðnason og verður að telja að líkur séu fyrir því. Ekki þykir þó óhætt að telja það sannað í sakamáli og ber að sýkna ákærða af ákærunni að þessu leyti.

DK-16:

NNN forvörður hefur rannsakað mynd þessa, sem er ársett '42, og fjallar um hana í skýrslu sinni, 6. desember 2002. Kveður hann myndina gerða á Ingres-pappír frá Hahnemühle, “antik-gulan” með vatnsmerki framleiðandans. Sé pappírinn vélunninn með aðferðinni “cylinder mould-made”. Þá megi sjá það að myndin hafi verið strengd niður á fast undirlag með límbandi þegar hún var máluð. Ekki hafi þó fundist límleifar í pappírnum eins og búast megi við eftir flestar tegundir af límbandi. Kveðst forvörðurinn vera þess fullviss að notað hafi verið límband af gerðinni Scotch Magic, sem hafi komið fram upp úr 1962 þegar myndin var gerð. Kveðst hann af þessari ástæðu, svo og á grundvelli pappírrannsóknar, tæknilegrar vinnslu myndarinnar og litanotkunar, telja að yfirgnæfandi líkur séu fyrir því að hún sé fölsuð.

HHH hefur rannsakað pappírinn í þessari mynd. Hann segir optísk bleikingarefni hafa verið greinileg í pappírnum og sérstaklega greinileg í þessari mynd. Hann getur sér þess til að þau séu komin úr íblönduðum úrkastspappír. Þá kemur fram í skýrslunni að sýnishorn úr pappírnum voru rannsökuð í smásjá. Segir hann í skýrslu sinni vafalaust að myndin sé fölsuð.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Segja þær að líkt og í rannsóknartilviki DK-5 megi hér greina atriði sem vísi til verka Svavars frá fimmta áratugnum, svo sem sveigða línu til vinstri og smáhringi sem sjá megi sem augu. Viðvaningsleg meðferð vatnslita og afar óhreinir litir ásamt fálmkenndum dráttum til að fylla út í flötinn stingi hins vegar í stúf við höfundareinkenni listamannsins. Niðurstaða listfræðinga er að verkið beri ekki höfundareinkenni Svavars Guðnasonar og sé ekki eftir hann.

vitnið skoðaði mynd þessa hjá lögreglu ásamt fjölda annarra. Hann flokkaði hana þá með verkum sem væru mjög lík verkum Svavars og gætu vel verið eftir hann.

Niðurstaða

NNN telur að notkun límbands af tiltekinni gerð sem ekki skilji eftir sig ummerki veiti fulla vissu fyrir því að myndin hafi verið máluð eftir 1962. Á það er þó að líta að skýrsla hans verður ekki skilin öðruvísi en svo að sumar aðrar tegundir límbands skilji ekki eftir sig ummerki. Verður að telja að óvissa sé í málinu að þessu leyti. Hann tekur til nokkur atriði önnur sem hann telur að bendi til þess að verkið sé

ekki eftir Svavar Guðnason en dóminum þykir skorta á rökstuðning fyrir því áliti. Þá kemur fram í skýrslu HHH að í pappírnum sem myndin er gerð á hafi fundist optísk bleikingarefni. Hér að framan hefur það verið rakið að nokkur óvissa er í málinu um það hvaða efni þetta eru og um það hvort unnt sé að greina þau sem hluta af pappírsdeiginu með þeirri aðferð sem beitt var. Þá verður að hafa í huga að engar staðfestar upplýsingar eru í málinu frá verksmiðjunni um framleiðsluna og íblöndun þessara efna í pappír. Þykja rannsóknir þeirra NNNog HHH ekki veita sönnur fyrir því að myndin sé ranglega kennd Svavari Guðnasyni. FFF og GGG listfræðingar, hafa hins vegar leitt að því fagleg rök að þessi mynd sé ekki eftir Svavar Guðnason og verður að telja að líkur séu fyrir því. Ekki þykir þó óhætt að telja það sannað í sakamáli og ber að sýkna ákærða af ákærinni að þessu leyti.

DK-20:

NNN forvörður hefur rannsakað mynd þessa, sem er ársett '42, og fjallar um hana í skýrslu sinni, 6. desember 2002. Kveður hann myndina gerða á Ingres-pappír frá Hahnemühle, “antik-gulan” með vatnsmerki framleiðandans. Sé pappírinn vélunninn með aðferðinni “cylinder mould-made”. Þá megi sjá það að myndin hafi verið strengd niður á fast undirlag með límbandi þegar hún var máluð. Ekki hafi þó fundist límleifar í pappírnum eins og búast megi við eftir flestar tegundir af límbandi. Kveðst forvörðurinn vera þess fullviss að þegar myndin var gerð hafi verið notað límband af gerðinni Scotch Magic, sem hafi komið fram upp úr 1962. Kveðst hann af þessari ástæðu svo og á grundvelli pappírsrannsóknar, tæknilegrar vinnslu myndarinnar og litanotkunar telja að yfirgnæfandi líkur séu fyrir því að hún sé fölsuð.

HHH hefur rannsakað pappírinn í þessari mynd. Hann kveður ummerki sjást um límband á öllum jöðrum myndarinnar. Hann segir í skýrslu sinni að optísk bleikingarefni hafi greinst í pappírnum og vísar til smásjárgreiningar en ekki verður séð af skýrslu hans að myndin hafi verið rannsökuð í smásjá. Hann telur vafalaust að myndin sé fölsuð.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Í umsögn þeirra segir að myndin byggji líklega á hluta úr verkinu “Bylgjur í moll” frá 1943. Í þessu verki sem og öðrum vefengdum verkum megi sjá dæmi um hvernig minni úr verkum Svavars, oft hálf abstrakt jaðarfyrirbæri, séu blásin upp og hlutgerð. Í þessu tilviki sé um að ræða hringlaga form með “auga” og “munn” sem í eftirgerðinni verði að furðufiski. Niðurstaða listfræðinga er að verkið beri ekki höfundareinkenni Svavars Guðnasonar og sé ekki eftir hann.

vitnið skoðaði mynd þessa hjá lögreglu ásamt fjölda annarra. Hann flokkaði hana þá með verkum sem væru mjög lík verkum Svavars og gætu vel verið eftir hann.

Niðurstaða

NNN telur að notkun límbands af tiltekinni gerð sem ekki skilji eftir sig ummerki veiti fulla vissu fyrir því að myndin hafi verið máluð eftir 1962. Á það er þó að líta að skýrsla hans verður ekki skilin öðruvísi en svo að sumar aðrar tegundir límbands skilji ekki eftir sig ummerki. Verður að telja að óvissa sé í málinu að þessu leyti. Sérfræðingurinn tekur til nokkur atriði önnur sem hann telur benda til þess að verkið sé ekki eftir Svavar Guðnason en dóminum þykir skorta á rökstuðning fyrir því álit. Þá kemur fram í skýrslu HHH að í pappírnum sem myndin er gerð á hafi fundist optísk bleikingarefni. Hér að framan hefur það verið rakið að nokkur óvissa er í málinu um það hvaða efni þetta eru og um það hvort unnt sé að greina þau sem hluta af pappírsdeiginu með þeirri aðferð sem beitt var. Þá verður að hafa í huga að engar staðfestar upplýsingar eru í málinu frá verksmiðjunni um framleiðsluna og íblöndun þessara efna í pappír. Þykja rannsóknir þeirra NNN og HHH ekki veita sönnur fyrir því að myndin sé ranglega kennd Svavari Guðnasyni. FFF og GGG listfræðingar, hafa hins vegar leitt að því fagleg rök að þessi mynd sé ekki eftir Svavar Guðnason og verður að telja að líkur séu fyrir því. Ekki þykir þó óhætt að telja það sannað í sakamáli og ber að sýkna ákærða af ákærunni að þessu leyti.

DK-21:

NNN forvörður, hefur rannsakað mynd þessa og fjallar um hana í skýrslu sinni, 6. desember 2002. Kveður hann myndina gerða á Ingres-pappír frá Hahnemühle, “antik-gulan” með vatnsmerki framleiðandans. Sé pappírinn vélunninn með aðferðinni “cylinder mould-made”. Þá megi sjá það að myndin hafi verið strengd niður á fast undirlag með límbandi þegar hún var máluð. Ekki hafi þó fundist límleifar í pappírnum eins og búast megi við eftir flestar tegundir af límbandi. Kveðst forvörðurinn vera þess fullviss að notað hafi verið límband af gerðinni Scotch Magic, sem hafi komið fram upp úr 1962 þegar myndin var gerð. Kveðst hann af þessari ástæðu, svo og á grundvelli pappírrannsóknar, tæknilegrar vinnslu myndarinnar og litanotkunar, telja að hún sé fölsuð.

HHH hefur rannsakað pappírinn í þessari mynd, sem ekki er ársett. Hann kveður ummerki sjást um límband á öllum jöðrum myndarinnar. Hann vísar í skýrslu sinni til smásjárgreiningar en ekki verður séð af skýrslunni að myndin hafi verið rannsökuð í smásjá. Hann telur sterka vísbendingu vera um það að myndin sé fölsuð. Ekki er þess getið sérstaklega að optísk bleikingarefni hafi fundist í pappírnum. Þá segir hann í skýrslu sinni að athugun á stíl, sambærileika í meðferð og litum, leiði til þess að telja verði að myndin sé fölsuð.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Virðist þeim að myndin sé þannig til komin að verkinu “Gul mynd” frá 1943 hafi verið snúið öfugt og þær línur sem þá birtist notaðar sem uppistaða í nýtt verk sem líkist helst svínshaus. Niðurstaða listfræðinga er að verkið beri ekki höfundareinkenni Svavars Guðnasonar og sé ekki eftir hann.

vitnið skoðaði mynd þessa hjá lögreglu ásamt fjölda annarra. Hann flokkaði hana þá með verkum sem væru mjög lík verkum Svavars og gætu vel verið eftir hann.

Niðurstaða

NNN telur að notkun límbands af tiltekinni gerð sem ekki skilji eftir sig ummerki veiti fulla vissu fyrir því að myndin hafi verið máluð eftir 1962. Á það er þó að líta að skýrsla hans verður ekki skilin öðruvísi en svo að sumar aðrar tegundir límbands skilji ekki eftir sig ummerki. Verður að telja að óvissa sé í málinu að þessu leyti. Þeir HHH taka til nokkur atriði önnur sem þeir telja að bendi til þess að verkið sé ekki eftir Svavar Guðnason en dóminum þykir skorta á rökstuðning fyrir því álit. Þykja rannsóknir þeirra NNNog HHH ekki veita sönnur fyrir því að myndin sé ranglega kennd Svavari Guðnasyni. FFF og GGG listfræðingar, hafa hins vegar leitt að því fagleg rök að þessi mynd sé ekki eftir Svavar Guðnason og verður að telja að líkur séu fyrir því. Ekki þykir þó óhætt að telja það sannað í sakamáli og ber að sýkna ákærða af ákærinni að þessu leyti.

DK-22:

NNN forvörður, hefur rannsakað mynd þessa, sem er ársett '42, og fjallar um hana í skýrslu sinni, 6. desember 2002. Kveður hann myndina gerða á Ingres-pappír frá Hahnemühle, “antik-gulan” með vatnsmerki framleiðandans. Sé pappírinn vélunninn með aðferðinni “cylinder mould-made”. Þá megi sjá það að myndin hafi verið strengd niður á fast undirlag með límbandi þegar hún var máluð. Ekki hafi þó fundist límleifar í pappírnum eins og búast megi við eftir flestar tegundir af límbandi. Kveðst forvörðurinn vera þess fullviss að notað hafi verið límband af gerðinni Scotch Magic, sem hafi komið fram upp úr 1962 þegar myndin var gerð. Þá megi sjá það að myndin hafi verið strengd niður á fast undirlag með límbandi þegar hún var máluð. Kveðst hann af þessari ástæðu svo og á grundvelli pappírrannsóknar, tæknilegrar vinnslu myndarinnar og litanotkunar telja að yfirgnæfandi líkur séu fyrir því að hún sé fölsuð.

HHH hefur rannsakað pappírinn í þessari mynd. Hann kveður ummerki sjást um límband á öllum jöðrum myndarinnar. Þá hafi optísk bleikingarefni fundist í pappírnum. Hann vísar í skýrslu sinni til smásjárgreiningar en ekki verður séð af

henni að myndin hafi verið rannsökuð í smásjá. Hann telur vafalaust að myndin sé fölsuð.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Segja þær að hér sé um að ræða afar slæma vatnslitamynd sem sýni að höfundur verksins hafi verið í vandræðum með vatnslitina. Ýmist hafi verið reynt að þurrka blautan flötinn eða lita lagskipt, en útkoman orðið óhreinir litafletir. Niðurstaða listfræðinga er að slík viðvaningsleg vinnubrögð útiloki að verkið geti verið frá hendi Svavars Guðnasonar.

vitnið kveðst hvorki hafa séð þessa mynd né heyrt áður. Finnst honum hún ekki geta verið eftir Svavar Guðnason.

Niðurstaða

NNN telur að notkun límbands af tiltekinni gerð sem ekki skilji eftir sig ummerki veiti fulla vissu fyrir því að myndin hafi verið máluð eftir 1962. Á það er þó að líta að skýrsla hans verður ekki skilin öðruvísi en svo að sumar aðrar tegundir límbands skilji ekki eftir sig ummerki. Verður að telja að óvissa sé í málinu að þessu leyti. Sérfræðingurinn tekur til nokkur atriði önnur sem hann telur benda til þess að verkið sé ekki eftir Svavar Guðnason en dóminum þykir skorta á rökstuðning fyrir því áliti. Í skýrslu HHH kemur fram að í pappírnum sem myndin er gerð á hafi fundist optísk bleikingarefni. Hér að framan hefur það verið rakið að nokkur óvissa er í málinu um það hvaða efni þetta eru og um það hvort unnt sé að greina þau sem hluta af pappírseiginu með þeirri aðferð sem beitt var. Þá verður að hafa í huga að engar staðfestar upplýsingar eru í málinu frá verksmiðjunni um framleiðsluna og íblöndun þessara efna í pappír. Þykja rannsóknir þeirra NNN og HHH ekki veita sönnur fyrir því að myndin sé ranglega kennd Svavari Guðnasyni. FFF og GGG listfræðingar, hafa hins vegar leitt að því fagleg rök að þessi mynd sé ekki eftir Svavar Guðnason og verður að telja að líkur séu fyrir því. Ekki þykir þó óhætt að telja það sannað í sakamáli og ber að sýkna ákærða af ákærinni að þessu leyti.

DK-23:

NNN forvörður hefur rannsakað mynd þessa, sem er ársett '42, og fjallar um hana í skýrslu sinni, 6. desember 2002. Kveður hann myndina gerða á Ingres-pappír frá Hahnemühle, „antik-gulan“ með vatnsmerki framleiðandans. Sé pappírinn vélunninn með aðferðinni „cylinder mould-made“. Í niðurstöðu skýrslunnar kveðst hann á „grundvelli niðurstaðna úr pappírrannsóknum, tæknilegri vinnslu mynda og litanotkun“ telja að yfirgnæfandi líkur séu fyrir því að myndin sé fölsuð.

HHH hefur rannsakað pappírinn í þessari mynd. Hann kveður optísk bleikingarefni hafa fundist í pappírnum. Hann vísar í skýrslu sinni til smásjár-

greiningar en ekki verður séð af henni að myndin hafi verið rannsökuð í smásjá. Hann telur vafalaust að hún sé fölsuð.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Telja þær að það byggi á hluta úr verkinu „Ljósflæði” frá 1944. Tekið sé upp meginminni verksins – gult, sveigt formið – og búin til mynd sem einkennist af einkar handahófskenndri myndbyggingu og óöruggri meðferð vatnslita. Niðurstaða listfræðinga er að verkið beri ekki höfundareinkenni Svavars Guðnasonar og sé ekki eftir hann.

vitnið kveðst hvorki hafa séð þessa mynd né heyrt af henni áður. Finnst honum hún ekki geta verið eftir Svavar Guðnason.

Niðurstaða

NNN tekur í skýrslu sinni til nokkur atriði sem hann telur benda til þess að verkið sé ekki eftir Svavar Guðnason en dóminum þykir skorta á rökstuðning fyrir því áliti. Þá kemur fram í skýrslu HHH að í pappírnum sem myndin er gerð á hafi fundist optísk bleikingarefni. Hér að framan hefur það verið rakið að nokkur óvissa er í málinu um það hvaða efni þetta eru og um það hvort unnt sé að greina þau sem hluta af pappírsdeiginu með þeirri aðferð sem beitt var. Þá verður að hafa í huga að engar staðfestar upplýsingar eru í málinu frá verksmiðjunni um framleiðsluna og íblöndun þessara efna í pappír. Þykja rannsóknir þeirra NNNog HHH ekki veita sönnur fyrir því að myndin sé ranglega kennd Svavari Guðnasyni. FFF og GGG listfræðingar, hafa hins vegar leitt að því fagleg rök að þessi mynd sé ekki eftir Svavar Guðnason og verður að telja að líkur séu fyrir því. Ekki þykir þó óhætt að telja það sannað í sakamáli og ber að sýkna ákærða af ákærinni að þessu leyti.

DK-24:

NNN forvörður, hefur rannsakað mynd þessa og fjallar um hana í skýrslu sinni, 6. desember 2002. Kveður hann myndina gerða á Ingres-pappír frá Hahnemühle, „weiss - hvítan” með vatnsmerki framleiðandans. Sé pappírinn vélunninn með aðferðinni „cylinder mould-made”. Í niðurstöðu skýrslunnar kveðst hann á „grundvelli niðurstaðna úr pappírsrannsóknum, tæknilegri vinnslu mynda og litanotkun” telja að yfirgnæfandi líkur séu fyrir því að myndin sé fölsuð.

HHH hefur rannsakað pappírinn í þessari mynd sem ekki er ásett. Í skýrslu hans segir að á bakhlið þessa pappírs megi sjá „fleiðrun” í yfirborði þar sem innri hluti pappírsins virðist hvítari en ytra yfirborð. Hann vísar í skýrslu sinni til smásjargreiningar en ekki verður séð af henni að myndin hafi verið rannsökuð í smásjá. Hann telur vafalaust að hún sé fölsuð. Ekki er þess getið sérstaklega að optísk bleikingarefni hafi fundist í pappírnum. Þá segir hann í skýrslu sinni að athugun á stíl, sambærileika í meðferð og litum, leiði til þess að telja verði myndina falsaða.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Í skýrslu þeirra segir að engar meginlínur sé hægt að greina í myndbyggingunni en í miðju sé form sem minni á grímu. Sams konar minni komi ósjaldan fyrir í verkum Svavars frá upphafi fimmta áratugarins, sem einkennist af flókinni en markvissri myndbyggingu og mikilli dýnamík. Í þessu verki sé myndbygging hins vegar afar losaraleg, línuteikning hikandi, beiting pensilsins áherslulaus og litameðferð einhæf sem geri að verkum að myndin verði flöt. Niðurstaða listfræðinga er að verkið beri ekki höfundareinkenni Svavars Guðnasonar og sé ekki eftir hann.

vitnið skoðaði mynd þessa hjá lögreglu ásamt fjölda annarra. Hann flokkaði hana þá með verkum sem væru mjög lík verkum Svavars og gætu vel verið eftir hann.

Niðurstaða

NNN og HHH taka til nokkur atriði sem þeir telja að bendi til þess að verkið sé ekki eftir Svavar Guðnason en dóminum þykir skorta á rökstuðning fyrir því álit. Þykja rannsóknir þeirra NNNog HHH ekki veita sönnur fyrir því að myndin sé ranglega kennd Svavari Guðnasyni. FFF og GGG listfræðingar, hafa hins vegar leitt að því fagleg rök að þessi mynd sé ekki eftir Svavar Guðnason og verður að telja að líkur séu fyrir því. Ekki þykir þó óhætt að telja það sannað í sakamáli og ber að sýkna ákærða, Pétur Þór, af ákærinni að þessu leyti.

DK-25:

NNN forvörður, hefur rannsakað mynd þessa og fjallar um hana í skýrslu sinni, 6. desember 2002. Kveður hann myndina gerða á Ingres-pappír frá Hahnemühle, „weiss - hvítan” með vatnsmerki framleiðandans. Sé pappírinn vélunninn með aðferðinni „cylinder mould-made”. Í niðurstöðu skýrslunnar kveðst hann á “grundvelli niðurstaðna úr pappírsrannsóknum, tæknilegri vinnslu mynda og litanotkun” telja að yfirgnæfandi líkur séu fyrir því að myndin sé fölsuð.

HHH hefur rannsakað pappírinn í þessari mynd, sem ekki er ársett. Hann vísar í skýrslu sinni til smásjárgreiningar en ekki verður séð af skýrslunni að myndin hafi verið rannsökuð í smásjá. Hann telur vafalaust að hún sé fölsuð. Ekki er þess getið sérstaklega að optísk bleikingarefni hafi fundist í pappírnum. Þá segir hann í skýrslu sinni að athugun á stíl, sambærileika í meðferð og litum, leiði til þess að telja verði myndina falsaða.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Virðist þeim það sýna furðudýr sem leiði hugann að verkum danskra starfsbræðra og félaga Svavars en að öðru leyti sé ekki um nein tengsl að ræða. Drætti segja þær handahófskennda og marklausa. Niðurstaða listfræðinga er að verkið beri ekki höfundareinkenni Svavars Guðnasonar og sé ekki eftir hann.

vitnið skoðaði mynd þessa hjá lögreglu ásamt fjölda annarra. Hann flokkaði hana þá með verkum sem væru mjög lík verkum Svavars og gætu vel verið eftir hann.

Niðurstaða

NNN og HHH taka til nokkur atriði sem þeir telja að bendi til þess að verkið sé ekki eftir Svavar Guðnason en dóminum þykir skorta á rökstuðning fyrir því álit. Þykja rannsóknir þeirra NNNog HHHs ekki veita sönnur fyrir því að myndin sé ranglega kennd Svavari Guðnasyni. FFF og GGG listfræðingar, hafa leitt að því listfræðileg rök að þessi mynd sé ekki eftir Svavar Guðnason og verður að telja að líkur séu fyrir því. Ekki þykir þó óhætt að telja það sannað í sakamáli og ber að sýkna ákærða af ákærinni að þessu leyti.

DK-26:

NNN forvörður, hefur rannsakað mynd þessa og fjallar um hana í skýrslu sinni, 6. desember 2002. Kveður hann myndina gerða á Ingres-pappír frá Hahnemühle, „weiss - hvítan“ með vatnsmerki framleiðandans. Sé pappírinn vélunninn með aðferðinni „cylinder mould-made“. Í niðurstöðu skýrslunnar kveðst hann á „grundvelli niðurstaðna úr pappírsrannsóknum, tæknilegri vinnslu mynda og litanotkun“ telja að yfirgnæfandi líkur séu fyrir því að myndin sé fölsuð.

HHH hefur rannsakað pappírinn í þessari mynd, sem ekki er ársett. Hann kveður einn jaðarinn á henni benda til þess að pappírinn sé úr skissuhefti. Hann vísar í skýrslu sinni til smásjárgreiningar en ekki verður séð af skýrslunni að myndin hafi verið rannsökuð í smásjá. Hann telur sterka vísbendingu vera um að hún sé fölsuð. Ekki er þess getið sérstaklega að optísk bleikingarefni hafi fundist í pappírnum. Þá segir hann í skýrslu sinni að athugun á stíl, sambærileika í meðferð og litum, leiði til þess að telja verði myndina falsaða.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Segja þær að hér sé um að ræða krítarteikningu sem virðist vera eftirgerð eftir olíumálverkinu „Trilogi“ frá 1942-43. Niðurstaða listfræðinga er að verkið beri ekki höfundareinkenni Svavars Guðnasonar og sé ekki eftir hann.

vitnið skoðaði mynd þessa hjá lögreglu ásamt fjölda annarra. Hann flokkaði hana þá með verkum sem væru mjög lík verkum Svavars og gætu vel verið eftir hann.

Niðurstaða

NNN og HHH taka til nokkur atriði sem þeir telja að bendi til þess að verkið sé ekki eftir Svavar Guðnason en dóminum þykir skorta á rökstuðning fyrir því álit. Þykja rannsóknir þeirra NNNog HHH ekki veita sönnur fyrir því að myndin sé ranglega kennd Svavari Guðnasyni. FFF og GGG listfræðingar, hafa leitt að því listfræðileg rök að þessi mynd sé ekki eftir Svavar Guðnason og verður að telja að

líkur séu fyrir því. Ekki þykir þó óhætt að telja það sannað í sakamáli og ber að sýkna ákærða af ákærinni að þessu leyti.

DK-27:

NNN forvörður, hefur rannsakað mynd þessa og fjallar um hana í skýrslu sinni, 6. desember 2002. Kveður hann myndina gerða á Ingres-pappír frá Hahnemühle, „antik-gulan“ með vatnsmerki framleiðandans. Sé pappírinn vélunninn með aðferðinni „cylinder mould-made“. Í niðurstöðu skýrslunnar kveðst hann á „grundvelli niðurstaðna úr pappírsrannsóknunum, tæknilegri vinnslu mynda og lita-notkun“ telja að yfirgnæfandi líkur séu fyrir því að myndin sé fölsuð.

HHH hefur rannsakað pappírinn í þessari mynd, sem ekki er ársett. Hann kveðst í skýrslu sinni hafa séð mögulega vísbendingu um stungugötun í einum jaðrinum. Hann vísar í skýrslu sinni til smásjárgreiningar en ekki verður séð af skýrslunni að myndin hafi verið rannsökuð í smásjá. Hann telur sterka vísbendingu vera um að hún sé fölsuð. Ekki er þess getið sérstaklega að optísk bleikingarefni hafi fundist í pappírnum. Þá segir hann í skýrslu sinni að athugun á stíl, sambærileika í meðferð og litum, leiði til þess að telja verði að myndin sé fölsuð.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Í umsögn þeirra segir að líkt og rannsóknartilvik DK-13 hafi þessi mynd mjög sterka hlutbundna skírskotun og feli jafnvel í sér frásagnarkennt inntak. Sömu einkenni séu í teikningu og litameðferð og í tilviki DK-13. Niðurstaða listfræðinga er að verkið beri ekki höfundareinkenni Svavars Guðnasonar og sé ekki eftir hann.

vitnið skoðaði mynd þessa hjá lögreglu ásamt fjölda annarra. Hann flokkaði hana þá með verkum sem væru mjög lík verkum Svavars og gætu vel verið eftir hann.

Niðurstaða

NNN og HHH taka til nokkur atriði sem þeir telja að bendi til þess að verkið sé ekki eftir Svavar Guðnason en dóminum þykir skorta á rökstuðning fyrir því álit. Þykja rannsóknir þeirra NNNog HHH ekki veita sönnur fyrir því að myndin sé ranglega kennd Svavari Guðnasyni. FFF og GGG listfræðingar, hafa leitt að því listfræðileg rök að þessi mynd sé ekki eftir Svavar Guðnason og verður að telja að líkur séu fyrir því. Ekki þykir þó óhætt að telja það sannað í sakamáli og ber að sýkna ákærða af ákærinni að þessu leyti.

DK-28:

NNN forvörður, hefur rannsakað mynd þessa og fjallar um hana í skýrslu sinni, 6. desember 2002. Kveður hann myndina gerða á Ingres-pappír frá

Hahnemühle, „olívugráan” með vatnsmerki framleiðandans en hann finnst ekki í sýnishornabókum hans. Sé pappírinn vélunninn með aðferðinni „cylinder mould-made”. Í niðurstöðu skýrslunnar kveðst hann á „grundvelli niðurstaðna úr pappírsrannsóknnum, tæknilegri vinnslu mynda og litanotkun” telja að yfirgnæfandi líkur séu fyrir því að myndin sé fölsuð.

HHH hefur rannsakað pappírinn í þessari mynd, sem ekki er ársett. Í skýrslu hans segir að í fernisgrunni pappírsins séu m.a. langar, svartar trefjar og gylltar, brúnar trefjar. Pappírinn sé hugsanlega gamall. Á grundvelli stílsins í verkinu verði þetta verk að teljast grunsamlegt. Niðurstaða hans er að vísbending sé um það að myndin sé fölsuð. Ekki er þess getið sérstaklega að optísk bleikingarefni hafi fundist í pappírnum.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Segja þær að hér sé um að ræða krítarteikningu sem með fáum, lausum dráttum skissi upp form sem líkist grímu. Línuteikningin sé einsleit og skorti þann þunga sem einkenni krítarteikningar listamannsins. Niðurstaða listfræðinga er að verkið beri ekki höfundareinkenni Svavars Guðnasonar og sé ekki eftir hann.

vitnið skoðaði mynd þessa hjá lögreglunni 7. desember sl. ásamt fjölda annarra mynda. Var það álit hans að myndin væri lík verkum Svavars, þótt eitthvað vantaði upp á til þess að hann væri sannfærður um það.

Niðurstaða

NNN og HHH taka til nokkur atriði sem þeir telja að bendi til þess að verkið sé ekki eftir Svavar Guðnason en dóminum þykir skorta á rökstuðning fyrir því áliti. Þykja rannsóknir þeirra NNNog HHH ekki veita sönnur fyrir því að myndin sé ranglega kennd Svavari Guðnasyni. FFF og GGG listfræðingar, hafa leitt að því listfræðileg rök að þessi mynd sé ekki eftir Svavar Guðnason og verður að telja að líkur séu fyrir því. Ekki þykir þó óhætt að telja það sannað í sakamáli og ber að sýkna ákærða af ákærinni að þessu leyti.

DK-28A:

NNN forvörður, hefur rannsakað mynd þessa og fjallar um hana í skýrslu sinni, 6. desember 2002. Kveður hann myndina gerða á Ingres-pappír frá Hahnemühle, „weiss - hvítan” með vatnsmerki framleiðandans. Sé pappírinn vélunninn með aðferðinni „cylinder mould-made”. Í niðurstöðu skýrslunnar kveðst hann á „grundvelli niðurstaðna úr pappírsrannsóknnum, tæknilegrar vinnslu mynda og litanotkunar” telja að yfirgnæfandi líkur séu fyrir því að myndin sé fölsuð.

HHH hefur rannsakað pappírinn í þessari mynd, sem ekki er ársett. Hann vísar í skýrslu sinni til smásjárgreiningar en ekki verður séð af skýrslunni að myndin hafi

verið rannsökuð í smásjá. Hann telur vafalaust að hún sé fölsuð. Ekki er þess getið sérstaklega að optísk bleikingarefni hafi fundist í pappírnum. Þá segir hann í skýrslu sinni að athugun á stíl, sambærileika í meðferð og litum, leiði til þess að telja verði myndina falsaða.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Í umsögn þeirra segir að um sé að ræða krítarteikningu sem byggð sé á geómetrískum formum en með augljósri náttúrulegri myndbyggingu. Myndbygging sé afar stíðbusaleg: Ferhyrnt form sé lagt skáhallt yfir flötinn en þríhyrnt form til hliða og brotnar línur um miðflötinn. Ekkert samspil sé þar á milli enda meðferð og val lita einhæft og yfirbragð myndarinnar samhengislaust og flatneskjulegt. Niðurstaða listfræðinga er að verkið beri ekki höfundareinkenni Svavars Guðnasonar og sé ekki eftir hann.

vitnið skoðaði mynd þessa hjá lögreglunni 7. desember sl. ásamt fjölda annarra mynda. Var það álit hans að myndin væri lík verkum Svavars, þótt eitthvað vantaði upp á til þess að hann væri sannfærður um að hún væri það.

Niðurstaða

NNN og HHH taka til nokkur atriði sem þeir telja að bendi til þess að verkið sé ekki eftir Svavar Guðnason en dóminum þykir skorta á rökstuðning fyrir því áliti. Þykja rannsóknir þeirra NNN og HHH ekki veita sönnur fyrir því að myndin sé ranglega kennd Svavari Guðnasyni. FFF og GGG listfræðingar, hafa leitt að því listfræðileg rök að þessi mynd sé ekki eftir Svavar Guðnason og verður að telja að líkur séu fyrir því. Ekki þykir þó óhætt að telja það sannað í sakamáli og ber að sýkna ákærða af ákærinni að þessu leyti.

DK-29:

NNN forvörður, hefur rannsakað mynd þessa, sem er ársett '45, og fjallar um hana í skýrslu sinni, 6. desember 2002. Kveður hann myndina gerða á Ingres-pappír frá Hahnemühle, „hochweiss-hvítan“ án vatnsmerkis. Sé pappírinn vélunninn með aðferðinni „cylinder mould-made“. Í niðurstöðu skýrslunnar kveðst hann á „grundvelli niðurstöðna úr pappírrannsókn, tæknilegri vinnslu mynda og litanotkun“ telja að yfirgnæfandi líkur séu fyrir því að myndin sé fölsuð. Forvörðurinn, sem tók trefjasýni úr myndinni og sendi HHH til rannsóknar, telur að pappír af þessari gerð sé nýlegur þar sem dæmi um hann finnst ekki í sýnishornabókum framleiðandans fyrr en 1995. Í niðurstöðu skýrslunnar kveðst hann á grundvelli niðurstöðu úr pappírrannsókn, tæknilegri vinnslu myndar og litanotkun telja að yfirgnæfandi líkur séu fyrir því að myndin sé fölsuð.

HHH hefur rannsakað pappírinn í þessari mynd og telur sterka vísbendingu um að hún sé fölsuð. Í skýrslu sinni segir hann að samsvarandi sýnishorn ekki hafa

fundist hjá Hahnemühle en kveður sterka vísbendingu vera um að myndin sé fölsuð og vísar til smásjargreiningar. Trefjagreining hafi þó ekki gefið vísbendingu en aftur á móti segir hann í skýrslu sinni að handbragð á myndinni og uppruni bendi til fölsunar. Ekki er þess getið sérstaklega að optísk bleikingarefni hafi fundist í pappírnum.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Virðist þeim sem um eftirgerð eftir olíumálverkinu “Kosmískt landslag” frá 1949 sé að ræða. Fyrirmyndinni virðist vera snúið á hvolft og teiknað eftir öðrum myndhelmingi verksins. Niðurstaða listfræðinga er að verkið beri ekki höfundareinkenni Svavars Guðnasonar og sé ekki eftir hann.

vitnið skoðaði mynd þessa hjá lögreglu ásamt fjölda annarra. Hann flokkaði hana þá með verkum sem væru mjög lík verkum Svavars og gætu vel verið eftir hann.

Niðurstaða

NNN tekur til nokkur atriði sem hann telur að bendi til þess að verkið sé ekki eftir Svavar Guðnason en dóminum þykir skorta á rökstuðning fyrir því álit. Þá kemur fram hjá þeim HHH báðum að sýnishorn sem samsvari þessum pappír hafi ekki fundist í gögnum Hahnemühle fyrr en 1995. Hafa verður þó í huga að engin staðfesting hefur fengist á þessu frá pappírsverksmiðjunni. Þá má skilja skýrslu HHH svo að ekki hafi varðveist sýnishorn af allri framleiðslu hennar. Hefur það stuðning af því sem fram kemur í lögregluskýrslu sem tekin var í Þýskalandi af einum starfsmanni pappírsverksmiðjunnar. Þykja rannsóknir þeirra NNN og HHH ekki veita sönnur fyrir því að myndin sé ranglega kennd Svavari Guðnasyni. FFF og GGG listfræðingar, hafa leitt að því listfræðileg rök að þessi mynd sé ekki eftir Svavar Guðnason og verður að telja að líkur séu fyrir því. Ekki þykir þó óhætt að telja það sannað í sakamáli og ber að sýkna ákærða af ákærinni að þessu leyti.

DK-30:

NNN forvörður, hefur rannsakað mynd þessa og fjallar um hana í skýrslu sinni, 6. desember 2002. Kveður hann myndina gerða á Ingres-pappír frá Hahnemühle, “antik-gulan” með vatnsmerki framleiðandans. Sé pappírinn vélunninn með aðferðinni “cylinder mould-made”. Í niðurstöðu skýrslunnar kveðst hann á “grundvelli niðurstaðna úr pappírsrannsóknum, tæknilegri vinnslu mynda og lita-notkun” telja að yfirgnæfandi líkur séu fyrir því að myndin sé fölsuð.

HHH hefur rannsakað pappírinn í þessari mynd, sem ekki er ársett. Telur hann að sterk vísbending sé um það að hún sé fölsuð. Hann vísar til smásjárrannsóknar en ekki er að sjá af skýrslu hans að hún hafi farið fram. Ekki er þess getið sérstaklega að optísk bleikingarefni hafi fundist í pappírnum. Þá segir hann í skýrslu sinni að

athugun á stíl, sambærileika í meðferð og litum, leiði til þess að telja verði myndina falsaða.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Í skýrslu þeirra segir að þessi krítarteikning sé byggð á mörgum, fremur smáum, þríhyrndum formum sem raðist yfir flötinn. Til vinstri sé lóðrétt lína sem sé þó of veik til að mynda andstæðu við þau. Einkennandi fyrir myndina í heild sé einsleit strikateikning sem ásamt einsleitri formgerð geri að verkum að myndin virki flöt. Niðurstaða listfræðinga er að verkið beri ekki höfundareinkenni Svavars Guðnasonar sem teiknara og sé ekki eftir hann.

vitnið skoðaði mynd þessa hjá lögreglu ásamt fjölda annarra. Hann flokkaði hana þá með verkum sem væru mjög lík verkum Svavars og gætu vel verið eftir hann.

Niðurstaða

NNN og HHH taka til nokkur atriði sem þeir telja að bendi til þess að verkið sé ekki eftir Svavar Guðnason en dóminum þykir skorta á rökstuðning fyrir því áliti. Þykja rannsóknir þeirra ekki veita sönnur fyrir því að myndin sé ranglega kennd Svavari Guðnasyni. FFF og GGG listfræðingar hafa leitt að því listfræðileg rök að þessi mynd sé ekki eftir Svavar Guðnason og verður að telja að líkur séu fyrir því. Ekki þykir þó óhætt að telja það sannað í sakamáli og ber að sýkna ákærða af ákærinni að þessu leyti.

DK-31:

NNN forvörður, hefur rannsakað mynd þessa, sem er ársett '42, og fjallar um hana í skýrslu sinni, 6. desember 2002. Kveður hann myndina gerða á Ingres-pappír frá Hahnemühle, „weiss - hvítan“ með vatnsmerki framleiðandans. Sé pappírinn vélunninn með aðferðinni „cylinder mould-made“. Í niðurstöðu skýrslunnar kveðst hann á „grundvelli niðurstaðna úr pappírrannsóknunum, tæknilegri vinnslu mynda og litanotkun“ telja að yfirgnæfandi líkur séu fyrir því að myndin sé fölsuð.

HHH hefur rannsakað pappírinn í þessari mynd. Hann vísar í skýrslu sinni til smásjárrannsóknar en ekki er að sjá af skýrslu hans að slík rannsókn hafi farið fram á myndinni. Aftur á móti verður að skilja skýrsluna svo að höfundurinn álíti að hér sé um sams konar pappír að ræða og í myndinni undir ákærulið 21, sem rannsakaður var í smásjá og grein hefur verið gerð fyrir við þann lið hér að framan. Ekki er þess getið sérstaklega að optísk bleikingarefni hafi fundist í pappírnum. Hann telur vafalaust að myndin sé fölsuð. Þá segir hann í skýrslu sinni að athugun á stíl, sambærileika í meðferð og litum, leiði til þess að telja verði myndina falsaða.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Segja þær að um sé að ræða krítarteikningu, ársetta 1942, sem virðist vera nokkuð nákvæm eftirgerð eftir

krítarteikningunni í óársettu verki án titils sem sýnt var í Gallery Profilen árið 1994. Þegar verkin séu borin saman megi ljóslega sjá grundvallarmun á handbragði, hin ákveðna og tjáningarríka teikning listamannsins sé ekki til staðar í eftirgerðinni. Niðurstaða listfræðinga er að verkið beri ekki höfundareinkenni Svavars Guðnasonar og sé ekki eftir hann.

vitnið skoðaði mynd þessa hjá lögreglu ásamt fjölda annarra. Hann flokkaði hana þá með verkum sem væru mjög lík verkum Svavars og gætu vel verið eftir hann.

Niðurstaða

NNN og HHH taka til nokkur atriði sem þeir telja að bendi til þess að verkið sé ekki eftir Svavar Guðnason en dóminum þykir skorta á rökstuðning fyrir því áliti. Þykja rannsóknir þeirra ekki veita sönnur fyrir því að myndin sé ranglega kennd Svavari Guðnasyni. FFF og GGG listfræðingar, hafa leitt að því listfræðileg rök að þessi mynd sé ekki eftir Svavar Guðnason og verður að telja að líkur séu fyrir því. Ekki þykir þó óhætt að telja það sannað í sakamáli og ber að sýkna ákærða af ákærinni að þessu leyti.

DK-32:

NNN forvörður, hefur rannsakað mynd þessa, sem er ársett '42, og fjallar um hana í skýrslu sinni, 6. desember 2002. Kveður hann myndina gerða á Ingres-pappír frá Hahnemühle, „weiss - hvítan“ með vatnsmerki framleiðandans. Sé pappírinn vélunninn með aðferðinni „cylinder mould-made“. Í niðurstöðu skýrslunnar kveðst hann á grundvelli niðurstöðu úr pappírrannsókn, tæknilegri vinnslu myndar og litanotkun telja að yfirgnæfandi líkur séu fyrir því að myndin sé fölsuð.

HHH hefur rannsakað pappírinn í þessari mynd, sem er ársett '42. Hann vísar í skýrslu sinni til smásjárrannsóknar en ekki er að sjá af skýrslu hans að slík rannsókn hafi farið fram á myndinni. Aftur á móti verður að skilja skýrsluna svo að höfundurinn álíti að hér sé um sams konar pappír að ræða og í myndinni undir ákæru-lið 21, sem rannsakaður var í smásjá og grein hefur verið gerð fyrir við þann lið hér að framan. Ekki er þess getið sérstaklega að optísk bleikingarefni hafi fundist í pappírnum. Hann telur vafalaust að myndin sé fölsuð. Þá segir hann í skýrslu sinni að athugun á stíl, sambærileika í meðferð og litum, leiði til þess að telja verði myndina falsaða.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Virðist þeim sem um sé að ræða frjáltslega eftirgerð eftir olíumálverkinu “Ævintýramynd” frá 1942. Segja þær litanotkun ómarkvissa og lítið afgerandi og teikningu kraftlausa. Niðurstaða listfræðinga er að verkið beri ekki höfundareinkenni Svavars Guðnasonar og sé ekki eftir hann.

vitnið skoðaði mynd þessa hjá lögreglu ásamt fjölda annarra. Hann flokkaði hana þá með verkum sem væru mjög lík verkum Svavars og gætu vel verið eftir hann.

Niðurstaða

NNN og HHH taka til nokkur atriði sem þeir telja að bendi til þess að verkið sé ekki eftir Svavar Guðnason en dóminum þykir skorta á rökstuðning fyrir því áliti. Þykja rannsóknir þeirra ekki veita sönnur fyrir því að myndin sé ranglega kennd Svavari Guðnasyni. FFF og GGG listfræðingar, hafa leitt að því listfræðileg rök að þessi mynd sé ekki eftir Svavar Guðnason og verður að telja að líkur séu fyrir því. Ekki þykir þó óhætt að telja það sannað í sakamáli og ber að sýkna ákærða af ákærinni að þessu leyti.

DK-33:

NNN forvörður, hefur rannsakað mynd þessa og fjallar um hana í skýrslu sinni, 6. desember 2002. Kveður hann myndina gerða á Ingres-pappír frá Fabriano á Ítalíu sem hefur litinn „dökkur-okkur“. Arkarstærð er ca. 52x64 og vatnsmerki framleiðanda í einu horninu. Hann telur pappírinn sennilega vera gamlan. Í niðurstöðu skýrslunnar kveðst hann á „grundvelli niðurstaðna úr pappírsrannsóknum, tæknilegri vinnslu mynda og litanotkun“ telja að yfirgnæfandi líkur séu fyrir því að myndin sé fölsuð.

HHH hefur rannsakað pappírinn í þessari mynd, sem ekki er ársett. Hann telur í skýrslu sinni að vísbending sé um það að myndin sé fölsuð. Hann vísar til smásjárgreiningar en ekki er að sjá að hún hafi farið fram. Þá segir hann í skýrslu sinni að athugun á uppruna, stíl, sambærileika í meðferð og litum í samaburði við allar aðrar myndir sem vafalaust megji telja falsaðar, leiði til þess að telja verði myndina falsaða.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Telja þær þessa vatnslitamynd vera afar losaralega og vanta allan strúktúr. Brotnar línur og zigzaglínur séu dregnar vítt og breitt um flötinn án þess að nokkurt samspil myndist. Litaval og litasamsetning sé ósannfærandi og meðferð vatnslita viðvaningsleg. Þótt verið sé að vísa til einhverra minna í verkum Svavars frá fimmta áratugnum örli ekki á neinu sem bendla megji við höfundareinkenni hans. Niðurstaða listfræðinga er að verkið sé ekki eftir Svavar Guðnason.

vitnið kveðst hvorki hafa séð þessa mynd né heyrt áður. Finnst honum hún ekki geta verið eftir Svavar Guðnason.

Niðurstaða

NNN og HHH taka til nokkur atriði sem þeir telja að bendi til þess að verkið sé ekki eftir Svavar Guðnason en dóminum þykir skorta á rökstuðning fyrir því áliti.

Þykja rannsóknir þeirra ekki veita sönnur fyrir því að myndin sé ranglega kennd Svavari Guðnasyni. FFF og GGG listfræðingar, hafa leitt að því listfræðileg rök að þessi mynd sé ekki eftir Svavar Guðnason og verður að telja að líkur séu fyrir því. Ekki þykir þó óhætt að telja það sannað í sakamáli og ber að sýkna ákærða af ákærinni að þessu leyti.

DK34:

NNN forvörður, hefur rannsakað mynd þessa og fjallar um hana í skýrslu sinni, 6. desember 2002. Kveður hann myndina gerða á Ingres-pappír frá Fabriano á Ítalíu sem hefur litinn „dökkur-okkur“. Arkarstærð er ca. 52x64 og vatnsmerki framleiðanda í einu horninu. Hann telur pappírinn sennilega vera gamlan. Í niðurstöðu skýrslunnar kveðst hann á „grundvelli niðurstaðna úr pappírsrannsóknunum, tæknilegri vinnslu mynda og litanotkun“ telja að yfirgnæfandi líkur séu fyrir því að myndin sé fölsuð.

HHH hefur rannsakað pappírinn í þessari mynd, sem ekki er ársett. Hann telur í skýrslu sinni að vísbending sé um það að myndin sé fölsuð. Hann vísar til smásjárgreiningar en ekki er að sjá að hún hafi farið fram. Þá segir hann í skýrslu sinni að athugun á uppruna, stíl, sambærileika í meðferð og litum, samanborið við allar aðrar myndir sem vafalaust megji telja falsaðar, leiði til þess að telja verði myndina falsaða.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Í umsögn þeirra segir að myndbygging sé ómarkviss. Myndin virðist vera samsuða úr verkum Svavars á fimmta og sjötta áratugnum en eigi ekkert skylt við verk hans frá því tímabili er hann tók að aga form sitt í átt að geómetríu. Myndin sé of veik og vinnubrögð of handahófskennd til að hún geti verið frá hans hendi. Niðurstaða listfræðinga er að verkið beri ekki höfundareinkenni Svavars Guðnasonar og sé ekki eftir hann.

vitnið kveðst hvorki hafa séð þessa mynd né heyrt áður. Finnst honum hún ekki geta verið eftir Svavar Guðnason.

Niðurstaða

NNN og HHH taka til nokkur atriði sem þeir telja að bendi til þess að verkið sé ekki eftir Svavar Guðnason en dóminum þykir skorta á rökstuðning fyrir því álit. Þykja rannsóknir þeirra ekki veita sönnur fyrir því að myndin sé ranglega kennd Svavari Guðnasyni. FFF og GGG listfræðingar, hafa leitt að því listfræðileg rök að þessi mynd sé ekki eftir Svavar Guðnason og verður að telja að líkur séu fyrir því. Ekki þykir þó óhætt að telja það sannað í sakamáli og ber að sýkna ákærða af ákærinni að þessu leyti.

DK-35:

NNN forvörður, hefur rannsakað mynd þessa og fjallar um hana í skýrslu sinni, 6. desember 2002. Kveður hann myndina gerða á Ingres-pappír frá Fabriano á Ítalíu sem hefur litinn „dökkur-okkur“. Arkarstærð er ca. 52x64 og vatnsmerki framleiðanda í einu horninu. Hann telur pappírinn sennilega vera gamlan. Í niðurstöðu skýrslunnar kveðst hann á „grundvelli niðurstaðna úr pappírsrannsóknunum, tæknilegri vinnslu mynda og litanotkun“ telja að yfirgnæfandi líkur séu fyrir því að myndin sé fölsuð.

HHH hefur rannsakað pappírinn í þessari mynd, sem ekki er ársett. Hann telur í skýrslu sinni að vísbending sé um það að myndin sé fölsuð. Hann vísar til smásjárgreiningar en ekki er að sjá að hún hafi farið fram. Þá segir hann í skýrslu sinni að athugun á uppruna, stíl, sambærileika í meðferð og litum við allar aðrar myndir sem vafalaust megja telja falsaðar, leiði til þess að telja verði myndina falsaða.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Telja þær þetta vera afar veika mynd. Myndbygging sé losaraleg, þríhyrnd form dregin samhengislaust um flötinn og strikateikning gjörsamlega án tilþrifa. Niðurstaða listfræðinga er að verkið beri ekki höfundareinkenni Svavars Guðnasonar og sé ekki eftir hann.

vitnið kveðst hvorki hafa séð þessa mynd né heyrt áður. Finnst honum hún ekki geta verið eftir Svavar Guðnason.

Niðurstaða

NNN og HHH taka til nokkur atriði sem þeir telja að bendi til þess að verkið sé ekki eftir Svavar Guðnason en dóminum þykir skorta á rökstuðning fyrir því áliti. Þykja rannsóknir þeirra ekki veita sönnur fyrir því að myndin sé ranglega kennd Svavari Guðnasyni. FFF og GGG listfræðingar, hafa leitt að því listfræðileg rök að þessi mynd sé ekki eftir Svavar Guðnason og verður að telja að líkur séu fyrir því. Ekki þykir þó óhætt að telja það sannað í sakamáli og ber að sýkna ákærða af ákærinni að þessu leyti.

DK-78:

Mynd þessi er unnin á þykkpappa með akrýllitum. Hefur engin pappírsrannsókn farið fram og rannsókn forvarðar ekki að heldur.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Í skýrslu þeirra segir að um sé að ræða eftirgerð eftir verkinu „Ljósflæði“ frá 1944. Sé þetta nokkuð bein eftirgerð en verkið þó samþjappað. Meginformin, þ.e.a.s. guli „loginn“ og andlitið, haldi sér, auk þess dökkur þríhyrningur hægra megin við „logann“ og bleikt, ávalt form vinstra megin við hann. Verkið geti ekki verið skissa því það samræmist ekki vinnuaðferðum

listamannsins. Niðurstaða listfræðinga er að verkið beri ekki höfundareinkenni Svavars Guðnasonar og vanvirði listamannsnafn hans.

Niðurstaða

FFF og GGG listfræðingar, hafa leitt að því listfræðileg rök að þessi mynd sé ekki eftir Svavar Guðnason og verður að telja að líkur séu fyrir því. Ekki þykir þó óhætt að telja það sannað í sakamáli og ber að sýkna ákærða af ákærunni að þessu leyti.

DK-79:

HHH hefur rannsakað pappírinn í þessari mynd sem ekki er ársett. Hann segir í skýrslu sinni að ekki hafi verið hægt að rekja pappírinn til framleiðanda en hann sé af sama uppruna og DK80 og DK81. Um sé að ræða vélunninn, hvítan, sléttan pappír. Arkarstærð sé 380x456 mm. Vatnsmerki finnst ekki. Hann telur myndina vafalaust vera falsaða. Segir hann að við skoðun hafi sést agnir af optísku bleikingarefni um alla pappírsörkina. Hluti fernislagsins hafi sýnt einkennandi ryð-fjólubláan grunnflúr alpha-sellulósa þegar verkið var skoðað í útfjólubláu ljósi. Þótt myndin sé ekki ársett séu litirnir og meðhöndlun þeirra sambærileg við DK80 (ársett '42) og eigi að líkjast verkum frá sama sköpunartímabili listamannsins. Verði því að telja þessa mynd vera falsaða. Hann vísar til smásjárgreiningar en ekki verður þó séð af skýrslunni að sýnishorn úr pappírnum hafi verið rannsökuð í smásjá.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Í umsögn þeirra segir að líkt og í rannsóknartilviki DK-80, DK-81 og DK-82 vísi þessi vatnslitamynd til forma eða minna sem séu í verkum Svavars frá fimmta áratugnum. Sé hún talsvert stærri en pappírsvrk hans frá þeim tíma. Virðist höfundur ekki hafa verið vanur vatnslitamálari því talsverðs óöryggis gæti í meðferð vatnslita, svo sem m.t.t. flæðis litanna, þannig að litir séu víða gruggugir. Stingi slíkt í stúf við vinnubrögð listamannsins. Niðurstaða listfræðinga er að verkið beri ekki höfundareinkenni Svavars Guðnasonar og sé ekki eftir hann.

vitnið skoðaði mynd þessa hjá lögreglunni 7. desember sl. ásamt fjölda annarra mynda. Var það álit hans að myndin væri lík verkum Svavars, þótt eitthvað vantaði upp á til þess að hann væri sannfærður um það.

Niðurstaða

Mynd þessi er ekki ársett. Það kemur fram í skýrslu HHH að í pappírnum sem myndin er gerð á hafi fundist optísk bleikingarefni. Hér að framan hefur það verið rakið að nokkur óvissa er í málinu um það hvaða efni þetta eru og um það hvort unnt sé að greina þau sem hluta af pappírsdeiginu með þeirri aðferð sem beitt var. Þá verður að hafa í huga að engar staðfestar upplýsingar eru í málinu frá verksmiðjunni

um framleiðsluna og íblöndun þessara efna í pappír. Dómurinn getur ekki fallist á Ályktun. HHH um pappírinn í þessari mynd og telur hana byggða á veikum grunni. Þykir rannsókn hans ekki veita sönnur fyrir því að myndin sé ranglega kennd Svavari Guðnasyni. FFF og GGG listfræðingar, hafa leitt að því listfræðileg rök að þessi mynd sé ekki eftir Svavar Guðnason og verður að telja að líkur séu fyrir því. Ekki þykir þó óhætt að telja það sannað í sakamáli og ber að sýkna ákærða af ákærunni að þessu leyti.

DK- 80:

HHH hefur rannsakað pappírinn í þessari mynd, sem er ársett '42. Hann segir í skýrslu sinni að ekki hafi verið hægt að rekja pappírinn til framleiðanda, en hann sé af sama uppruna og DK79 og DK81, og sé hún vafalaust fölsuð. Um sé að ræða vélunninn, hvítan, sléttan pappír. Arkarstærð sé 380x456 mm. Vatnsmerki finnst ekki. Við skoðun sáust agnir af optísku bleikingarefni um alla örkina. Hluti fernislagsins sýndi einkennandi ryð-fjólubláan grunnflúr alpha-sellulósa þegar verkið var skoðað í útfjólubláu ljósi. Kemur fram í skýrslunni að sýnishorn úr pappírnum voru rannsökuð í smásjá. Segir hann að ekki leiki vafi á því að þessi mynd sé fölsuð. Dagsetningin geti ekki verið rétt þar sem bleikingarefni hafi ekki verið notuð í pappír á þessum tíma. Allar arkirnar þrjár sýni sömu merki.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Í umsögn þeirra segir að líkt og í rannsóknartilviki DK-79, DK-81 og DK-82 vísi þessi vatnslitamynd til forma eða minna sem séu í verkum Svavars frá fimmta áratugnum. Sé hún talsvert stærri en pappírsverk hans frá þeim tíma. Virðist höfundur ekki hafa verið vanur vatnslitamálari því talsverðs óöryggis gæti í meðferð vatnslita, svo sem m.t.t. flæðis litanna, þannig að litir séu víða gruggugir. Stingi slíkt í stúf við vinnubrögð listamannsins. Niðurstaða listfræðinga er að verkið beri ekki höfundareinkenni Svavars Guðnasonar og sé ekki eftir hann.

vitnið kveðst hvorki hafa séð þessa mynd né heyrt áður. Finnst honum hún ekki geta verið eftir Svavar Guðnason.

Niðurstaða

Í skýrslu HHH kemur fram að í pappírnum sem myndin er gerð á hafi fundist optísk bleikingarefni. Hér að framan hefur það verið rakið að nokkur óvissa er í málinu um það hvaða efni þetta eru og um það hvort unnt sé að greina þau sem hluta af pappírsdeiginu með þeirri aðferð sem beitt var. Þá verður að hafa í huga að engar staðfestar upplýsingar eru í málinu frá verksmiðjunni um framleiðsluna og íblöndun þessara efna í pappír. Þykir rannsókn sérfræðingsins ekki veita sönnur fyrir því að myndin sé ranglega kennd Svavari Guðnasyni. FFF og GGG listfræðingar, hafa leitt

að því listfræðileg rök að þessi mynd sé ekki eftir Svavar Guðnason og verður að telja að líkur séu fyrir því. Ekki þykir þó óhætt að telja það sannað í sakamáli og ber að sýkna ákærða af ákærinni að þessu leyti.

DK-81:

HHH hefur rannsakað pappírinn í þessari mynd sem ekki er ársett. Hann segir í skýrslu sinni að ekki hafi verið hægt að rekja pappírinn til framleiðanda en hann sé af sama uppruna og DK79 og DK80. Um sé að ræða vélunninn, hvítan, sléttan pappír. Arkarstærð sé 380x456 mm. Vatnsmerki finnist og ekki. Sé myndin vafalaust fölsuð. Segir hann í skýrslu sinni að við skoðun hafi sést agnir af optísku bleikingarefni um alla örkina. Hluti fernislagsins hafi sýnt einkennandi ryð-fjólubláan grunnflúr alpha-sellulósa þegar verkið var skoðað í útfjólubláu ljósi. Þótt myndin sé ekki ársett séu litirnir og meðhöndlun þeirra sambærileg við DK80 (ársett '42) og eigi að líkjast verkum frá sama sköpunartímabili listamannsins. Verði því að telja þessa mynd einnig vera falsaða. Hann vísar til smásjargreiningar en ekki verður þó séð af skýrslunni að sýnishorn úr pappírnum hafi verið rannsökuð í smásjá.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Í umsögn þeirra segir að líkt og í rannsóknartilviki DK-79, DK-80 og DK-82 vísi þessi vatnslitamynd til forma eða minna sem séu í verkum Svavars frá fimmta áratugnum. Sé hún talsvert stærri en pappírsvær hans frá þeim tíma. Virðist höfundur ekki hafa verið vanur vatnslitamálari því talsverðs óöryggis gæti í meðferð vatnslita, svo sem m.t.t. flæðis litanna, þannig að litir séu víða gruggugir. Stingi slíkt í stúf við vinnubrögð listamannsins. Niðurstaða listfræðinga er að verkið beri ekki höfundareinkenni Svavars Guðnasonar og sé ekki eftir hann.

vitnið kveðst hvorki hafa séð þessa mynd né heyrt af henni áður. Finnst honum hún ekki geta verið eftir Svavar Guðnason.

Niðurstaða

Mynd þessi er ekki ársett. Það kemur fram í skýrslu HHH að í pappírnum sem myndin er gerð á hafi fundist optísk bleikingarefni. Hér að framan hefur það verið rakið að nokkur óvissa er í málinu um það hvaða efni þetta eru og um það hvort unnt sé að greina þau sem hluta af pappírsdeiginu með þeirri aðferð sem beitt var. Þá verður að hafa í huga að engar staðfestar upplýsingar eru í málinu frá verksmiðjunni um framleiðsluna og íblöndun þessara efna í pappír. Dómurinn getur ekki fallist á Ályktun. HHH um pappírinn í þessari mynd og telur hana byggða á veikum grunni. Þykir rannsókn hans ekki veita sönnur fyrir því að myndin sé ranglega kennd Svavari Guðnasyni. FFF og GGG listfræðingar, hafa leitt að því listfræðileg rök að þessi mynd sé ekki eftir Svavar Guðnason og verður að telja að líkur séu fyrir því. Ekki

þykir þó óhætt að telja það sannað í sakamáli og ber að sýkna ákærða af ákærinni að þessu leyti.

DK-82:

HHH hefur rannsakað pappírinn í þessari mynd, sem ekki er ársett. Um sé að ræða vélunninn, hvítan, sléttan pappír með mikilli glansáferð. Arkarstærð sé 416x592 mm. Vatnsmerki finnist ekki og ekki sé vitað um framleiðanda. Í skýrslu hans segir að merki séu um límingu á öllum fjórum brúnum pappírsins, sérstaklega þar sem sjá megí að trefjar í gljáandi yfirborði hans hafi fylgt límbandinu þegar það hefur verið fjarlæggt. Þegar borinn sé saman stíll, myndefni, litir og handbragð þessarar myndar við aðrar myndir, svo sem DK79, DK80 og DK81 sem séu falsaðar, hljóti mynd þessi að teljast grunsamleg. Hann álitur að sterk vísbending sé um það að hún sé fölsuð. Ekki er þess getið sérstaklega að optísk bleikingarefni hafi fundist í pappírnum.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Í umsögn þeirra segir að líkt og í rannsóknartilviki DK-79, DK-80 og DK-81 vísi þessi vatnslitamynd til forma eða minna sem séu í verkum Svavars frá fimmta áratugnum. Sé hún talsvert stærri en pappírsvrk hans frá þeim tíma. Virðist höfundur ekki hafa verið vanur vatnslitamálari því talsverðs óöryggis gæti í meðferð vatnslita, svo sem m.t.t. flæðis litanna, þannig að litir séu víða gruggugir. Stingi slíkt í stúf við vinnubrögð listamannsins. Niðurstaða listfræðinga er að verkið beri ekki höfundareinkenni Svavars Guðnasonar og sé ekki eftir hann.

vitnið skoðaði mynd þessa hjá lögreglunni 7. desember sl. ásamt fjölda annarra mynda. Var það álit hans að myndin væri lík verkum Svavars, þótt eitthvað vantaði upp á til þess að hann væri sannfærður um það.

Niðurstaða

HHH getur þess að merki sé um að límband hafi verið notað þegar myndin var gerð en fjallar ekki frekar um það eða hvaða Ályktun. megí draga af því. Þá tekur sérfræðingurinn til nokkur atriði önnur sem hann telur benda til þess að verkið sé ekki eftir Svavar Guðnason en dóminum þykir skorta á rökstuðning fyrir því áliti. Þykir rannsókn hans ekki veita sönnur fyrir því að myndin sé ranglega kennd Svavari Guðnasyni. FFF og GGG listfræðingar, hafa leitt að því listfræðileg rök að þessi mynd sé ekki eftir Svavar Guðnason og verður að telja að líkur séu fyrir því. Ekki þykir þó óhætt að telja það sannað í sakamáli og ber að sýkna ákærða af ákærinni að þessu leyti.

DK-83:

HHH hefur rannsakað pappírinn í þessari mynd, sem er ársett '43. Um sé að ræða vélunninn, kremlitaðan, sléttan pappír með mikilli glansáferð í stærðinni 420x532 mm. Ekkert vatnsmerki sé sjáanlegt og ekki sé vitað um framleiðandann. Hann kveður líkindi í stíl og myndefni svo og efnum sem notuð eru í myndina og handbragði við myndir eins og DK79, DK80 og DK81 sem séu falsaðar gera mynd þessa grunsamlega. Hann kveður sterka vísbendingu um fölsun vera til staðar. Ekki er þess getið sérstaklega að optísk bleikingarefni hafi fundist í pappírnum.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Telja þær að hér sé um að ræða eftirgerð eftir svart-hvíttri ljósmynd af olíumálverkinu „Dauðakvíði” frá um 1945. Litróf eftirgerðarinnar sé þó átakalaust og tjáningarmáttur verksins lítill. Niðurstaða listfræðinga er að verkið beri ekki höfundareinkenni Svavars Guðnasonar og sé ekki eftir hann.

vitnið skoðaði mynd þessa hjá lögreglunni 7. desember sl. ásamt fjölda annarra mynda. Var það álit hans að myndin væri lík verkum Svavars, þótt eitthvað vantaði upp á til þess að hann væri sannfærður um það.

Niðurstaða

HHH tekur til nokkur atriði sem hann telur benda til þess að verkið sé ekki eftir Svavar Guðnason en dóminum þykir skorta á rökstuðning fyrir því áliti. Þykir rannsókn hans ekki veita sönnur fyrir því að myndin sé ranglega kennd Svavari Guðnasyni. FFF og GGG listfræðingar, hafa leitt að því listfræðileg rök að þessi mynd sé ekki eftir Svavar Guðnason og verður að telja að líkur séu fyrir því. Ekki þykir þó óhætt að telja það sannað í sakamáli og ber að sýkna ákærða af ákærinni að þessu leyti.

DK-85:

NNN forvörður, hefur rannsakað mynd þessa og fjallar um hana í skýrslu sinni, 6. desember 2002. Kveður hann myndina gerða á Ingres-pappír frá Hahnemühle, „orange-rauðgulan” án vatnsmerkis. Sé pappírinn vélunninn með aðferðinni „cylinder mould-made”. Í niðurstöðu skýrslunnar kveðst hann á „grundvelli niðurstaðna úr pappírrannsóknnum, tæknilegri vinnslu mynda og litanotkun” telja að yfirgnæfandi líkur séu fyrir því að myndin sé fölsuð. Forvörðurinn tók trefjasýni úr myndinni og sendi HHH til rannsóknar.

HHH hefur rannsakað pappírinn í þessari mynd, sem ekki er ársett. Hann telur líklegt að myndin sé gerð á pappír frá Hahnemühle en ekki sé að finna í honum vatnsmerki. Í skýrslu sinni segir hann samsvarandi sýnishorn ekki hafa fundist hjá Hahnemühle en kveður sterka vísbendingu vera um að myndin sé fölsuð og vísar til smásjárgreiningar. Kemur fram í skýrslunni að sýnishorn úr honum voru rannsökuð í

smásjá. Hann segir þar að trefjagreining hafi ekki gefið vísbendingu en aftur á móti bendi handbragð á myndinni og uppruni til fölsunar. Ekki er þess getið sérstaklega að optísk bleikingarefni hafi fundist í pappírnum.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Í umsögn þeirra segir að þetta sé krítarteikning sem virðist gerð eftir olíumálverkinu „Gríma” (óársett). Sé þetta laus línuskissa án tilþrifa. Niðurstaða listfræðinga er að verkið beri ekki höfundareinkenni Svavars Guðnasonar og sé ekki eftir hann.

vitnið kveðst hvorki hafa séð þessa mynd né heyrt áður. Finnst honum hún ekki geta verið eftir Svavar Guðnason.

Niðurstaða

NNN og HHH taka til nokkur atriði sem þeir telja benda til þess að verkið sé ekki eftir Svavar Guðnason en dóminum þykir skorta á rökstuðning fyrir því álitni. Þykja rannsóknir þeirra ekki veita sönnur fyrir því að myndin sé ranglega kennd Svavari Guðnasyni. FFF og GGG listfræðingar, hafa leitt að því listfræðileg rök að þessi mynd sé ekki eftir Svavar Guðnason og verður að telja að líkur séu fyrir því. Ekki þykir þó óhætt að telja það sannað í sakamáli og ber að sýkna ákærða af ákærinni að þessu leyti.

DK-86:

NNN forvörður, hefur rannsakað mynd þessa, sem er ársett '45, og fjallar um hana í skýrslu sinni, 6. desember 2002. Hann kveður pappírinn vera gulan Ingres-pappír án vatnsmerkis og sé ekki unnt að rekja hann til framleiðanda. Hann líkist þó í flestu Ingres-pappír frá Hahnemühle. Engin merki öldrunar sjáist á honum. Í niðurstöðu skýrslunnar kveðst hann á grundvelli niðurstöðu úr pappírsrannsókn, tæknilegri vinnslu myndar og litanotkun telja að yfirgnæfandi líkur séu fyrir því að hún sé fölsuð.

HHH hefur rannsakað pappírinn í þessari mynd, og telur í skýrslu sinni að sterk vísbending sé um það að hún sé fölsuð. Ekki er að finna sérstakan rökstuðning fyrir þessu álitni annan en vísað er til pappírsgerðar og stíls myndarinnar í lokaorðum skýrslunnar um þessa mynd og allmargar aðrar. Hann bendir á að rifgötun sé meðfram annarri langhlið pappírsins og bendi til þess að hann sé úr bundinni rissbók. Ekki er þess getið sérstaklega að optísk bleikingarefni hafi fundist í pappírnum.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Í skýrslu þeirra segir að hér sé um að ræða krítarteikningu sem virðist vera eftirgerð eftir krítarteikningunni „Karo” frá 1945-46. Telja þær að hér sé sama handbragð og í rannsóknartilviki DK-11 sem sé gert eftir sömu fyrirmynd. Niðurstaða listfræðinga er að verkið beri ekki höfundareinkenni Svavars Guðnasonar og sé ekki eftir hann.

Vitnið skoðaði mynd þessa hjá lögreglu ásamt fjölda annarra. Hann flokkaði hana þá með verkum sem væru mjög lík verkum Svavars og gætu vel verið eftir hann.

Niðurstaða

NNN og HHH taka til nokkur atriði sem þeir telja benda til þess að verkið sé ekki eftir Svavar Guðnason en dóminum þykir skorta á rökstuðning fyrir því áliti. Þykja rannsóknir þeirra ekki veita sönnur fyrir því að myndin sé ranglega kennd Svavari Guðnasyni. FFF og GGG listfræðingar, hafa leitt að því listfræðileg rök að þessi mynd sé ekki eftir Svavar Guðnason og verður að telja að líkur séu fyrir því. Ekki þykir þó óhætt að telja það sannað í sakamáli og ber að sýkna ákærða af ákærinni að þessu leyti.

DK-87:

NNN forvörður, hefur rannsakað mynd þessa, sem er ársett '41, og fjallar um hana í skýrslu sinni, 6. desember 2002. Kveður hann myndina gerða á Ingres-pappír frá Hahnemühle, „gelb-gulan“ án vatnsmerkis. Sé pappírinn vélunninn með aðferðinni „cylinder mould-made“. Í niðurstöðu skýrslunnar kveðst hann á grundvelli niðurstöðu úr pappírsrannsókn, tæknilegrar vinnslu myndar og litanotkunar telja að yfirgnæfandi líkur séu fyrir því að myndin sé fölsuð.

HHH hefur rannsakað pappírinn í þessari mynd, sem hann telur hafa að geyma sterka vísbendingu um fölsun. Ekki er að finna sérstakan rökstuðning fyrir þessu áliti annan en að vísað er til pappírsgerðar og stíls myndarinnar í lokaorðum skýrslunnar um þessa mynd og allmargar aðrar. Hann vísar til smásjárrannsóknar en ekki er að sjá af skýrslu hans að slík rannsókn hafi farið fram. Ekki er þess getið sérstaklega að optísk bleikingarefni hafi fundist í pappírnum.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Virðist þeim að myndin sé byggð upp á skálínum sem vísi til þess tímabils í list Svavars sem ársetning myndarinnar, þ.e. 1941, gefi til kynna og einkenndist af flókinni myndbyggingu og margræðri merkingu. Kraftlaus línuteikning og einsleit efnismeðferð, þar sem hvergi örli á viðleitni til tjáningar, geri að verkum að myndin verði flöt og eigi lítið skylt við þá dýnamík sem einkenni verk listamannsins frá fimmta áratugnum. Niðurstaða listfræðinga er að verkið beri ekki höfundareinkenni Svavars Guðnasonar og sé ekki eftir hann.

Vitnið kveðst hvorki hafa séð þessa mynd né heyrt áður. Finnst honum hún ekki geta verið eftir Svavar Guðnason.

Niðurstaða

NNN og HHH taka til nokkur atriði sem þeir telja benda til þess að verkið sé ekki eftir Svavar Guðnason en dóminum þykir skorta á rökstuðning fyrir því áliti.

Þykja rannsóknir þeirra ekki veita sönnur fyrir því að myndin sé ranglega kennd Svavari Guðnasyni. FFF og GGG listfræðingar, hafa leitt að því listfræðileg rök að þessi mynd sé ekki eftir Svavar Guðnason og verður að telja að líkur séu fyrir því. Ekki þykir þó óhætt að telja það sannað í sakamáli og ber að sýkna ákærða af ákærinni að þessu leyti.

DK-88:

NNN forvörður, hefur rannsakað mynd þessa, sem er ársett '52, og fjallar um hana í skýrslu sinni, 6. desember 2002. Kveður hann myndina gerða á Ingres-pappír frá Hahnemühle, „olívugráan“ með vatnsmerki framleiðandans en hann finnst ekki í sýnishornabókum hans. Sé pappírinn vélunninn með aðferðinni „cylinder mould-made“. Í niðurstöðu skýrslunnar kveðst hann á grundvelli niðurstöðu úr pappírarrannsókn, tæknilegrar vinnslu myndar og litanotkunar telja að yfirgnæfandi líkur séu fyrir því að myndin sé fölsuð.

HHH hefur rannsakað pappírinn í þessari mynd, sem hann telur bera með sér vísbendingu um fölsun. Í skýrslu hans segir að í fernislagi megi sjá langar, svartar trefjar og gylltar og brúnar trefjar. Geti þessi pappír verið gamall. Stílsamanburður við DK89 sem sé fölsuð sýni vísbendingu um fölsun. Þá segir hann í skýrslu sinni að athugun á uppruna, stíl, sambærileika í meðferð og litum, leiði til þess að telja verði myndina falsaða. Ekki er þess getið sérstaklega að optísk bleikingarefni hafi fundist í pappírnum.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Í umsögn þeirra segir að þessi krítarteikning virðist vera gerð eftir olíumálverkinu „Rautt högg“ frá 1952. Formgerð sé bjöguð og einfölduð miðað við frumgerðina. Niðurstaða listfræðinga er að verkið beri ekki höfundareinkenni Svavars Guðnasonar og sé ekki eftir hann.

Vitnið kveðst hvorki hafa séð þessa mynd né heyrt áður. Finnst honum hún ekki geta verið eftir Svavar Guðnason.

Niðurstaða

NNN og HHH taka til nokkur atriði sem þeir telja benda til þess að verkið sé ekki eftir Svavar Guðnason en dóminum þykir skorta á rökstuðning fyrir því álit. Þykja rannsóknir þeirra ekki veita sönnur fyrir því að myndin sé ranglega kennd Svavari Guðnasyni. FFF og GGG listfræðingar, hafa leitt að því listfræðileg rök að þessi mynd sé ekki eftir Svavar Guðnason og verður að telja að líkur séu fyrir því. Ekki þykir þó óhætt að telja það sannað í sakamáli og ber að sýkna ákærða af ákærinni að þessu leyti.

DK-89:

NNN forvörður, hefur rannsakað mynd þessa og fjallar um hana í skýrslu sinni, 6. desember 2002. Kveður hann myndina gerða á Ingres-pappír frá Hahnemühle, “weiss - hvítan” með vatnsmerki framleiðandans. Sé pappírinn vélunninn með aðferðinni „cylinder mould-made”. Í niðurstöðu skýrslunnar kveðst hann á grundvelli niðurstöðu úr pappírsrannsókn, tæknilegri vinnslu myndar og litanotkun telja að yfirgnæfandi líkur séu fyrir því að myndin sé fölsuð.

HHH hefur rannsakað pappírinn í þessari mynd, sem ekki er ársett. Hann segir í skýrslu sinni að myndin sé vafalaust fölsuð. Í lokaorðum skýrslunnar segir hann um þessa mynd og allmargar aðrar að þessi vitnisburður byggist á raunverulegri gerð pappírsins, m.a. trefjablöndum sem ekki hafi verið fyrir hendi á tilgreindum tímum. Á öðrum stað í skýrslunni segir hann enn fremur að athugun á stíl, sambærileika í meðferð og litum, leiði til þess að telja verði myndina falsaða. Það er að athuga í þessu sambandi að síðar í lokaorðum skýrslunnar flokkar HHH þessa mynd með þeim myndum sem hann álítur einungis sýna vísbendingu um fölsun. Hann vísar til smásjárrannsóknar en ekki er að sjá að slík rannsókn hafi farið fram á myndinni. Ekki er þess getið sérstaklega að optísk bleikingarefni hafi fundist í pappírnum.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Telja þær að um sé að ræða eftirgerð eftir svart-hvítri ljósmynd af olíumálverkinu „Orkuhreyfing” frá 1951. Formgerð sé bjöguð og einfölduð miðað við frumgerðina og litróf einsleitt. Niðurstaða listfræðinga er að verkið beri ekki höfundareinkenni Svavars Guðnasonar og sé ekki eftir hann.

Vitnið skoðaði mynd þessa hjá lögreglu ásamt fjölda annarra. Hann flokkaði hana þá með verkum sem væru mjög lík verkum Svavars og gætu vel verið eftir hann. Niðurstaða

NNN og HHH taka til nokkur atriði sem þeir telja benda til þess að verkið sé ekki eftir Svavar Guðnason en dóminum þykir skorta á rökstuðning fyrir því áliti. Þykja rannsóknir þeirra og ályktanir ekki veita sönnur fyrir því að myndin sé ranglega kennd Svavari Guðnasyni. FFF og GGG listfræðingar, hafa leitt að því listfræðileg rök að þessi mynd sé ekki eftir Svavar Guðnason og verður að telja að líkur séu fyrir því. Ekki þykir þó óhætt að telja það sannað í sakamáli og ber að sýkna ákærða af ákærinni að þessu leyti.

DK-90:

HHH hefur rannsakað pappírinn í þessari mynd, sem ekki er ársett. Myndin sé unnin á vélunninn, hvítan, sléttan pappír. Arkarstærð sé 592x416 mm, vatnsmerki finnist ekki og ekki sé vitað um framleiðanda. Þessi pappír sé með sama gljáandi

yfirborð og mynd DK82. Stílsamanburður við mynd DK89 sýnir vísbendingu um fölsun.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Segja þær að um sé að ræða kítarteikningu sem vísi í verk Svavars frá geómetrísku tímabilinu, þ.e. eftir 1950. Niðurstaða listfræðinga er að verkið beri ekki höfundareinkenni Svavars Guðnasonar og sé ekki eftir hann.

Vitnið skoðaði mynd þessa hjá lögreglu ásamt fjölda annarra. Hann flokkaði hana þá með verkum sem væru mjög lík verkum Svavars og gætu vel verið eftir hann.

Niðurstaða

HHH segir að vísbending sé um fölsun í myndinni. Þetta er þó lítið sem ekki rökstutt og þykir rannsókn hans ekki veita sönnur fyrir því að myndin sé ranglega kennd Svavari Guðnasyni. FFF og GGG listfræðingar, hafa leitt að því listfræðileg rök að þessi mynd sé ekki eftir Svavar Guðnason og verður að telja að líkur séu fyrir því. Ekki þykir þó óhætt að telja það sannað í sakamáli og ber að sýkna ákærða af ákærinni að þessu leyti.

Ákæruliður 36:

Samtals 5 olíumálverk sem eru eftirgerðir þekktra verka eða viðfangsefna Svavars Guðnasonar með falsaðri höfundarmerkingu hans á verkin sem verk eftir Svavar Guðnason.

DK-1:

KKK forvörður, hefur rannsakað mynd þessa. Í skýrslu sem hann hefur samið um rannsóknina segir að um sé að ræða málningu á þykkpappa og myndefnið komposition. Þá sé myndin merkt „Svavar - 41” með blýanti. Í útfjólubláu ljósi hafi komið fram ljómageislun nýlegrar málningar og/eða plastmálningar á öllu yfirborði verksins. Tvö litasýni hafi verið tekin úr verkinu: gulur litur við vinstri jaðar og rauður litur í vinstra horni að neðan. Bæði reyndust sýni þessi innihalda alkýð samkvæmt litrófsgreiningu á bindiefni í FT-IR smásjá hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands. Smásjárskoðun hafi staðfest það sem fram kom við skoðun í UV-ljósi. Málningin hafi ásýnd og eiginleika nýlegrar plastmálningar. Engin merki séu um öldrun í málningarlagi og yfirborðið sé hreint. Málverkið virðist málað frá grunni með alkýðbundinni málningu. Enginn fernis sé á verkinu. Samkvæmt myndefni og áritun eigi verkið að vera frá fyrri hluta fimmta áratugar tuttugustu aldar. Alkýðefni til listmálunar hafi fyrst komið fram á sjöunda áratug tuttugustu aldar. Telur forvörðurinn myndina ekki stafa frá þeim sem hún er merkt og eignuð.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Telja þær að hér sé um að ræða beina eftirgerð verksins “Fönsun” frá 1941. Allir meginþættir grindarinnar sem verkið byggir á haldi sér en útfærsla innan einstakra reita myndarinnar sé flatneskjuleg og tilþrífalítill. Litróf sé áberandi mikið gult og litir gruggugir, sem sé í hrópandi andstöðu við hið hreina litróf listamannsins. Niðurstaða listfræðinga er að verkið beri ekki höfundareinkenni Svavars Guðnasonar og geti ekki verið eftir hann.

Vitnið kveðst ekki hafa séð þessa mynd áður. Finnst honum hún vera mjög ólík verkum Svavars Guðnasonar.

Niðurstaða

Rannsóknir KKK og NNN hafa leitt í ljós að myndin er öll máluð með litum sem ljóma eins og þeir séu nýlegir og innihalda alkýð. Um alkýðlitina er það að segja að óvissa er í málinu um framleiðslu- og notkunarsögu alkýðs og er því ekki hægt að útiloka að Svavar Guðnason hafi notað slíka liti árið 1941. Hins vegar ljómar málningin sem nýleg og ekki er að merkja öldrun í henni þrátt fyrir meintan 60 ára aldur og þær FFF og GGG listfræðingar, hafa leitt listfræðileg rök að því að myndin sé ekki eftir Svavar Guðnason. Þykir þetta allt veita sönnun fyrir því fyrir því að mynd þessi sé ekki eftir Svavar Guðnason og því sé hún fölsuð.

DK-69:

KKK forvörður, hefur rannsakað mynd þessa. Í skýrslu sem hann hefur samið um rannsóknina segir að um sé að ræða málverk á hörlérefni og myndefnið sé komposition. Í útfjólubláu ljósi komi fram ljómageislun nýlegrar málningar og/eða plastmálningar í meginhluta verksins, sem og áritun. Á stöku stað við jaðra þess kom fram ljómageislun hefðbundins olíulitar. Þrjú litasýni voru tekin úr verkinu: fjólublár litur úr áritun og gulur litur ofan við áritun. Einnig hafi verið tekið sýni úr svörtum lit við jaðar neðan við áritun þar sem ljómageislun gaf til kynna olíulit. Sýnin voru send til litrófsgreiningar á bindiefni í FT-IR smásjá hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands. Greindi JJJ fyrri tvö sýnin sem alkýð en það síðastnefnda sem olíu. Í smásjá sjáist að yfirborð málningarlags er hreint og hvergi sé að sjá óhreinindi í „skorningum” í málningarlagi þar sem áhöld til hreinsunar hafa ekki náð til eins og gerist við hreinsun óhreinna og gamalla málverka. Nýlegur, mjúkur, glær og mattur fernis liggir yfir málningarlaginu og nær ósýnilegur nema í smásjá. Fernisinn sé sams konar og finna megi á fjölda annarra málverka sem lögreglan rannsaki. Efsta málningarlag sem er afar þunnt bindist ekki vel við það sem undir sé. Greinilega sé annað málverk undir, að öllum líkindum unnið með hefðbundnum olíulitum. Efsta litalag málverksins og áritun beri ekki einkenni aldraðrar málningar og greinist sem

alkýðmálning sem fyrst hafi komið fram til listmálunar á sjöunda áratug tuttugustu aldar en málverkið sé ársett 1941. Geti verkið ekki verið eftir þann sem það er merkt.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Í skýrslu þeirra segir að verkið sé ársett 1941, þ.e.a.s. frá sama ári og verk eins og „Selameyjar” og „Jónsmessunæturdraumur” þar sem Svavar fáist við margbrotna myndbyggingu sem byggist á samspili línu, forma og litar sem myndi huglægt myndrými. Þetta verk sé aftur á móti byggt á fremur hefðbundinn hátt; í byggingu verksins megi sjá deilingu í forgrunn og bakgrunn. Í forgrunni sé sterk fígúratíf vísun (tvö „andlit”) og landslagsvísun í bakgrunni. Pensildrættir séu mjúkir og þokukenndir og litróf milt, en hvorutveggja sé í hrópandi andstæðu við mótuð form, ákveðnar línur og afgerandi lit í verkum Svavars frá þessu skeiði. Niðurstaða listfræðinga er að verkið stingi svo í stúf við verk Svavars Guðnasonar frá þessu tímabili að hann geti ekki verið höfundur þess.

Vitnið kveðst ekki hafa séð þessa mynd áður. Finnst honum hún vera mjög ólík verkum Svavars Guðnasonar.

Niðurstaða

Rannsóknir KKK og NNN hafa sýnt fram á það að mynd þessi sé heilmáluð með með litum sem ljóma eins og þeir séu nýlegir og innihalda alkýð yfir eldri mynd sem gerð er með olíulitum. Að mynd sé máluð yfir aðra eldri mynd þarf í sjálfu sér ekki að vera vísbending um fölsun og vegna óvissu sem er í málinu um framleiðslu- og notkunarsögu alkýðs er ekki hægt að útiloka það að Svavar Guðnason hafi notað alkýðbundna liti 1941, þegar myndin er ársett. Aftur á bera litir í henni þess merki að vera nýlegir þrátt fyrir meintan 60 ára aldur og FFF og GGG listfræðingar, hafa leitt að því listfræðileg rök að myndin sé ekki eftir Svavar. Þykir þetta allt veita sönnun fyrir því fyrir því að mynd þessi sé ekki eftir Svavar Guðnason og því sé hún fölsuð.

DK-73:

KKK forvörður, hefur rannsakað mynd þessa. Í skýrslu sem hann hefur samið um rannsóknina segir að um sé að ræða málverk á þykkpappa en með masónítburðarlagi. Myndin sé merkt „Svavar” og myndefnið komposition. Í útfjólubláu ljósi komi fram ljómageislun nýlegrar málningar og/eða plastmálningar á öllu yfirborði verksins, sem og í áritun. Þrjú litasýni voru tekin úr verkinu: svartur litur úr áritun, blár litur við vinstri langhlið og loks grænn litur við efri jaðar. Sýnin hafi verið send til litrófsgreiningar á bindiefni í FT-IR smásjá hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands. Greindist alkýð í þeim öllum. Smásjárskoðun staðfesti það sem fram hafi komið við skoðun í UV-ljósi. Málningarlag hafi útlit og eiginleika nýlegrar plastmálningar, sem og áritun verksins. Ummerki um öldrun í málningarlagi eru ekki greinanleg og yfirborð sé hreint. Málverkið og áritun virðist málað frá grunni með

alkýðbundinni málningu á þykkpappa. Enginn fernis er á verkinu. Samkvæmt myndefni og áritun gæti verið verið frá sjöunda áratug tuttugustu aldar. Alkýðefni til listmálunar hafi komið fram á sjöunda áratug tuttugustu aldar. Ætlaður höfundur gæti hafa haft tök á að mála þetta verk en merki um öldrun bera þess þó ekki vott. Forvörðurinn telur sig ekki geta tekið afstöðu til þessa verks.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verið. Segja þær að það stingi nokkuð í stúf við aðrar meintar falsanir sem skoðaðar hafi verið. Vísi verið í abstrakt expressjónísk verk Svavars frá sjöunda áratug síðustu aldar þegar listamaðurinn braut sig út úr höftum hinnar geómetrísku abstraksjónar og lét litinn flæða yfir léreftið. Tekið er fram að verið sé staðfest á bakhlið af Erik Ortvad. Niðurstaða listfræðinga er að þær taka ekki afgerandi afstöðu til þessa verks en telja fremur ólíklegt að Svavar Guðnason sé höfundur þess.

Vitnið kveðst ekki hafa séð þessa mynd áður. Finnst honum hún vera mjög ólík verkum Svavars Guðnasonar.

Niðurstaða

Rannsóknir KKK og NNN hafa sýnt fram á það að mynd þessi sé heilmáluð með alkýðbundnum litum á pappa. KKK telur Svavar hafa haft tök á því að mála verk þetta en telur sig ekki geta tekið afstöðu til verksins. Mynd þessi er ekki ásett en málningarlag og áritun bera þess merki að vera úr nýlegri málningu. Þá hafa FFF og GGG listfræðingar, leitt að því listfræðileg rök að myndin sé ekki eftir Svavar og telja verður líkur fyrir því. Ekki þykir vera óhætt í sakamáli að telja það sannað. Ber því að sýkna ákærða af ákærinni að þessu leyti.

DK-92:

KKK forvörður, hefur rannsakað mynd þessa sem ekki er ásett. Í skýrslu sem hann hefur samið um rannsóknina segir að um sé að ræða málningu á masonít, merkt „Svavar” og myndefnið komposition. Í útfjólubláu ljósi komi fram ljómageislun af nýlegri málningu og/eða plastmálningu um allt yfirborð verksins sem og áritun. Tvö litasýni hafi verið tekin úr verkinu: Svartur litur úr áritun og rauður litur við hægra horn að ofan. Sýnin hafi verið send til litrófsgreiningar á bindiefni í FT-IR smásjá hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands. Þar greindi JJJ jarðefnafræðingur, alkýð í báðum sýnunum. Smásjárskoðun staðfesti það sem fram hafi komið í UV-ljósi. Málningarlag hafi útlit og eiginleika nýlegrar plastmálningar sem og áritun verksins. Engin merki séu um öldrun á málningarlagi og yfirborð sé hreint. Málverkið virðist málað frá grunni með alkýðbundinni málningu á plötu úr masonít. Enginn fernis sé á verkinu. Samkvæmt myndefni og áritun á verkið að vera frá fyrri hluta fimmta áratugar tuttugustu aldar. Alkýðefni til listmálunar hafi komið fyrst fram á sjöunda

áratug tuttugustu aldar. Telur forvörðurinn málverkið ekki vera eftir þann sem það er merkt og eignað.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Telja þær að hér sé um að ræða eftirgerð verksins „Jónsmessunæturdraumur” frá 1941. Burðarstoðin í myndbyggingu „Jónsmessunæturdraums” sé skálína við miðju myndar sem gangi upp til vinstri en henni tengist bjúgar línur og form. Þessu meginþema sé haldið í eftirgerðinni en þar gæti mikillar einföldunar og bjögunar. Niðurstaða listfræðinga er að verkið beri ekki höfundareinkenni Svavars Guðnasonar og geti ekki verið eftir hann.

Vitnið kveðst ekki hafa séð þessa mynd áður. Finnst honum hún vera mjög ólík verkum Svavars Guðnasonar.

Niðurstaða

Rannsóknir KKK og NNN hafa sýnt fram á það að mynd þessi sé heilmáluð með alkýðbundnum litum á masonít. KKK telur áritun og myndefni heyra til fyrri hluta fimmta áratugarins og alkýð hafi þá ekki verið fáanlegt. Óvissa er í málinu um framleiðslu- og notkunarsögu alkýðs og þykir ekki unnt að útiloka að Svavar Guðnason hafi notað alkýðbundna liti á þeim tíma. Grunsamlegt hlýtur að teljast að engin öldrunarmerki eru í málningarlagi og yfirborð þess er hreint. Mynd þessi er þó ekki ársett. FFF og GGG listfræðingar, hafa leitt að því listfræðileg rök að myndin sé ekki eftir Svavar og telja verður líkur fyrir því en ekki þykir vera óhætt í sakamáli að telja það sannað. Ber því að sýkna ákærða af ákærinni að þessu leyti.

DK-93:

KKK forvörður, hefur rannsakað mynd þessa. Í skýrslu sem hann hefur samið um rannsóknina segir að um sé að ræða málverk merkt „Svavar-42” og myndefnið sé komposition. Málning sé á þykkpappa en burðarlag sé masonít. Í útfjólubláu ljósi sjáist ljómageislun af nýlegri málningu og/eða plastmálningu af öllu yfirborði verksins sem og árituninni. Tvö litasýni hafi verið tekin úr verkinu: svartur litur úr áritun og rauður litur við vinstri langhlið. Sýnin voru send til litrófsgreiningar á bindiefni í FT-IR smásjá hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands. Greindi JJJ jarðefnafræðingur, alkýð í þeim báðum. Smásjárskoðun staðfesti það sem fram hafi komið við skoðun í útfjólubláu ljósi. Málningarlag hafi útlit og eiginleika nýlegrar plastmálningar sem og áritun verksins. Engin ummerki séu um öldrun í málningarlagi og yfirborð hreint. Málverkið virðist málað frá grunni með alkýðbundinni málningu á þykkpappa. Enginn fernis er á verkinu. Alkýðefni til listmálunar hafi komið fyrst fram á sjöunda áratug tuttugustu aldar og geti verkið ekki verið eftir þann sem það er merkt og eignað.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Segir í skýrslu þeirra að líkt og rannsóknartilvik 32, þ.e. ákærulið 23 og DK-91 sé það eftirgerð verksins “Mikrokosmos” frá 1941. Niðurstaða listfræðinga er að verkið beri ekki höfundareinkenni Svavars Guðnasonar og geti ekki verið eftir hann.

Vitnið kveðst ekki hafa séð þessa mynd áður. Finnst honum hún vera mjög ólík verkum Svavars Guðnasonar.

Niðurstaða

Rannsóknir KKK og NNN hafa leitt í ljós að myndin er öll máluð á masonít með litum sem ljóma eins og þeir séu nýlegir og innihalda alkýð. Um alkýðlitina er það að segja að óvissa er í málinu um framleiðslu- og notkunarsögu alkýðs og er því ekki hægt að útiloka að Svavar Guðnason hafi notað slíka liti árið 1941. Hins vegar ljómar málningin sem nýleg og ekki er að merkja öldrun í henni þrátt fyrir meintan 60 ára aldur og þær FFF og GGG listfræðingar, hafa leitt listfræðileg rök að því að myndin sé ekki eftir Svavar Guðnason. Þykir þetta allt veita sönnun fyrir því fyrir því að mynd þessi sé ekki eftir Svavar Guðnason og því sé hún fölsuð.

Ákæruliður 37:

Samtals 9 olíumálverk sem máluð hafa verið yfir eldri verk og gömul höfundarmerking afmáð, höfundarmerkingarsvæði myndflatarins yfirmálað og ný höfundarmerking sett yfir sem verk eftir Svavar Guðnason.

DK-70:

KKK forvörður, hefur rannsakað þessa mynd og gert skýrslu um rannsóknina. Segir þar að myndin sé merkt „Svavar.'44” og myndefnið sé komposition. Málverkið sé málað með misþykkri málningu á hörlérefi. Strokurnar séu bæði gerðar með pensli og spaða og beri þykkt litarins vott um að vera úr túpu (ekki fljótandi). Myndin sé strengd á blindramma og með blásaumi og samsetning sé upprunaleg, þ.e. ekki er að sjá að léreftið hafi áður verið strekkt á annan blindramma. Á jaðrana hafi verið límt hvítt plastlímband sem ekki sé upprunalegur frágangur. Yfirborð málningarlags sé hreint. Aftan á blindrammanum standi skrifaðar nokkrar tölur með blýanti. Málverkið hafi verið ljósmyndað við leifturljós og við útfjólublátt ljós við staðlaðar aðstæður með stafrænni myndavél. Yfirborð málningarlags, áritun og áletrun á bakhlið hafi verið skoðuð í smásjá. Í útfjólubláu ljósi sjáist fjólublá ljómageislun um nær allt yfirborð verksins sem og áritun. Gefur slík ljómageislun til kynna nýlega málningu og/eða plastmálningu. Meðfram jöðrum verksins sjáist ljómageislun af hefðbundnum olíulit í ýmsum litum. Í smásjá sjáist að meðfram jöðrum verksins er málning sprungin og stökk viðkomu. Þessi lög hafi einkenni gamals olíulitar hvað varðar

hörku og áferð. Yfir þessum málningarlögum sé gulbrúnt, sprungið og harðnað fernislag. Málningarlög sem formi meginmyndefni verksins (fjólublá í UV-ljósi) liggi yfir þessu gulnaða fernislagi. Með því að fletta hluta efri litalaga ofan af hinu gulnaða fernislagi komi í ljós að fernisinn sem er þar undir er ámóta gul-brúnn og sá sem liggur utanvið og sýnilegur er berum augum. Af þessu að merkja séu efri litarlög tilkomin mörgum áratugum (miðað við gulnun) eftir að að neðri myndin var máluð og fernisborin. Efri litalög beri einkenni hraðþornandi málningar þar sem litir hafi ekki náð að blandast en liggi í straumum sakir hraða þornunarinnar. Ennfremur sé málningin afar mjúk viðkomu og teygjanleg. Mikið fylliefni (aukaefni) virðist vera í málningunni. Höfundarmerking í vinstra horni að ofan hafi verið gerð áður en undirlitur hennar var þornaður (blautt í blautt) því svartur litur áritunarinnar hefur blandast undirlitnum. Málningarefni verksins ætti samkvæmt því að vera frá árinu 1944 eða eldra, sbr. ártal við áritun. Yfirborð málningarlagsins sé hreint og liggi yfir því mjúkt og matt fernislag, líklega blandað vaxi. Fernisinn beri sömu einkenni og hafi fundist á fjölda annarra rannsóknartilvika, þ.e. mjúkur og mattur og kristallist við það að vera skafinn, auk þess að vera nær ósýnilegur berum augum. Ofarlega meðfram vinstri langhlið komi fram við leit yfirmáluð og hulin svört áritun. Yfirmálunarlit hafi verið flett ofan af henni og þá komið fram mikið niðurslípuð höfundarmerking og ártal þar sem greina má: „Osvaldsen 1935”. Þrjú litasýni hafi verið tekin úr verkinu til bindiefnagreiningar í FT-IR smásjá: Svartur litur úr áritun (skimun gefur til kynna nýlega málningu). Greindist vera alkýð. Rauður litur fyrir miðju (skimun gefur til kynna nýlega málningu). Greindist vera alkýð. Grænn litur við hægri jaðar (skimun gefur til kynna gamla málningu). Greindist vera olía. Niðurstaða bindiefnagreiningar sé samhljóða því sem kom fram við skimun verksins í útfjólubláu ljósi og smásjárskoðun. Neðri málningarlög greinist sem gömul olíumálning en efri litalög sem forma meginmyndefni verksins séu gerð með nútímamálningu með alkýð. Þykkt málningar í efri litalögum bendi til að um túpulit sé að ræða. Alkýðmálning í túpum hafi fyrst komið fram árið 1976 en alkýð-íblöndunarefni til notkunar í hefðbundna listmálunarliti, s.s. Liquin þurrkefni, um 1968. Forvörðurinn álítur að efri myndin sé ekki eftir þann sem hún er merkt.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Telja þær að hér sé um að ræða eftirgerð nafnlauss verks frá 1944. Niðurstaða listfræðinga er að verkið beri hvorki handbragð né höfundareinkenni Svavars Guðnasonar og geti ekki verið eftir hann.

Vitnið kveðst ekki hafa séð þessa mynd áður. Finnst honum hún vera mjög ólík verkum Svavars Guðnasonar.

Niðurstaða

Mynd þessi er ársett 1944. Rannsóknir KKK og NNN hafa sýnt fram á það að mynd þessi sé heilmáluð, árituð með nýlegum alkýðbundnum túpúlutum yfir gamla og sprungna eldri mynd sem gerð er með olíulitum og leifar eru af eldri áritun sem hefur verið slípuð niður. Þá er myndin hrein. Að mynd sé máluð yfir aðra eldri mynd þarf í sjálfu sér ekki að vera vísbending um fölsun. Þar sem óvissa er í málinu um framleiðslu- og notkunarsögu alkýðs þykir ekki vera óhætt að útiloka það að Svavar Guðnason hafi notað alkýðbundna liti árið 1944. FFF og GGG listfræðingar, hafa leitt að því listfræðileg rök að myndin sé ekki eftir Svavar Guðnason. Verður að telja að ummerkin um hina fyrri áritun, nýleg málning þrátt fyrir nærri 60 ára ætlaðan aldur og álit listfræðinganna veiti fullar sönnur fyrir því að mynd þessi sé fölsuð.

DK-71:

KKK forvörður, hefur rannsakað þessa mynd. Í skýrslu sem hann hefur gert um rannsóknina segir að hún sé gerð með málningu á hörléref. Myndefnið sé komposition og áritunin „Svavar“ máluð með svartri málningu. Í útfjólubláu ljósi sjáist ljómageislun af nýlegri málningu og/eða plastmálningu í meginhluta verksins en á jöðrum og inn á myndfleti verksins komi einnig fram ljómageislun hefðbundins, gamals olíulitar. Þrjú litasýni voru tekin úr verkinu: svartur litur úr áritun, ljósbrúnn litur ofan við áritun, sem báðir sýndu flúrljómun nýlegrar málningar, og grár litur við neðri skammhlið til vinstri, sem sýndi flúrljómun hefðbundins olíulitar. Í litrófsgreiningu á bindiefni í FT-IR smásjá hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands greindist vera alkýð í tveimur fyrri sýnunum en olía í því síðastnefnda. Smásjárskoðun hafi staðfest það sem sást í útfjólubláu ljósi. Einstaka fletir hafi útlit og eiginleika olíumálningar en meginhluti verksins útlit og eiginleika nýlegrar plastmálningar, sem og áritun verksins. Eftir þessu að dæma sé um að ræða yfirmálað olíumálverk þar sem alkýðmálning hefur verið notuð til yfirmálunar að hluta til. Í „skorningum“ og „lautum“ í olíulagi megi greina óhreinindi sem gefi vísbendingu um að olíumálverkið hafi verið nokkuð gamalt þegar málað var yfir það. Yfirborð alkýðlags sé hreint og yfir öllu verkinu sé hálfgljáandi, þykkt fernislag. Þessi fernis sé ekki sömu tegundar og sést hafi á fjölda annarra rannsóknartilvika. Fernisinn sé teygjanlegur og beri ekki einkenni öldrunar. Neðst upp með vinstri langhlið megi sjá niðurslípað svæði undir grænni málningu. Þar megi greina leifar brúnnar áritunar. Ekki sjáist að fleiri svæði í verkinu hafi verið slípuð. Myndefnið heyri til fyrri hluta fimmta áratugar tuttugustu aldar en alkýðefni til listmálunar komi fyrst fram á sjöunda áratug tuttugustu aldar. Niðurstaða forvarðarins er að málverkið geti ekki verið eftir þann sem það er merkt og eignað.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Í umsögn þeirra segir að líkt og í rannsóknartilviki DK-7 sé fyrirmyndin verkið „Komposition“ frá 1941.

Niðurstaða listfræðinga er að verkið beri hvorki handbragð né höfundareinkenni Svavars Guðnasonar og geti ekki verið eftir hann.

Vitnið kveðst ekki hafa séð þessa mynd áður. Finnst honum hún vera mjög ólík verkum Svavars Guðnasonar.

Niðurstaða

Rannsóknir KKK og NNN hafa sýnt fram á það að mynd þessi er heilmáluð og árituð með nýlegum alkýðbundnum litum yfir nokkuð gamla mynd sem gerð er með olíulitum. Að mynd sé máluð yfir aðra eldri mynd þarf í sjálfu sér ekki að vera vísbending um fölsun en á hinn bóginn finnast leifar um eldri niðurslípaða áritun undir hinu nýlega málningarlagi. Þá er yfirborð efra litalags hreint. KKK telur myndefnið heyra til fimmta áratugnum. Þar sem óvissa er í málinu um framleiðslu- og notkunarsögu alkýðs þykir ekki vera óhætt að útiloka það að Svavar Guðnason hafi notað alkýðbundna liti á þessum tíma. FFF og GGG listfræðingar, hafa leitt að því listfræðileg rök að myndin sé ekki eftir Svavar Guðnason. Verður og að telja að leifar af eldri áritun og nýlegir litir ásamt áliti listfræðinganna veiti sönnur fyrir því að mynd þessi sé fölsuð.

DK-72:

KKK forvörður, hefur rannsakað þessa mynd. Í skýrslu sem hann hefur gert um rannsóknina segir að hún sé gerð með málningu á hörlérefi og árituð: „Svavar 42“. Í útfjólubláu ljósi hafi komið fram ljómageislun af nýlegri málningu og/eða plastmálningu í meginhluta verksins en á svæðum við jaðra þess og inn á myndfleti verksins hafi ljómað af hefðbundnum gömlum olíulit. Þrjú litasýni hafi verið tekin úr verkinu: blágrænn litur úr áritun, gulur litur til vinstri við áritun sem báðir sýndu ljómageislun nýlegrar málningar, og ljósblár litur vinstra megin við áritun, sem sýndi ljómageislun hefðbundins olíulitar. Sýnin voru send til litrófsgreiningar á bindiefni í FT-IR smásjá hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands. Greindi JJJ efnafræðingur, að tvö þau fyrstnefndu innihéldu alkýð en það síðastnefnda olíu. Smásjárskoðun hafi staðfest það sem fram hafi komið í UV-ljósi. Stöku fletir hafi útlit og eiginleika olíumálningar en meginhluti verksins hafi ásýnd og eiginleika nýlegrar plastmálningar, sem og áritun verksins. Af þessu að dæma sé hér um að ræða yfirmálað olíumálverk þar sem alkýðmálning hafi verið notuð til þess að mála yfir eldra verk. Yfir öllu yfirborði verksins sé hálfgljáandi þykkt fernislag. Þessi fernis sé ekki sömu tegundar og áður hafi verið nefndur á fjölda annarra rannsóknartilvika. Hann sé er teygjanlegur og beri ekki einkenni öldrunar. Neðra málverkið hafi allt verið slípað áður en málað var yfir það. Ekki séu merki um öldrun á nýrri myndinni. Myndefni og áritun vísa til fimmta áratugar tuttugustu aldar. Alkýðefni til listmálunar

hafi komið fyrst fram á sjöunda áratug tuttugustu aldar. Telur KKK myndina ekki vera eftir þann sem hún er merkt.

Vitnið kveðst ekki hafa séð þessa mynd áður. Finnst honum hún vera mjög ólík verkum Svavars Guðnasonar.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Telja þær að verkið sé eftirgerð eftir verki sem ber titilinn „Úr stakkato-legato seríunni” frá 1942. Í vinstra myndhelmingi megi sjá hvernig myndrýmið sé fært til hefðbundinnar þrívíddar. Niðurstaða listfræðinga er að verkið beri ekki höfundareinkenni Svavars Guðnasonar og geti ekki verið eftir hann.

Niðurstaða

Rannsóknir KKK og NNN hafa sýnt fram á það að mynd þessi sé heilmáluð og árituð með nýrri alkýðbundnum litum yfir eldri mynd sem gerð er með olíulitum og hefur öll verið slípuð niður. Að mynd sé máluð yfir aðra eldri mynd þarf í sjálfu sér ekki að vera vísbending um fölsun. KKK telur myndefnið heyra til fimmta áratugnum. Þar sem óvissa er í málinu framleiðslu- og notkunarsögu alkýðs þykir ekki vera óhætt að útiloka það að Svavar Guðnason hafi notað alkýðbundna liti árið 1942. Hins vegar ljómar málningin sem nýleg og ekki er að merkja öldrun í henni þrátt fyrir meintan 60 ára aldur og þær FFF og GGG listfræðingar, hafa leitt listfræðileg rök að því að myndin sé ekki eftir Svavar Guðnason. Þykir þetta allt veita sönnun fyrir því fyrir því að mynd þessi sé ekki eftir Svavar Guðnason og því sé hún fölsuð.

DK-74:

KKK forvörður, hefur rannsakað þessa mynd. Í skýrslu sem hann hefur gert um rannsóknina segir að myndefnið sé komposition, gerð með málningu á hörléft. Áritun sé „Svavar 42”. Í útfjólubláu ljósi komi fram ljómageislun af nýlegri málningu og/eða plastmálningu í meginhluta verksins. Á jöðrum komi fram ljómageislun af hefðbundnum gömlum olíulit. Þrjú litasýni voru tekin úr verkinu: svartur litur úr áritun, gulur litur ofan við hana sem báðir sýndu ljómageislun nýlegrar málningar og svarbrúnn litur efst við vinstri langhlið sem sýndi ljómageislun hefðbundins olíulitar. Sýnin voru send til litrófsgreiningar á bindiefni í FT-IR smásjá hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands. Greindi JJJ efnafræðingur, að alkýð væri í tveimur þeim fyrstnefndu en olía í því síðastnefnda. Smásjárskoðun hafi staðfest það sem sést hafi í UV-ljósi. Stærsti hluti verksins hafi útlit og eiginleika nýlegrar plastmálningar sem og áritun verksins en við jaðra og á mjög afmörkuðum svæðum megi sjá svæði sem hafi útlit og eiginleika olíumálningar. Af þessu að dæma sé um að ræða yfirmálað olíumálverk þar sem alkýðmálning hafi verið notuð til þess að mála yfir. Yfir öllu yfirborði verksins sé þunnt, matt og mjúkt fernislag. Þessi fernis sé

sömu tegundar og áður hefur verið nefndur í fjölda annarra rannsóknartilvika og beri hann ekki einkenni öldrunar. Við efri langhlið sé mikið niðurslípað svæði, yfirmálað bleikum og grænum litum. Undir þeim megi greina leifar af rauðum lit sem að líkindum sé úr höfundarmerkingu neðra málverksins. Sé málverkinu snúið á hvolf samsvari þetta svæði hægra horni að neðan þar sem algengt sé að merkja málverk. Eldra málverkinu hafi því verið snúið á hvolf og málað yfir það. Ummerki og aðferð við gerð þessa málverks séu sams konar og áður hafa komið fram við rannsókn fjölda annarra rannsóknartilvika. Samkvæmt myndefni og áritun eigi verkið að vera frá fyrri hluta fimmta áratugar tuttugustu aldar en alkýðefni til listmálunar hafi fyrst komið fram á sjöunda áratug tuttugustu aldar. Telur forvörðurinn myndina ekki geta verið eftir þann sem hún er merkt og eignuð.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Telja þær að um sé að ræða verk sem taki upp myndhluta úr tveimur verkum Svavars, annars vegar „Ljósflæði“ frá 1944 og hins vegar „Ævintýramynd“ frá 1942. Í hægra myndhelmingi megi sjá „logann“ sem sé berandi form í verkinu „Ljósflæði“. Í vinstra myndhelmingi séu tveir „fylltir“ þríhyrningar, en slík form komi m.a. fyrir í „Ævintýramynd“. Niðurstaða listfræðinga er að verkið beri ekki höfundareinkenni Svavars Guðnasonar og geti ekki verið eftir hann.

Vitnið kveðst ekki hafa séð þessa mynd áður. Finnst honum hún vera mjög ólík verkum Svavars Guðnasonar.

Niðurstaða

Rannsóknir KKK og NNN hafa sýnt fram á það að mynd þessi sé heilmáluð og árituð með nýlegri alkýðbundinni málningu yfir eldri mynd sem gerð er með hefðbundnum, gömlum olíulitum. Yfirborð myndarinnar er hreint. Að mynd sé máluð yfir aðra eldri mynd þarf í sjálfu sér ekki að vera vísbending um fölsun en leifar af niðurslípaðri höfundaráritun hafa fundist undir nýrri myndinni. KKK telur myndefnið heyra til fimmta áratugnum. Þar sem óvissa er í málinu um framleiðslu- og notkunarsögu alkýðs þykir ekki vera óhætt að útiloka það að Svavar Guðnason hafi notað alkýðbundna liti árið 1942. FFF og GGG listfræðingar, hafa leitt að því listfræðileg rök að myndin sé ekki eftir Svavar Guðnason. Verður að telja að leifar af eldri áritun sem hefur verið slípuð niður, nýlegt málningaryfirborð þrátt fyrir aldur myndarinnar og álit listfræðinganna veiti sönnur fyrir því að mynd þessi sé fölsuð.

DK-75:

KKK forvörður, hefur rannsakað þessa mynd. Í skýrslu sem hann hefur gert um rannsóknina segir að hún sé gerð með málningu á hörlérefi og merkt „Svavar 42“ með blýanti. Í útfjólubláu ljósi komi fram ljómageislun af nýlegri málningu og/eða

plastmálningu um meginhluta verksins en á svæðum við jaðra þess og inn á myndfletinum hafi komið fram ljómageislun af hefðbundnum, gömlum olíulit. Tvö litasýni voru tekin úr verkinu: bleikur litur við áritun, sem sýndi ljómageislun plastmálningar, og grænn litur við jaðar í hægra horni að ofan, sem sýndi ljómageislun hefðbundins olíulitar. Sýnin hafi verið send til litrófsgreiningar á bindiefni í FT-IR smásjá hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands. Greindi JJJ efnafræðingur, að í fyrra sýninu væri alkýð en olía í hinu síðara. Smásjárskoðun hafi staðfest það sem sést hafi í UV-ljósi. Stór hluti verksins hafi útlit og eiginleika nýlegrar plastmálningar en við jaðra og á svæðum inni á myndfleti megi sjá svæði sem hafa útlit og eiginleika olíumálningar. Af ummerkjum að dæma sé hér um að ræða yfirmálað olíumálverk þar sem alkýðmálning hafi verið notuð til þess að mála yfir eldra verk Yfirborð málningarlags sé hreint og enginn fernis á verkinu. Sjá megi merki um slípun víða undir litum sem hafi einkenni plastmálningar. Við efri langhlið sé mjög mikið niðurslípað svæði, yfirmálað bleikum og bláum litum. Slípunin nái niður í burðarlag verksins (léreft) og megi álykta að þarna sé hulin áritun eldra olíumálverks sé mið tekið af ummerkjum fjölda annarra rannsóknartilvika sem hafi haft sömu ummerki slípunar og þar sem fundist hafa leifar niðurslípaðra eldri höfundarmerkinga. Sé málverkinu er snúið á haus lendi þetta svæði í hægra horni að neðan þar sem algengt sé að merkja málverk. Sýnileg áritun verksins sé gerð með blýanti í bleikan flöt í vinstra horni að neðan í blauta málninguna. Þessi bleiki flötur hafi greinst sem alkýðmálning. Áritun og ársetningin 1942 hafi því verið gerð um leið og efri hluti málverksins var málaður en ekki hafi verið hafin framleiðsla alkýðefna til listmálunar árið 1942. Ætlaður höfundur verksins hafi því ekki haft tök á að nota slík efni árið 1942. Ummerki og aðferð við gerð þessa málverks séu sams konar og áður hafi komið fram við rannsókn fjölda annarra rannsóknartilvika. Verkið sé því ekki eftir þann sem það er eignað.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Í umsögn þeirra segir að í efri vinstri myndhelmingi megi sjá form sem minni á mylluna í verkinu „Myllan” frá 1942. Áberandi sé hversu daufgert litróf verksins sé, en efsta litlag þess sé eins og hvít slikja. Slíka litameðferð sé ekki að finna í verkum listamannsins. Niðurstaða listfræðinganna er að verkið beri ekki höfundareinkenni Svavars Guðnasonar og geti ekki verið eftir hann.

Vitnið kveðst ekki hafa séð þessa mynd áður. Finnst honum hún vera mjög ólík verkum Svavars Guðnasonar.

Niðurstaða

Rannsóknir KKK og NNN hafa sýnt fram á það að mynd þessi sé heilmáluð og árituð með nýlegum alkýðbundnum litum yfir eldri mynd sem gerð er með hefðbundnum, gömlum olíulit. Að mynd sé máluð yfir aðra eldri mynd þarf í sjálfu

sér ekki að vera vísbending um fölsun. Aftur á móti er á yfirborði myndarinnar hreint, niðurslípað svæði á líklegum áritunarstað undir nýrri myndinni. KKK telur myndefnið heyra til fimmta áratugnum. Þar sem óvissa er í málinu framleiðslu- og notkunar sögu alkýðs þykir ekki vera óhætt að útiloka það að Svavar Guðnason hafi notað alkýðbundna liti árið 1942. FFF og GGG listfræðingar, hafa leitt að því listfræðileg rök að myndin sé ekki eftir Svavar Guðnason. Verður að telja að slípunarstaðurinn og nýlegur litur í efri myndinni þrátt fyrir aldur hennar ásamt áliti listfræðinganna veiti sönnur fyrir því að myndin sé ekki eftir Svavar og því fölsuð.

DK-76:

KKK forvörður, hefur rannsakað þessa mynd. Í skýrslu sem hann hefur gert um rannsóknina segir að myndin sé gerð með málningu á hörléreft. Myndefnið sé komposition og myndin merkt „Svavar“. Í útfjólubláu ljósi sjáist ljómageislun af nýlegri málning og/eða plastmálningu í meginhluta verksins, sem og áritun. Á jöðrum þess komi fram ljómageislun af hefðbundnum gömlum olíulit. Þrjú litasýni voru tekin úr verkinu: svartur litur úr áritun, gulur litur við vinstri langhlið (ljómageislun af olíulit) og brúnn litur við efri skammhlið og vinstri langhlið (ljómageislun af plastefni). Sýnin voru send til litrófsgreiningar á bindiefni í FT-IR smásjá hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands. Greindi JJJ jarðefnafræðingur, alkýð í fyrstnefnda sýninu, olíu í öðru og alkýð í því þriðja. Smásjárskoðun hafi staðfest það sem fram hafði komið í útfjólubláu ljósi. Stærsti hluti verksins hafi útlit og eiginleika nýlegrar plastmálningar sem og áritun verksins, en við jaðra og á mjög afmörkuðum svæðum inni á myndefninu megi sjá svæði sem hafa útlit og eiginleika olíumálningar. Greinileg öldrunamerki (oxun) séu á þeirri málningu. Um sé að ræða yfirmálað gamalt olíumálverk þar sem alkýðmálning hafi verið notuð til þess að mála yfir. Merki séu um að yfirborð olíumálverksins hafi verið slípað áður en málað var yfir það. Meðfram hægri langhlið að ofan sé slípunin hvað dýpst og nái niður í burðarlag verksins (léreft). Sé málverkinu snúið á hlið til hægri lendir þetta svæði í hægra horni að neðan þar sem er algengt að merkja myndir. Ekki hafi verið hægt að fletta af yfirmálunarlit. Yfir öllu yfirborði verksins sé þunnt og hálfgljáandi fernislag sem beri ekki einkenni öldrunar. Ummerki og aðferðir við gerð þessa málverks séu sams konar og áður hafi komið fram við rannsókn fjölda annarra málverka. Samkvæmt myndefni og áritun eigi verkið að vera frá fyrri hluta fimmta áratugarins. Alkýðefni til listmálunar hafi fyrst komið fram á sjöunda áratug tuttugustu aldar. Ummerki séu um niðurslípaða, hulda áritun í hægra horni að ofan meðfram langhlið. Forvörðurinn telur myndina ekki vera eftir þann sem hún er merkt og eignuð.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Segja þær að hér megi enn sjá form sem vísi til verksins „Ljósflæði“ frá 1944. Einnig virðist hafa verið horft til

verksins „Íslandslag” frá 1944 hvað varði myndbyggingu verksins, en þar megi sjá hvernig meginform verksins opni sig út frá einum punkti. Niðurstaða listfræðinganna er að verkið beri ekki höfundareinkenni Svavars Guðnasonar og geti ekki verið eftir hann.

Vitnið kveðst ekki hafa séð þessa mynd áður. Finnst honum hún vera mjög ólík verkum Svavars Guðnasonar.

Niðurstaða

Rannsóknir KKK og NNN hafa sýnt fram á það að mynd þessi er heilmáluð og árituð með nýlegum alkýðbundnum litum yfir eldri mynd sem gerð er með hefðbundnum, gömlum olíulitum og er greinileg oxun í þeim. Að mynd sé máluð yfir aðra eldri mynd þarf í sjálfu sér ekki að vera vísbending um fölsun. Aftur á móti eru ummerki um niðurslípaða áritun undir nýrri myndinni. KKK telur myndefnið heyra til fimmta áratugnum. Þar sem óvissa er í málinu framleiðslu- og notkunarsögu alkýðs þykir ekki vera óhætt að útiloka það að Svavar Guðnason hafi notað alkýðbundna liti á þessum tíma. FFF og GGG listfræðingar, hafa leitt að því listfræðileg rök að myndin sé ekki eftir Svavar Guðnason. Verður að telja að niðurslípun eldri áritunar og nýlegur litur í henni ásamt áliti listfræðinganna veiti sönnur fyrir því að myndin sé ekki eftir Svavar og því fölsuð.

DK-77:

KKK forvörður, hefur rannsakað þessa mynd. Í skýrslu sem hann hefur gert um rannsóknina segir að myndin sé gerð með málningu á hörlérefi. Myndefnið sé komposition og áritunin „Svavar” með svartri málningu. Í útfjólubláu ljósi komi fram ljómageislun af nýlegri málningu og/eða plastmálningu í meginhluta verksins, sem og áritun, en á jöðrum og á afmörkuðum svæðum inni á myndfletinum komi fram ljómageislun af gömlum olíulit. Þrjú litasýni voru tekin úr verkinu: svartur litur úr áritun, gulur litur ofan við áritun, þar sem ljómageislun gaf til kynna plastefni, og ljósbrúnn litur við vinstri skammhlið, þar sem ljómageislun gaf til kynna olíulit. Sýnin voru send til litrófsgreiningar á bindiefni í FT-IR smásjá hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands. Greindi JJJ efnafræðingar, alkýð í tveimur fyrstnefndu sýnunum en olíu í því síðasttalda. Smásjárskoðun hafi staðfest það sem fram hafði komið í útfjólubláu ljósi. Stærsti hluti verksins hafi útlit og eiginleika nýlegrar plastmálningar, sem og áritun, en við jaðra og á mjög afmörkuðum svæðum inni á myndefni verksins megi sjá svæði sem hafi útlit og eiginleika olíumálningar. Öldrunarmerki (oxun) séu á þeirri málningu. Af þessu sjáist að málað hafi verið yfir gamalt olíumálverk með alkýðmálningu eftir að slípað hafi verið yfir eldri myndina. Meðfram langhlið að ofan, til vinstri, sé slípunin hvað dýpst og nái niður í burðarlag verksins (lérefi). Sé

málverkinu er snúið á haus lendi þetta svæði í hægra horni að neðan þar sem sé algengt að merkja málverk. Ekki hafi reynst gerlegt að fletta af yfirmálunarlit. Á yfirborði verksins sé þunnt og matt fernislag sem ekki beri merki öldrunar. Ummerki og aðferðir við gerð þessa málverks séu sams konar og áður hafi komið fram við rannsókn fjölda annarra tilvika. Samkvæmt myndefni og áritun (sic) eigi verkið að vera frá fyrri hluta fimmta áratugarins. Alkýðefni til listmálunar hafi fyrst komið fram á sjöunda áratug tuttugustu aldar. Telur forvörðurinn að myndin geti ekki verið eftir þann sem hún er merkt og eignuð.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Telja þær að líkt og rannsóknartilvik DK-70 sé það eftirgerð eftir nafnlausu verki frá 1944. Virðist þetta verk þó vera nær því að vera eftirgerð DK-70, þ.e.a.s. eftirgerð eftirgerðar, en bein eftirgerð verksins frá 1944. Samkvæmt því sem áður hafi komið fram samræmist það ekki vinnubrögðum Svavars að vinna verk eftir skissu. Niðurstaða listfræðinganna er að verkið beri ekki höfundareinkenni Svavars Guðnasonar og geti ekki verið eftir hann.

Vitnið kveðst ekki hafa séð þessa mynd áður. Finnst honum hún vera mjög ólík verkum Svavars Guðnasonar.

Niðurstaða

Rannsóknir KKK og NNN hafa sýnt fram á það að mynd þessi er heilmáluð og árituð með nýlegum alkýðbundnum litum yfir gamla mynd sem gerð er með hefðbundnum, gömlum og oxuðum olíulit. Að mynd sé máluð yfir aðra eldri mynd þarf í sjálfu sér ekki að vera vísbending um fölsun. KKK telur myndefnið heyra til fimmta áratugnum. Þar sem óvissa er í málinu um framleiðslu- og notkunarsögu alkýðs þykir ekki vera óhætt að útiloka það að Svavar Guðnason hafi notað alkýðbundna liti á þessum tíma. FFF og GGG listfræðingar, hafa leitt að því listfræðileg rök að myndin sé ekki eftir Svavar Guðnason. Verður að telja að niðurslípuð eldri áritun, nýlegur litur og álit listfræðinganna veiti sönnur fyrir því að mynd þessi sé fölsuð.

DK-91:

KKK forvörður, hefur rannsakað þessa mynd. Í skýrslu sem hann hefur gert um rannsóknina segir að myndin sé gerð með málningu á hessíanstriga og merkt „Svavar 42“. Myndefnið sé komposition. Í útfjólubláu ljósi sjáist ljómageislun af nýlegri málningu og/eða plastmálningu í meginhluta verksins, sem og áritun, en á jöðrum og á svæðum inni á myndfleti komi fram ljómageislun af olíulit. Þrjú litasýni voru tekin úr verkinu: rauðbrúnn litur úr áritun, rauður litur úr rauðum fleti við neðri skammhlið þar sem ljómageislun gaf til kynna plastefni, og ljósgrænn litur ofarlega

við vinstri jaðar þar sem ljómageislun gaf til kynna olíulit. Sýnin voru send til litrófsgreiningar á bindiefni í FT-IR smásjá hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands. Greindi JJJ efnafræðingur, að tvö fyrstnefndu sýnin innihéldu alkýð en það þriðja olíu. Smásjárskoðun hafi staðfest það sem fram hafi komið í UV-ljósi. Stærsti hluti verksins hafi útlit og eiginleika nýlegrar plastmálningar, sem og áritun verksins, en við jaðra og á mjög afmörkuðum svæðum á myndfletinum megi sjá svæði sem hafi útlit og eiginleika olíumálningar. Öldrunarmerki (oxun) séu á þeirri málningu. Af ummerkjum að dæma sé hér um að ræða gamalt olíumálverk sem málað hafi verið yfir með alkýðmálningu. Merki eru um að yfirborð olíumálverksins hafi verið slípað áður en málað var yfir það. Í vinstra horni að ofan megi greina yfirmálaða höfundarmerkingu. Sé málverkinu snúið til vinstri lendi þetta svæði í vinstra horni að neðan þar sem algengt sé að merkja málverk. Með því að fletta lit ofan af komi fram torlæsileg áritun í rauðbrúnum lit; „CavioY” eða „CovioY”, eftir því sem næst verði lesið. Enginn fernis sé á verkinu. Ummerki og aðferðir við gerð þessa málverks séu sams konar og áður hafi komið fram við rannsókn fjölda annarra rannsóknartilvika. Samkvæmt myndefni og áritun eigi verkið að vera frá fyrri hluta fimmta áratugar tuttugustu aldar en alkýðefni til listmálunar hafi fyrst komið fram á sjöunda áratug tuttugustu aldar. Telur forvörðurinn verkið ekki vera eftir þann sem það er merkt og eignað.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Telja þær að líkt og í rannsóknartilviki 32, þ.e. ákærulið 23, og DK-93 sé það eftirgerð eftir verkinu „Mikrokosmos” frá 1941. Niðurstaða listfræðinganna er að verkið beri ekki höfundareinkenni Svavars Guðnasonar og geti ekki verið eftir hann.

Vitnið kveðst ekki hafa séð þessa mynd áður. Finnst honum hún vera mjög ólík verkum Svavars Guðnasonar.

Niðurstaða

Rannsóknir KKK og NNN hafa leitt í ljós að myndin er öll máluð og árituð með litum sem ljóma eins og þeir séu nýlegir og innihalda alkýð, yfir mynd sem gerð er með hefðbundnum olíulitum. Um alkýðlitina er það að segja að óvissa er í málinu um framleiðslu- og notkunarsögu alkýðs og er því ekki hægt að útiloka að Svavar Guðnason hafi notað slíka liti árið 1942. KKK telur myndefnið heyra til fimmta áratugnum. Hins vegar ljómar málningin sem nýleg og ekki er að merkja öldrun í henni þrátt fyrir um 60 ára aldur og þær FFF og GGG listfræðingar, hafa leitt listfræðileg rök að því að myndin sé ekki eftir Svavar Guðnason. Þykir þetta allt veita sönnun fyrir því fyrir því að mynd þessi sé ekki eftir Svavar Guðnason og því sé hún fölsuð.

DK-94:

KKK forvörður, hefur rannsakað þessa mynd. Í skýrslu sem hann hefur gert um rannsóknina segir að myndin sé gerð með málningu á hörléreft og myndefnið sé komposition. Þá sé hún merkt „Svavar 42” með svartri málningu. Í útfjólubláu ljósi komi fram ljómageislun af nýlegri málningu og/eða plastmálningu í meginhluta verksins, sem og áritun, en á jöðrum og á afmörkuðum svæðum á myndfletinum komi fram ljómageislun af gömlum olíulit. Þrjú litasýni voru tekin úr verkinu: svartur litur úr áritun, hvítur undirlitur áritunar, þar sem ljómageislun gaf til kynna plastefni og grár litur við efri jaðar, þar sem ljómageislun gaf til kynna olíulit. Sýnin voru send til litrófsgreiningar á bindiefni í FT-IR smásjá hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands. Greindi JJJ efnafræðingur, að tvö fyrstnefndu sýnin væru alkýð en það þriðja væri olía. Smásjárskoðun hafi staðfest það sem fram hafi komið í UV-ljósi. Stærsti hluti verksins og áritun hafi útlit og eiginleika nýlegrar plastmálningar við jaðra og á mjög afmörkuðum svæðum inni á myndfletinum megi má sjá svæði sem hafi útlit og eiginleika olíumálningar. Öldrunarmerki (oxun) séu á þeirri málningu og megi af því draga þá Ályktun. að verkið hafi verið nokkuð gamalt þegar málað var yfir það með alkýði. Merki sjáist um það að slípað hafi verið yfir eldri myndina áður en málað hafi verið yfir hana. Enginn fernis sé á yfir myndinni. Samkvæmt myndefni og áritun eigi verk þetta að vera frá fyrri hluta fimmta áratugar tuttugustu aldar en akýðefni til listmálunar hafi fyrst komið fram á sjöunda áratug aldarinnar. Telur forvörðurinn að myndin sé ekki eftir þann sem hún er merkt og eignuð.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Virðist þeim sem hér sé um að ræða eftirgerð verksins „Barrskógurinn” frá 1943. Myndbyggingu þess verks sé fylgt og myndfletinum deilt upp á svipaðan hátt, en gula barrtrénu sem sé þungamiðja myndbyggingar „Barrskógarins” sé þó sleppt. Þetta geri byggingu verksins óreiðukennda. Litróf fylgi að nokkru leyti frumgerðinni en litir séu daufari og hvítur litur áberandi. Niðurstaða listfræðinganna er að verkið beri ekki höfundareinkenni Svavars Guðnasonar og geti ekki verið eftir hann.

Vitnið kveðst ekki hafa séð þessa mynd áður. Finnst honum hún vera mjög ólík verkum Svavars Guðnasonar.

Niðurstaða

Rannsóknir KKK og NNN hafa sýnt fram á það að mynd þessi er heilmáluð, árituð með nýlegum alkýðbundnum litum yfir eldri mynd sem gerð er með hefðbundnum, gömlum og oxuðum olíulit. Að mynd sé máluð yfir aðra eldri mynd þarf í sjálfu sér ekki að vera vísbending um fölsun. KKK telur myndefnið heyra til fimmta áratugnum. Þar sem óvissa er í málinu um framleiðslu- og notkunarsögu alkýðs þykir ekki vera óhætt að útiloka það að Svavar Guðnason hafi notað alkýðbundna liti árið 1942. Á hinn bóginn er þess að gæta að myndin er gerð með

nýlegum litum þótt hún sé ársett um 60 ár aftur í tímann og FFF og GGG listfræðingar, hafa leitt að því listfræðileg rök að myndin sé ekki eftir Svavar Guðnason. Þykir þetta allt veita sönnun fyrir því fyrir því að mynd þessi sé ekki eftir Svavar Guðnason og því sé hún fölsuð.

Viðskipti ákærða, Péturs Þórs, með 10 olíumálverk skv. III. kafla ákæru sem dómurinn telur sannað að séu fölsuð.

Þeir ákærði, Pétur Þór, og RRR munu hafa kynnst í kring um 1990. Ákærði, Pétur Þór, kveðst þá hafa verið með nokkrar myndir eftir Svavar Guðnason, 3 eða 4 talsins, sem hann hafði tekið að sér að selja fyrir ÁE. RRR hefði keypt myndirnar og beðið um að fá fleiri myndir eftir Svavar þegar þær fengjust. Kveðst ákærði hafa selt RRR myndir af og til næstu árin sem ýmist hafi verið komnar frá ÁE, Svavari Guðna Svavarssyni eða í gegn um Gallery Profilen. Um þessi síðastnefndu kaup hefur ákærði sagt að hann hafi hitt eigendur Gallery Profilen á uppboði í Kaupmannahöfn og þá komið fram að þeir væru með myndir eftir Svavar, 10 - 15 talsins sem ákærði segist hafa keypt af þeim. Þessar myndir hafi hann selt RRR um tveimur árum síðar, eða 1995 eða '96. Þá kveðst ákærði yfirleitt hafa selt RRR myndir eftir Svavar sem hann keypti eftir auglýsingum. Þær myndir sem ákærða hafi fundist vera “algjörar perlor” hafi hann þó haft með sér og selt hér á landi. Þá kveðst ákærði hafa tekið að sér að selja RRR myndir fyrir meðákærða, Jónas Freydal, bæði málverk og pappírsmýndir, “einhvern slatta af myndum”, eins og ákærði orðar það. Hann segir að í eitt sinn hafi RRR keypt “slatta af málverkum” í íbúð í Knabrostræde sem ákærði, Jónas Freydal, hafði til útleigu. Ekki muni ákærði hversu mörg þau voru en þrjú eða fjögur þessara málverka hafi hann selt fyrir eigin reikning og afganginn fyrir ákærða, Jónas Freydal. Kveðst hann halda að í öll önnur skipti hafi viðskiptin við Leif farið fram í gallerí hans. Ákærði giskaði á það í lögregluyfirheyrslu að samtals hefði hann selt RRR 30 myndir fyrir eigin reikning á þessum árum en fyrir dómi sagði ákærði að myndirnar hefðu ekki verið fleiri en 26 og af þeim hefði hann fengið 2 - 3 eftir auglýsingum í blöðum. Þá sagðist ákærði giska á að hann hefði selt 10 - 15 myndir fyrir meðákærða, Jónas Freydal. Myndirnar sem RRR kærði yfir voru sýndar ákærða og gat hann ekki með neinni vissu sagt hvort þar á meðal væru myndverk sem hann hefði selt RRR en hann telur ólíklegt að þau séu ekki þar á meðal.

Meðal gagna málsins eru nótur og kvittanir varðandi kaup RRR af ákærða á 26 myndum eftir Svavar Guðnason. Gögnin bera hins vegar ekki með sér hvaða myndir þær varða.

Jørgen RRR hefur komið fyrir dóm, bæði í Kaupmannahöfn og hér á landi. Hann hefur sagt að áður en hann kynntist ákærða, Pétur Þór, hefði hann verið búinn að sjá frá honum auglýsingar í dönskum blöðum þar sem hann bauðst til að kaupa íslensk málverk. Hann hafi keypt eitt málverk eftir Svavar Guðnason af ákærða í ágúst 1990. Næst hafi hann keypt mynd af ákærða í mars 1991 og síðar, eða 1994, hafi hann farið að kaupa myndir eftir Svavar af honum. Hafi hann keypt mörg verk af ákærða næstu árin. Hann kveður nóturnar sem eru í málinu varða 26 myndir sem hann keypti fyrir galleríið en hann hafi einnig keypt myndir af ákærða fyrir eigin reikning. Hann getur ekki sagt til um hvaða myndir þessar nótur eigi við. Hann kveður viðskiptin ævinlega hafa farið fram í galleríi hans en í eitt sinn hafi hann þó hitt ákærða í íbúð í Knabrostræde og keypt þar 28 myndir eftir Svavar Guðnason. Þá segist hann hafa keypt 11 myndir af ákærða sem hafi sagt þær vera komnar frá Gallery Profilen. Hann kveður það hafa verið 1997 að hann heyrði kvitt um að það væru fölsuð verk eftir Svavar í umferð. Hafi hann þá haft samband við ákærða sem hafi sagt að myndirnar væru ófalsaðar. Hafi hann þá leitað eftir því hvaðan myndirnar væru komnar og þá verið sagt að þær væru fengnar úr ýmsum áttum. Um sex myndir væru frá ÁE, sumar frá syni Svavars, þá væru aðrar frá Gallery Profilen í Árósum þar sem þær höfðu verið á sýningu. Margar af myndunum frá Profilen væru komnar frá ekkju RDO sem áður er nefnd. Þá hafi ákærði, Pétur Þór, sagt að hann hefði keypt myndir eftir blaðaauglýsingum, einkum á Jótlandi og á Fjóni. RRR kveðst sjálfur hafa keypt eina mynd eftir Svavar af RDO. Í lögregluskýrslu sem tekin var af honum í Danmörku er hins vegar haft eftir honum að hann hafi keypt nokkrar myndir af ekkju RDO en fyrir dómi hefur hann sagt að það sé rangt haft eftir.

Svavar Guðni hefur verið spurður hvort hann hafi selt ákærða, Pétri Þór, myndir en hann kannast ekki við að hafa gert það.

Ákærði, Jónas Freydal Þorsteinsson, hefur sagt í lögreglufirheyrslu í desember sl. að verið geti að hann hafi látið ákærða, Pétur Þór, selja RRR svo sem þrjár myndir eftir Svavar Guðnason en hann kveðst einnig hafa selt meðákærða, Pétri Þór, fáeinar myndir eftir Svavar. Ekki viti hann hvað ákærði, Pétur Þór, gerði af þeim, hvort hann seldi þær RRR eða einhverjum öðrum. Ákærði, Jónas Freydal, kveðst ekki kannast sérstaklega við neina af myndunum sem um ræðir í málinu. Ákærði var ekki spurður út í þetta sakaratriði fyrir dómi.

Eigandi að Gallery Profilen, hefur komið fyrir dóm bæði í Kaupmannahöfn og hér á landi. Hann hefur skýrt frá því að hann hafi kynnst ákærða, Pétur Þór, 1992 eða 1993. Hafi ákærði, Pétur Þór, komið honum í samband við ekkju Svavars Guðnasonar sem leitt hafi til þess að haldin var sýning á verkum Svavars í Danmörku og seldust þar myndir fyrir um 400.000 danskar krónur. Hefur hann séð myndirnar sem ákært er fyrir. Hann kannast ekki við að hafa séð neitt af málverkunum úr þessu safni en rámar

í að hafa séð fáeinar pappírsm myndir úr því. Hann kveðst hafa selt ákærða, Pétri Þór, 10-11 myndir í einu sem höfðu komið frá HDO og munu þær myndir hafa verið afgangur af sýningu sem HDO hafði haldið í Nikulásarkirkju. Þá hafi ákærði eitt sinn fengið 3 myndir fyrir að hjálpa við að setja upp sýningu á myndum Svavars og við sama tækifæri hefði hann fengið mynd frá ÁE. Hafi þetta verið 1994. Hann kveðst aldrei hafa selt ákærða annað en myndir á pappír, aldrei olíumálverk og olíumálverkin sem um ræðir í málinu hafi hann aldrei selt ákærða, Pétri Þór.

Vitnið PF hefur komið fyrir dóm, bæði í Kaupmannahöfn og hér. Hann skýrir frá á sama veg um upphaf kynnanna af ákærða, Pétri Þór. Hann segir ákærða hafa fengið vegna sýningarinnar mynd sem kölluð hafi verið rauði hundurinn að gjöf frá ekkju Svavars Guðnasonar og eins muni þeir félagar hafa látið ákærða fá tvær teikningar eftir Svavar fyrir það að hann hafði komið þeim í samband við ekkjuna. Hann segir þá hafa selt ákærða 11 myndir sem komu frá ekkju HDO. Hafi þær verið af ýmsu tagi og stærðum, vatnslitamyndir, olíumyndir, krítarmyndir. Ákærði hafi þó aldrei fengið hjá þeim olíumynd eftir Svavar Guðnason. Hann segir þær myndir sem um ræðir í málinu ekki hafa verið meðal þeirra mynda sem ákærði fékk hjá þeim.

Sem fyrr segir gaf ekkja Svavars Guðnasonar, ÁE, skýrslu hjá lögreglu 12. október 1998 og er staðfestur úrdráttur skýrslunnar í málinu sem dómurinn telur hafa sönnunargildi, sbr. 3. mgr. 48. gr. oml. Hún skýrði frá því að hún hefði sett fimm málverk í sölu hjá Gallerí Borg eftir lát Svavars og þrjú af þeim hefðu selst en hin komið aftur. Hún myndi ekki eftir að hafa selt fleiri málverk Þá kvaðst hún hafa gefið nokkrar teikningar eða vatnslitamyndir og hún hefði gefið ákærða, Pétri Þór, málverk og einhverjar teikningar. Þá sagði ÁE að hún hefði látið verk á sýningu hjá Gallery Profilen með aðstoð ákærða og gögn í málinu benda til þess að þetta hafi verið allt að 90 myndir á sýningu sem haldin var árið 1994. Af þeim muni hafa selst 29 myndir og afgangurinn skilað sér til baka og hefði ákærði fengið 2-3 þeirra. Þá sagðist hún hafa farið á sýningu sem RRR hélt í Valby á verkum Svavars, sem var 1996 eftir því sem fram er komið. Hefði hún aðeins kannast við tvær af myndunum á þeirri sýningu. Loks hefði RRR haldið aðra sýningu í desember sama ár og hefði henni fundist engin þeirra mynda geta verið eftir Svavar.

Aðstoðaryfirlögregluþjónn og lögreglufulltrúi, hittu HDO, f. 1912, í Kaupmannahöfn 17. febrúar 2000 og er skýrsla um þann fund í málinu. Rætt var við hana um myndir sem hún kynni að hafa selt úr búi þeirra RDO sem lést 1993. Bæði er að skýrslan er óstaðfest og eins hitt að þar kemur fram að minni hennar hafi þá verið farið að bila. Verður að telja sönnunargildi skýrslu þessarar vera lítið.

Ekki hafa fundist nein bókhaldsgögn sem bent geti til þess hvaðan myndirnar í þessum þætti málsins eru komnar í hendur ákærða.

Niðurstaða

Margt er óljóst í frásögnum manna um þessi viðskipti ákærða, Pétur Þórs, og RRR. Ber talsvert á milli um fjölda myndverkanna sem um ræðir og einnig er oft ekki ljóst hvort menn eru að tala um pappírsmyndir eða olíumyndir. Fáum gögnum er til að dreifa um viðskiptin og þau gögn sem fundist hafa veita takmarkaða vísbendingu.

Ákærða, Pétur Þór og Svavari Guðna Guðnasyni ber ekki saman um það hvort ákærði hafi fengið hjá honum mynd en ákærði verður að njóta vafans í því efni og er því byggt á því sem hann segir um það. Það verður á hinn bóginn að telja útilokað að nokkur þeirra 10 olíumynda, sem dómurinn telur sannað að séu falsaðar, geti verið komnar frá ÁE eða Svavari Guðna Svavarssyni. Fram er komið hjá ákærða að hann er ekki viss um það að myndirnar sem RRR hefur kært út af séu frá honum komnar, þótt hann telji annað ólíklegt, og þess er að gæta að nóturnar frá RRR er ekki unnt að rekja til tiltekinna mynda. Ekki er fyrir að fara neinum gögnum um kaup ákærða á þessum 10 málverkum. Að þeim ÁE og Svavari Guðna Svavarssyni frágengnum er, eftir því sem ákærði segir sjálfur, ekki um aðra seljendur að ræða en eigendur Gallery Profilen, meðákærða Jónas Freydal og loks þá sem hann komst í samband við eftir auglýsingum. Eigendur Gallery Profilen fortaka báðir að ákærði hafi fengið hjá þeim nokkra olíumynd eftir Svavar Guðnason og verður að byggja á skýrslu þessara tveggja vitna um það og slá því föstu að engin þeirra mynda sem dómurinn telur sannað að séu falsaðar geti verið frá þeim komin. Frásögn meðákærða, Jónasar Freydals, verður að skilja þannig að hann hafi látið ákærða, Pétur Þór, selja RRR samtals 2-3 myndir sem frá honum voru komnar, en telur að þær séu ekki á meðal myndanna í málinu. Stendur því orð gegn orði að þessu leyti. Hafa verður í huga að meðákærði, Jónas Freydal, kannast við að hafa selt ákærða myndir eftir Svavar. Ákærði, Pétur Þór, verður auk þess að njóta vafans að þessu leyti og verður að byggja á framburði hans um fjölda þessara mynda sem hann segist hafa selt RRR og komnar hafi verið frá meðákærða. Við þann fjölda er svo að bæta þeim myndum sem ákærði segist hafa keypt eftir auglýsingum og getur því verið um að ræða allt að 18 myndir. Er ekki unnt að útiloka að þær 10 olíumyndir, sem dómurinn telur vera falsaðar, geti verið úr þessum hópi mynda.

Ákærði, Pétur Þór, neitar sök og frásögn hans um uppruna málverkanna hefur ekki verið hnekk. Engin sérstök atvik eða gögn eru í málinu sem benda sérstaklega til þess að ákærða hafi verið kunnugt um það þegar hann seldi RRR myndirnar, að þær væru falsaðar. Leiðir þetta til þess að ósannað telst að hann hafi vitað að framangreindar 10 olíumyndir, sem hann seldi RRR, væru falsaðar þegar hann seldi þær. Ber því að sýkna hann af ákærinni að þessu leyti.

Bótakrafa hefur ekki verið gerð vegna þessa ákærukafla.

Ákæruliður 38:

Ákærði er sakaður um að falsa eða láta falsa olíumálverk óþekkts listamanns með því að gera breytingar á málverkinu og afmá höfundarmerkingu listamannsins, yfirmála höfundarmerkingarsvæði myndflatarins og setja nýja höfundarmerkingu Jóhannesar S. Kjarvals ranglega á málverkið áður en hann seldi málverkið í verslun Gallerí Borgar á árinu 1994 eða 1995 í Reykjavík fyrir kr. 500.000.

KKK forvörður, hefur rannsakað þessa mynd og gert skýrslu um þá rannsókn sína. Segir þar að verkið sé þunnt málað á milligróft léreft, strekkt er á nýjan blindramma með heftum en hafi upprunalega verið fest með blásaumi. Myndefni sé landslag sem sýni tvær verur í forgrunni og fjall í bakgrunni. Litalög myndarinnar séu þykk þrátt fyrir að myndefni sé þunnt málað. Pensilför og sprungumynstur sjáist í gegnum yfirborð myndarinnar og gefi til kynna að eldra málverk sé bak við það sýnilega. Verkið sé höfundarmerkt „Kjarval” með ljósgulum og ljósbláum lit í hægra horni að neðan. Á bakhlið séu tvær bætur á léreftinu og virðast gamlar. Þá séu skemmdir á yfirborði málverksins. Efra litalag bindist illa því neðra og stykki úr efra lagi hafi brotnað úr. Blátt sprungumynstur sé sýnilegt á bakhlið. Virðist blá málning úr efra litalagi á framanverðu málverkinu hafa náð í gegnum sprungumynstur sem þegar hafi verið til staðar þegar efra verkið var málað. Málverkið hafi verið ljósmyndað á litskyggnur í rafljósi og við útfjólublátt ljós við staðlaðar aðstæður. Einnig hafi verið notuð stafræn myndavél. Yfirborð málningarlags, áritun og bakhlið hafi verið skoðuð í smásjá. Í útfjólubláu ljósi sjáist að efstu málningarlög og áritun gefi frá sér flúrljómun nýlegrar málningar. Neðst fyrir miðju verksins og víða upp í gegnum eyður í efstu málningarlögum megi sjá flúrljómun af gamalli málningu sem og meðfram jöðrum verksins. Gefi það til kynna að eldra olíumálverk sé undir. Í hliðarljósi sjáist greinilega að annað myndefni og önnur form eru undir efstu málningarlögum. Í smásjá sjáist að efstu málningarlög séu máluð yfir sprungur í neðri málningarlögum og liggi málning í sprungum. Efri hluti málverksins, himinn, sé þakinn grágulu og ljósgráu hálfgegnsæju efni yfir upprunalegan bláan lit. Mikið sitji eftir af bómullartrefjum í þessu lagi og virðist sem það hafi verið borið á með bómull. Afar óvenjulegt sé að sjá slík vinnubrögð hjá „akademiskum” málurum sem ætlaður höfundur verði að teljast til. Yfirborð málverksins sé hreint að öðru leyti og ekki að finna óhreinindi í ójöfnum í efsta málningarlagi. Mattur (vax)fernis sé yfir öllu yfirborði myndarinnar og bómullartrefjar á yfirborði hans. Undir áritun verksins og neðan við hana sé gróflega skrapað og slípað svæði og séu „toppar” í lérefti eyddir. Greina megi í gegnum efsta málningarlag máða svarta pensilskrift. Sjáist af þessu að eldri áritun verksins hafi að mestu verið skröpuð og slípuð af verkinu. Þegar efri litum sé lyft af á litlu svæði, við og undir áritun verksins, komi frekar í ljós að neðri litalög

hafa verið slípuð og einnig frekari leifar af svartri, eldri áritun. Merki um slípun sjáist ekki annars staðar. Fjögur málningarsýni voru tekin úr verkinu til litrófsgreiningar á bindiefni í FT-IR smásjá hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands: Ljósgrár litur áritun (UV-ljómun gefur til kynna nýlega málningu). Greindist vera alkýð. Ljósgrár litur úr himni (UV-ljómun gefur til kynna nýlega málningu). Greindist vera vax. Rauður litur neðarlega til vinstri (UV-ljómun gefur til kynna nýlega málningu). Greindist vera alkýð. Grænn litur úr jaðri til hægri (UV-ljómun gefur til kynna gamla málningu). Greindist vera alkýð. Niðurstöður efnagreiningar staðfesti það sem fram kom við það að skoða verkið í útfjólubláu ljósi og í smásjá. Ætlaður höfundur efri myndarinnar, Jóhannes S. Kjarval, sé talinn hafa málað sínar síðustu myndir árið 1968 en alkýð-íblöndunarefni (þurrkefni, Liquin) hafi fyrst komið á markað sama ár í Bretlandi. Ekki sé því hægt að útiloka að Kjarval hafi komist yfir slíkt efni en það verði að teljast afar ólíklegt að hann hafi tekið sér fyrir hendur að má burt áritunina á olíumálverkinu og mála yfir það. Myndefni verksins heyri auk þess til upphafi sjötta áratugarins og því útilokað að Kjarval hafi notað alkýð-listmálunarefni á þeim tíma í verkið. Smásjárskoðun á efsta lagi verksins leiði ekkert í ljós sem bendi til að verkið geti verið frá sjöunda áratug tuttugustu aldar. Yfirborð sé mjög hreint og engin einkenni öldrunar komin fram. Ummerki og vinnubrögð s.s. yfirmálun eldra málverks, niðurslípuð áritun, tónað yfirborðsefni úr vaxi, mattur (vax)fernis og bómullartrefjar í yfirborðsefni og fernislagi séu sams konar og greina megí í fjölda annarra rannsóknartilvika sem telja megí sannanlega fölsuð. Telur forvörðurinn verk þetta ekki geta verið eftir Kjarval.

GGG gerði listfræðilega greiningu á verkinu. Telur hún að um sé að ræða eftirgerð verksins “Skagaströnd – hann er að norðan gróinn” frá um 1950. Þar séu hinar svifléttu verur persónugervingar norðanvindsins en í eftirgerðinni verði verurnar stífar og þéttar og nái ekki að samsamast náttúrunni. Handbragð þessa verks standi langt að baki því sem sjá megí í verkinu “Skagaströnd – hann er að norðan gróinn” bæði hvað varði teikningu og útfærslu alla. Niðurstaða listfræðingsins er að hér sé ekki um vinnubrögð Kjarvals að ræða.

Vitnið segir að mynd þessi sé ekki eftir Kjarval, enda sé þetta illa gert verk og subbuleg litasamsetning í því.

Ályktun

Rannsóknir KKK og NNN hafa sýnt fram á það að mynd þessi er heilmáluð og árituð með nýlegum alkýðbundnum litum yfir eldri mynd sem gerð er með hefðbundnum, gömlum olíulitum. Að mynd sé máluð yfir aðra eldri mynd þarf í sjálfu sér ekki að vera vísbending um fölsun en aftur á móti hefur eldri höfundaráritun verið slípuð niður og yfirborð myndarinnar er hreint. KKK telur myndefnið heyra til upphafi sjötta áratugsins. Þar sem óvissa er í málinu um framleiðslu- og notkunarsögu

alkýðs þykir ekki vera óhætt að útiloka það að Kjarval hafi notað alkýðbundna liti á þeim tíma. GGG listfræðingur, hefur leitt að því listfræðileg rök að myndin sé ekki eftir Jóhannes Kjarval og grunsamlegt hlýtur að teljast að yfirborð verksins er hreint og eldri áritun hefur verið skröpuð niður. Verður og að telja að þetta tvennt ásamt áliti listfræðingsins veiti sönnur fyrir því að myndin sé ekki eftir Kjarval og því fölsuð.

Fyrir liggur að mynd þessi var seld mági ákærða, Péturs Þórs í verslun Gallerí Borgar árið 1994 eða 1995. Kaupandinn seldi þessa mynd áfram en kaupin gengu til baka eftir að upp kom að hún gæti verið fölsuð. Ákærði segist hafa fengið þessa mynd hjá meðákærða, Jónasi Freydal, en Jónas Freydal telur það vera misskilning hjá ákærða, Pétri Þór.

Niðurstaða

Ákærðu ber ekki saman um það hvort ákærði, Pétur Þór, hafi fengið mynd þessa hjá meðákærða, Jónasi Freydal. Hafa ekki fundist um þetta nein gögn sem skorið gætu úr. Dómurinn álítur að þetta ósamræmi þurfi ekki að benda til þess að ákærði hafi verið í vondri trú þegar hann seldi myndina og gæti það verið fyrir misminni annars þeirra að þeim ber ekki saman. Ekki eru gögn eða atvik í málinu sem benda sérstaklega til þess að ákærða, Pétri Þór, hafi verið það kunnugt þegar hann seldi myndina mági sínum að hún væri fölsuð og það að hann seldi hana mági sínum þykir fremur benda til hins gagnstæða. Ber því að sýkna ákærða af þessum ákærulið.

B.

Ætlað skjalafals og fjársvik ákærða Jónasar Freydals Þorsteinssonar.

I.

Ákærði, Jónas Freydal, er sakaður um að hafa blekkst viðskiptavini til að kaupa myndverk sem hann bauð eða lét bjóða til sölu á listmunauppboðum hjá Bruun Rasmussen og Kunsthallen í Kaupmannahöfn í Danmörku og Gallerí Borgar í Reykjavík og í verslun Gallerí Borgar. Hafði ákærði ýmist falsað eða látið falsa myndverkin og höfundarmerkingu þeirra, í sumum tilvikum með því að mála yfir myndverk annars höfundar, eða merkt eða látið merkja myndverk óþekktra höfunda með nöfnum þekktra listamanna, í sumum tilvikum eftir að hafa afmáð eða látið afmá höfundarmerkingu á myndverkum hinna óþekkta. Nánar tiltekið er ákærði sakaður um að hafa með framangreindum hætti:

Ákæruliður 39:

Látið selja olíumálverk óþekkts höfundar sem listaverk Ásgríms Jónssonar á uppboði Gallerí Borgar í Reykjavík sunnudaginn 7. mars 1993 í Reykjavík. Myndverkið var selt kaupandanum AA fyrir kr. 561.000.

KKK forvörður, hefur rannsakað mynd þessa og gert skýrslu um þá rannsókn. Segir þar að hún sé gerð með málningu á kartonpappír og merkt “Ásgr. J.” Myndefnið maður að lesa við kertaljós. Í útfjólubláu ljósi meggi víða sjá í viðgerðir á yfirborði málverksins. Þessar viðgerðir séu að líkindum ekki unnar af fagmanni þar sem frjálsglega sé farið með liti og málað út fyrir skemmdirnar. Í hægra horni að neðan sé viðgert svæði. Þetta sé hefðbundinn staður fyrir áritun og ekki sé að finna sjáanlega ástæðu fyrir svo umfangsmikilli viðgerð/yfirmálun sem þar er. Í smásjá sjáist að á þessum stað á þessu svæði séu misfellur í burðarlagi og málningu og að kíttað hafi verið í þær. Ekki sé hægt að segja til um hvort þar hafi verið áritun. Áritun verksins sem er í vinstra horni að neðan sé þrígerð. Fyrst hafi merkingin verið gerð með oddmjóum hlut, áþekktum ydduðum blýanti og marki fyrir fari ofan í burðarlagið. Ekkert blý (kolefni) sé þó að greina í farinu. Ekki sé hægt að sjá ástæðu þess að þetta hefur verið gert á þennan hátt nema ef vera kynni til að búa til merki fyrir málaða áritun. Síðar hafi verið málað tvisvar í farið með þunnum, svörtum lit. Efra lagið sé mjög þunnt og gegnsætt en neðra lag dekkra og ógegnsætt. Skemmdir séu í burðarlagi í árituninni sjálfri og svört málning áritunarinnar ofan í þessum skemmdum. Áritunin liggi einnig yfir sprungum í burðarlaginu og hafi því verið gerð nokkuð löngu eftir tilurð verksins. Fjögur málningarsýni voru tekin úr verkinu til litrófsgreiningar á bindiefni í FT-IR smásjá hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands: Svartur litur úr áritun (efra lag). Greindist vera alkýð. Svartur litur úr áritun (neðra lag). Greindist vera fernis. Grár litur úr hægra horni að neðan (viðgerð/yfirmálun). Greindist vera olía. Rauður og svartur litur úr bók (upprunalegir litir úr málverkinu). Greindist vera olía. Í niðurstöðum bindiefnagreiningar komi fram að neðri gerð áritunarinnar sé unnin með alkýðbundnu litarefni en sú efri með fernisbundnu. Viðgerð í hægra horni sé unnin með olíulit sem og upprunalegur litur úr bók. Viðgerðarliturinn sé þó samkvæmt flúrljómun í útfjólubláu ljósi yngri en sjálft olíumálverkið. Telja verði fyrir víst að Ásgrímur Jónsson sem lést 1958 hafi ekki merkt verkið með alkýðefni, sem komið hafi fram sem listmálunarefni árið 1968. Ekki sé hægt að segja hið sama um fernisgerðan hluta áritunarinnar þar sem fernis sem bindiefni hafi verið í notkun um aldir og sé enn. Þar sem fernisgerða lagið liggi ofan á alkýðlaginu verði þó að útiloka að Ásgrímur hafi gert þann hluta. Áritun verksins sé þrígerð og hinn málaði hluti hennar sé gerður eftir lát Ásgríms Jónssonar. Áritun sé máluð yfir sprungur í burðarlagi og því töluvert yngri en málverkið sjálft. Viðgerð sé yfir hefðbundnum höfundarmerkingarstað í hægra horni að neðan sem sé stærri að flatarmáli en þörf virðist fyrir. Ekki hafi greinst leifar af áritun á þessu svæði en það sé mikið viðgert og

yfirmálað. Forvörðurinn telur að áritunin á verkinu geti ekki stafað frá Ásgrími Jónssyni.

FFF listfræðingur, rannsakaði verkið. Í skýrslu hennar segir að það sé málað á pappaspjald sem heyri til undantekninga í starfi Ásgríms Jónssonar, þótt til séu fáein dæmi um það frá fyrstu starfsárum hans. Stíleinkenni og klæðnaður mannsins á myndinni bendi til að skoða eigi verkið með hliðsjón af verkum Ásgríms síðar á ferli hans. Eitt af höfundareinkennum Ásgríms Jónssonar sé blæbrigðarík litaáferð sem hann, einkum er á leið, náði fram með því að bera litina sundurgreinda á flötinn. Hver litaflötur sé því mótaður af mörgum litatónum eða andstæðum litum sem sé stillt saman. Birtuskil litanna séu skýr og þess jafnan gætt að draga ekki úr ljósstyrk litanna með blöndun. Formin séu þannig mótuð með litunum. Pensilskriftin sé jafnan snögg, jafnvel þétttriðin og stundum kröftug, en ávallt örugg. Þetta málverk beri ekki merki þess að höfundur þess hafi tileinkað sér þessi vinnubrögð Ásgríms né að hann hafi málað af sama öryggi. Um það vitni ómarkviss pensilskrift og litameðferð þar sem litablöndun dragi úr ljósstyrk litanna og fletji myndina út. Niðurstaða listfræðings er að hún dragi í efa að höfundur verksins hafi haft sama listræna metnað með starfi sínu og Ásgrímur Jónsson og telur hún verkið engan veginn standast samanburð við verk hans.

Niðurstaða

Rannsóknir KKK og NNN hafa sýnt fram á það að áritun á myndina gerð með nýrri alkýðbundnum litum að hluta en myndin sjálf gerð með hefðbundnum, gömlum olíulitum. Grunsamlegt er að gert hefur verið við venjulegan áritunarstað en þess er þó að gæta að leifar eldri áritunar hafa ekki fundist. Ásgrímur Jónsson lést 1958 en þar sem óvissa er í málinu um framleiðslu- og notkunarsögu alkýðs þykir ekki vera óhætt að útiloka það að hann hafi notað alkýðbundna liti. FFF listfræðingur hefur leitt að því listfræðileg rök að myndin sé ekki eftir Ásgrím Jónsson og áritunin á myndina hefur verið gerð nokkuð löngu eftir að myndin var máluð. Verður og að telja verulegar líkur fyrir því að myndin sé ekki eftir Ásgrím Jónsson en ekki þykir alveg vera óhætt í sakamáli að telja það sannað. Ber því að sýkna ákærða af ákærinni að þessu leyti og vísa frá dómi bótakröfunni sem þetta sakarefni varðar.

Ákæruliður 40:

Látið selja myndverk sem listaverk Jóhannesar S. Kjarvals á uppboði Gallerí Borgar í Reykjavík, þriðjudaginn 6. nóvember 1994. Myndverkið var selt kaupanda BB fyrir kr. 120.000.

NNN forvörður, hefur rannsakað mynd þessa sem ekki er ársett. Í skýrslu hans um rannsóknina 24. september 1998 segir að hún sé 52,3x36,4 sm, unnin með

vatnslitum og tússbleki á okkurgulan, vélunninn Ingres-pappír frá Fabriano á Ítalíu. Jaðrar séu upprunalegir og óskornir. Pappírinn sé vel farinn og beri ekki merki öldrunar sem sé óeðlilegt miðað við það að pappírinn sé sams konar og í myndum sem ársettar séu sem nærri 60 ára. Þá segir í Ályktun.arkafla skýrslunnar fram að ósannfærandi rifumyndun sé í jöðrum svo nýlegs pappírs.

HHH hefur rannsakað þessa mynd. Hann kveður pappírinn ekki vera dæmigerðan fyrir pappír sem Kjarval hafi notað og sé vísbending um að hún sé fölsuð. Ekki kemur fram í skýrslu hans að optísk bleikingarefni hafi greinst í honum og smásjárrannsókn á pappír úr mynd á sams konar pappír hafi ekki gefið ótvíræða niðurstöðu. Aftur á móti segir þar á öðrum stað að þegar mið sé haft af uppruna, sambærileika í stíl, meðferð og litum við verk sem eru með afgerandi merki um fölsun, verði að telja þessa mynd einnig vera falsaða.

GGG gerði listfræðilega greiningu á verkinu. Þar segir að hægt sé að bera myndina saman við olíumálverkið „Reginsund” frá 1938. Teikning í þessari vatnslitamynd sé ónákvæm og skorti það öryggi og festu en samtímis léttleika sem einkenni teikningar Kjarvals. Útlínuteikning sé losaraleg lína sem móti þunglamaleg form. Eigi þetta sérstaklega við um formgerð konunnar þar sem hlutföll séu afbökðu og teikning öll án þokka. Hvíta veran sé teiknuð með óöruggum og brotnum línunum. Vitnað er í Björn T Björnsson sem skrifar að „hjá Jóhannesi Kjarval ber teikninguna hærra en hjá allflestum íslenskum myndlistarmönnum.” Einnig er bent á að ef um skissu væri að ræða fyrir olíumálverkið “Reginsund” gangi myndbygging hennar ekki upp, til þess sé hún of óljós og í litlu jafnvægi. Niðurstaða listfræðings er að handbragð og útfærsla öll sé afar ólíkt þeim vinnubrögðum sem sjá megi í verkum Kjarvals og að verkið beri ekki höfundareinkenni hans.

Niðurstaða

NNN telur pappírinn vera sams konar og í myndum sem ársettar séu sem nærri 60 ára en hann beri ekki merki öldrunar. Þá séu rifur á jöðrum en ekki er það rökstutt. HHH telur pappírinn ekki vera dæmigerðan fyrir pappír sem Kjarval hafi notað. Þykja rannsóknir og ályktanir þeirra NNN og HHH ekki veita sönnur fyrir því að myndin sé ranglega kennd Jóhannesi Kjarval. GGG listfræðingur, hefur leitt að því listfræðileg rök að þessi mynd sé ekki eftir Kjarval og verður að telja að líkur séu fyrir því að myndin sé ekki eftir hann. Ekki þykir þó óhætt að telja það sannað í sakamáli og ber að sýkna ákærða af ákærinni að þessu leyti og vísa bótakröfunni sem varðar sakarefnið frá dómi.

Ákæruliður 41:

Látið selja myndverk sem listaverk Nínu Tryggvadóttur á uppboði Gallerí Borgar í Reykjavík, fimmtudaginn 2. febrúar 1995. Myndverkið var selt kaupanda CC fyrir kr. 80.000.

NNN forvörður, hefur rannsakað þessa mynd og kveður hana vera gerða með vatnslitum á upprunalega, óskorna örk, ca. 37x48 sm, fílabeinslita. Vatnsmerki finnst ekki en pappírinn kveður hann samsvara að öllu leyti Ingres-pappír frá Hahnemühle. Pappírinn sé vel farinn og beri ekki merki öldrunar sem sé óeðlilegt miðað við það að pappírinn sé sams konar og í myndum sem ársettar séu sem nærri 60 ára. Þá segir í ályktunarkafla skýrslunnar að ósannfærandi rifumyndun sé í jöðrum svo nýlegs pappírs.

HHH hefur rannsakað pappírinn í þessari mynd sem ekki er ársett. Hann telur myndina vera gerða á pappír frá Hahnemühle og beri hún sterka vísbendingu um fölsun. Hann vísar til smásjárrannsóknar en ekki er að sjá að slík rannsókn hafi verið gerð á pappír úr þessari mynd. Ekki er þess getið sérstaklega að optísk bleikingarefni hafi fundist í pappírnum. Þá segir hann í skýrslu sinni að athugun á stíl, sambærileika í meðferð og litum, leiði til þess að telja verði myndina falsaða.

AI listfræðingur, hefur komið fyrir dóminn. Þar segir hann að þessi mynd sé mjög í anda mynda sem Nína var að gera á tímabilinu 1942-47, sem voru framlengingar af þorpsmyndum margra íslenskra listmálara og í einfölduðum teiknimyndastíl. Fannst honum ekki fráleitt að þetta væri handbragð Nínu á þessum tíma. Að vísu hafi sumt staðið svolítið í honum, eins og holningin á fígúrunni en hann hafi flokkað það undir húmor sem maður finni í verkum Nínu á þessum tíma og í barnabókum hennar. Eins fannst honum traustvekjandi að uppboðshaldari bauðst til að upplýsa um uppruna myndarinnar eftir að hún hefði verið keypt og fannst það vera ákveðin trygging fyrir því að hún væri rétt til landsins komin. Síðar hafi komið annað hljóð í strokkinn, honum verið sagt að eigendur hefðu beðist undan því af persónulegum ástæðum og hafi þá runnið á hann tvær grímur.

EEE listfræðingur, rannsakaði verkið. Í skýrslu hennar segir að myndin sé illa unnin, bæði hvað varði form, liti og tæknilega útfærslu. Mannveran sé ýkt og klunnaleg svo jaðri við skopstælingu. Sé hér leitast við að ná þeim einfaldleika og samanþjöppuðu formum sem einkenni verk Nínu en útkoman verði rýr. Einnig sé reynt að líkja eftir höfundareinkennum Nínu með því að láta ekki litafleti mætast en aðskilja þá með hvítum, ómáluðum grunni pappírsins. Ljóst sé að höfundur myndarinnar kunni ekkert með vatnsliti að fara, tæknin sé ómarkviss, litirnir óhreinir og muskulegir. Leikni og tærleiki sem birtist í vatnslitamyndum Nínu sé hér ekki til staðar. Niðurstaða listfræðingsins er að Nína Tryggvadóttir sé ekki höfundur þessa verks.

Niðurstaða

NNN telur pappírinn vera sams konar og í myndum sem ársettar séu sem nærri 60 ára en hann beri ekki merki öldrunar. Þá séu ósannfærandi rifur á jöðrum en ekki er það rökstutt. HHH tekur til nokkur atriði sem hann telur benda til þess að verkið sé ekki eftir Nínu Tryggvadóttur en dóminum þykir skorta á rökstuðning fyrir því álit. Þykja rannsóknir og ályktanir þeirra NNN og HHH ekki veita sönnur fyrir því að myndin sé ranglega kennd listakonunni. EEE listfræðingur hefur leitt að því listfræðileg rök að þessi mynd sé ekki eftir Nínu Tryggvadóttur og verður að telja að líkur séu fyrir því. Á hinn bóginn er á það að líta að AI hefur látið í ljós það álit að ekki væri fráleitt að handbragð Nínu sé á myndinni. Þykir ekki óhætt að telja það sannað í sakamáli að mynd þessi sé fölsuð og ber að sýkna ákærða, Jónas Freyðal, af ákærinni að þessu leyti og vísa bótakröfunni varðandi þetta sakarefni frá dómi.

Ákæruliður 42:

Látið selja myndverk sem listaverk Jóhannesar S. Kjarvals á uppboði Gallerí Borgar í Reykjavík, sunnudaginn 10. mars 1996. Myndverkið var selt kaupanda DD fyrir kr.120.000.

NNN forvörður, hefur rannsakað mynd þessa og fjallar um hana í skýrslu sinni, 6. desember 2002. Kveður hann myndina gerða á Ingres-pappír frá Fabriano á Ítalíu sem hefur litinn “dökkur-okkur”. Arkarstærð er ca. 52x64 sm og vatnsmerki framleiðanda í einu horninu. Hann telur pappírinn sennilega vera gamlan. Þá megi sjá það að myndin hafi verið strengd niður á fast undirlag með límbandi þegar hún var máluð. Ekki hafi þó fundist límleifar í pappírnum eftir það eins og búast megi við eftir flestar tegundir af límbandi. Kveður forvörðurinn það vera ólíklegt að notað hafi verið límband af þeirri gerð á þeim tíma sem ætla má að myndin hafi verið máluð.

HHH rannsakaði pappírinn í þessari mynd. Í skýrslu hans segir að hún sé gerð á vélunninn, dumbgulan, mynstraðan pappír frá Fabriano á Ítalíu. Sé arkarstærð sé 395x520 mm og myndin gerð á flókahlið pappírsins. Langhlið þessa blaðs hafi einhvern tíma verið límd og ummerki þess gefi til kynna að sú tegund límbands, sem notað hefur verið, sé frekar nýleg. Óvenjulegur pappír fyrir þennan listamann. Telur sérfræðingurinn að hér sé vísbending um fölsun.

GGG listfræðingur, rannsakaði verkið. Í umsögn hennar segir að hin ákveðna útlínuteikning Kjarvals sé ekki til staðar í þessari vatnslitamynd. Formmótun verksins byggir á lit en ekki á teikningu eins og vænta mætti. Form séu fljótandi og í hári og andliti í vinstra myndhluta, þar sem línuteikning kemur fyrir, sé hún óörugg og óákveðin. Litir verksins séu þéttir og fremur dökkir og yfirbragð verksins þungt. Í forgrunni verksins flæði litir frjálst um flötinn og formmótun sé engin. Slík formleysa sem felist í flæði lita og byggir að hluta til á blautt í blautt vatnslitatakni sé óvanaleg í

figúratífum vatnslitamyndum Kjarvals. Þrír meginþættir verksins; andlit í vinstra myndhelmingi, þar í hægra forgrunni og þrjár verur í hægra bakgrunni, eigi sér hliðstæðu í verkum Kjarvals en hér sé um afar ólíka útfærslu að ræða. Niðurstaða listfræðings er að verkið beri ekki höfundareinkenni Kjarvals og sú vatnslitatækni sem hér sé notuð sé framandleg. Leiða megi að því getum að verkið sé eftirgerð, málað með hliðsjón af verkunum „Systurnar á Stapa” frá 1948 og „Ljóðamynd-ævispor” frá 1944.

Niðurstaða

Mynd þessi er ekki ársett. NNN ályktar að þar sem ekki finnst leifar límbands á arkarjaðri sé ólíklegt að myndin sé frá þeim tíma sem ætla megi væntanlega eftir pappírnum að dæma. HHH segir vísbendingu vera um að límbandið hafi verið af nýlegri gerð og pappírinn sé auk þess óvenjulegur fyrir Kjarval. Áður hefur verið gerð grein fyrir atriðum sem varða límband og hafa þýðingu fyrir aldursgreiningu mynda. Þykja rannsóknir þeirra NNNog HHH ekki veita sönnur fyrir því að myndin sé ranglega kennd Jóhannesi Kjarval. GGG listfræðingur, hefur leitt að því listfræðileg rök að þessi mynd sé ekki eftir Jóhannes Kjarval og verður að telja að líkur séu fyrir því. Ekki þykir þó óhætt að telja það sannað í sakamáli og ber að sýkna ákærða af ákærinni að þessu leyti og vísa bótakröfunni varðandi ákæruefni þetta frá dómi.

Ákæruliður 43:

Látið selja myndverk sem listaverk Jóhannesar S. Kjarvals á uppboði Gallerí Borgar í Reykjavík, sunnudaginn 10. mars 1996. Myndverkið var selt kaupanda EE fyrir kr. 205.000.

NNN forvörður, hefur rannsakað mynd þessa sem ekki er ársett og fjallar um hana í skýrslu sinni, 6. desember 2002. Kveður hann myndina gerða á Ingres-pappír frá Hahnemühle, „antik-gulan” með vatnsmerki framleiðandans. Sé pappírinn vélunninn með aðferðinni „cylinder mould-made”. Í niðurstöðu skýrslunnar kveðst hann á „grundvelli niðurstaðna úr pappírsrannsóknum, tæknilegri vinnslu mynda og litanotkun” telja að myndin sé fölsuð. Segir í skýrslu forvarðarins að tekin hafi verið sýni úr pappír þessarar myndar og fengin HHH til rannsókna.

HHH hefur rannsakað mynd þessa og komist að þeirri niðurstöðu að sterk vísbending sé um að hún sé fölsuð. Allir fjórir jaðrar myndarinnar hafi verið límdir og ummerki eftir límbandið bendi til þess að það sé tiltölulega nýlegrar gerðar. Hann vísar til smásjárrannsókna sem hann gerði á sýnum úr þessari mynd og þremur öðrum. Segir þar að trefjar af fjórum gerðum hafi verið að finna í mismunandi hlutföllum í sýnishornunum: Beyki-, greni- og líntrefjar auk lítilsháttar af tréraspi

sem líklega sé úr pappírsvélinni. Ekki hafi fundist gögn um sambærilegar pappírsuppskriftir hjá verksmiðjunni. Nokkrar leifar af trefjum með optískum bleikingarefnum, hafi fundist, einkum í sýni úr DK16. Þessar trefjar séu sennilega úr úrkastspappír. Enda þótt bleikingarefni hafi, að sögn fyrirtækisins, aldrei verið beinlínis notuð í Ingres-pappír hafi úrkastspappír að jafnaði verið bætt í gulan Ingres-pappír og í honum er bleikingarefni. Ekki er að finna neina frekari greinargerð um rannsóknina á pappírnum í þessari tilteknu mynd en í lokaÁlyktun. álitsgerðarinnar segir um hana og nokkrar aðrar óársettar myndir að sterk vísbending sé um að þær séu falsaðar þar sem þær séu gerðar á sams konar pappír og aðrar myndir sem vitað er að séu falsaðar. Þá styðji stíleinkenni einnig þessa Ályktun.

GGG listfræðingur, rannsakaði verkið. Telur hún að það sé sláandi líkt vatnslitamynd án titils frá 1936. Í því verki sé veran á bak við saltfiskinn dökk að lit, hár og andlitsdrættir séu nákvæmlega teiknaðir. Veran hafi engan ennistopp og formgerð hennar sé í takt við verur Kjarvals frá þessum tíma. Útlínuteikning verksins er hér um ræðir sé hins vegar brotin og teiknuð án teljandi öryggis. Pensildrættir og litanotkun virðist eiga meira sameiginlegt með rannsóknartilviki 13, þ.e. ákærulið 42, en verkinu frá 1936. Sérstaklega megi benda á tilsvareandi vinnubrögð í forgrunni verkanna þar sem litir flæði hver um annan. Kristín telur athyglisvert að veran á þessari vatnslitamynd sé hvít og með ennistopp. Samkvæmt rannsókn hennar komi slíkar verur oft fyrir í verkum Kjarvals en ekki fyrr en í fyrsta lagi 1955 og verði algengar í verkum hans eftir 1960. Í verkinu gæti verulegs ósamræmis á milli stílgerðar hvítu verunnar, sem vísi til verka Kjarvals eftir 1955, og annarra hluta verksins sem vísi til verka hans frá árunum 1934-36. Niðurstaða listfræðings er að verkið beri ekki höfundareinkenni Kjarvals og leiða megi að því getum að það sé eftirgerð verksins án titils frá 1936.

Niðurstaða

NNN tekur til nokkur atriði önnur sem hann telur benda til þess að verkið sé ekki eftir Kjarval en dóminum þykir skorta á rökstuðning fyrir því álit. Mynd þessi er ekki ársett. HHH tiltekur að límband það sem notað var sé af tiltölulega nýlegri gerð en sem fyrr segir er óvissa um þetta atriði í málinu og myndin er ekki ársett. Þá kemur fram hjá honum að í pappírnum sem myndin er gerð á hafi fundist nokkrar leifar af trefjum með optískum bleikingarefnum. Hér að framan hefur það verið rakið að nokkur óvissa er í málinu um það hvaða efni þetta eru og um það hvort unnt sé að greina þau sem hluta af pappírsdeiginu með þeirri aðferð sem beitt var. Þá verður að hafa í huga að engar staðfestar upplýsingar eru í málinu frá verksmiðjunni um framleiðsluna og íblöndun þessara efna í pappír. Loks segir hann að ekki hafi fundist uppskrift af pappír hjá verksmiðjunni sem svari til trefjanna í þessum pappír. Þykja rannsóknir þeirra NNN og HHH ekki veita sönnur fyrir því að myndin sé ranglega

kennd Jóhannesi Kjarval. GGG listfræðingur hefur leitt að því listfræðileg rök að þessi mynd sé ekki eftir Kjarval og verður að telja að líkur séu fyrir því. Ekki þykir þó óhætt að telja það sannað í sakamáli og ber að sýkna ákærða, Jónas Freydal, af ákærinni að þessu leyti og vísa frá dómi bótakröfunni sem varðar þetta sakarefni.

Ákæruliður 44:

Látið selja myndverk sem listaverk Jóhannesar S. Kjarvals á uppboði Gallerí Borgar í Reykjavík, sunnudaginn 10. mars 1996. Myndverkið var selt kaupanda ÉÉ fyrir kr. 240.000.

NNN forvörður, hefur rannsakað pappírinn í þessari mynd, sem er óársett. Stærðina segir hann vera 52x64 sm og sé pappírinn okkur-gulur Ingres-pappír frá Fabriano, „cylinder mould-made”. Pappírinn sé vel farinn og beri ekki merki öldrunar en gæti þó verið eldri en pappír annarra mynda sem hann tiltekur. Þetta verði að telja grunsamlegt þar sem myndefnið gefi til kynna að myndin sé tæplega 60 ára gömul. Þá sé rifumyndun í pappírsjöðrunum ósannfærandi. Auk þess hafi verið notað límband við gerð myndanna sem litlar líkur séu til þess að hafi verið notað á þeim tíma sem ætla má að þær hafi verið málaðar.

HHH hefur skoðað þessa mynd og telur í skýrslu sinni vísbendingu vera um það að hún sé fölsuð. Hann getur þess að tvær hliðar pappírsarkarinnar sýni að á þær hafi verið sett límband og ummerkin eftir það bendi til þess að það sé af tiltölulega nýlegri gerð. Þá sé þetta óvenjulegur pappír í mynd eftir Kjarval.

GGG listfræðingur, rannsakaði verkið. Í skýrslu hennar segir að í því séu form mótuð með lit en Kjarval hafi byggt fígúratífar vatnslitamyndir sínar upp á formfastri teikningu og hafi litur yfirleitt fylgt formi. Hér votti hvergi fyrir hinni föstu og ákveðnu línuteikningu sem einkenni vatnslitamyndir Kjarvals og sé einnig til staðar í olíumálverkinu „Á hulduströnd” frá 1935 sem hafi sama myndefni. Í olíuverkinu séu fínleg litbrigði, ljósbrigði og formræn tvíræðni sem skapi dulúðuga stemmingu. Enga slíka stemmingu sé að finna í vatnslitamyndinni né sambærilega leikni í litanotkun. Hinir þéttu og þungu litir vatnslitamyndarinnar hafi ekki gildi út yfir það að skilgreina form en nái ekki að skapa sannfærandi ljósvirkni. Samanburður þessara verka leiði í ljós að mikið skilji í milli í útfærslu verkanna. Benda megí á óeðlilega fjarvídd í bátnum og einnig að það sé eins og báturinn halli sér upp að konunni en ekki öfugt, en hvort tveggja séu vinnubrögð sem ólíklegt sé að rekast á frá hendi Kjarvals, eins besta teiknara okkar fyrr og síðar. Niðurstaða listfræðings er að verkið beri ekki höfundareinkenni Kjarvals og að líklegt megí telja að það sé eftirgerð eftir olíumálverki frá 1935 með sama heiti.

Niðurstaða

Mynd þessi er ekki ársett. NNN telur myndefnið benda 60 ár aftur í tímann en pappírinn virðist yngri og rifur í jöðrum séu ósannfærandi. Þeir HHH víkja báðir að límbandi sem bendi til síðari tíma gerðar, en sem fyrr segir er óvissa um þetta atriði í málinu. Loks telur HHH pappírinn vera óvenjulegan fyrir Kjarval. Þykja rannsóknir þeirra NNNog HHH ekki veita sönnur fyrir því að myndin sé ranglega kennd Jóhannesi Kjarval. GGG listfræðingur, hefur leitt að því listfræðileg rök að þessi mynd sé ekki eftir Kjarval og verður að telja að líkur séu fyrir því. Ekki þykir þó óhætt að telja það sannað í sakamáli og ber að sýkna ákærða af ákærinni að þessu leyti og vísa bótakröfunni varðandi sakarefni þetta frá dómi.

Ákæruliður 45:

Látið selja myndverk sem listaverk Svavars Guðnasonar á uppboði Kunsthallen í Kaupmannahöfn í Danmörku, miðvikudaginn 26. apríl 1995. Myndverkið var selt kaupanda FF fyrir 40.000 dkr.

KKK forvörður, hefur rannsakað mynd þessa og gert skýrslu um þá rannsókn. Segir þar að myndin sé máluð með þunnri málningu á hvítgrunnað léreft, strekkt á nýjan sérsníðaðan blindramma með blásaumi og heftum. Kantar hafi verið auknir með nýju hörlérefti. Verkið sé höfundarmerkt „Svavar” með ljósgulum lit í vinstra horni að neðan. Myndefnið sé „abstraktion”. Yfirborð málningarlagsins og pensildrættir í undirliggjandi málningarlögum beri vott um annað málverk undir. Málverkið hafi verið ljósmyndað á litskyggjur í rafljósi og við útfjólublátt ljós við staðlaðar aðstæður. Einnig hafi verið notuð stafræn myndavél. Yfirborð málningarlags, áritun og bakhlið hafi verið skoðuð í smásjá. Í útfjólubláu ljósi sjáist flúrljómun af nýlegri málningu á meginhluta yfirborðs og áritunar en flúrljómun af gamali olúmálningu komi fram á jöðrum og upp á milli litaflata í efri málningarlögum. Í smásjá sjáist að yfirborð sé þakið þunnu og möttu lagi af nýlegum (vax)ferniss. Efri málningarlög séu máluð yfir sprungur í neðri málningarlögum og beri málningin einkenni alkýðblandaðrar málningar. Litir séu mjúkir og litablöndun beri vott um hraðþornandi málningu þar sem þeir hafi blandast illa og liggi í „straumum”. Sjá megi gulan og bláan lit í sprungumynstri á bakhlið verksins sem farið hafi í gegnum þessi sprungumynstur þegar efri myndin var máluð. Í misfellum í eldra málningarlagi á framhlið séu óhreinindi og leifar af gömlum, gulnuðum ferniss en engin slík óhreinindi séu í nýlegum efri litalögum né heldur gamlar fernisleifar. Mikill aldursmunur sé því á þessum tveimur málningarlögum. Bómullarþræðir séu á yfirborði og bómullartrefjar fastar í efra málningarlagi myndarinnar. Neðra verkið virðist því hafa verið hreinsað með bómull áður en efri myndin var máluð. Yfirborð neðra málverks beri þess merki að hafa verið slípað með sandpappír, mest ofan við áritun hins sýnilega málverks. Áritunin sé gerð ofan á lit sem málaður hafi verið yfir

skemmdir í burðarlagi og slípað svæði. Samkvæmt áritun sé verkið frá árinu 1944. Þegar málningu hafi verið flett af svæði ofan við núverandi áritun verksins hafi komið í ljós að eldra málningarlag sé mjög niðurslípað á þessu svæði og erfitt að ná málningunni af þar sem hún hafði bundist vel við grunn- og burðarlag vegna slípunarinnar. Leifar af niðurslípuðum, rauðbrúnum lit hafi komið í ljós en ekki sé hægt að fullyrða hvort um gamla áritun sé að ræða. Málverkið hafi verið gegnumlýst frá framhlið með sterku ljósi og ljósmyndað frá bakhlið. Með því að snúa vinstri skammhlið niður komi fram mynd af pottaplöntu á borði með köflóttum dúk. Í bakgrunni megi greina form sem gæti átt að vera gluggi og megi sjá útlínur hans í hvítum lit á framhlið málverksins þar sem þessi hvíti litur er ekki yfirmálaður nema að hluta. Fjögur málningarsýni voru tekin úr verkinu til litrófsgreiningar á bindiefni í FT-IR smásjá hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands: Ljósugulur litur úr áritun (flúrljómun gefur til kynna nýlega málningu). Greindist vera alkýð. Gráblár litur úr undirlit áritunar (flúrljómun gefur til kynna nýlega málningu). Greindist vera alkýð. Rauður litur neðarlega til hægri (flúrljómun gefur til kynna nýlega málningu). Greindist vera alkýð. Hvítur litur neðarlega til vinstri (flúrljómun gefur til kynna gamla málningu). Greindist vera olía. Niðurstöður þessar styðji það sem fram hafi komið í útfjólubláu ljósi og smásjá. Efra málverk sé málað með alkýðbundnum litarefnum en neðra málverk er málað með olíubundnu litarefni. Ársetning verksins geti ekki staðist því listmálunarefni með alkýðinnihaldi hafi ekki komið fram fyrr en á sjöunda áratug tuttugustu aldar, og efra málverkið beri ekki merki öldrunar. Ummerki og vinnubrögð séu sams konar og fram hafi komið við fjölda rannsóknartilvika og forvörðurinn telur fullsannað að séu fölsuð. Geti verkið ekki verið eftir ætlaðan höfund.

Vitnið kveðst ekki hafa séð þessa mynd áður. Finnst honum hún vera mjög ólík verkum Svavars Guðnasonar.

FFF og GGG listfræðingar, rannsökuðu verkið. Í umsögn þeirra segir að hér megi sjá vísun í verkið „Ljósflæði“ frá 1944. Hér sé það ekki „logaformið“ sem sé notað heldur „andlitsformið“ úr efra hægra myndhelmingi „Ljósflæðis“. Niðurstaða listfræðinganna er að verkið beri ekki höfundareinkenni Svavars Guðnasonar og geti ekki verið eftir hann.

Ályktun.

Rannsóknir KKK og NNN hafa sýnt fram á það að mynd þessi er heilmáluð og árituð með nýlegum, alkýðbundnum litum yfir eldri mynd sem gerð er með hefðbundnum, gömlum og sprungnum olíulit. Þar sem óvissa er í málinu um framleiðslu- og notkunarsögu alkýðs þykir ekki vera óhætt að útiloka það að Svavar Guðnason hafi getað notað alkýðbundna liti árið 1944. Að mynd sé máluð yfir aðra eldri mynd þarf í sjálfu sér ekki að vera vísbending um fölsun. Mynd þessi er aftur á

móti ársett 1944 og ekki eru merki um öldrun í efra málningarlagi og það er hreint. Þá hefur svæði ofan við núverandi áritun verið slípað niður. FFF og GGG listfræðingar, hafa leitt að því listfræðileg rök að myndin sé ekki eftir Svavar Guðnason. Þykir allt ofangreint veita sönnur fyrir því að myndin sé ekki eftir Svavar og því fölsuð.

Ákærði, Jónas Freydal, hefur sagt að hann hafi keypt mynd þessa af RDO í Kaupmannahöfn eftir sýningu sem RDO hélt þar. Kveðst hann hafa farið heim til hans að sækja myndina og staðgreitt hana þar. Engin gögn hafa komið fram um þessi viðskipti. Aðstoðaryfirlögregluþjónn og lögreglufulltrúi, hittu ekkju RDO, f. 1912, í Kaupmannahöfn í febrúar árið 2000. Þá var hún hress og ern en sagði minnið vera farið að bila, að því er segir í skýrslu um þennan fund. Segir þar einnig að hún hafi skoðað ljósmyndir af öllum verkum Svavars Guðnasonar sem til rannsóknar voru og verið spurð sérstaklega um nokkrar myndir sem tilgreindar eru sérstaklega. Sú mynd sem hér um ræðir er ekki meðal þeirra. Henni var sýnd mynd af ákærða, Jónasi Freydal, og kvaðst aldrei hafa séð hann áður.

Niðurstaða

Ákærða, Jónasi Freydal, er gefið að sök að hafa sjálfur falsað eða látið falsa þessa mynd. Ekki hafa verið leiddar að þessu neinar sönnur í málinu og verður ákærði, sem neitar sök að öllu leyti, sýknaður af því að hafa sjálfur falsað eða látið falsa myndina.

Dómurinn telur sönnunargildi lögregluskýrslunnar um fund lögreglumannanna með ekkju RDO vera takmarkað, sbr. 3. mgr. 48. gr. oml. Verður að telja ósannað gegn neitun ákærða að hann hafi vitað að myndin væri fölsuð þegar hann lét hana á uppboðið í Kunsthallen. Ekki eru önnur sérstök atvik eða gögn í málinu sem benda til þess að ákærða hafi verið kunnugt um það þegar myndin var seld að hún væri fölsuð. Ber að sýkna ákærða, Jónas Freydal, af þessum ákærulið og vísa bótakröfunni sem hann varðar frá dómi.

Ákæruliður 46:

Látið selja myndverk sem listaverk Jóhannesar S. Kjarvals á uppboði Bruun Rasmussen, Kaupmannahöfn, Danmörku, fimmtudaginn 28. mars 1996. Myndverkið var selt kaupanda GG fyrir 24.000 dkr.

KKK forvörður, hefur rannsakað mynd þessa og gert skýrslu um rannsókn sín. Segir þar að málverkið sé málað með þunnri málningu á fínofið léreft, strekkt á blindramma með blásaumi. Samsetning virðist vera upprunaleg. Myndefni sé uppstilling í landslagi sem sýni litaspjald í forgrunni en fjall í bakgrunni. Verkið er höfundarmerkt Kjarval með ljósgulum lit í hægra horni að neðan. Það sé að mestu málað yfir aðra mynd og hafi verið málað yfir sprungur í eldri myndinni. Á yfirborði

verksins sé að finna óvenjulegt mógult efni en enginn fernis sé yfir myndinni. Málverkið hafi verið ljósmyndað á litskyggjur í rafljósi og við útfjólublátt ljós við staðlaðar aðstæður. Einnig hafi verið notuð stafræn myndavél. Yfirborði málningarlags, áritun og bakhlið hafi verið skoðuð í smásjá. Þá hafi verkið verið gegnumlýst með röntgengeislum og Niðurstæða yfirfærð á filmur. Í útfjólubláu ljósi sjáist að málverkið sé að stórum hluta málað yfir eldra málverk. Ljómageislun af hefðbundnum olíulit komi fram meðfram jöðrum verksins og á svæðum við neðri horn þess. Að öðru leyti verði verkið blátt, sem og höfundarmerking þess „Kjarval” sem gefur til kynna að litirnir í yngra málverkinu innihaldi nútímamálningu. Meðfram jöðrum verksins megi einnig sjá að eldra málverk sé undir. Í smásjá sjáist einnig oxun í eldra málningarlagi sem ekki sé til staðar í því yngra. Einnig sjáist munur litalaganna í því að eldra lagið líkist hefðbundinni olíumálningu en hið yngra sé ógegnsætt og seigt og litablöndun með öðrum hætti en í hreinni olíumálningu. Greinilega hafi verið málað yfir sprungur í neðra laginu og liggi yngri málning í þessum sprungum. Á yfirborði verksins sé að finna óvenjulegt, mjúkt, þurrt, mógult efni. Í því séu smágerð hár sem gætu verið úr bómull. Efnið líkist einhvers konar vaxi og sé áþekkt efni sem finna megi á tveimur öðrum verkum sem rannsökuð hafi verið. Það valdi því að litir undir því virðist daufari og málverkið fái á sig blæ gamallar óhreinnar myndar. Á röntgenmynd sjáist að undir yngra verkinu sé málverk af skógarlandslagi, máluðu nokkuð þykkum litum og megi sjá móta fyrir henni undir nýrri myndinni. Að eldra verkið komi fram á röntgenmynd segi til um að verkið innihaldi blýhvítu og gefi vísbendingu um að það hafi verið málað fyrir miðbik 20. aldar. Blýhvíta hafi verið ráðandi hvítt litarefni í olíumálverkum fram yfir 1930 að títanhvíta kom fram og leysti blýhvítu að mestu af hólmi. Gerð blindrammans segi þó til um að eldra verkið sé yngra en frá þriðja áratug 20. aldar þegar þessi gerð blindramma kom fram, þ.e. með geirnegldum, skáskornum hornum. Í vinstra horni að neðan megi sjá í smásjá að svæði hafi verið slípað niður og megi greina þar leifar af áritun í blásvörtum lit. Merki um slípun sé ekki að finna annars staðar í verkinu. Fimm málningarsýni voru tekin úr verkinu þar sem ljómageislun í útfjólubláu ljósi gaf til kynna að um óhefðbundinn lit væri að ræða og eitt sýni var tekið úr eldra litalagi þar sem ljómageislun gaf til kynna olíulit. Voru þau send til litrófsgreiningar á bindiefni í FT-IR smásjá hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands: Hvítur litur úr áritun (yngra verk). Greindist vera alkýð. Blár litur neðan við litaspjald (yngra verk). Greindist vera alkýð. Rauður litur úr litaspjaldi (yngra verk). Greindist vera alkýð. Grænn litur við vinstri jaðar ofan við miðju (eldra verk). Greindist vera olía. Óþekkt mógult yfirborðsefni (yngra verk). Greindist vera olía með óþekktu íblöndunarefni. Niðurstæða bindiefnagreiningar staðfesti að yngra málverkið og áritun þess séu máluð með alkýðbundnum litum en upprunalega málverkið með hefðbundnum olíulitum. Þar sem ekki hafi verið byrjað að framleiða listmálunarefni með alkýðinnihaldi fyrr en árið 1968 sama ár og talið sé

að Jóhannes Kjarval hafi málað síðustu verk sín verði að telja afar ólíklegt að hann hafi notað þetta efni til listmálunar. Búið sé að slípa niður upphaflega höfundarmerkingu eldra verksins og reynt hafi verið að hylja ummerkin með málningu. Niðurslípun upprunalegrar höfundarmerkingar og alkýðefni beri vott um áþekk vinnubrögð og beitt hafi verið á myndum sem dæmt hafi verið að séu falsaðar. Kjarval geti því ekki hafa málað mynd þessa.

GGG hefur gert listfræðilega greiningu á verkinu. Þar segir að Kjarval hafi kosið að kalla nokkur landslagsmálverk sín “Litaspjald”. Séu það annars vegar kannanir á litbrigðum náttúrunnar á mismunandi árstímum og hins vegar litaspjöld í náttúrunni þar sem gæti samræmis á milli litanna á litaspjaldinu og landslagsins umhverfis það. Séu litirnir í þessu verki skoðaðir komi í ljós að ekki gæti fulls samræmis á milli litanna á litaspjaldinu og lita í verkinu að öðru leyti. Staðsetning litaspjaldsins sé auk þess viðvaningsleg og takist höfundi ekki að samtvinna það og umhverfið né heldur að tengja alla þætti verksins í sannfærandi heild. Landslagið sem sé umgjörð litaspjaldsins sé málað með litlum tilþrifum hvað varði litanotkun og útfærslu. Niðurstaða listfræðingsins er að ekki sé hægt að benda á nein sértæk höfundareinkenni Kjarvals í þessu málverki, það sé á skjön við önnur verk Kjarvals af sama myndefni og einnig á skjön við hugmyndir hans varðandi litaspjald. Hún telur því öll rök hníga að því að Jóhannes S. Kjarval sé ekki höfundur þessa verks.

Ályktun.

Rannsóknir KKK og NNN hafa sýnt fram á það að mynd þessi er heilmáluð og árituð með nýlegum alkýðbundnum litum yfir eldri mynd sem gerð er með hefðbundnum, gömlum og sprungnum olíulit. Þar sem óvissa er í málinu um framleiðslu- og notkunarsögu alkýðs þykir ekki vera óhætt að útiloka það að Jóhannes Kjarval, sem málaði fram á árið 1968, hafi notað alkýðbundna liti. Að mynd sé máluð yfir aðra eldri mynd þarf í sjálfu sér ekki að vera vísbending um fölsun. Aftur á móti eru ummerki um niðurslípað svæði og leifar eldri áritunar í neðra litalagi. GGG listfræðingur, hefur leitt að því listfræðileg rök að myndin sé ekki eftir Kjarval. Þar sem myndin er máluð með nýlegri málningu, áritun eldri myndar hefur verið slípuð niður og með vísan til álits listfræðingsins telur dómurinn komnar fram sönnur fyrir því að mynd þessi sé ekki eftir Kjarval og því fölsuð.

Mynd þessi var seld á uppboði hjá fyrirtækinu Bruun Rasmussen 28. mars 1996. Ákærði, Jónas Freydal, var yfirheyrður um þessa mynd í Kaupmannahöfn í desember 1997 og kvaðst þá ekki vilja upplýsa „eigendasögu” hennar, nema fyrir lægi að hún væri fölsuð, sem ákærði sagði hana ekki vera. Eftir að mál þetta kom upp lét ákærði fyrirtækinu Bruun Rasmussen í té óundirritaða og ódagsetta yfirlýsingu þar sem fram kemur að hann hefði sett auglýsingu í blaðið Jyllandsposten og maður að nafni UUU hefði svarað auglýsingunni og boðið fram fjögur myndverk til sölu sem

faðir mannsins og alnafni hefði fengið að gjöf frá íslenskum heildsala og listaverkakaupmanni. Síðar hefði móðir þessa manns upplýst að Íslendingur þessi hefði verið RJ, sem verið hafði í viðskiptum við UUU eldra. Þá kemur fram í skjali þessu að seljandinn hefði ári áður boðið verkin íslenskum listaverkakaupmanni en ekki orðið af kaupum með þeim. Hann hefði svo farið með þau í Kunsthallen og fengið þau verðmetin þar nokkrum mánuðum áður en ákærði keypti þau. Ákærði, Jónas Freyðal, var yfirheyrður að nýju hjá lögreglu í desember sl. og hann spurður út í yfirlýsinguna og efni hennar og staðfesti hann yfirlýsinguna. Kvaðst ákærði telja að UUU hefði verið að selja myndirnar fyrir móður sína. Ákærði kvaðst síðar hafa grafist fyrir um hver listaverkasalinn var sem skoðað hafði myndirnar hjá UUU. Hafi sá ekki verið Íslendingur, eins og hann hefði giskað á þegar hann samdi yfirlýsinguna, heldur VVV, stórtækasti seljandi íslenskrar myndlistar í 25 ár. Hefði ákærði talað við mann þennan sem hefði kannast mæta vel við myndirnar og sagt að þær hefðu þá verið geymdar upprúllaðar hjá UUU. Ekki vissi ákærði hvenær hefði skoðað myndirnar en hann gæti sagt þeim það sjálfur. Hefði ákærði farið með SES að hitta VVV, en SES hefði við þetta tækifæri keypt mynd af manninum og borgað með tékka sem ætti að vera hægt að rekja. Ákærði sagði VVV vera látinn og var þá spurður af hverju hann hefði sagt rétt áður að lögreglan gæti spurt hann hvenær hann hefði séð myndirnar hjá UUU. Svaraði ákærði því að hann hefði ekki verið látinn þegar hann hefði boðið þeim að tala við hann og hlyti þetta að reiknast honum í vil. Ákærði var inntur eftir því hvenær hann hefði boðið upp á þetta en svar kom ekki fram við því. Fyrir dómi hefur ákærði sagt að hann hafi sent yfirlýsinguna til Bruun Rasmussen um leið og hann fékk að vita frá Kjarvalsstöðum að myndin væri fölsuð. Ákærði kveðst hafa endurgreitt myndina enda hefði honum fundist mjög miður að svo skyldi vera. Ákærði hefði flett upp hjá sér og getað komið fram með fullkomna eigendasögu. Hefði ákærði fengið myndina hjá feðgunum og þeir báðir verið til. Ákærði segir Peter Christian Beck yngra, hafa sagt að hann ætlaði að spyrja móður sína um uppruna myndanna og hún sagt honum það. Hafi lögreglan ekki talað við þá konu. Ákærði kveður málverkið hafa verið upprúllað og illa skemmt þegar hann fékk það í hendur og hann orðið að gera mikið við það áður en hann seldi það. Það sé því ljóst að þetta málverk hafi ekki hangið uppi hjá UUU-fjölskyldunni.

Fyrir liggur að UUU-hjónin og sonur þeirra eru látin. Fyrir dóminn hefur komið vitnið [...] sem er skyld UUU yngra að öðrum og þriðja lið. Hún hefur hefur einnig komið fyrir dóm í Danmörku vegna þessa máls. Hún kveðst hafa komið reglulega á heimili fjölskyldunnar, mánaðarlega eða svo, og eftir að húsmóðirin dó í september 1995 hafi hún komið þar vikulega. Yngri UUU hafi dáið skömmu seinna. Alveg útilokað sé að þeir feðgar hafi átt myndir af því tagi sem hér um ræðir og þeir hafi örugglega engan þekkt á Íslandi. Þeir hafi verið gamaldags og saman saumaðir sveitamenn sem aldrei hefðu stundað nein viðskipti. Hún kveðst ekki vita til þess að

Jyllandsposten hafi sést á heimilinu og þeir hafi aldrei farið lengra að heiman en til Flensborgar. Myndirnar sem voru á heimilinu hafi verið gamaldags og rómantískar.

Vitnið [...], hefur einnig komið fyrir dóminn. Hann hefur hefur einnig komið fyrir dóm í Danmörku vegna þessa máls. Hann kveðst hafa kynnst gömlu hjónunum og syni þeirra og komið þar á heimilið að jafnaði þrisvar á ári. Auk þess hafi hann farið á veiðar með syninum. Hann kveðst ekki hafa séð myndirnar sem um ræðir á heimilinu. Þær séu allt of nýtískulegar fyrir smekk þeirra og hann telur víst að sonurinn hafi aldrei til Kaupmannahafnar komið og hefði hann áreiðanlega haft orð á því. Til marks um það geti hann sagt að honum orðið tíðrætt um ferð sem hann tókst á hendur til Flensborgar að kaupa öl. Faðirinn hafi heldur aldrei stundað viðskipti við heildsala á Íslandi.

Niðurstaða

Ákærða, Jónasi Freyðal, er gefið að sök að hafa sjálfur falsað eða látið falsa þessa mynd. Ekki hafa verið leiddar að þessu neinar sönnur í málinu og verður ákærði, sem neitar sök að öllu leyti, sýknaður af því að hafa sjálfur falsað eða látið falsa myndina.

Dómurinn telur hins vegar að vitnin séu áreiðanleg og trúverðug. Þykir vera óhætt að byggja á því að þau hafi þekkt vel til hjá Beck-fjölskyldunni og einnig á því sem þau hafa sagt af fólki þessu og heimilishögum þess. Framburður ákærða um viðskiptin með myndirnar hefur á hinn bóginn hvorki verið mótsagnalaus né trúverðugur. Ber að hafna honum. Þykir dómnum óhætt að slá því föstu að ákærði, Jónas Freyðal, hafi vitað að myndin sem hér um ræðir væri fölsuð þegar hann setti hana á uppboðið hjá Bruun Rasmussen. Er ákærði þannig orðinn sekur um brot gegn 3. mgr. 159. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga.

Bótakrafa hefur ekki verið gerð vegna þessarar myndar.

Ákæruliður 47:

Látið selja myndverk sem listaverk Jóhannesar S. Kjarvals á uppboði Bruun Rasmussen, Kaupmannahöfn, Danmörku, fimmtudaginn 28. mars 1996. Myndverkið var selt kaupanda HH fyrir 40.000 dkr.

KKK forvörður, hefur rannsakað þessa mynd og gert skýrslu um rannsókn sína. Segir þar að myndin sé máluð með þunnfljótandi litum á grófan hessíanstriga, strekktan á blindamma með blásaumi. Samsetning virðist upprunaleg. Striginn sé grunnaður með þykku grunnefni og megi sjá hvar það hafi komið í gegnum strigann á bakhliðinni. Myndefnið sé andlit eða vera í landslagi og myndin höfundarmerkt J.S. KJARVAL með blásvörtum og gulhvítum litum í hægra horni að neðan. Pensilför og sprungumynstur sjáist í gegnum yfirborð myndarinnar og gefi til kynna að annað

málverk sé undir því sýnilega. Gult yfirborðsefni sé á yfirborði myndarinnar og gefi það myndinni gulan tón eins og um væri að ræða gamalt eða óhreint málverk. Efnið sé mjúkt og vaxkennt og litur þess sé sá sami og á þremur öðrum myndum sem rannsakaðar hafi verið. Enginn fernis sé á yfirborði myndarinnar. Á bakhlið myndarinnar sé máð áletrun máluð með bláum olíulitum og nánast ólesanleg þar sem málað hafi verið yfir hana. Málverkið hafi verið ljósmyndað á litskyggjur í rafljósi og við útfjólublátt ljós við staðlaðar aðstæður. Einnig hafi verið notuð stafræn myndavél. Yfirborð málningarlags, áritun og bakhlið hafi verið skoðuð í smásjá. Í útfjólubláu ljósi sjáist að nánast allt verkið gefi frá sér flúrljómun, einkennandi fyrir nýlega málningu og/eða litarefni með alkýðinnihaldi. Á jöðrum komi fram flúrljómun af hefðbundnum gömlum olíulit sem og á mjög litlum svæðum inn á myndinni, upp í gegnum efsta litalag. Eldra olíumálverk sé því undir því sem sýnilegt er. Í smásjá sjáist að efsta litalag sé ógegnsætt og mjúkt sem sé dæmigert fyrir alkýðbundin litarefni. Þá sjáist að það hafi þornað hratt og ekki blandast eins og hefðbundinn olíulitur. Ekki sé að merkja oxun (öldrun) á yfirborði efra málverks. Niðurslípað svæði sé í vinstra horni að neðan og sjáist leifar svartrar áritunar undir efsta litalagi. Á bakhlið verksins sé yfirmáluð áritun þar sem lesa megir „J..... Jacobsen 42 ”. Sex málningarsýni voru tekin til litrófsgreiningar á bindiefni í FT-IR smásjá hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands: Svartur litur úr áritun sem greindist vera alkýð. Blár litur úr áritun sem greindist vera alkýð. Hvítur litur úr andliti sem greindist vera alkýð. Rauður litur úr forgrunni til vinstri sem greindist vera alkýð. Gráblár litur úr eldra verki, fjallatoppur vinstra megin, sem greindist vera olía. Mógult yfirborðsefni sem reyndist vera vax. Niðurstaða bindiefnagreiningar staðfesti það sem fram komi í UV-ljósi. Það sé málað með alkýðlitum yfir eldra olíumálverk sem samkvæmt merkingu á bakhlið er frá árinu 1942. Jóhannes S. Kjarval sé talinn hafa málað sínar síðustu myndir árið 1968 en alkýðíblöndunarefni (þurrkefni, Liquin) hafi fyrst komið á markað sama ár í Bretlandi. Ekki sé því hægt að útiloka að Kjarval hafi komist yfir slíkt efni en það verði þó að teljast ólíklegt að hann hafi á því ári málað með alkýðlitum yfir mynd frá 1942. Smásjárskoðun á yfirborði yngra málverksins leiði ekkert í ljós sem bendi til þess að verkið geti verið frá sjöunda áratug 20. aldar. Yfirborð sé mjög hreint ef frá sé talið yfirborðsefni úr vaxi og engin einkenni öldrunar séu komin fram. Umrætt verk, „Snækóngurinn” minni í mörgu á annað málverk málað með olíulitum eftir J.S.K. frá árinu 1953. Það verk heiti „Fyrstu snjóar” og er í eigu Listasafns Reykjavíkur. Eftir myndefninu ætti verkið „Snækóngurinn” að vera málað um svipað leyti. Það verði að teljast útilokað að það hafi gerst vegna þeirra efna sem þá hafi verið á markaði. Vinnubrögð við myndina séu þau sömu og í átta öðrum myndum sem hafi verið til rannsóknar, þ.e. að heilmálað sé yfir eldra verk. Þá sé yfirborðsefni úr vaxi á myndinni sem gefi myndinni gamlan blæ eins og í þremur öðrum myndum sem hafi verið rannsakaðar. Notkun alkýðlitar og niðurslípuð eldri

áritun sé einnig í þremur myndum sem dæmdar hafi verið falsaðar. Ummerki og vinnubrögð séu sams konar og viðhöfð hafi verið við rannsóknartilvik 23, 26 og 27, sem dæmd hafi verið fölsuð, þ.e. niðurslípuð og yfirmáluð upprunaleg áritun og notkun alkýðsbundins litarefnis. Áritun á bakhlið sé hulin með málningu. Telur forvörðurinn myndina ekki geta verið eftir Kjarval.

GGG listfræðingur, hefur rannsakað verkið. Í skýrslu hennar segir að veran í verkinu sé mótuð með stífri línuteikningu og sé laus við allan þokka. Þegar hún sé borin saman við verur Kjarvals sem hafi svipaða útlínuteikningu, t.d. í verkinu „Fyrstu snjóar“ frá 1953, sjáist svífandi létt og þokkafull vera. Kjarval dragi upp útlínur hennar af listilegu öryggi en veran sé gagnsæ og samofin umhverfi sínu. Hér sé því um að ræða, bæði hvað varði útfærslu og hugmyndafræði, greinilegt frávík frá verkum Kjarvals. Í samanburði virki þetta verk stíft og viðvaningslega gert. Niðurstaða listfræðingsins er að verkið beri engin höfundareinkenni Kjarvals en sé eftirgerð verksins „Fyrstu snjóar-Austfjarðafjallgarður“ frá 1953.

listfræðingur segir þessa mynd ekki vera eftir Kjarval. Verkið sé illa gert og léleg teikning.

Ályktun

Rannsóknir KKK og NNN hafa sýnt fram á það að mynd þessi er heilmáluð og árituð með nýlegum alkýðbundnum litum yfir eldri mynd sem gerð er með hefðbundnum, gömlum og sprungnum olíulit. Þar sem óvissa er í málinu um framleiðslu- og notkunarsögu alkýðs þykir ekki vera óhætt að útiloka það að Jóhannes Kjarval, sem málaði fram á árið 1968, hafi notað alkýðbundna liti. Að mynd sé máluð yfir aðra eldri mynd þarf í sjálfu sér ekki að vera vísbending um fölsun. Aftur á móti eru merki um niðurslípaða eldri áritun undir efra litalagi og engin óhreinindi eru í því. GGG listfræðingur, hefur leitt að því listfræðileg rök að myndin sé ekki eftir Kjarval. Dómurinn telur sannað með vísan til þess að myndin er máluð með nýlegum litum, að eldri áritun hafi verið slípuð niður og til álits GGG að mynd þessi sé fölsuð.

Það liggur fyrir í málinu að mynd þessi var seld á uppboði hjá fyrirtækinu Bruun Rasmussen 28. mars 1996. Eftir að mál þetta kom upp lét ákærði, Jónas Freydal, fyrirtækinu Bruun Rasmussen í té óundirritaða og ódagsetta yfirlýsingu þar sem fram kemur að ákærði hefði sett auglýsingu í blaðið Jyllandsposten og maður að UUU, Øsby við Haderslev, hefði svarað auglýsingunni og boðið fram fjögur myndverk til sölu sem faðir mannsins og alnafni hefði fengið að gjöf frá íslenskum heildsala og listaverkakaupmanni. Síðar hefði móðir þessa manns upplýst að Íslendingur þessi hefði verið RJ, sem verið hafði í viðskiptum við UUU eldra. Þá kemur fram í skjali þessu að seljandinn hefði ári áður boðið verkin íslenskum listaverkakaupmanni en ekki orðið af kaupum með þeim. Hann hefði svo farið með þau í Kunsthallen og fengið þau verðmetin þar nokkrum mánuðum áður en ákærði

keypti þau. Ákærði, Jónas Freyðal, var yfirheyrður hjá lögreglu í desember sl. og hann spurður út í yfirlýsinguna og efni hennar og staðfesti hann yfirlýsinguna. Kvaðst ákærði telja að UUU hefði verið að selja myndirnar fyrir móður sína. Ákærði kvaðst síðar hafa grafið fyrir um hver listaverkasalinn var sem skoðað hafði myndirnar hjá UUU. Hafi sá ekki verið Íslendingur, eins og hann hefði giskað á þegar hann samdi yfirlýsinguna, heldur maður að nafni VVV, stórtækasti seljandi íslenskrar myndlistar í 25 ár. Hefði ákærði talað við mann þennan sem hefði kannast mæta vel við myndirnar og sagt að þær hefðu þá verið geymdar upprúllaðar hjá UUU. Ekki vissi ákærði hvenær VVV hefði skoðað myndirnar en hann gæti sagt þeim það sjálfur. Hefði ákærði farið með SES að hitta VVV, en SES hefði við þetta tækifæri keypt mynd af manninum og borgað með tékka sem ætti að vera hægt að rekja. Ákærði sagði VVV vera látinn og var þá spurður af hverju hann hefði sagt rétt áður að lögreglan gæti spurt hann hvenær hann hefði séð myndirnar hjá UUU. Svaraði ákærði því að hann hefði ekki verið látinn þegar ákærði hefði boðið þeim að tala við hann og hlyti þetta að reiknast ákærða í vil. Ákærði var inntur eftir því hvenær hann hefði boðið upp á þetta en svar kom ekki fram við því. Fyrir dómi kvaðst ákærði hafa flett upp hjá sér og getað komið fram með fullkomna eigendasögu að þessari mynd. Hefði ákærði fengið hana hjá feðgunum og þeir báðir verið til. Ákærði segir Peter Christian Beck yngra hafa sagt að hann ætlaði að spyrja móður sína um uppruna myndanna og hún sagt honum það. Hafi lögreglan ekki talað við þá konu. Ákærði kveður málverkið hafa verið upprúllað og að það hefði ekki hangið uppi hjá UUU-fjölskyldunni.

Fyrir liggur að UUU-hjónin og sonur þeirra eru látin. Fyrir dóminn hefur komið vitnið sem er skyld UUU yngra að öðrum og þriðja lið. Hún hefur hefur einnig komið fyrir dóm í Danmörku vegna þessa máls. Kveðst hún hafa komið reglulega á heimili fjölskyldunnar, mánaðarlega eða svo, og eftir að húsmóðirin dó í september 1995 hafi hún komið þar vikulega. Yngri UUU hafi dáið skömmu seinna. Alveg útilokað sé að þeir feðgar hafi átt myndir af því tagi sem hér um ræðir og þeir hafi örugglega engan þekkt á Íslandi. Þeir hafi verið gamaldags og saman saumaðir sveitamenn sem aldrei hefðu stundað nein viðskipti. Hún kveðst ekki vita til þess að Jyllandsposten hafi sést á heimilinu og þeir hafi aldrei farið lengra að heiman en til Flensborgar. Myndirnar sem voru á heimilinu hafi verið gamaldags og rómantískar.

Vitni, hefur einnig komið fyrir dóminn. Hann hefur hefur einnig komið fyrir dóm í Danmörku vegna þessa máls. Hann kveðst hafa kynnst gömlu hjónunum og syni þeirra og komið þar á heimilið að jafnaði þrisvar á ári. Auk þess hafi hann farið á veiðar með syninum. Hann kveðst ekki hafa séð myndirnar sem um ræðir á heimilinu. Þær séu allt of nýtískulegar fyrir smekk þeirra og hann telur víst að sonurinn hafi aldrei til Kaupmannahafnar komið og hefði hann áreiðanlega haft orð á því. Til marks um það geti hann sagt að honum hafi orðið tíðrætt um ferð sem hann tókst á hendur til

Flensborgar að kaupa öl. Faðirinn hafi heldur aldrei stundað viðskipti við heildsala á Íslandi.

Niðurstaða

Ákærða, Jónasi Freydal, er gefið að sök að hafa sjálfur falsað eða látið falsa þessa mynd. Ekki hafa verið leiddar að þessu neinar sönnur í málinu og verður ákærði, sem neitar sök að öllu leyti, þegar af þeirri ástæðu sýknaður af því að hafa sjálfur falsað eða látið falsa myndina. Dómurinn telur aftur á móti að vitnin séu áreiðanleg og trúverðug. Þykir vera óhætt að byggja á því að þau hafi þekkt vel til hjá UUU-fjölskyldunni og einnig á því sem þau hafa sagt af fólki þessu og heimilishögum þess. Aftur á móti hefur framburður ákærða um viðskiptin með myndirnar hvorki verið mótsagnalaus né trúverðugur. Ber að hafna honum. Þykir dóminum óhætt að slá því föstu að ákærði, Jónas Freydal, hafi vitað að myndin sem hér um ræðir væri fölsuð þegar hann setti hana á uppboðið hjá Bruun Rasmussen. Er ákærði, Jónas Freydal, þannig sekur um brot gegn 3. mgr. 159. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga.

Bótakrafa hefur ekki verið gerð vegna þessarar myndar.

C.

Ætlað skjalafals og fjársvik beggja ákærðu.

Ákæruliður 48:

Á hendur Péttri Þór Gunnarssyni og Jónasi Freydal Þorsteinssyni fyrir að hafa látið bjóða til sölu á listmunauppboði þann 25. september 1996 á vegum Bruun Rasmussen í Kaupmannahöfn í Danmörku falsað olíumálverk sem listaverk Svavars Guðnasonar og þannig blekt viðskiptavin uppboðsfyrirtækisins til að kaupa verkið fyrir 47.880 dkr. Hafði málverkið verið máluð yfir eldra verk óþekkts höfundar, gömul höfundarmerking eldra verks afmáð, höfundarmerkingarsvæði myndflatarins yfirmálað og málverkið síðan höfundarmerkt Svavari Guðnasyni.

KKK forvörður, hefur rannsakað þessa mynd og gert skýrslu um rannsóknina. Segir þar að myndin sé gerð með þunnri málningu á hessíanstriga og merkt „Svavar“. Myndefnið sé svínshöfuð og kynjadýr. Striginn sé strekktur á blindamma með heftum. Samsetning virðist upprunaleg. Neðri málningarlög séu máluð með málningu sem hafi til að bera gegnsæi og hörku olíulitar. Þessi hluti verksins sé niðurslípaður og séu „toppar“ (hæstu ójöfnur) í málningarluginu eyddir. Myndefnið sjálft, þ.e. dýrahöfuðin og nokkur önnur form, séu máluð með þéttri, ógegnsærri málningu ofan á hina niðurslípuðu. Málverkið hafi verið ljósmyndað í rafljósi og við útfjólublátt ljós

við staðlaðar aðstæður með stafrænni myndavél. Yfirborð málningarlags, áritun og áletrun á bakhlið hafi verið skoðaðar í smásjá. Í útfjólubláu ljósi sjáist einkennandi ljómageislun olíubundinna lita í þeim litum verksins sem séu niðurslípaðir. Aðrir litir í verkinu gefi frá sér fjólubláa ljómageislun sem einkennandi sé fyrir nýja málningu, akrýl- eða alkýðbundna málningu. Eigi þetta einnig við um áritun verksins. Smásjárskoðun leiði til áþekkrar niðurstöðu. Niðurslípuðu litasvæðin hafi öll einkenni gamals olíulitar sem farin sé að oxast (ganga í samband við súrefni) en óslípuðu litafletirnir séu þéttir, mjúkir og ógegnsær og án nokkurrar sýnilegrar oxunar. Merki séu um að neðra málverkið hafi jafnframt verið hreinsuð með leysiefni eða basa þar sem „gígar“ (smá göt) hafi myndast í eldri litalögum. Áritun sé máluð yfir sprungur í grunn- og neðsta litalagi, sem bendi til þess að hún hafi verið gerð löngu eftir málun neðra verksins. Yfirborð málningarlags sé hreint og engin fernis á verkinu. Í vinstra horni að ofan sjáist með berum augum merki um niðurslípaðar leifar af gamalli, svarblárri áritun sem hafi verið slípuð mikið niður. Sé málverkinu er snúið á hvolf lendir þessi áritun í hægra horni að neðan og má þá greina stórt „R“. Vinstra megin við þetta „R“ sé mikið niðurslípað svæði og yfirmálað. Þar virðist hafa verið bókstafur, áþekkur að stærð og lit. Ofan við R-ið til hægri er einnig mikið niðurslípað svæði og yfirmálað. Ekki reyndist unnt að greina hvað þar er undir. Ummerki þessi séu sams konar og sjáist á fjölda mynda sem verið hafi til lögreglurannsóknar og talin séu fölsuð. Sex litasýni hafi verið tekin úr verkinu til bindiefnagreiningar í FT-IR smásjá Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands: Bleikur litur úr eyra svíns (skimun gefur til kynna nýlega málningu). Greindist vera alkýð. Blár litur úr útlínu svínshöfuðs (skimun gefur til kynna nýlega málningu). Greindist vera alkýð. Hvítur litur úr kynjadyri (skimun gefur til kynna nýlega málningu). Greindist vera alkýð. Blár litur úr áritun (skimun gefur til kynna nýlega málningu). Greindist vera alkýð. Svarblár litur neðarlega til hægri (skimun gefur til kynna gamla málningu). Greindist vera olía. Blágrár litur úr áletrun á bakhlið (skimun gefur til kynna nýlega málningu). Greindist vera alkýð. Þessar niðurstöður séu samhljóða því sem fram hafi komið í útfjólubláu ljósi og í smásjá. Neðsta lag málningar í verkinu sé bundið með olíu en efri lög, áritun og áletrun á bakhlið með alkýði. Framleiðsla alkýðbundinna listmálunarlita hafi byrjað hjá Winsor og Newton árið 1976 og hafi það verið fyrstu framleiddu litir þeirrar tegundar. Alkýð-litbindiefni (íblöndunarefni) hafi verið lengur á markaði, t.d. frá Málningarverksmiðjunni Hörpu frá árinu 1973 og Liquin frá Winsor og Newton frá árinu 1968, en það sé elsta íblöndunarefnið (þurrkefni) sem vitað er um að innihaldi alkýð. Myndefnið heyri til fimmta áratug tuttugustu aldar en ætlaður höfundur verksins hafi hætt að mála í þessum stíl í lok fimmta áratugarins og sé ekki vitað til þess að hann hafi málað þess konar verk eftir það. Þá hafi hann að öllum líkindum ekki haft tök á að nota alkýðefni á fimmta áratugnum. Ekki sé vitað til þess að menn hafi farið að hefta striga á blindamma fyrr en á sjötta áratugnum. Í

útfjólubláu ljósi sjáist merki um nýlega málningu í meginhluta verksins og áritun. Í smásjá sjáist að málað hafi verið yfir niðurslípað eldra málverk með nútímamálningu. Í vinstra horni að ofan sjáist merki um niðurslípaða og yfirmálaða eldri áritun á hvolfi. Áritun verksins (Svavar) sé máluð yfir sprungur í grunn- og litalagi sem bendi til að hún hafi verið gerð löngu eftir að eldri hluti verksins var málaður. Bindiefnagreining með FT-IR smásjá staðfesti að meginmyndefni verksins, áletrun á bakhlið og áritunin séu máluð með alkýðbundnu litarefni, sem ætlaður höfundur hafi ekki haft tök á að nota á þeim tíma ferils síns þegar verkið á að hafa verið málað. Notkun hefta við samsetningu málverka sé ekki þekkt á fimmta áratug tuttugustu aldar. Sömu vinnubrögð sjáist á þessari mynd og þekkt séu í fjölda mynda sem verið hafi til lögreglurannsóknar og taldar séu falsaðar. Ætlaður höfundur hafi því hvorki merkt né málað þessa mynd.

FFF og GGG listfræðingar, hafa rannsakað verkið. Í skýrslu þeirra segir að bæði svínshausinn og nafn verksins veki upp vissar efasemdir. Í þeim verkum þar sem Svavar noti dýr eða verur sé yfirleitt um að ræða margræða vísun en ekki beina eftirgerð. Handbragð höfundar veki einnig efasemdir um að verkið geti verið frá hendi Svavars. Í stað helstu höfundareinkenna hans, þ.e. bjartra lita og markvissra drátta sem móti formin, séu litirnir í þessu verki blandaðir þannig að þeir virðist óhreinir og daufir og pensilstrokurnar handahófskenndar. Niðurstaða listfræðinganna er að sýn höfundar á viðfangsefnið sem og vinnubrögð hans beri með sér að hann hafi hvorki haft þann listskilning né þá hæfileika sem Svavar Guðnason hafði og verk hans beri merki um.

Vitnið kveðst ekki hafa séð þessa mynd áður. Finnst honum hún geta verið eftir Svavar Guðnason, án þess að vera sannfærður um það.

Ályktun

Rannsóknir KKK og NNN hafa sýnt fram á það að mynd þessi er heilmáluð og árituð með nýlegum alkýðbundnum litum yfir eldri mynd sem gerð er með hefðbundnum, gömlum og sprungnum olíulit. Sem fyrr segir er óvissa í málinu um framleiðslu- og notkunarögu alkýðs. Þykir ekki vera óhætt að útiloka það að Svavar Guðnason, sem lést 1988, hafi notað alkýðbundna liti á ferli sínum. Að mynd er máluð yfir aðra eldri mynd þarf í sjálfu sér ekki að vera vísbending um fölsun. Aftur á móti er að finna leifar af niðurslípaðri eldri áritun undir efra litalagi. FFF og GGG listfræðingar, hafa leitt að því listfræðileg rök að myndin sé ekki eftir Svavar Guðnason og grunsamlegt hlýtur að teljast að efra litalag sé málað með nýlegum litum. Verður og að telja að þessi atriði ásamt því að eldri áritun hefur verið slípuð niður veiti sönnun fyrir því að myndin sé ekki eftir Svavar Guðnason og sé því fölsuð.

Fyrir liggur að mynd þessi var seld 25. september 1996 á uppboði hjá Bruun Rasmussen og kaupandinn var JJ. Samkvæmt tölvubókhalda Bruun Rasmussen var

mynd þessi seld fyrir ákærða, Pétur Þór/Gallerí Borg. Ákærði, Pétur Þór kannast ekki við þessa mynd og ákærði, Jónas Freydal, segist hafa átt hana og látið selja hana á uppboðinu. Segist hann ekki vita af hverju þetta var fært svo í bókhaldi fyrirtækisins en getur sér þess til að það hafi verið fyrir misskilning hjá starfsmanni Bruun Rasmussen. Hafi slíkt átt sér stað í öðru tilviki sem ákærði tiltekur. Hugsanlega hafi ákærði, Pétur Þór, tekið að sér að flytja myndina á uppboðið fyrir hann og viðskiptin verið færð á hann fyrir bragðið. Þá hefur hann einnig getið sér til að þetta gæti haft að gera með uppgjör á virðisaukaskatti.

Ákærði, Jónas Freydal, hefur sagt að hann hafi keypt þessa mynd af rússneskum eða pólskum forverði.. Starfi kona þessi, sem sé um fimmtugt, í Gautaborg og Kaupmannahöfn. Hún hafi verið í einhverri samvinnu við gallerí í Svíþjóð og selt töluvert af myndum í Kaupmannahöfn. Hafi þeir feðgar og listaverkasalar VVV og faðir hans verslað mikið við hana.

Niðurstaða

Þar sem ákærðu ber saman um að ákærði, Pétur Þór, hafi ekki haft með myndina að gera þykir ekki unnt að útiloka að þessi viðskipti hafi verið rangt færð fyrir misskilning eða mistök hjá starfsmanni fyrirtækisins eða af öðrum ástæðum. Ber því að sýkna ákærða, Pétur Þór, af þessum ákærulið. Engin gögn hafa komið fram um kaup ákærða, Jónasar Freydal, á þessari mynd og frásögn hans af uppruna myndarinnar verður að teljast nokkuð losaraleg. Þar sem engin önnur atvik eða gögn eru í málinu sem gera frásögn ákærða ósennilega þykir ekki alveg óhætt að hafna henni. Verður því að telja ósannað að ákærði hafi vitað að myndin væri fölsuð þegar hann seldi hana. Ber því einnig að sýkna ákærða, Jónas Freydal, af þessum ákærulið og vísa bótakröfunni sem hann varðar frá dómi.

Refsing:

Sakferill ákærða, Péturs Þórs, hefur ekki þýðingu nema sá refsíðómur sem hann hlaut fyrir að selja þrjár falsaðar myndir og fyrir stórfellt bókhaldsbrot. Hefur verið gerð grein fyrir því máli hér að framan. Fyrir liggur að ákærði sat af sér allan dóminn og átti ekki kost á því að fá reynslulausn af hluta hans meðan máli þessu var ólokið. Þau brot sem hann hefur nú verið sakfelldur fyrir voru framin á árunum 1994, 1996 og í janúar 1999. Refsing ákærða verður því hegningarauki við þann dóm. Brot ákærða geta ekki talist stór í sniðum en á hitt er að líta að þau voru gerð í ávinningsskyni og varða mikilsverða og almenna hagsmuni. Þykir refsingin hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði. Þegar það er haft í huga að ákærði fékk ekki reynslulausn af hluta refsingarinnar í fyrra málinu og að langt er liðið frá því að hann framdi brotin

þykir mega ákveða að fresta því að framkvæma refsinguna og ákveða að hún falli niður að liðnum 2 árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði, Jónas Freydal, hlaut 7 mánaða skilorðsbundinn fangelsisdóm fyrir þjófnað og skjalafals árið 1983. Þá hlaut hann 5 mánaða skilorðsbundið fangelsi 1990 fyrir fjársvik. Um þau brot sem hann hefur nú verið sakfelldur fyrir er það sama að segja og um brot meðákærða að þau geta ekki talist stór í sniðum en þau voru þó gerð í ávinningsskyni og varða mikilsverða og almenna hagsmuni. Þykir refsingin hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði. Langt er liðið frá því að ákærði framdi brot sín. Þykir mega ákveða að fresta því að framkvæma refsinguna og ákveða að hún falli niður að liðnum 2 árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Skaðabætur og sakarkostnaður.

Helgi Jó hrl. hefur krafist þess fyrir hönd Fjárfestingafélagsins Gaums ehf. að ákærði, Pétur Þór, verði vegna ákæruliðar 32 dæmdur til þess að greiða 590.000 krónur í skaðabætur og 50.000 krónur í bætur fyrir kostnað við það að halda kröfunni fram. Þá er krafist dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 38, 2001, frá 5. janúar 1999 til greiðsludags. Ber að taka kröfuna til greina að öllu öðru leyti en því að bætur fyrir lögfræðikostnað þykja hæfilegar 35.000 krónur.

Dæma ber ákærða, Pétur Þór, til þess að greiða 1/8 hluta af málsvarnarlaunum verjanda síns, Sigríðar Rutar Júlíusdóttur hdl., sem ákveðast 2.600.000 krónur. Þá ber að dæma ákærða, Jónas Freydal, til þess að greiða 1/8 hluta af málsvarnarlaunum verjanda síns, Karls Georgs Sigurbjörnssonar hrl., sem ákveðast 2.400.000 krónur. Loks ber að dæma ákærðu til þess að greiða óskipt 1/8 hluta af öðrum málskostnaði en 7/8 hluti alls málskostnaðarins, þar með talinna málsvarnarlauna, ber að greiða úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Ákærði, Pétur Þór Gunnarsson, sæti fangelsi í 6 mánuði. Frestað er því að framkvæma refsinguna og fellur hún niður að liðnum 2 árum, haldi ákærði almennt skilorð.

Ákærði, Jónas Freydal Þorsteinsson, sæti fangelsi í 4 mánuði. Frestað er því að framkvæma refsinguna og fellur hún niður að liðnum 2 árum, haldi ákærði almennt skilorð.

Ákærði, Pétur Þór, greiði Helga Jóhannessyni hrl., f. Fjárfestingafélagsins Gaums, 625.000 krónur í skaðabætur ásamt dráttarvöxtum frá 5. janúar 1999 til greiðsludags.

Ákærði, Pétur Þór, greiði 1/8 hluta af 2.600.000 króna málsvarnarlaunum verjanda síns, Sigríðar Rutar Júlíusdóttur hdl. og ákærði, Jónas Freydal, greiði 1/8

hluta af 2.400.000 króna málsvarnarlaunum verjanda síns, Karls Georgs Sigurbjörns-sonar hrl. Ákærðu greiði óskipt 1/8 hluta af öðrum málskostnaði en 7/8 hlutir af öllum málskostnaði, þar með töldum málsvarnarlaunum, greiðist úr ríkissjóði.

Pétur Guðgeirsson

Friðgeir Björnsson

Ásdís Ólafsdóttir

Dómsorðið er lesið í heyrenda hljóði að viðstöddum sækjandanum, dómfellda Pétir Þór og verjanda hans og verjanda dómfellda Jónasar Freydals. Af hálfu dómfellda Péturs Þórs, er tekinn lögmæltur áfrýjunarfrestur. Dómurinn verður síðar birtur dómfellda, Jónasi Freydal.

Dómþingi slitið.

Pétur Guðgeirsson.

Friðgeir Björnsson.

Ásdís Ólafsdóttir.

Vottar.

Hjördís Þorsteinsdóttir.

Rétt endurrit staðfestir:

Héraðsdómi Reykjavíkur, 23. september 2003.

Efnisyfirlit.

Upphaf og ákæran	bls. 1
Almennur inngangur	
A - saksóknin	-- 10
B - ákærðu	-- 11
C - rannsókn málsins	-- 13
D - úrskurðir í málinu	-- 16
E - sérfræðivitni	-- 16
F - tækni- og vísindarannsóknir	
olíumálverk	-- 20
pappírsverk	-- 26
G - rannsóknir listfræðinga	-- 31
Vitni	-- 33
Um efnistöð	-- 34
Ákæruatriðin	
Þáttur A, kafli I, ákærði Pétur Þór	-- 36
kafli II, ákærði Pétur Þór	-- 111
kafli III, ákærði Pétur Þór	-- 116
kafli IV, ákærði Pétur Þór	-- 177
Þáttur B, kafli I, ákærði Jónas Freyðal	-- 180
Þáttur C, ákæðu Pétur Þór og Jónas Freyðal	-- 199
Refsing	-- 202
Sakarkostnaður og skaðabætur	-- 203
Dómsorð	-- 203

ENDURRIT
ÚRDÓMABÓK
HÉRAÐSDÓMS REYKJAVÍKUR

Sakamálið nr. 1/2003:

Ákærvaldið

(Jón B. Snorrason)

gegn

Péttri Þór Gunnarssyni

(Sigríður Rut Júlíusdóttir hdl.)

og

Jónasi Freydal Þorsteinssyni.

(Karl Georg Sigurbjörnsson hrl.)

I. Hefti

2. júlí 2003.

PG FB ÁÓ/hþ